



FLJÓTAGÖNG OG VEGUR (76) FRÁ KETILÁSI AÐ STAFÁ

FORNLEIFASKRÁNING VEGNA UMHVERFISMATS



Byggðasafn
Skagfirðinga

ÁSTA HERMANNSDÓTTIR OG YLFA LEIFSDÓTTIR

BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA

2026/300

Höfundar: Ásta Hermannsdóttir og Ylfa Leifsdóttir. 2026/300

Mynd á forsíðu: Ein kolagrafanna í landi Illugastaða. Horft til SSA í átt að Illugastöðum og Brúnastöðum.

© Byggðasafn Skagfirðinga, 2026. Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	4
AÐFERÐARFRÆÐI	5
SAMANTEKT	6
SKRÁNINGARSVÆÐIÐ	6
SKRÁÐAR MINJAR	6
KOLAGRAFIR	8
VIÐVARANDI HÆTTUMAT	11
NIÐURLAG	14
FORNLEIFASKRÁ.....	15
SIGLUFJÖRÐUR	16
<i>Hóll</i>	16
<i>Leyningur</i>	32
FLJÓT	55
<i>Fyrri hluti – Fljótagöng</i>	55
<i>Lambanes-Reykir</i>	56
<i>Lambanes</i>	76
Brennistaðir.....	79
Sólheimagerði	96
<i>Illugastaðir</i>	100
Illugastaðir og Brúnastaðir - gata	146
<i>Brúnastaðir</i>	148
<i>Nýrækt</i>	161
Nýrækt og Hamar – vegur og brú.....	165
<i>Hamar</i>	166
<i>Seinni hluti – Ketilás – Stafá</i>	170
<i>Minna-Holt</i>	171
<i>Stóri-Grindill</i>	177
<i>Minni-Grindill</i>	189
<i>Gautland</i>	196
<i>Efra-Haganes</i>	197
<i>Fyrirbarð</i>	200
<i>Langhús</i>	205
Dæli	214
<i>Ysti-Mór</i>	217

<i>Móskógar</i>	227
<i>Laugaland</i>	248
<i>Bakki</i>	262
Minni-Bakki/Litli-Bakki	265
Bakki/Meiri-Bakki	272
Bakki og Reykjarhóll - vegur	296
<i>Reykjarhóll</i>	297
<i>Heiði</i>	301
HEIMILDASKRÁ	304
VIÐAUKI 1	307
HÆTTUMAT VEGNA FRAMKVÆMDA	307
<i>Hólsdalur – Veglína A</i>	307
<i>Hólsdalur – Veglína A- breyting vegna vatnsbóls</i>	309
<i>Hólsdalur – Veglína B</i>	310
<i>Fljót – Veglína A</i>	313
<i>Fljót – Veglína B</i>	319
<i>Ketilás - Stafá</i>	323
<i>Umræða</i>	328
VIÐAUKI 2	330
YFIRLITSKORT	330

Inngangur

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga tók að sér fornleifaskráningu fyrir Vegagerðina vegna umhverfismats í tengslum við lagningu Fljótaganga vorið 2025. Verkið fól í sér mat á tveimur vegstæðum í Hólsdal í Siglufirði og í Fljótum norðan Ketiláss. Í sumarbyrjun óskaði Vegagerðin eftir að fornleifadeildin tæki að sér viðbót við verkið: fornleifaskráningu við veginn frá Ketilási í austri að Stafá í vestri. Eru þessir tveir verkþættir aðskildir í fornleifaskrá: fyrri og seinni hluti.

Fyrri hlutinn nær annars vegar yfir svæði í landi Hóls og Leynings í Hólsdal í Siglufirði og hins vegar yfir svæði í landi Lambanes-Reykja, Lambaness, Illugastaða, Brúnastaða, Nýræktar og Hamars í Fljótum. Seinni hlutinn nær yfir svæði í landi Minna-Holts (smá spotti inn Ólafsfjarðarveg frá Ketilási), Hamars, Stóra-Grindils, Minni-Grindils, Gautlands, Efra-Haganess, Fyrirbarðs, Langhúsa, Ysta-Mós, Móskóga, Laugalands, Bakka, Reykjarhóls og Heiðar (vestan Stafár). Í fyrri hlutanum var skráð 300 m belti um hvora veglínu. Í seinni hlutanum var skráð 300 m belti um áætlaða veglínu, sem þó liggur að mestu leyti á sama stað og núverandi vegur, með nokkrum smávægilegum frávikum.

Verkið var unnið að beiðni Freys Pálssonar hjá Vegagerðinni. Vettvangsvinna fór fram dagana 26. og 27. maí, 11. júlí, 19., 21., 25. og 26. ágúst, 1., 2. og 4. september 2025. Ásta Hermannsdóttir fornleifafræðingur og Ylfa Leifsdóttir fornleifafræðinemi sáu um vettvangsskráningu. Ásta Hermannsdóttir sá um undirbúning, úrvinnslu og skýrslugerð.

Heimildamenn og landeigendur fá þakkir fyrir veitta aðstoð.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3356



Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna, „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“.

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfyrvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]“.

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit, auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Á stórum hluta svæðisins sem skráð var í þessu verkefni var *Byggðasaga Skagafjarðar* notuð sem grunnheimild. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Útgefin og óútgefin uppmælinga- og skráningagögn fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga voru nýtt til að leiða skrásetjara á þekkta minjastaði í sumum tilfellum, auk þess sem nýlegri uppmælingar voru endurnýttar til að flýta fyrir vettvangsskráningu ef skrásetjari var sammála eldri mælingu á vettvangi. Rætt var við fjölda landeigenda, sjá lista í heimildaskrá, en einnig var sett inn tilkynning á sameiginlegan Messenger-hóp Fljótamanna og sagt frá verkefninu og óskað eftir upplýsingum um minjar. Enginn hafði þó samband við skrásetjara til að láta vita af minjum í kjölfar tilkynningarinnar.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númers (dæmi: [3356-1]). Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða eins og hægt er, þ.e. híbýli manna, útihús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat er tvennskonar í skýrslunni, annars vegar almennt hættumat, þ.e. vegna ástands minja nú eða aðstæðna í umhverfinu, og hins vegar vegna yfirvofandi framkvæmda. Hættumat vegna framkvæmda er í viðauka 1 aftast í skýrslu. Séu engar upplýsingar um almennt hættumat í fornleifaskrá eru minjarnar ekki metnar í hættu. Hættumat vegna framkvæmda er ekki tekið fram í fornleifaskrá.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1 m í skekkju: Trimble GEO7X og Trimble Juno T41/5. Í nokkrum tilfellum voru eldri mælingar Byggðasafns Skagfirðinga nýttar, en alltaf voru teknar nýjar myndir auk þess sem lýsingar voru uppfærðar í flestum tilfellum. Í Hólsdal í Siglufirði hafði Byggðasafn Skagfirðinga skráð minjar árið 2023 og var sú skráning notuð í óbreyttri mynd að því undanskyldu að hlutverk, tegund og annað var uppfært skv. nýjum skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands (2025). Einnig fengu minjar í Hólsdal nýtt númer í samræmi við verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands.

Samantekt

Skráningarverkefnið var umfangsmikið og er heildarfjöldi skráðra minja 435, þar af 232 í fyrri hluta verkefnisins og 203 í seinni hluta. Auk þessara 435 minja voru skráðar 467 kolagrafir og kolagrafasvæði sem eru meðhöndluð sem eitt mengi og fá ekki sérstaka umfjöllun í fornleifaskrá. Umfjöllun um kolagrafir má finna í sérstökum kafla hér aftar. Umfjöllun um stakar jarðir, bæði samantekt á skráðum minjum og söguágrip, má finna í fornleifaskrá. Þar eru einnig yfirlitskort yfir skráðar minjar innan hverrar jarðar.

Skráningarsvæðið

Þar sem skráningarsvæðið er mjög stórt er það í eðli sínu fjölbreytt, og nær allt frá dölum inn til fjalla og niður undir sjávarbakka. Ómögulegt er því að alhæfa um aðstæður á svæðinu sem heild, en landslagið spannaði allt frá stórþýfðum mýrarflákum yfir í sléttuð tún. Sums staðar á svæðinu, sér í lagi í landi Brúnastaða og Stóra-Grindils, voru svæði sem voru erfið yfirferðar, eða ófær, vegna skógræktar. Einnig er skógrækt á köflum í Siglufirði, þótt hún hafi ekki haft áhrif á sýnileika eða aðgengi að minjum.

Víða á svæðinu, sér í lagi á því svæði sem tilheyrir fyrri hluta verkefnisins, eru kindagötur og slóðar í landslaginu sem hægt væri að túlka sem gamlar leiðir. Að jafnaði eru slíkar götur ekki skráðar sem fornleifar nema heimildir séu um að þar hafi legið götur, eða að óyggjandi þyki á vettvangi að um gamlar götur sé að ræða. T.d. eru margar samliggjandi götur sem hægt er að fylgja nokkurn spöl slík vísbending. Hér er því sleginn sá varnagli að eldri, gleymdir götuslóðar gætu sloppið undir radarinn þar sem stundum er ómögulegt að lesa í sundur hvort um yngri kindagötu eða gamla leið er að ræða eða bæði, og ef skrá ætti allar grunsamlegar götur yrði það ansi mikill fjöldi. Búfenaður gengur enn á svæðinu, bæði kindur og geitur, og halda þær við bæði eldri slóðum og yngri kindagötum.

Skráðar minjar

Minjarnar sem skráðar voru í þessu verkefni eru mjög fjölbreyttar, og endurspeglar það skráningarsvæðið, sem einnig var fjölbreytt og víðfeðmt. Það má þó segja að einkennandi séu minjar um efnistöku og nýtingu, s.s. mógrafir og mógeymslur, heygeymslur (heystæði) og kolagrafir. Einnig búsetuminjar, en þær voru skráðar víða innan skráningarsvæðisins og eru því nokkur hluti af minjamenginu.

Í fyrri hluta verkefnisins voru skráðar minjar á bæjarstæðum Illugastaða og Brúnastaða, en veglína A í Fljótum liggur rétt ofan við gömlu túnin. Einnig voru minjar skráðar á bæjarstæði Brennistaða [3356-94-103] í landi Lambaness, sem eru skammt vestan vegar, og á Sólheimagerði [3356-124-140] í landi Lambaness, inni á dal upp við Nautadalsá. Auk þessara þekktu bæjarstæða voru skráðar minjar í landi Lambanes-Reykja [3356-63-68] sem gætu verið leifar bæjarstæðis, eða bæjarstæðis og sels, en engar heimildir eru til um það. Minjar [3356-73-79], einnig í landi Lambanes-Reykja, eru líklega minjar selstöðu, hugsanlega fleiri en ein kynslóð eða frá fleiri en einum bæ, en minjarnar eru ansi margar á sama litla svæðinu. Að auki eru minjapýrpingar sem ekki er ljóst hvaða tilgangi gegndu, en gætu verið leifar selja eða útstöðva af öðru tagi, s.s. [3356-88-92], [3356-104-105] og [3356-118-119].

Í seinni hluta verkefnisins voru skráðar minjar á nokkrum bæjarstæðum við veg (76), en einungis bæjarstæði Laugalands [3356-365-373], Minni-Bakka [3356-378-387] og Bakka [3356-388-422, 435] voru skráð í heild sinni. Einnig voru skráðar minjar á Ystagerði í landi Minna-Holts [3356-246-250] sem er heildstæð minjaheild. Minjar [3356-261-265] í landi Stóra-Grindils eru líklega hluti af sama menginu þótt hlutverk svæðisins sé óljóst, líklega hefur það þó haft með einhvers konar athafnir tengdar búfænaði að gera. Minjapýrping [3356-294-300] er líklega leifar af einhvers konar afmörkuðu nýtingarsvæði í landi Langhúsa/Dælis, kannski túnbletti (líkt og sést á túnakorti frá 1918, en hefur óljósa staðsetningu), og er tóft [3356-299] líklega leifar af útihúsi. Í landi Laugalands er minjapýrping [3356-360-365] sem gæti verið leifar gamals smábýlis, eða minjar tengdar mótekju á svæðinu.

Viða í Fljótum eru garðlög og er skráningarsvæði þessa verkefnis þar ekki undanskilið. Fyrir utan t.d. túngarða og garðlög við Illugastaði [3356-131 og 158] og Brúnastaði [3356-214, 220-222, 228] eru garðlög við veginn frá Ketilási að Stafá sem eru áhugaverð og hafa í einhverjum tilfellum gegnt hlutverkum landamerkja. Í öðrum tilfellum eru hlutverk ekki þekkt. Líkur eru á að garðlögin hafi mörg hver teygt sig frá sjó/Miklavatni og upp í hlíðar. Garðlag [3356-251] er þannig að mestu norðan vegar núna en smá bútur fannst í rökréttu framhaldi rétt sunnan vegar. Garðlag [3356-252] hefur líklega tengst þessu garðlagi, en tilgangur þess er óljós. Garðlag [3356-261] er norðan vegar en sunnan vegar er garðlagið [3356-259] sem er ekki ólíklegt að sé hluti af sama, stóra garðinum. Þó er það langt á milli þeirra að ákveðið var að halda skráningunum aðskildum. Hugsanlega hefur garður [3356-260] einnig tengst þessum gördum, og minnir þá aðeins á samspil [3356-251 og 252]. Vörslugarður [3356-270] er vel greinilegur norðan vegar, en ljóst er af loftmyndum að hann hefur náð lengra til suðurs, og lýsing í heimildum lýsir því einnig.

Fleiri garðar voru skráðir en hér verður einungis einn til viðbótar nefndur, Flókagarður. Garðlög [3356-375, 378 og 394] eru líklega allt hluti af hinum svokallaða Flókagarði. Flókagarður er nafngreindur í heimildum og hefur verið skoðaður áður, í skýrsludrögum segir: „Flókagarð má a.m.k. rekja frá Bakka að vestan, um Laugaland og Mósókoga og þaðan til suðurs inn Flókadalinn að vestan. Þar liggur hann ofan bæja en beygir jafnan niður í átt að bæjum og er þá gjarnan notaður sem hluti túngarðs“ (Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, e.d.: 7). Rannsóknir hafa sýnt að Flókagarður er frá því bæði fyrir og eftir 1104 (Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, e.d.: 10). Þar sem þessir þrír garðhlutar eru allir slitnir í sundur voru þeir skráðir hver undir sínu númeri, en allar líkur eru á að þeir séu saman hluti af Flókagarði.

Kolagrafir

Töluverð sérstaða er í minjaflórunni á skráningarsvæðinu sem tilheyrir fyrri hluta verkefnisins; en þar er gríðarmikið magn kolagrafa. Kolagrafir eru minjar um skógarnýtingu þar sem skógur var höggvinn og brenndur í stórum gröfum til að búa til kol. Skráðar kolagrafir eða kolagrafasvæði (með nokkrum kolagröfum mjög þétt) voru 467 talsins. Flestar kolagrafir voru staðsettar stakar, en sums staðar voru margar grafir (oftast 3-15) saman á litlu svæði og var það þá skráð sem ein eining. Af þeim sökum er hægt að segja að stakar kolagrafir sem skrásetjarar fundu á svæðinu séu nær 500. Það er þó alveg ljóst að ekki hafa allar grafir á svæðinu fundist við þessa yfirferð og er hægt að gera ráð fyrir að enn séu óskráðar grafir á svæðinu. Vegna þessa gríðarlega fjölda fá kolagrafir ekki sömu meðferð og aðrar fornleifar, þ.e. skráningu og sérstaka umfjöllun í fornleifaskrá, heldur er umfjöllun um þær haldið sér og fjöldi þeirra ekki tekinn með sem hluti af fjölda minja á hverri jörð. Í landupplýsingagögnum fá kolagrafir/kolagrafasvæði hlaupandi númer til aðgreiningar, en ekki verður sérstök umfjöllun um stakar grafir eða svæði hér.

Vitað var að á svæðinu væru kolagrafir (t.d. Jóhannes H. Ríkharðsson, munnl. heimild) en gríðarlegur fjöldi þeirra og stærð sumra kom skrásetjurum mjög á óvart. Svæðið verður því að teljast sérstakt í þessu tilliti og segja má að kolagrafir séu sá minjaflokkur sem einna helst einkennir svæðið sem tilheyrir fyrri hluta verkefnisins. Teknar voru myndir og mál af flestum grafanna, en að öðru leyti var talið nægjanlegt að staðsetja grafirnar í landupplýsingagögnum.

Algeng stærð á kolagröfum var um 0,7-1 m í þvermál og 20-50 cm á dýpt. Þó voru skráðar bæði minni og einnig mun stærri grafir. Stærstu kolagrafirnar fóru alveg upp í 2,4 m í þvermál og 90 cm á dýpt. Því hefur verið velt upp hvort stærri grafir gætu verið yngri en þær minni, en óljóst er hvers vegna sú ályktun er dregin (Birna Lárusdóttir, 2012: 282). Hér verður ekki reynt að aldursgreina kolagrafir á svæðinu út frá stærð eða með öðrum leiðum, einungis frekari rannsóknir á þeim eru til þess fallnar að svara þeirri spurningu. Þó er líklegt að grafirnar séu frá löngu tímabili, enda gríðarmargar og mjög misdjúpar, og ekki




Mynd 1. Sýnishorn af kolagröfum á skráningarsvæðinu.

ólíklegt að hér séu minjar um skógarnýtingu í margar aldir. Kolagerð var að öllum líkindum stunduð frá landnámi og fram á 19., jafnvel sums staðar 20., öld, en gera má ráð fyrir að þörf fyrir kol hafi að einhverju leyti minnkað á 15. öld þegar talið er að rauðablástur hafi liðið undir lok á Íslandi. Kol voru þó áfram nauðsynleg t.d. þegar smíða þurfti og gera við ýmsa hluti, og því var kolagerð enn viðhöfð fram eftir öldum (Birna Lárusdóttir, 2012: 279-287).

Á skráningarsvæðinu í landi Illugastaða austan Lambanesáss, á svæðinu á milli Nautadalsár og Héðinsfjarðardalsár, eru sérstakar minjar sem ollu skrásetjurum nokkrum heilabrotum [3356-190-194, 199-210]. Um er að ræða minjar, líklega tóftir, sem eru litlar og hringlaga, yfirleitt án opa. Hugsanlega hefði verið hægt að túlka þessar minjar sem stórar, uppgrónar kolagrafir, en þar sem þær eru grunnar í miðjunni og margar staðsettar í votlendi voru þær skráðar sem tóftir. Miðað við staðsetningu væri eðlilegast að túlka þær sem heystæði,

en þar sem heystæðin norðar á dalnum eru ílöng og talsvert stærri er rými til að velta því fyrir sér hvort um einhvers konar annars konar minjar sé að ræða. Það er þó ekki víst og gæti hreinlega verið um lítil heystæði að ræða, eða jafnvel minjar tengdar kolagerð þótt ekki sé um eiginlegar kolagrafir að ræða. Að því sögðu er hér settur varnagli við þá túlkun að allar þessar minjar séu tóftir, þ.e. þetta gætu verið uppgrónar kolagrafir og ekki verður skorið úr um það nema með frekari rannsóknum.



Mynd 2. Yfirlitskort yfir skráðar kolagrafir, aðrar minjar eru ekki merktar inn. Hér sést greinilega hvar kolagrafir hópa sig saman, sér í lagi utan í Lambanesásnum. Veglina A er blá og veglína B er fjólublá.

Viðvarandi hættumat

Alls voru 53 minjar metnar í viðvarandi hættu, þar af eru sjö minjar metnar í mikilli hættu. Helstu hættuvaldar eru rof (22 tilfelli) og skógrækt (21 tilfelli), en einnig eru sex minjar metnar í hættu vegna landbrots, tvær vegna jarðræktar, einar vegna rasks og einar vegna rofs og framkvæmda, sjá töflu 1. Hætta vegna skógræktar er á afmörkuðum svæðum sér í lagi í Hólsdal og í landi Stóra- og Minni-Grindils. Fjárhús og hlaða [3356-309] við sjávarbakkann í landi Ysta-Mós verða að teljast þær minjar sem eru í mestri hættu á öllu skráningarsvæðinu, en norðurveggur tóftarinnar er byrjaður að falla í sjó fram.

Tafla 1. Yfirlit yfir minjar í viðvarandi hættu.

Númer	Jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættu- mat	Tilefni hættu
3356-1	Hóll		tóft	mógeymsla, heygeymsla	greinanlegar	hætta	vegna skógræktar
3356-2	Hóll		tóft	mógeymsla, heygeymsla	greinanlegar	hætta	vegna skógræktar
3356-11	Hóll		niður- gröftur	mógrafir, torftökustaður	greinanlegar	hætta	vegna skógræktar
3356-13	Hóll		tóft	rétt	greinanlegar	hætta	vegna skógræktar
3356-14	Hóll		garðlag	rétt	greinanlegar	hætta	vegna skógræktar
3356-54	Leyningur	Geldinga- ból	tóft	stekkur	greinanlegar	hætta	vegna skógræktar
3356-58	Leyningur		garðlag	túngarður	greinanlegar	hætta	vegna skógræktar
3356-60	Lambanes- Reykir		tóft	óþekkt	greinanlegar	hætta	vegna jarðræktar
3356-61	Lambanes- Reykir		tóft	óþekkt	greinanlegar	hætta	vegna rofs
3356-63	Lambanes- Reykir		garðlag	óþekkt	geinanlegar	hætta	vegna rasks
3356-94	Lambanes		garðlag	túngarður	vel greinanlegar	hætta	vegna rofs
3356-96	Lambanes		garðlag	túngarður	greinanlegar	hætta	vegna rofs
3356- 111	Lambanes		tóft	óþekkt	illgreinanlegar	hætta	vegna rofs
3356- 112	Lambanes		varða	kennimark	greinanlegar	hætta	vegna rofs

3356-163	Illugastaðir		garðlag	matjurtagarður, rétt	vel greinanlegar	hætta	vegna rofs
3356-168	Illugastaðir		hleðsla	brú	vel greinanlegar	hætta	vegna rofs
3356-212	Illugastaðir Brúnastaðir		gata	leið	greinanlegar	hætta	vegna rofs
3356-214	Brúnastaðir		garðlag	túngarður	greinanlegar	hætta	vegna rofs
3356-221	Brúnastaðir		garðlag	óþekkt	greinanlegar	hætta	vegna rofs
3356-223	Brúnastaðir		tóft	útihús	greinanlegar	hætta	vegna rofs
3356-225	Brúnastaðir		garðlag	óþekkt	illgreinanlegar	hætta	vegna rofs og framkvæmda
3356-228	Brúnastaðir		garðlag	óþekkt	greinanlegar	hætta	vegna rofs
3356-238	Nýrækt, Hamar		hleðsla, steinsteypa	brú	vel greinanlegar	hætta	vegna landbrots
3356-252	Stóri-Grindill		garðlag	óþekkt	greinanlegar	hætta	vegna skógræktar
3356-253	Stóri-Grindill		tóft	óþekkt, aðhald	greinanlegar	hætta	vegna skógræktar
3356-254	Stóri-Grindill		tóft	óþekkt, heygemysla	greinanlegar	hætta	vegna skógræktar
3356-255	Stóri-Grindill		niður-gröftur	torftökustaður	greinanlegar	hætta	vegna skógræktar
3356-256	Stóri-Grindill		tóft	óþekkt	illgreinanlegar	mikil hætta	vegna skógræktar
3356-261	Stóri-Grindill		garðlag	óþekkt, vörslugarður	vel greinanlegar	hætta	vegna skógræktar
3356-262	Stóri-Grindill		garðlag	óþekkt, aðhald	greinanlegar	hætta	vegna skógræktar
3356-263	Stóri-Grindill		tóft	óþekkt, stekkur	greinanlegar	hætta	vegna skógræktar
3356-264	Stóri-Grindill		niður-gröftur	torftökustaður	greinanlegar	hætta	vegna skógræktar
3356-265	Stóri-Grindill		tóft	óþekkt	greinanlegar	hætta	vegna skógræktar
3356-266	Stóri-Grindill		garðlag	óþekkt	greinanlegar	hætta	vegna skógræktar

3356-270	Minni-Grindill		garðlag	vörslugarður	vel greinanlegar	mikil hætta	vegna skógræktar
3356-271	Minni-Grindill		heimild, garðlag	óþekkt	sést ekki, vegna skógræktar	mikil hætta	vegna skógræktar
3356-284	Fyrirbarð		niður-gröftur - hleðsla	beðaslétta	greinanlegar	hætta	vegna jarðræktar
3356-293	Langhús		tóft	óþekkt	greinanlegar	hætta	vegna rofs
3356-297	Langhús		grjóthrúga	óþekkt	greinanlegar	hætta	vegna skógræktar
3356-299	Langhús		tóft	óþekkt. Útihús	greinanlegar	hætta	vegna rofs
3356-309	Ysti-Mór		tóft	fjárhús, heygeymsla, beitarhús	greinanlegar	mikil hætta	vegna landbrots
3356-311	Ysti-Mór		tóft	sjóbúð	greinanlegar	hætta	vegna landbrots
3356-312	Ysti-Mór		tóft	hjallur	greinanlegar	hætta	vegna landbrots
3356-322	Móskógar		tóft	óþekkt	illgreinanlegar	hætta	vegna landbrots
3356-330	Móskógar		þúst	óþekkt	illgreinanlegar	mikil hætta	vegna landbrots
3356-336	Móskógar		garðlag	óþekkt	greinanlegar	hætta	vegna rofs
3356-338	Móskógar		tóft	óþekkt	greinanlegar	hætta	vegna rofs
3356-375	Laugaland	Flóka-garður	garðlag	óþekkt	illgreinanlegar	hætta	vegna rofs
3356-393	Bakki		garðlag	túngarður	greinanlegar	hætta	vegna rofs
3356-408	Bakki		tóft	óþekkt	illgreinanlegar	hætta	vegna rofs
3356-418	Bakki	Bakkagerði Jónsgerði	tóft	fjárhús, rétt	greinanlegar	mikil hætta	vegna rofs
3356-422	Bakki	Miðgerði Pétursgerði	tóft	fjárhús	greinanlegar	mikil hætta	vegna rofs
3356-425	Bakki		garðlag	óþekkt, landamerki	greinanlegar	hætta	vegna rofs

Niðurlag

Skráningarverkefnið var umfangsmikið þar sem skráðar voru tvær veglínur (A og B) í Hólsdal í Siglufirði og í Fljótum norðan Ketiláss, sem er skilgreint sem fyrri hluti verkefnisins, auk þess sem skráð var veglína frá Ketilási að Stafá, sem er skilgreint sem seinni hluti verkefnisins. Skráningarsvæðið var 300 m umhverfis hverja veglínu, 150 m til beggja handa frá miðlínu. Í heildina voru skráðar 435 mínjar, þar af 232 í fyrri hluta verkefnisins og 203 í seinni hluta. Auk þessara 435 minja voru skráðar 467 kolagrafir og kolagrafasvæði, öll í fyrri hluta verkefnisins Fljótamegin. Eru þessar kolagrafir/kolagrafasvæði meðhöndluð sem eitt mengi og fá ekki sérstaka umfjöllun í fornleifaskrá og eru að jafnaði ekki með á yfirlitskortum. Kolagrafirnar fá hlaupandi númer í landupplýsingagögnum til auðkenningar, byrja þau númer á 1000.

Minjar á svæðinu eru fjölbreyttar en stór hluti er tengdur efnistöku og nýtingu, s.s. mógrafir og mógeymslur, heygeymslur og kolagrafir, en einnig er talsverður hluti búsetuminjar. Minjar sem metnar voru í hættu vegna viðvarandi þátta eru 53, þar af sjö í mikilli hættu. Helstu hættuvaldar eru rof og skógrækt, en einnig eru minjar í hættu vegna landbrots og annarra þátta.

Hættumat vegna fyrirhugaðra framkvæmda út frá forhönnunargögnum Vegagerðarinnar (frá byrjun janúar 2026) má sjá í viðauka 1 þar sem hættumatstafla og -kort eru fyrir hverja veglínu sem og umfjöllun um minjar í hættu.

Fornleifaskrá

Allar loftmyndir notaðar í kortagerð eru frá Loftmyndum ehf. skv. samningi við Vegagerðina.

Siglufjörður


Hóll



Mynd 3. Yfirlitskort yfir minjar skráðar nyrst í Hólslandi. Grænir flákar sýna skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningar-svæðisins. Blá lína sýnir veglínu A og fjólublá lína sýnir veglínu B.



Mynd 4. Yfirlitskort yfir skráðar minjar um miðbik Hólslands. Grænir flákar og bleikur punktur sýna skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Blá lína sýnir veglínu A og fjólublá lína sýnir veglínu B.



Mynd 5. Yfirlitskort yfir skráðar minjar í suðurhluta Hólslands. Minjar í landi Leynings eru ekki merktar með númeri. Grænir flákar og gular línur sýna skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningar-svæðisins. Blá lína sýnir veglínu A og fjólblá lína sýnir veglínu B.

Í landi Hóls voru skráðar 26 minjar innan skráningar-svæðisins. Stór hluti minjanna var skráður við deiliskráningu vegna skipulags árið 2023 og voru þau gögn notuð óbreytt (að undanskildu því að staðhættir voru sums staðar aðlagðir og tegund og hlutverk uppfærð út frá nýjum skráningarstöðlum) enda unnin af Byggðasafni Skagfirðinga, af sömu skrásetjurum, og einungis tveggja ára gömul. Minjarnar fá þó ný númer til samræmis við verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands [3356-x] og bera eldra númer sem byrjar á [3103] (Ásta Hermannsdóttir og Ylfa Leifsdóttir, 2024).

Þær minjar sem skráðar voru í landi Hóls eru af ýmsum toga en þó helst tengdar efnistöku og nýtingu, s.s. mógrafir og mógeymslur, og landbúnaði, s.s. stekkir og sel, eða minjar með óþekkt hlutverk. Skráningar-svæðið sniðir að mestu framhjá bæjarstæði Hóls og því eru minjar í túni ekki í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Fyrstu heimildir um Hól eru frá 14. öld. Hóls er fyrst getið árið 1377 (DI III: 316) og er Hóll metinn á 10 hundruð í *Jarðabók* árið 1912 (JÁP X: 7-8). Árið 1927 keypti Siglufjarðarbær jörðina og hefur upp frá því verið margskonar starfsemi á henni, fyrst búskapur og mjólkurframleiðsla, en seinna svæði til íþróttaiðkunar, þ.m.t. golfvöllur (Birna Lárusdóttir (ritstj.), 2008: 32).

Hóll-3356-1 [eldra númer: 3103-23]

Hlutverk: Mógeymsla, heygeymsla

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir

Á norðurenda hólts, um 40 m suður af þjóðvegi og um 20 m austur af tóft [3356-2], á nokkuð sléttum fleti áður en fer að halla niður til norðurs, er tóft.

Lýsing

Tóftin er lítil og einföld. Hún snýr NNA-SSV og er suðurendi óskýr og þótt þar virðist nú op er ekki víst að svo hafi verið upphaflega. Tóftin er rúmlega 1x3 m að innanmáli og um 3,5x5 m að utanmáli. Veggjahæð er mest um 40 cm.



Mynd 6. Tóft [3356-1], horft til norðurs. Siglufjörður í baksýn.

Hóll-3356-2 [eldra númer: 3103-22]

Hlutverk: Mógeymsla, heygeymsla

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir

Á vesturenda holts, um 45 m suður af þjóðvegi, í halla til vesturs er tóft.

Lýsing

Tóftin er lítil og snýr norðaustur-suðvestur, ógreinilegust til suðvesturs. Hún er grasi vaxin og sker sig þannig úr nánasta umhverfi, sem er mólendi. Tóftin er um 2x1,5 m að innanmáli og 4x3,5 m að utanmáli og ekkert op er sjáanlegt á henni. Hæð veggja er mest um 50 cm og breidd um 1 m.



Mynd 7. Tóft [3356-2], horft til suðvesturs.

Hóll-3356-3 [eldra númer: 3103-21]

Hlutverk: Mógeymsla, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á smá holti, því sama og [3356-4 og 5], um 80 m sunnan þjóðveggar og 180 m NNA af húsinu á Hóli, er tóft. Tóftin stendur í smá halla til NNV.

Lýsing

Tóftin er einföld og nær ferhyrnd. Innanmál er um 2x3 m og utanmál um 5,5x4,5 m. Veggir eru mest um rúmlega 1 m breiðir og 40 cm háir. Tóftin er sokkin og gróin og ekki sést í grjót í veggjum.



Mynd 8. Tóft [3356-3], horft til norðvesturs.

Hóll-3356-4 [eldra númer: 3103-20]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Á smá holti, um 4 m norðan við þúst [3356-5] og 175 m NNA af húsinu á Hóli, er þúst.

Lýsing

Þústin er lítil og hringlaga, rúmlega 3 m í þvermál. Hæð þústarinnar er mest um 70 cm og er hola/dæld í miðjunni. Þústin er grænleit en þó ekki jafn græn og [3356-5]. Aldur er ekki ljós og hugsanlega gæti verið um yngra rask að ræða. Þústin er áþekkt þúst [3356-5].



Mynd 9. Þúst [3356-4], horft til norðurs. Siglufjörður í baksýn.

Hóll-3356-5 [eldra númer: 3103-19]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Á smá holti, um 13m norðan við tóft [3356-7] og 170 m NNA af húsinu á Hóli, er þúst.

Lýsing

Þústin er lítil, hringlaga og grænleit. Ekki er hægt að merkja eiginlega vegg, en þó eru vísbendingar um slíkt nyrst. Hæð þústarinnar er mest um 60 cm og hún er um 5 m í þvermál. Aldur er ekki ljós og hugsanlega gæti verið um yngra rask að ræða. Þústin er áþekkt þúst [3356-4].



Mynd 10. Þúst [3356-5], horft til suðurs.

Hóll-3356-6 [eldra númer: 3103-17]

Hlutverk: Mógrafir, torftökustaður

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 12,5 m norðaustur af mógröf [3356-8], um 160 m norðaustur af húsinu á Hóli, í sléttlendri mýri, er niðurgröftur.

Lýsing

Líklega er um að ræða lítið torf- eða mótökusvæði. Svæðið, sem er um 4,5x3,5 m að umfangi, er ferhyrnt og bakkar þess eru um 60 cm háir til norðurs og suðurs, lægri til austurs og vestur.



Mynd 11. Niðurgröftur [3356-6], horft til austurs.

Hóll-3356-7 [eldra númer: 3103-18]

Hlutverk: Mógeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á smá hóli skammt vestur af niðurgrefti [3356-6], um 155 m norðaustur af húsinu á Hóli, er tóft.

Lýsing

Tóftin er lítil og skeifulaga, snýr norður-suður og er opin til suðurs. Hugsanlegt er að opið sé í raun rof sem hefur gróið upp þar sem rofabarð er suður af tóftinni. Því getur verið að upprunalega hafi ekki verið op á tóftinni. Hún er vel gróin grasi, mosa og lyngi, og nokkuð sokkin. Tóftin er um 4x3,8 m að utanmáli, 1x2 m að innanmáli. Breidd veggja er mest tæplega 1,5 m og hæð er um 20-50 cm.



Mynd 12. Tóft [3356-7], horft til suðurs.

Hóll-3356-8 [eldra númer: 3103-92]

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Heimild

Staðhættir

Um 80 m norðaustur af húsinu á Hóli, suður af holtinu sem minjar [3356-6 og 7] standa á sést mógröf á loftmynd frá 1994 (Loftmyndasjá Landmælinga).

Lýsing

Mógröfin er stór um 90 m löng og að jafnaði um 20 m breið en mest um 35 m breið. Nú sést ekki móta greinilega fyrir mógröfum á svæðinu en svæðið er nokkuð blautt, gróið og mishæðótt.



Mynd 13. Drónamynd af uppgrónu mógrafasvæði [3356-8], horft til norðurs.

Hóll-3356-9 [eldra númer: EY-10:022]

Hlutverk: Legstaður

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í fornleifaskráningu frá 2008 er færsla fyrir heimild um legstað Finnu í Finnólum/Finnuhólum, skammt norðvestan Hóls, skráð með vísan í m.a. örnefnaskrá þar sem ferhyrndri þúst er lýst syðst á syðsta hólnum. Þá var settur hnitpunktur á þúst sem er greinileg á svæðinu (sjá hnit í Birna Lárusdóttir (ritstj.), 2008: 37) og var líklega talin vera sú sem nefnd er í örnefnaskrá. Örnefnaskráin er án ártals og því ekki víst nákvæmlega hvenær sú lýsing er gerð. Í vettvangsvinnunni 2025 sást þessi þúst greinilega, en þar sem hún er mjög græn, slétt að ofan og formföst, í raun meira eins og pallur en þúst, er talið víst að hún tengist golfvöllinum sem þarna var, og sé því yngra mannaverk en að vera legstaður Finnu. Hæð pallsins er um 50 cm og

ekkert grjótt sést í honum. Legstaður Finnu er því ófundinn, og engar grunsamlegar þústir fundust við vettvangsskráningu sumarið 2025.

Aðrar upplýsingar

Í eldri fornleifaskráningu segir: „Finnhólar 3 samfastar Hæder skamt frá Bænum Hóli fremst í þessum Fyrde; nokkur gamaldags Snót að nafni Finna skal liggja þar grafin, enn hvör um þessa Hóla grant skodar, mun finna sig yfirbevisadan umm, að þeir ómögulega kunna að vera eptir Manna Hondur.“ segir Gamalíel Þorleifsson í fornleifaskýrslu frá 1818. "Nokkru sunnar með ánni [en Álfhóll í Saurbæjarlandi], í Hólslandi, eru Finnuhólar og er mælt að þar sé heygð Finna er bjó að Hóli," segir í örnefnaskrá. Í annarri skrá segir: "Niður frá hinu gamla túni er melhólaklasi allt niður að á, voru þeir hólar berir og óræktaðir þó innan væru girðingar, en engi tveim megin þeirra, nefnast þeir Finnhólar. Vestur frá þeim á ánni [er] Finnhólavað en suður frá þeim Finnhólaeyrar. Finnuhólar eru beint niður undar íbúðarhúsinu sem enn stendur á Hóli. Nú liggur golfvöllur um hólana (hóla 7,8, og 9). Um 50-70 m sunnan við syðsta hólinn er vegaslóði og brú yfir Fjarðarána. Á syðsta hólnum er ferhyrnd þúst sem er 3 X 2 m að stærð. Rennisléttur golfvöllur“ (Birna Lárusdóttir (ritstj.), 2008: 37).

Hóll-3356-10 [eldra númer:
3103-39]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Efst á hól, um 540 m suður af húsinu á Hóli, og um 80 m vestur af vegslóða sem liggur inn dalinn að austanverðu, er tóft.

Lýsing

Tóftin er lítil, hringlaga og með áföstu garðlagi að því er virðist til austurs og suðurs. Tóftin og garðlagið eru vel gróin og sigin, rústin er þó grænni en garðlagið. Garðlagið er um 16 m langt og þvermál tóftarinnar er um 5 m. Veggjahæð er mest um 50 cm. Garðlagið er að jafnaði um 70 cm breitt en mest um 2 m á smá kafla að austanverðu.



Mynd 14. Tóft [3356-10], horft til suðvesturs. Garðlagið sést ekki.

Hóll-3356-11 [eldra númer: 3103-40]

Hlutverk: Mógrafir, torftökustaður

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir

Í lægð á milli hólanna sem tóftir [3356-10] og [3356-12] standa á, um 560 m suður af húsinu á Hóli, er lítil mógröf eða torftökustaður.

Lýsing

Niðurgröfturinn er ansi blautur og sefi gróinn. Bakkar eru nokkuð greinilegir. Niðurgröfturinn er um 5x5 m að umfangi og gengur í einskonar „L“. Dýpt er mest um 50 cm.



Mynd 15. Niðurgröftur [3356-11], horft til austurs.

Hóll-3356-12 [eldra númer: 3103-41]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á hól, um 9 m vestur af niðurgrefti [3356-11] og 560 m suður af húsinu á Hóli, er tóft.

Lýsing

Tóftin er einföld og mjög gróin, snýr norðaustur-suðvestur. Innra byrði er ógreinilegt, en þó er greinileg smá dokk í hana miðja. Utanmál tóftarinnar er um 7x5 m. Veggjahæð er mest um 40 cm. Tóftin er nokkuð grænni en nánasta umhverfi.



Mynd 16. Tóft [3356-12], horft til suðvesturs.

Hóll-3356-13 [eldra númer:
3103-42; EY-10:018]

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna
skógræktar

Staðhættir

Í skjógarriðri sunnan við sléttuð
tún á Hóli, um 620 m SSV af
húsinu á Hóli og 125 m austan við
bakka Fjarðarar, er gömul rétt.

Lýsing

Réttin er mjög sigin og gróin, um
14x11 m að utanmáli. Réttin er
einföld, án dila eða rýma, og er ekkert op greinanlegt á henni. Breidd veggja er mest um 2 m
og hæð er á bilinu 30-60 cm. Ekkert grjót sést í veggjum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hóls segir: „Þar nefnist og á ánni Réttarvað. Litlu ofar, utan lækjar, virðist og
mjög forn réttarrúst vera á hól litlum og önnur litlu utar, dikkalaus, mjög forn“ (Ö-Hóll: 2).



Mynd 17. Rétt [3356-13], horft til NNV.

Hóll-3356-14 [eldra númer:
3103-43; EY-10:017]

Hlutverk: Rétt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna
skógræktar

Staðhættir

Á hól á sléttri grund, um 680 m
SSV af húsinu á Hóli og 95 m
austur frá bökkum Fjarðarar, er
réttarbrot.

Lýsing

Garðbrot á áberandi hól sem
eru skv. heimildum leifar réttar.

Líklega er búið að raska
megninu af réttinni. Greinileg hleðsla er við suðausturhlið, um 18 m löng, í „L“. Við
norðvesturhorn hólins er önnur hleðsla þar sem einnig sést í grjót, um 6,5 m löng í „L“. Við
norðausturhorn er hærri þúst sem mæld var upp og gæti verið hluti réttarinnar eða seinni tíma
rask. Hóllinn er allur mjög gróinn grasi og lyngi. Hæð hleðslu er mest um 60 cm.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hóls segir: „Þar nefnist og á ánni Réttarvað. Litlu ofar, utan lækjar, virðist og
mjög forn réttarrúst vera á hól litlum“ (Ö-Hóll: 2).



Mynd 18. Garðlagið suðastast í rétt [3356-14], horft til austurs.

Hóll-3356-15 [eldra númer: 3103-44; EY-10:015]

Hlutverk: Rétt

Tegund: Garðlag

Staðhættir


Á sléttri grund skammt frá Fjarðaránni, um 770 m SSV af húsinu á Hóli, og tæplega 100 m suðvestur af rétt [3356-14] er rétt.

Lýsing

Réttin er síðasta aflagða skilarétt Siglfirðinga, sbr. heimild hér að neðan. Réttin er greinileg og stendur nokkuð vel. Hún er vel gróin og ekki sést í grjóti en það gæti þó leynst undir grasinu. Veggjahæð er á bilinu 0,4-1 m og breidd veggja mest um 1,5 m. Stór almenningur og fjórir dílkar eru greinilegir, auk lítills útskots til austurs, utan á réttinni. Heildarumfang réttarinnar er um 30x17 m. Réttin snýr norður-suður og er með op til vesturs, í átt að Fjarðaránni og Réttarvaði [3356-16].

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hóls segir: „Utan og ofan við [Stekkjarlæk] er urðarholtsklasi nefndur Hraun en sunnan lækjar niður á árbakka Hólsrétt; er hún yngst aflagðra skilarétta Siglfirðinga en margar voru hér á dalnum einkum vestan ár; var hún notuð til 1908. Þar nefnist og á ánni Réttarvað“ (Ö-Hóll: 2).



Mynd 19. Uppmæling af rétt [3356-15]. Veglína B (fjólublá) fer í gegnum réttina, en veglína A (blá) fer rétt austan við hana.

Hóll-3356-16 [eldra númer: 3103-45; EY-10:016]

Sérheiti: Réttarvað

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Nákvæm staðsetning vaðsins er óljós en það var einhvers staðar á svæðinu vestan réttar [3356-15]. Settur var punktur á líklegan stað en þó gæti verið nokkur skekkja á honum. Vesturbakka Fjarðarárinnar hefur líklega verið breytt í seinni tíð þegar lagður var vegur á milli árinna og golfvallarins (eins og sést á mynd 21), og sést það m.a. á grjóti sem



Mynd 20. Líkleg staðsetning Réttarvaðs [3356-16], horft til suðvesturs.

sett hefur verið í bakkann. Því er ekki hægt að sjá staðsetningu leiðar að vaðinu vestan megin.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hóls segir: „Þar nefnist og á ánni Réttarvað“ (Ö-Hóll: 2).

Hóll-3356-17 [eldra númer: 3103-46; EY-10:025]

Sérheiti: Hólsstekkur

Hlutverk: Bæjarstæði, stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á brekkubrun, fast vestan við vegslóða sem liggur frá þjóðveginum og inn dalinn að austanverðu, um 890 m SSV af húsinu á Hóli, er tóft.

Lýsing


Mikið gras var á tóftinni við skráningu. Tóftin er fjögurra hólfa og er utanmál hennar um 10x15 m. Tóftin snýr norður-suður og eru tvö hólfa að austan og tvö að vestan. Norðvesturhólfið er með op til vesturs, suðausturhólfið er með op til suðurs. Hin tvö eru ekki með greinileg op. Veggir eru nokkuð greinilegir en ansi breiðir á köflum, fallnir og sokknir, breiddin er um 1,2-2 m og hæðin mest um 50 cm. Samkvæmt heimildum var hér byggð hjáleiga á stekkjastæði og virðast tóftirnar tilheyra búsetuskeiðinu á staðnum, en eldri minjar stekks geta hæglega leynst undir. Líklega er þetta bæjartóftin.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Suður frá Stekkjarlæk er undirlendi hærra, ásar og melhæðir nokkrar, nefndir Sekkjarhólar. Utarlega á þeim var hjábýli reist um 1680 í stekkjastæði og þá nefnt Hólsstekkur, en síðar Sólheimar. Fá ár stóð það þá, en máski eitthvað á fyrri hluta 18. aldar þó ei sé kunnugt“ (Ö-Hóll: 2-3). Einnig má gera ráð fyrir að Stekkjarlækur, sem er eilítið utan við Stekkjarhóla, taki nafn sitt af sama stekk (Ö-Hóll: 2). Í *Jarðabók* segir: „Holkot og Holssteckur heita tvær fornar eyðihjáleigur, önnur í heimatúninu, en hin á stekkjastæði í úthögum, byggðar hvor fyrir sig hjer um fyrir 30 árum um fáein ár.“ (JÁP X: 7).



Mynd 21. Tóft [3356-17], horft til norðurs.



Mynd 22. Uppmælingar af minjum [3356-17-20] á Hólsstekk. Veglína A (blá lína) fer skammt vestan við minjasvæðið.

Hóll-3356-18 [eldra númer: 3103-47; EY-10:025]

Hlutverk: Útihús, stekkur

Tegund: Tóft, garðlag

Staðhættir

Á brekkubrún, um 15 m suður af tóft [3356-17] og 930 m SSV af húsinu á Hóli, fast við vegslóða sem liggur frá þjóðveginum og inn dalinn að austanverðu, er tóft.

Lýsing

Mikið gras var á tóftinni við skráningu og erfitt að greina

útlínur nákvæmlega, auk þess sem miklar þúfur eru í miðri tóftinni. Þó virðist vera sem hún sé fjórskipt; eitt ílangt hól sem snýr norður-suður nyrst, við suðurenda þess eru tvö hól sem liggja samhliða austur-vestur, við suðurenda þeirra er fjórða hólfið. Veggjabreidd er mest um 2 m og veggjahæð er mest um 80 cm. Samkvæmt heimildum var hér byggð hjáleiga á stekkjastæði og virðast tóftirnar tilheyra búsetuskeiðinu á staðnum, en eldri minjar stekks geta hæglega leynst undir. Líklega er þetta útihúsatóft.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Suður frá Stekkjarlæk er undirlendi hærra, ásar og melhæðir nokkrar, nefndir Sekkjarhólar. Utarlega á þeim var hjábýli reist um 1680 í stekkjastæði og þá nefnt



Mynd 23. Tóft [3356-18] í forgrunni, horft til norðurs, sést í tóft [3356-17] á bakvið.

Hólsstekkur, en síðar Sólheimar. Fá ár stóð það þá, en máski eitthvað á fyrri hluta 18. aldar þó ei sé kunnugt“ (Ö-Hóll: 2-3). Einnig má gera ráð fyrir að Stekkjarlækur, sem er eilítið utan við Stekkjarhóla, taki nafn sitt af sama stekk (Ö-Hóll: 2).

Hóll-3356-19 [eldra númer: 3103-48; EY-10:030]

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í sléttlendri mýri vestur undir brekku, um 970 m SSV af húsinu á Hóli og 28 m NNA af tóft [3356-20], er mógröf.

Lýsing

Mógröfin er um 16x6 m að umfangi og nokkuð blaut. Mesta dýpt er um 70 cm.



Mynd 24. Mógröf [3356-19], norft til NNV.

Hóll-3356-20 [eldra númer: 3103-49; EY-10:021]

Hlutverk: Óþekkt, mógeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Uppi á smá hól í sléttlendri mýri, um 28 m SSA af mógröfum [3356-19] og 1 km SSV af húsinu á Hóli, er tóft.

Lýsing

Tóftin er einföld og 9x5,5 m að utanmáli. Innanmál er um 7x2,5 m. Veggjahæð er mest um 40 cm.

Engin op eru greinanleg á tóftinni. Hugsanlega er um tóft mókofa að ræða vegna nálægðar við mógröf.



Mynd 25. Tóft [3356-20] horft til vesturs.

Hóll-3356-21 [eldra númer: 3103-50; EY-10:029]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á brekkubrún við á, um 35 m vestur af vegslóða sem liggur frá þjóðvegi og inn dalinn að austanverðu og 27 m frá bakka Fjarðarár, um 1,3 km SSV af húsinu á Hóli, er tóft. Lækir falla sunnan og norðan við og frekar votlent á svæðinu.



Mynd 26. Tóft [3356-21], horft til vesturs, Fjarðará sést á bak við og golfvöllurinn.

Lýsing

Tóftin er mjög gróin og fellur inn í umhverfið. Tóftin er tvískipt, snýr norðvestur-suðaustur og er um 10,5x4 m að utanmáli. Rýmin er nokkuð áþekkt að stærð, það nyrðra eilítið minna. Breidd veggja er mest um 1,5 m og hæð um 40 cm.

Hóll-3356-22 [eldra númer: 3103-51; EY-10:031]

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í smá halla umkringd votlendi, fast austan við vegslóða sem liggur frá þjóðvegi og inn dalinn austanverðan, um 1,7 km SSV af húsinu á Hóli, er tóft.



Mynd 27. Tóft [3356-22], horft til suðurs.

Lýsing

Tóftin er einföld og opin til vesturs, husanlega er það rask vegna skurðarins sem liggur við vesturhlið tóftarinnar. Utanmál tóftarinnar er um 4,5x6,5 m og innanmál um 2x5,5 m. Veggjahæð er mest um 40 cm. Hugsanlega er um heystæði að ræða.

Hóll-3356-23 [eldra númer: 3103-52; EY-10:032]

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Undir melhól, í votlendi um 35 m austan við Fjarðarána og um 15 m sunnan við vegslóða sem liggur frá þjóðvegi og inn dalinn austanverðan, þar sem hann beygir yfir Fjarðarána til vesturs, er mógröf. Gröfin er fast vestan við leið [3356-24].

Lýsing

Mógröfin er um 9x9m að umfangi og liggur nokkurn veginn í „L“ þótt kantar hennar séu aðeins óreglulegir. Dýpt mógrafarinnar er mest um 1m.

Hóll-3356-24 [eldra númer: 3103-55; EY-10:024]

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Hægt er að greina leiðina á tæplega 900 m kafla á svæðinu, en þó er að mestu um að ræða einfalda götu/slóða. Breidd götunnar er mest um 1m og hún liggur eftir sléttlendinu við ána, í gegnum selstæði Hólssels [3356-25 og 26 og fleiri utan skráningarsvæðis] og áfram upp í hlíðina í átt að Hólsskarði. Hluti leiðarinnar var teiknaður upp af loftmynd og hluti mældur á vettvangi.



Mynd 28. Leið [3356-24], horft til norðvesturs.

Aðrar upplýsingar

Leiðin er sýnd á Atlaskorti, en er ekki nefnd í örnefnaskrá.

Hóll-3356-25 [eldra númer: 3103-60; EY-10:019]

Sérheiti: Hólssel

Hlutverk: Sel, kvíar

Tegund: Tóft

Staðhættir

Hólssel er staðsett um 2 km SSV af húsinu á Hóli, um 70 m austur af bakka Fjarðarár, nokkurn veginn í línu við stífluna. Í Hólsseli eru sex tóftir og eru þær beggja vegna við leið [3356-24], fjórar vestan við og tvær austan við. Einungis tvær eru innan skráningarsvæðisins 2025, alveg í austurjaðri þess. Svæðið er frekar slétt en hallar eilítið til vesturs og er nokkuð votlent. Syðst á svæðinu, vestan leiðarinnar er tóft á brekkubrún í votlendi.



Mynd 29. Tóft [3356-25], horft til suðvesturs. Fjarðará sést í baksýn.

Lýsing

Tóftin er ógreinileg að lögun en virðist tvískipt og bæði rýmin opin til vesturs. Hugsanlegt er að tóftin hafi náð alveg fram á brúnina, geil í brekkunni við enda hennar gæti bent til þess að orðið hafi hrun eða rof sem hafi raskað þessum enda. Utanmál tóftarinnar er um 6,5x5,5 m og eru innri rýmin nokkuð áþekkt að stærð, 1,8x4 m. Veggjahæð er mest um 50 cm. Hugsanlega eru þetta kvíar eða eldra sel.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Sunnarlega í [Stóralækjarstykki] er Hólssel, eru þar seltóftir, heystæði o.fl. því engjar eru þar umhverfis og nefnast Selgrænur. Upp frá selinu er melrani nefndur Selhryggur“ (Ö-Hóll: 3).

Hóll-3356-26 [eldra númer: 3103-61; EY-10:019]

Sérheiti: Hólssel

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Hólssel er staðsett um 2 km SSV af húsinu á Hóli, um 70 m austur af bakka Fjarðarár, nokkurn veginn í línu við stífluna. Í Hólsseli eru sex tóftir og eru þær beggja vegna við leið [3356-24], fjórar vestan við og tvær austan við.

Einungis tvær eru innan skráningarsvæðisins 2025, alveg í austurjaðri þess. Syðst á svæðinu, vestan leiðarinnar og 12 m sunnan við tóft [3356-25] er tóft á brekkubrún í votlendi.



Mynd 30. Tóft [3356-26], horft til suðvesturs. Fjarðará í baksýn.


Lýsing

Tóftin er mjög grasi gróin og komin í þúfur og því erfitt að greina lögun og rými. Hún er öll mjög óregluleg en virðist hafa tvö innri rými. Utanmál tóftarinnar er um 12x5,5 m og snýr hún austur-vestur. Veggjahæð er mest um 80 cm. Hugsanlega er þetta eldra íveruhús í selinu.


Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Sunnarlega í [Stóralækjarstykki] er Hólssel, eru þar seltóftir, heystæði o.fl. því engjar eru þar umhverfis og nefnast Selgrænur. Upp frá selinu er melrani nefndur Selhryggur“ (Ö-Hóll: 3).

Leyningur



Mynd 31. Yfirlitskort yfir skráðar minjar í suðurhluta Leyningslands. Grænir flákar og gular línur eru skráðar minjar. Minjar í landi Hóls eru ekki merktar með númeri. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Blá lína sýnir veglínu A og fjólublá lína sýnir veglínu B.




Mynd 32. Yfirlitskort yfir skráðar minjar í norðurhluta Leyningslands. Minjar í landi Hóls eru ekki merktar með númeri. Grænir flákar og bleikir punktar sýna skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Blá lína sýnir veglínu A og fjólublá lína sýnir veglínu B.

Í landi Leynings voru skráðar 32 minjar innan skráningarsvæðisins. Stór hluti minjanna var skráður við deiliskráningu vegna skipulags árið 2023 og voru þau gögn notuð óbreytt (að undanskildu því að staðhættir voru sums staðar aðlagðir og tegund og hlutverk uppfærð út frá nýjum skráningarstöðlum), enda unnin af Byggðasafni Skagfirðinga, af sömu skrásetjurum, og einungis tveggja ára gömul. Þessar minjar bera eldra númer sem byrjar á [3103].

Þær minjar sem skráðar voru í landi Leynings eru að miklu leyti minjar um efnistöku og nýtingu, s.s. mógrafir og mógeymslur, og landbúnaðarminjar, s.s. sel og stekkir. Einnig eru þó túngarðsleifar [3356-58] sem eru einu minjar bæjarstæðis Leynings sem ná inn á skráningarsvæðið. Bæjarhóll Leynings er um 90 m vestan við skráningarsvæðið.

Jarðarinnar Leynings er fyrst getið árið 1473 þegar Skarðsdalur er seldur ásamt kotinu Leyningi (DI V: 718-19). Leyningur er metinn á 10 hundruð í *Jarðabók* árið 1712 (JÁP X: 6). Leyningur fór í eyði árið 1926 (Birna Lárusdóttir (ritstj.), 2008: 22).



Mynd 33. Yfirlitskort yfir minjar 3356-27-36. Veglínur A (blá) og B (fjólublá) liggja báðar um minjasvæðið en eru á þessu svæði neðanjarðar og raska því ekki minjunum.

Leyningur-3356-27 [eldra númer: 3103-64; EY-9:007]

Sérheiti: Botnaleið

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Leiðin er ekki greinileg og henni var ekki fylgt á vettvangi nema að litlu leyti. Hún sést þó sæmilega á loftmynd og var mæld upp af henni, um 450 m leið. Leiðin liggur inn í botn Hólsdals að vestanverðu og þaðan upp í gegnum Botnaleiðargil og yfir í Fljót.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hlíðar segir: „Upp með gili þessu suður í dalhvolfið og suðvestur upp úr því er kunn gangfær leið til Fljóta er nefnist Botnaleið og gilið Botnaleiðargil, hóll allmikill upp í hvolfinu Botnaleiðarhóll og vestan hvolfsins Botnaleiðarskarð“ (Ö-Hlíð: 2). Örnefnið Botnaleið er sýnt á Atlaskorti.

Leyningur-3356-28 [eldra númer: 3103-65]

Hlutverk: Mógeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í holti sunnan við Selá, um 2,3 km SSV af húsinu á Hóli, er svæði þar sem finna má margar mógrafir, mókofa og heystæði. Austast á því svæði, á hólbrún framan við mýri, er tóft mókofa, um 5,5 m austur af mógröf [3356-29]. Lækur rennur skammt sunnan við og land hallar niður til austurs.

Lýsing

Tóftin er lítil og snýr norður-suður. Hún er um 4x3 m að utanmáli og um 2,5x1,2 m að innanmáli. Ekkert op er greinanlegt. Suðurendi tóftarinnar er aðeins ógreinilegri en aðrir hlutar. Ekkert grjót sést í veggjum en það finnst aðeins móta fyrir því neðst. Veggjahæð er mest um 50 cm.



Mynd 34. Mókofi [3356-28], horft til suðurs.

Leyningur-3356-29 [eldra númer: 3103-66]

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í holti sunnan við Selá, um 2,3 km SSV af húsinu á Hóli, er svæði þar sem finna má margar mógrafir, mókofa og heystæði. Austast á því svæði, á mýrarstalli neðan við brekku, um 5,5 m vestan við tóft [3356-28] er mógröf.

Lýsing

Mógröfin er nokkuð umfangsmikil, 13x13 m að stærð, en bakkar hennar eru óreglulegir. Víðast eru þeir þó greinilegir þótt þeir séu fallnir inn í gröfina sums staðar. Gröfin er mjög blaut og var austurhlutinn fullur af vatni þegar skráningin fór fram. Dýpt mógrafarinnar er mest um 1 m.



Mynd 35. Mógröf [3356-29] fyrir miðri mynd, hægra megin við hana má sjá glitta í tóft mókofa [3356-28]. Horft til norðausturs.

Leyningur-3356-30 [eldra
númer: 3103-67; EY-9:004]

Hlutverk: Mógeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í holti sunnan við Selá, um 2,3 km SSV af húsinu á Hóli, er svæði þar sem finna má margar mógrafir, mókofa og heystæði. Austarlega á svæðinu, um 15 m suðvestur af mógröf [3356-29] og fast norðan við mógröf [3356-31], í sléttlendri mýri sem hallar eilítið niður til austurs, er tóft.



Mynd 36. Mókofi [3356-30], horft til suðurs.

Lýsing

Tóftin er ilöng og virðist þrískipt. Stórt rými er fyrir miðju og minni rými til endanna. Tóftin snýr austur-vestur og er um 7x4,5 m að utanmáli. Hugsanlega er op á vestasta rýminu til vesturs, en að öðru leyti eru engin op greinanleg. Tóftin er mjög gróin og veggjahæð er mest um 50 cm. Hugsanlega hefur torf í bygginguna verið tekið á staðnum, en smá læna er greinanleg meðfram tóftinni sér í lagi að sunnan og austan.

Aðrar upplýsingar

Í skráningunni frá 2008 eru skráðar fjórar heytóftir á 50x50 m stóru svæði. Ekki fylgir teikning og einungis er einn hnitpunktur fyrir allar tóftinar þannig að erfitt er að átta sig á nákvæmri staðsetningu þeirra. Þessi tóft er líklega ein þessara fjögurra, hugsanlega vantar eina af þeim í skráninguna nú.

Leyningur-3356-31 [eldra
númer: 3103-68; EY-9:008]

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Í holti sunnan við Selá, um 2,3 km SSV af húsinu á Hóli, er svæði þar sem finna má margar mógrafir, mókofa og heystæði. Austarlega á svæðinu, fast sunnan við tóft [3356-30] er mógröf í sléttlendri mýri sem hallar eilítið niður til austurs.



Mynd 37. Mógröf [3356-31], horft til suðurs.

Lýsing

Mógröfin er um 11x11 m að umfangi og eru bakkar víðast greinilegir, þó sums staðar fallnir inn í gröfina. Mógröfin var mjög blaut og full af vatni austast þegar skráningin fór fram. Dýpt er mest um 70 cm. Hún er þó gróin í miðjunni, líklega hefur það svæði ekki verið nýtt við síðustu mótöku á staðnum.

Leyningur-3356-32 [eldra númer: 3103-69; EY-9:008]

Hlutverk: Mógeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í holti sunnan við Selá, um 2,3 km SSV af húsinu á Hóli, er svæði þar sem finna má margar mógrafir, mókofa og heystæði. Vestarlega á svæðinu, á stalli í landslaginu, um 30 m vestur af mógröf [3356-31] er tóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, snýr austur-vestur og er um 7x4 m að utanmáli.

Tóftin er nokkuð gróin og dálítið ógreinilegri að austanverðu. Veggjahæð er mest um 50 cm. Ekkert op er greinanlegt á tóftinni. Vestara rýmið er nokkuð minna, um 2x1,3 m, en eystra rýmið er um 3,2x1,7 m. Efni hefur verið tekið í byggingu mannvirkisins sunnan við tóftina, þar eru greinilega merki um stungu. Torftökusvæðið er um 7x3 m að umfangi.



Mynd 38. Tóft [3356-32], horft til austurs.

Leyningur-3356-33 [eldra númer: 3103-70]

Hlutverk: Heygeymsla, mógeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í holti sunnan við Selá, um 2,3 km SSV af húsinu á Hóli, er svæði þar sem finna má margar mógrafir, mókofa og heystæði. Vestast á svæðinu, 45 m vestur af tóft [3356-32], er önnur tóft í halla í mýri.

Lýsing

Tóftin er einföld, snýr norðaustur-suðvestur og er grasi gróin. Utanmál tóftarinnar er um 6,3x2,6 m og innanmál er um 3,3x0,8 m. Ekkert op er greinanlegt á tóftinni. Veggjahæð er mest um 50 cm. Líklega er um heystæði að ræða.



Mynd 39. Tóft [3356-33], horft til suðvesturs.

Leyningur-3356-34 [eldra númer: 3103-71; EY-9:004]

Hlutverk: Heygeymsla, mógeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í holti sunnan við Selá, um 2,3 km SSV af húsinu á Hóli, er svæði þar sem finna má margar mógrafir, mókofa og heystæði. Norðvestast á svæðinu, á sléttum stalli um 25 m vestur af mógröfum [3356-29] er tóft.

Lýsing

Tóftin er lítil og tvískipt. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er um 4,5x3 m að utanmáli. Syðra rýmið er um 1,5x1 m og nyrðra rýmið um 1,7x1,5 m að innanmáli. Ekkert op er greinlegt á tóftinni. Tóftin er mjög sokkin og gróin. Veggjahæð er mest um 50 cm. Hún sker sig úr landslaginu þar sem mikið lyng er á henni. Torf í bygginguna hefur líklega verið tekið í kring um hana þar sem merki eru um stungu. Líklega er um heystæði að ræða.

Aðrar upplýsingar

Í skráningunni 2008 eru skráðar fjórar heytóftir á 50x50 m stóru svæði. Ekki fylgir teikning og einungis er einn hnitpunktur fyrir allar tóftinar þannig að erfitt er að átta sig á nákvæmri staðsetningu þeirra. Þessi tóft er líklega ein þessara fjögurra, hugsanlega vantar eina af þeim í skráninguna nú.



Mynd 40. Tóft [3356-34], horft til norðausturs.

Leyningur-3356-35 [eldra númer: 3103-72; EY-9:004]

Hlutverk: Heygeymsla, mógeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í holti sunnan við Selá, um 2,3 km SSV af húsinu á Hóli, er svæði þar sem finna má margar mógrafir, mókofa og heystæði. Norðvestarlega á því svæði, á sléttum stalli fast norðan við tóft [3356-34], aðeins neðar í landslaginu, er önnur tóft.

Lýsing

Tóftin er einföld og ferhyrnd, snýr norðaustur-suðvestur og er um 6,5x5,5 m að utanmáli. Op virðist vera til norðausturs við norðurhorn tóftarinnar. Innanmál er um 3,5x2,5 m. Tóftin er mjög lík tóft [3356-34] hvað varðar



Mynd 41. Tóft [3356-35], horft til suðvesturs. Tóft [3356-34] í baksýn fast aftan við hina.

gróður og ásýnd, hún er mjög sigin og gróin grasi, mosa og lyngi. Vegghæð er mest um 50 cm. Líklega er um heystæði að ræða.

Aðrar upplýsingar

Í skráningunni 2008 eru skráðar fjórar heytóftir á 50x50 m stóru svæði. Ekki fylgir teikning og einungis er einn hnitpunktur fyrir allar tóftinar þannig að erfitt er að átta sig á nákvæmri staðsetningu þeirra. Þessi tóft er líklega ein þessara fjögurra, hugsanlega vantar eina af þeim í skráninguna nú.

Leyningur-3356-36 [eldra númer: 3103-73]

Hlutverk: Heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á bakka Selár, um 2,25 km SSV af húsinu á Hóli, nær beint til móts við Leyningssel [3356-39 og 40], er tóft í brekku sem hallar eilítið niður til norðurs, í átt að ánni.


Lýsing

Tóftin er einföld og snýr norður-suður.

Utánmál hennar er 5,7x4,8 m. Tóftin er mjög sokkin og gróin grasi, mosa og lyngi. Veggir eru mest um 50 cm háir. Líklega er um heystæði að ræða.



Mynd 42. Tóft [3356-36], horft til norðurs.



Mynd 43. Yfirlitskort yfir minjar [3356-37-43]. Veglinur A (blá) og B (fjólublá) liggja báðar á milli minja [3356-42 og 43].

Leyningur-3356-37 [eldra númer: 3103-74]

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Norðan Selár, í mýrlendi fast norðan við Leyningssel [3356-39 og 40], um 2,2 km SSV af húsinu á Hóli, eru mógrafir.

Lýsing

Mógrafirnar eru í tvennu lagi á sama svæði, vestari grafirnar eru um 25x5 m að umfangi og eystri grafirnar um 11x11 m, um 3 m bil er á milli þeirra. Bakkar mógrafanna eru nokkuð greinilegir og þær eru blautar. Dýpt er mest um 60 cm.



Mynd 44. Mógröf [3356-37], horft til austurs.

Leyningur-3356-38 [eldra númer: 3103-75; EY-9:024]

Hlutverk: Mógeymsla, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í hlíð norðan Selár, um 25 m vestur af mógröfum [3356-37] og um 2,3 km SSV af húsinu á Hóli, er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr austur-vestur og er um 7x4 m að utanmáli. Eystra rýmið er stærra, um 3,5x2 m, en það vestara er nær hringlaga og um 1,5 m í þvermál. Veggjahæð er mest um 60 cm. Tóftin er öll frekar jöfn og greinileg. Ekkert op er greinanlegt. Líklega hefur torf í bygginguna verið tekið í kringum hana þar sem vísbendingar eru um stungu.



Mynd 45. Tóft [3356-38], horft til suðausturs. Sést í tóft [3356-39] í baksýn.



Mynd 46. Tóftir Leyningsssels á árbakka Selár. Seltóftin [3356-39] ofan við miðja mynd og hugsanlegar kvíar [3356-40] þar neðan við. Vestur er upp á myndinni.

Leyningur-3356-39 [eldra númer: 3103-76; EY-9:022]

Sérheiti: Leyningssel

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fast norðan við bakka Selár, um 2,3 km SSV af húsinu á Hóli og 20 m suður af mógröfum [3356-37], eru tóftir Leyningssels. Seltóftin er vestari tóftin af tveimur, staðsett á blábrún árbakkans.



Mynd 47. Tóft [3356-39], horft til suðausturs.

Lýsing

Tóftin er frekar stórgerð og hlaupin í stórar þúfur á köflum. Þó er hægt að greina grófa lögun tóftarinnar og virðist hún vera þrískipt. Ílangt rými er til norðurs, 6,3x1,3 m að innanmáli, til suðurs eru tvö rými, það eystra 2,3x3 m að innanmáli og það vestara, nær hringlaga, um 2 m í þvermál. Veggjahæð er mest um 1 m. Tóftin er nær hringlaga og er þvermál hennar, utanmál, um 10,5 m. Á tóftinni stendur stakur staur.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hlíðar segir: „Löngu síðar þá býlið Leyningur var sjálfstætt orðið og undir það fallin lönd þessi hefir hér selstöð verið og kallast nú Leyningssel; sér og tóftir selsins syðst á honu forna túni, niður frá tóftum bæjarins. Glötuð munu hér flest forn örnefni; er margt við selið kennt, sem nálægt er. Nefnist lækurinn sunnan bæjar Selá, dalhvolfið er hann kemur úr upp í fjalli Selskál, melrindar upp frá bæ Selhryggir, hóll upp á brún norðan skála, Selskálarhóll og í skálinni Selskálartjörn. Einnig hnjúkurinn sunnan skálar Selfjall og orð austan í því Selöxl“ (Ö-Hlíð: 1).

Leyningur-3356-40 [eldra númer: 3103-77; EY-9:022]

Sérheiti: Leyningssel

Hlutverk: Sel, kvíar

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fast norðan við bakka Selár, um 2,3 km SSV af húsinu á Hóli og 20 m suður af mógröfum [3356-37], eru tóftir Leyningssels. Austan við seltóftina [3356-39] er önnur minni tóft.



Mynd 48. Tóft [3356-40], horft til suðvesturs. Selá í baksýn.

Lýsing

Tóftin er einföld, snýr austur-vestur og er opin til austurs. Tóftin er orðin aðeins sokkin og fellur vel inn í umhverfið. Utanmál er um 5,5x4,5 m. Veggjahæð er mest um 50 cm. Hugsanlega eru þetta selkvíarnar.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hlíðar segir: „Löngu síðar þá býlið Leyningur var sjálfstætt orðið og undir það fallin lönd þessi hefir hér selstöð verið og kallast nú Leyningssel; sér og tóftir selsins syðst á honu forna túni, niður frá tóftum bæjarins. Glötuð munu hér flest forn örnefni; er margt við selið kennt, sem nálægt er. Nefnist lækurinn sunnan bæjar Selá, dalhvolfið er hann kemur úr upp í fjalli Selskál, melrindar upp frá bæ Selhryggir, hóll upp á brún norðan skála, Selskálarhóll og í skálinni Selskálartjörn. Einnig hnjúkurinn sunnan skálar Selfjall og orðaustan í því Selöxl“ (Ö-Hlíð: 1).

Leyningur-3356-41 [eldra númer: 3103-78; EY-9:023]

Sérheiti: Hlíð

Hlutverk: Bæjarstæði, sel

Tegund: Hóll, tóft

Staðhættir

Norðan Selár, um 60 m norður af bökkum Selár, skammt neðan fjallshlíðarinnar er meint bæjarstæði Hlíðar (sjá Örnefnaskrá Hlíðar). Á háum hól í túni Hlíðar, um 11 m austur af tóft [3103-79 – utan svæðis 2025], um 2,3 km SSV af húsinu á Hóli, er tóft.

Lýsing

Tóftin stendur vestarlega á nokkuð háum hól. Hún er ílöng, snýr nálega norður-suður, og er þriggja hólfa. Utanmál tóftarinnar er um 12,5x6 m. Nyrsta hólfið er minnst, 1,7x2,3 m að innanmáli, miðjurýmið er 2,2x2,2 m og syðsta rýmið 3x2,2 m. Veggjahæð er mest um 1 m. Tóftin er mjög grasi gróin og frekar græn. Hugsanlega eru fleiri en einn notkunarfasi á staðnum og það sem sést á yfirborði yngra, enda ekki mjög bæjarlegar tóftir, en minjar undir gætu verið eldri. Yngsti fasinn gæti verið seltóft. Við tóftina eru dældir, t.d. austan við, sem gætu verið vísbendingar um eldri minjar. Hóllinn sem tóftin stendur á er um 17x16 m að umfangi.



Mynd 49. Tóft [3356-41], horft til suðurs. Selá og botn Hólsdals í baksýn.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hlíðar segir: „Innarlega í Siglufjarðardal, vestan ár, gegnt Hólsseli, hefir bær verið á fyrri öldum. Er þar byggðastæði eitt hið fegursta. Grundir miklar og breiðar, hallandi frá hlíð að á niður, túnefni því hið besta, slétt og víðlent mjög. Hefir bærinn staðið upp við rætur hlíðarinnar sem mjög er þar gróðurrik. Útsýn er hér og héðan sem best má vera um byggð þessa og fjörð. Hefir tún verið slétt og allmikið; takmarkar það lækjargil að sunnan, en túngarður mjög forn er skammt ofan bæjartófta vel skýr út hlíðarrætur; sér og nokkuð til hans norðan túns niður að á. [...] Svo snemma hefir býli þetta í auðn farið, að ekki verður fundið nafn þess, þó hér sé því af staðháttum þetta nafn valið. Mun hér ekki hafa byggð verið eftir svartadauða (1402) og máski lítil eða engin eftir 1300“ (Ö-Hlíð:1).

Leyningur-3356-42 [eldra númer: 3103-83; EY-9:005]

Sérheiti: Réttargrund

Hlutverk: Óþekkt, fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í halla, um það bil miðja vegu milli ár og fjallsrótar, um 2 km SSV af húsinu á Hóli, um 80 m vestur af stíflu í Fjarðará, og 20 m NNV af tóftum [3356-43] er tóft á svokallaðri Réttargrund. Norður af er sléttlend og frekar þurr mýri.

Lýsing


Tóftin er ílöng, tvískipt og liggur austur-vestur. Utanmál er 15x5m. Tóftin er mjög gróin grasi og nokkuð sigin en dýpri að innan, þar sem veggir eru mest um 1m háir. Inngangur með einskonar leiðigarði/tungu er til suðurs á austurhólfi við suðausturhorn. Á vesturhólfi er op til suðurs við suðvesturhorn. Vesturhólfid er um 6,5x1,5m að innanmáli og eystra hólfid um 5,5x1,5m.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hlíðar segir: „Niður Leitið liggur hinn forni túngarður; við hann, fremur neðarlega, eru fornar tóftir fjárhúsa og réttar, nefnist þar Réttargrund. Kenna Siglfirðingar mannvirki þessi við Loft Guðmundsson er bjó í Leyningi 1761-1775, síðar í Fljótum, og þeir nefna „ríka“; er þó hvorttveggja fjarri sanni, því ríkur var hann ekki og eldri eru þessar byggðaleifar“ (Ö-Hlíð: 1-2). Tekið skal fram að túngarðurinn sést ekki niður að Réttargrund.



Mynd 50. Tóft [3356-42], horft til austurs. Tóftir [3356-43] eru ofarlega til hægri á myndinni þar sem Ylfa sést standa.



Mynd 51. Uppmælingar á minjum [3356-42 og 43] á Réttargrund. Veglinur A og B fara á milli tóftanna.

Leyningur-3356-43

[eldra númer: 3103-84; EY-9:005]

Sérheiti: Réttargrund

Hlutverk: Óþekkt, rétt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í halla, um það bil miðja vegu milli ár og fjallsrótar, um 2 km SSV af húsinu á Hóli, um 50 m vestur af stíflu í Fjarðará, eru tóftir á svokallaðri Réttargrund um 20 m

austur af tóft [3356-42]. Norður af er sléttlend og frekar þurr mýri.




Mynd 52. Tóftir [3356-43], syðsta tóftin sem jafnframt er greinilegust. Sést glitta í austustu tóftina til vinstri. Horft til suðausturs.

Lýsing

Um er að ræða þrjú tóftabrot sem mögulega hafa verið samföst og eru því skráð sem einar minjar. Austast er lítil tóft, líklega með op til suðausturs. Utanmál hennar er um 5x3,5 m. Um 2,5 m vestan við hana eru hinar tvær tóftirnar í röð norður-suður. Sú syðri er mjög grasi gróin og hefur ekkert greinilegt op. Utanmál er 5,8x6 m og innanmál um 2,5x4 m. Veggir eru nokkuð stæðilegir og greinilegir að sunnan- og vestanverðu en ógreinilegri til norðurs og austurs. Við tóftina eru smá þúfur sem gætu verið vísbendingar um ógreinlegar minjar. Nyrsta tóftin er sokknari en hinar og gæti verið eldri. Suðurendi tóftarinnar er ógreinilegur og virðist hún vera skeifulaga, en vanta suðurendann á vesturvegginn. Utanmál er um 6x5,5 m. Tóftirnar eru allar grónar og veggjahæð er á bilinu 30-70 cm.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hlíðar segir: „Niður Leitið liggur hinn forni túngarður; við hann, fremur neðarlega, eru fornar tóftir fjárhúsa og réttar, nefnist þar Réttargrund. Kenna Siglfirðingar mannvirki þessi við Loft Guðmundsson er bjó í Leyningi 1761-1775, síðar í Fljótum, og þeir nefna „ríka“; er þó hvorttveggja fjarri sanni, því ríkur var hann ekki og eldri eru þessar byggðaleifar“ (Ö-Hlíð: 1-2). Tekið skal fram að túngarðurinn sést ekki niður að Réttargrund.



Mynd 53. Yfirlitskort yfir minjar [3356-44-50]. Veglína A (blá) fer í gegnum mógrafir [3356-44] og veglína B (fjólublá) fer í gegnum mógrafir [3356-48]. Svört lína til vinstri sýnir útmörk skráningarsvæðis til vesturs.

Leyningur-3356-44 [eldra númer: 3103-85; EY-9:011]

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í nokkuð sléttri mýri skammt vestur af vegslóða sem liggur inn eftir Hólsdalnum vestanverðum með Fjarðaránni, um 1,7 km SSV af húsinu á Hóli, er mógröf. Landið fer að halla niður til austurs, að vegslóðanum, skammt austan mógrafarinnar.



Mynd 54. Mógröf [3356-44], horft til norðvesturs.

Lýsing

Mógröfin er nokkuð greinileg, en vesturbakkinn er greinilegastur og austurbakkinn ógreinilegastur. Mógröfin var nokkuð blaut þegar skráningin fór fram, en þó ekki á floti. Kantar eru að mestu reglulegir og mógröfin er vel gróin. Dýpst er gröfin um 70 cm djúp. Umfang mógrafarinnar er um 16x9 m.

Leyningur-3356-45 [eldra númer: 3103-86]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Skammt vestur af bakka Fjarðarár, og austan vegslóða sem liggur inn Hólsdalinn vestanverðan, með Fjarðaránni, um 1,5 km SSV af húsinu á Hóli, er tóft á sléttri flöt.

Lýsing

Tóftin er lítil en virðist tvískipt og snýr norður-suður. Lokað rými er til norðurs en opið að sunnanverðu, op snýr til suðurs. Nyrðra rýmið er 2,9x1,4 m að innanmáli, syðra rýmið um 1,5x2 m. Utanmál tóftarinnar er um 8,5x5,5 m og veggjahæð mest um 50 cm. Tóftin er nokkuð græn og vel grasi gróin. Ekkert grjót er sjáanlegt í veggjum.



Mynd 55. Tóft [3356-45], horft til NNV. Tóft [3356-46] í baksýn.

Leyningur-3356-46 [eldra númer: 3103-87]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst, garðlag

Staðhættir

Skammt vestur af bakka Fjarðarár, og austan vegslóða sem liggur inn Hólsdalinn vestanverðan, með Fjarðaránni, um 1,5 km SSV af húsinu á Hóli, er þúst á sléttri flöt. Þústin er aðeins fjær ánni en tóft [3356-45] og skammt norðan við hana.

Lýsing

Þústin er mjög ógreinileg, græn og gróin, og er hlutverk alls óljóst. Þústin er löng og mjó, snýr norður-suður og er 6,4x2,3 m að utanmáli. Veggjahæð er mest um 50 cm. Greina má mjóa dæld í þústina, um 2,5 m langa. Sunnan við þústina virðist vera smá garður, um 10 m langur og 1 m breiður. Gæti hann vel hafa verið lengri, og jafnvel áfastur þústinni, en umhverfið er allt þýft og minjar ógreinilegar. Hugsanlega gæti verið um náttúrulegt fyrirbæri að ræða en var skráð vegna nálægðar við tóft [3356-45].



Mynd 56. Þúst [3356-46], horft til suðurs. Garðlag aftan við þústina og sést glitta í tóft [3356-45] ofarlega til vinstri.

Leyningur-3356-47 [eldra númer: EY-9:012]

Hlutverk: Mógeymsla, heygeymsla

Tegund: Þúst

Staðhættir

Í mjög grösugum halla til austurs, við mýrar, skammt suður af mógröfum [3356-48], en aðeins hærra í landinu, er þúst.

Lýsing

Þústin er græn og upphækkuð, um 3,3x4,5 m að utanmáli. Innra byrði er ekki greinanlegt, en ytra byrði er nokkuð ljóst og því án efa um mannvirki að ræða. Veggir eru illgreinanlegir en um 20-40 cm háir. Miðað við stærð og staðsetningu er líklega um mógeymslu, eða heystæði, að ræða.

Aðrar upplýsingar

Í fornleifaskráningu frá 2008 er skráð heytóft á svipuðu svæði. Lýsingin gæti átt við þessa tóft þótt hnitpunkturinn sé ekki alveg á sama stað, en það getur skýrst af skekkju í hnitpunkti. Í öllu falli fannst engin önnur þúst á sama svæði og því er dregin sú ályktun að um sömu minjar sé að ræða: „Við enda mýrarinnar sem mógröf 011 er í, innan við 100 m norður af gröfinni, er tóft. Mýri, að hluta framræst. Sporöskjulaga upphækkun, 4 x 2 m. Hún er algróin og um 0,8 m há. Hugsanlega er þetta heystæði“ (Birna Lárusdóttir (ritstj.), 2008: 26).



Mynd 57. Þúst [3356-47], horft til austurs.

Leyningur-3356-48 [eldra númer: EY-9:013]

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Á sléttu svæði á milli brekku og vegar, um 50 m vestan við veginn, og tæpa 800 m suður af bæjarstæði Leynings, eru stórar mógrafir. Svæðið er gróið og stórir skurðir eru bæði suður af gröfunum og einn einnig vestur af.



Mynd 58. Horft yfir mógrafir [3356-48] til norðurs. Siglufjörður í baksýn.

Lýsing

Mógrafirnar eru mjög stórar, en svæðið er í heild um 80x60 m að umfangi, jafnvel stærra. Grafirnar eru næstum í flútti við landið til austurs en mjög djúpar til vesturs, allt að 2 m á dýpt. Á því svæði eru líklega yngstu grafirnar. Mógrafasvæðið er rakt í botninn en hvergi miklar

tjarnir eða bleytur. Grafirnar eru ójafnar og bera merki um langtímanotkun. Grafirnar eru grónar mýrargróðri.

Aðrar upplýsingar

Í heimild segir: „Mótak var talsvert í Leyningslandi, og var það einnig leigt kaupstaðarbúum“ (Ingólfur Kristjánsson, 1968: 84).

Leyningur-3356-49

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í grasi gróinni brekku mót austri, á sléttlendum fleti, um 900 m suður af bæjarstæði Leynings, er tóft. Stór skurður er um 40 m austur af tóftinni.

Lýsing

Tóftin er einföld og ekkert augljóst op er á henni. Utanmál er um 4,3x3,3 m. Stór og mikil snarrótarþúfa er inni í tóftinni að norðan. Að öðru leyti er tóftin mjög gróin grasi og þýfð. Hugsanlega er um náttúrumyndun að ræða, en það er þó ólíklegt. Veggir eru um 20-50 cm háir og 1 m þykkir. Ekkert grjót sést í veggjum. Sé horft til staðsetningar og stærðar er líklega um heystæði að ræða.



Mynd 59. Tóft [3356-49], horft til austurs.

Leyningur-3356-50

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í grasi gróinni brekku mót austri, um 92 m norður af tóft [3356-49] og um 810 m suður af bæjarstæði Leynings, er tóft. Lækur rennur skammt norður af. Svæðið er mjög grösugt og smáþýft.

Lýsing

Tóftin er óljós og einföld, um 3,5x3,8 m að utanmáli. Op virðist vera við suðausturhorn til suðurs. Veggir eru sums staðar óreglulegir, um 20-50 cm háir og um 1 m breiðir. Hugsanlega gæti verið um náttúrumyndun að ræða, en það er þó ólíklegt. Tóftin er mjög gróin og algræn. Sé horft til staðsetningar og stærðar er líklega um heystæði að ræða.



Mynd 60. Tóft [3356-50], horft til austurs.

Leyningur-3356-51 [eldra númer: EY-9:014]

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir

Í grasi gróinni brekku, í smá halla til austurs, um 640 m suður af bæjarstæði Leynings og um 85 m vestur af vegslóða, er tóft. Skurður er um 15 m austan við. Skógrækt er á svæðinu, mest lítil tré enn sem komið er en þó eitt stærra fast sunnan við tóftina.

Lýsing

Tóftin er einföld, nokkuð greinileg, græn og algróin grasi. Utanmál tóftarinnar er um 6,5x5,2 m. Op virðist vera á tóftinni við norðausturhorn, en það gæti einnig verið uppgróið rof. Útveggir eru aðeins aflíðandi út og ytri brún ekki mjög skörp, sem gæti skýrt hvers vegna tóftin mælist talsvert stærri nú en við fornleifaskráningu 2008. Veggir eru ávalir en þó er ekki víst að hún sé samt mjög gömul. Veggir eru um 30-40 cm háir og um 1,3 m breiðir þar sem mest er. Ekki sést grjót í veggjum.

Aðrar upplýsingar

Í fornleifaskráningu frá 2008 segir: „Um 180 m norður af mógrafasvæði 013 og um 100 m vestan vegar eru tvær tóftir, sennilega hey- eða móstæði þurrt flatlendi, gæti verið framræst mýri. Tvær tóftir eða upphækkanir, sú nyrðri sporöskulaga og 3 x 4 m en hin, sem er 7 m sunnar er ferköntuð og 2 x 5 m. Aðeins örlar á grjóti í veggjum nyrðri tóftar, innanmál hennar er mun minna en þeirrar syðri. Hvergi sjást merki um dyraop. Hleðsluhæð um 1,1 m“ (Birna Lárusdóttir (ritstj.), 2008: 27).

Leyningur-3356-52 [eldra númer: EY-9:014]

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir

Í grasi gróinni brekku, í smá halla til austurs, um 630 m suður af bæjarstæði Leynings og um 8 m norður af tóft [3356-51], er tóft. Skurður er um 18 m austan við. Skógrækt er á svæðinu, eitt stærra tré er við suðvesturhorn tóftarinnar.



Mynd 61. Tóft [3356-51], horft til NNA.



Mynd 62. Tóft [3356-52], horft til austurs.

Lýsing

Tóftin er einföld og ekkert greinilegt op á henni. Utanmál er um 5x3,5 m. Veggir eru um 20-50 cm háir og um 1,2 m breiðir. Hugsanlega er eitthvað eldra undir tóftinni og austan við hana, en þar er nokkur upphækkun með ójöfnum sem gætu bent til mannvistar. Tóftin er algróin grasi en trjám hefur verið plantað í hana.

Leyningur-3356-53 [eldra
númer: EY-9:020]

Sérheiti: Geldingaból

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í graslendi á nokkuð háum hól, þar sem fjallshlíðin fer að halla upp til vesturs, um 155 m vestur af vegslóða og um 550 m SSV af bæjarstæði Leynings, er stekkjartóft.



Mynd 63. Stekkjartóft [3356-53], horft til vesturs.

Lýsing

Tóftin er tvöföld og er syðra rýmið opið til austurs. Ekki sést op á nyrðra rýminu, en það rými er nokkuð minna. Tóftin er aðeins grafin inn í brekkuna til vesturs. Hún er um 7,5x7 m að utanmáli og eru veggir um 30-110 cm háir og um 1,3 m breiðir. Tóftin er alveg yfirgróin grasi en það sést móta fyrir grjóti undir gróðrinum. Af tveimur stekkjartóftum á Geldingabóli er þessi yngri en [3356-54].

Leyningur-3356-54 [eldra númer:
EY-9:020]

Sérheiti: Geldingaból


Hlutverk: Tóft

Tegund: Stekkur

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir

Í graslendi á nokkuð háum hól, um 6 m norðaustur af tóft [3356-53] og um 540 m SSV af bæjarstæði Leynings, er stekkjartóft. Skógrækt er í kring, en að öðru leyti er svæðið mjög gróið grasi og grænt. Bratt er niður af hólum skammt austur af tóftinni.



Mynd 64. Uppmælingar af stekkjartóftum [3356-53 og 54] á Geldingabóli.

Lýsing

Tóftin er tvöföld en nokkuð óglögg. Engin op eru greinanleg. Utanmál er um 10,5x5,5 m og snýr tóftin norður-suður. Syðra hólfið snýr norður-suður eins og tóftin en nyrðra hólfið er ávalara og snýr nærri austur-vestur. Tóftin er öll mjög gróin og eru veggir um 20-80 cm háir, hærri í syðra hólfinu. Veggir eru um 1,3 m breiðir þar sem mest er og ekki sést í grjót í þeim. Líklega er þetta stekkur og eldri en [3356-53].

Leyningur-3356-55

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Í grasi gróinni brekku, í litlum halla, um 125 m vestur af vegslóða og um 470 m suður af bæjarstæði Leynings er þúst. Lækur rennur skammt sunnan við, og grjótskriða er við hann. Minni lækir eru einnig norðan og norðvestan við.

Lýsing

Þústin er mjög græn og virðist hafa nokkuð glöggar útlínur, en innra

Mynd 65. Þúst [3356-55], horft til NNV.

byrði er óljóst. Í þústinni gætu verið tvö rými en veggir eru mjög slitróttir og er þústin því mæld upp án innra byrðis og skráð sem þúst en ekki tóft. Utanmál er um 8,5x3,6 m og snýr þústin austur-vestur. Smá grjót sést hér og þar í kring, og móta sést fyrir grjóti í meintum veggjum.



Leyningur-3356-56 [eldra númer: EY-9:010]

Sérheiti: Nesjakot/Neskot

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Af Nesjakoti sjást engar leifar í dag. Miklar framkvæmdir hafa verið á stæðinu, áður við skeiðvöll en nú við golfvöll, og hafa því öll ummerki verið afmáð í þeim framkvæmdum. Í fornleifaskráningu 2008 eru dregnar ályktanir um staðsetningu Nesjakots út frá heimildum og verður hér stuðst við þær ályktanir, enda engar nýjar upplýsingar um staðsetninguna til að byggja á breytta túlkun. Kotið hefur verið á vesturbakka Hólsár og var af lýsingum að dæma mikið um rústir á svæðinu en þær eru nú með öllu horfnar.

Aðrar upplýsingar

Í fornleifaskráningu frá 2008 segir: „Í Jarðabók Árna og Páls árið 1712 segir: "Nesia kot, eyðihjáleiga. Bygð í úthögum niður við ána hjer um fyrir 50 árum, en nú í auðn undir 30 ár. .. Ekki má hjer aftur byggja, því túnið er mestallt í hrjóstur komið. "Þar fyrir norðan [004], með ánni, var Nes og þar nálægt Nesjakot," segir í örnefnaskrá. Í raun eru hvorki heimildir né fornminjar um býlið "Nes" og er það getgáta fræðimanna: "Nes .. hefir verið stuttri bæjarleið

utar í dalnum, þó innar Hóli, en beint gegn Sólheimum, sem síðar bigðust og getið er. Stóð bigðin á vesturbakka árinna og miðju láglandi dalsins, en nafnið sjálfvaldið því túnið var nes eitt eggslétt enn lækjarkvísl ein skildi frá fögru flæðiengi að vestan. Var stór forn garður sunnan túns og vestan, en brotið hefur áin austurjaðar þess. Snemma hefir hér bigt verið, en í auðn farið fyrir eða brátt eftir 1400. Er talið að snjóflóð úr austurhlíð geti hér fallið ífir ána og hafi það máski því valdið. Virðist og jafnvel hinn forni bær hafi first staðið austarlega á nesinu og er áin nú komin að þeim rústum, en síðar vestar; þar var og endurbigt á 17. öld var þá hjáleigubíli, nefnt Nesjakot, og stóð um 20 ár, eða frá 1660- 1680. Tún hefir hér ekki verið stórt en einkar gott og fagurt, en undirlendi mikið, allt hið fegursta engi samfelld. Lönd hefir Nes átt öll innan Skarðsdalsár að löndum Hlíðar; þar með suðurhlíð Skarðsárdals. Nokkrar fornar sauðaréttir voru hér inn frá túni, einnig ein innan við garðinn og hin ingsta við ingri rústir bæjarins; hafa þær þangað fluttist þá í auðn lá; voru fornmenjar hér því í mesta lagi alls 50-60 tóftir, en var nílaga allt niðurbrotið; átti hér garðrækt að hefjast en varð aldrei .." segir í örnefnaskrá. Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Allmiklu utar í dalnum, en samt innar en Hóll, stóð bær, sem efalítið hefur heitið Nes. Það er fornbyli eins og hitt .. Lönd hefur Nes átt öll frá Leyningsá suður til móts við nýnefnt, nafnlaust býli. Á Nesi mun vera snjóflóðahætta nokkur úr austurhlíðinni og yfir ána. Snjóflóð þar hafa náð að hylja rústir bæjarins." Af þessum lýsingum að dæma hefur Nesjakot verið á vesturbakka Hólsár, á að giska 200- 330 m suðaustan við Leyning. Á þeim slóðum er nú skeiðvöllur og sjást engar fornleifar lengur og er ekki unnt að staðsetja bæjarstæðið nákvæmlega. Sléttar engjar voru meðfram Hólsá að vestan alllangt inneftir dalnum. Þær voru ræstar fram á 20. öld. Ljóst er að Nesjakot hefur verið til, enda er þess getið í Jarðabók Árna og Páls og hafði þá verið í eyði um 30 ára skeið. Af lýsingum að dæma hefur það verið á vesturbakka Hólsár eftir því sem næst verður komist, á að giska 2-400 m sunnan við Leyning. Þar er nú skeiðvöllur og ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt lýsingum voru áður margar tóftir á þessu svæði, bæði eftir byggð og eins réttartóftir en allt var sléttað út vegna fyrirhugaðrar garðræktar. Engar heimildir er hins vegar að hafa um Nes og allt eins líklegt að þar sé um að ræða tilgátu Helga Guðmundssonar, sem ritað örnefnalýsingu, og sé sú tilgáta þá til orðin því að Nesjakot hljóti að hafa dregið nafn sitt af höfuðbýlinu Nesi. Það eru mörg dæmi þess að bær taki endinguna -kot þegar þeir fara í eyði og eins víst að það eigi við hér, þ.e. að Nes hafi hugsanlega verið til en þá verið einn og sami staður og Nesjakot. Ekki sjást neinar rústir lengur á svæðinu sem gætu verið af bæjar- eða úthúsum og engar garðleifar. [...] Heimildir: JÁM X, 7; Ö-Nes, 42; Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 5; SS, 516-517" (Birna Lárusdóttir (ritstj.), 2008: 26).

Leyningur-3356-57

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Skammt sunnan túns Leynings, um 150 m SSV af bæjarstæðinu, eru litlar mógrafir. Lítið hús er um 25 m norðvestur af gröfunum, og vegslóði liggur fast sunnan við þær.

Lýsing

Mógrafirnar eru nokkuð greinilegar og að vestanverðu grafnar inn í smá bakka. Umfang grafanna er um 11,5x9 m, en þær eru óreglulegar í lögun. Greinilega sést yngri fasi á þremur stöðum í gröfunum en annars staðar eru þær uppgrónari. Grafirnar eru nokkuð blautar nyrst en annars þurrari. Mikil mýri er austur af gröfunum. Grafirnar eru mest um 70 cm djúpar og grónar mýrargróðri.



Mynd 66. Horft yfir mógrafir [3356-57] til NNA.

Leyningur-3356-58 [eldra
númer: EY-9:002]

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna
skógræktar

Staðhættir

Tún Leynings er nú golfvöllur og er völlurinn sléttaður og sleginn alveg suður að túngarðinum. Á það sem eftir stendur af garðinum hefur einnig verið plantað trám, alls

staðar nema á smá búi allra austast. Garðlagið afmarkar því suðurhluta þessa hluta golfvallarins. Lækur rennur að hluta fast sunnan við garðlagið.

Lýsing

Garðlagið er enn nokkuð greinilegt undir trjágróðrinum en hugsanlegt er að því hafi þó eitthvað verið raskað, í raun er ólíklegt að það sé alveg óhreyft miðað við hve miklar framkvæmdir hafa verið í kringum það. Garðlagið er mest um 1,2 m breitt og um 70 cm hátt en yfirleitt minna. Einn stakstæður bútur stendur austan við aðalgarðinn, en vegslóði sker þar á milli. Sá bútur er einungis um 4-5 m langur. Garðlagið liggur að öðru leyti á um 10 m kafla innan skráningarsvæðisins en svo um 40 m til viðbótar vestur fyrir það. Ekki sést grjót í garðinum.




Mynd 67. Hér sést glitta í túngarð [3356-58] undir trjágróðri vinstra megin við sléttu flötina (golfvöllinn). Litla þúfan neðarlega á myndinni vinstra megin er einnig hluti af garðinum.

Fljót

Fyrri hluti – Fljótagöng

Lambanes-Reykir



Mynd 68. Yfirlitskort yfir skráðar minjar í landi Lambanes-Reykja. Grænir flákar og gular línur eru skráðar minjar. Rauðir punktar eru kolagrafir. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Blá lína sýnir veglinu A.

Í landi Lambanes-Reykja voru skráðar 35 minjar innan skráningarsvæðisins. Minjarnar eru að miklu leyti minjar um efnistöku og nýtingu, s.s. heystæði og kolagrafir (ekki inni í fjölda minja), en stærstu tóftasvæðin eru án þekkts hlutverks. Tvö slík svæði eru innan jarðarinnar [3356-63-67] og [3356-73-79]. Miðað við húsagerð og staðsetningu er langlíklegast að seinni minjaheildin [3356-73-79] sé selstaða, fleiri en ein kynslóð og/eða frá fleiri en einum bæ. Minjaheildin [3356-63-67] er með óræðara hlutverk, og er aðaltóftin [3356-65] óvenjuleg að gerð: ílöng og marghólfa. Er hér líklega um selstöðu og/eða býli að ræða, fleiri en eina kynslóð. Skráningarsvæðið er allt utan túns Lambanes-Reykja.

Lambanes-Reykir hafa verið í byggð a.m.k. frá 14. öld og var jörðin lengi í eigu Hóladómkirkju. Jörðin komst aftur í bændaeigu í byrjun 19. aldar, en búskap var hætt á jörðinni árið 1988 (BS IX: 411, 421). Jörðin er sögð 20 hundruð í *Jarðabók Árna og Páls* (JÁP IX: 338). Í *Jarðabókinni* er sagt að Reykir, eins og þeir heita þar, hafi haft nægan skóg til kolagjörðar en að hann hafi eyðst mjög þótt hann sé enn nýttur. Torfrista og stunga séu lítil en torfskurður til eldiviðar bjarglegur (JÁP IX: 338). Minjar voru um kolagerð í landi Lambanes-Reykja, en kolagrafir voru skráðar á nokkrum svæðum. Hver aldur þeirra er verður ekki sagt, en hugsanlega eru einhverjar þeirra frá tíma *Jarðabókarinnar*.

Lambanes-Reykir-3356-59

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í sléttulendu en þýfðu grasi grónu votlendi, um 45 m norðvestur af túni og um 170 m austur af Siglufjarðarvegi eru mógrafir.

Lýsing

Mógrafirnar eru um 25x33 m að umfangi en mjög óreglulegar. *Mynd 69. Horft til suðausturs yfir mógrafir [3356-59].*

Líklega hafa þær náð yfir stærra svæði, en eru nú svo uppgrónar að þær eru orðnar ógreinilegar. Sér í lagi eru vísbendingar um að þær gætu hafa verið stærri til norðurs. Grafirnar eru greinilega misgamlar og sumt er þurrt en annað blautt. Grafirnar eru um 10-30 cm á dýpt.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Lambanes-Reykja segir: „Ofan við Þverlæk uppundan bænum er svæði, sem kallast bara Mýrar; upp af þeim er Grafarholt; nálægt holtinu er svarðartekja, og var svörðurinn þurrkaður á holtinu“ (bls. 3). Líklega á þessi lýsing við mógrafir sem eru rétt sunnan skráningarsvæðisins og enn vel greinanlegar. En þessar skráðu grafir gætu einnig verið hluti af nefndu svarðartökusvæði.



Lambanes-Reykir-3356-60

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna jarðræktar

Staðhættir

Í sléttuðu túni, sem þó er ekki nýlega slegið, um 145 m norðaustur af mógröfum [3356-59] og um 315 m austur af Siglufjarðarvegi, er tóft.



Mynd 70. Tóft [3356-60], horft til suðausturs.

Lýsing

Tóftin er um 10x10 m að utanmáli og það virðist vera op á henni til vesturs við norðvesturhorn, en það gæti verið rask tengt túngerðinni. Túnið nær upp að tóftinni á alla kanta. Tóftin er þúfuhlaupin og er veggjahæð um 20-40 cm, en breidd um 0,6-1 m.

Lambanes-Reykir-3356-61

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna rofs

Staðhættir

Í smápýfðu graslendi, á bökkum þess sem virðist vera gamall lækjarfarvegur, um 17 m norðvestur af túnenda og um 360 m austur af Siglufjarðarvegi er tóft.

Lýsing

Tóftin er lítil og einföld, og virðist vera op á henni til suðausturs, í átt að bakkanum. Þarna er þó rof í langveggjum og gæti verið að suðausturgaflinn hafi hreinlega rofnað burt eða runnið niður. Tóftin er um 3,5x5 m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggjahæð er um 30-60 cm og breidd um 1-1,5 m. Tóftin er gróin grasi, mosa og smá lyngi og ekki sést móta fyrir grjóti í veggjum. Svo virðist vera sem gamli farvegurinn hafi verið notaður sem aðhald og eru garðar [3356-62] til merkis um að lokað hafi verið fyrir hluta hans. Hugsanlega hefur tóftin tengst þessum athöfnum á einhvern hátt.



Mynd 71. Tóft [3356-61], horft til norðausturs.



Mynd 72. Yfirlitskort yfir minjar [3356-60-62]. Gular linur sýna farveginn sem garðlag [3356-62] afmarkar hugsalegt aðhald í.

Lambanes-Reykir-3356-62

Hlutverk: Óþekkt, aðhald

Tegund: Garðlag

Staðhættir


Í náttúrulegu dragi í landslaginu, hugsanlega gömlum lækjarfarvegi, fast suðaustan við tóft [3356-61] og rétt um 5 m norðvestur af túni, eru garðlagsbútar.



Mynd 73. Horft yfir norðausturhluta garðlags [3356-62] til suðvesturs.

Lýsing

Garðlagsbútarnir eru þrír og eru tveir þeirra norðaustan í draginu og einn suðvestan í því. Virðast garðlögin hafa verið hlaðin í þeim tilgangi að búa til einhvers konar aðhald eða rétt inni í draginu. Bútarnir eru misgreinilegir, sá að suðvestan nokkuð siginn og ógreinilegri en hinir tveir. Hæð er einungis um 30-50 cm og breidd um 0,7-1,3 m. Bútarnir eru á bilinu 2,9-3,4 m langir. Ekki sést í grjóti í garðlagsbútunum.



Mynd 74. Yfirlitskort yfir minjar [3356-63-69]. Veglína A (blá) fer í gegnum minjasvæðið.

Lambanes-Reykir-3356-63

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna rasks

Staðhættir

Á sléttu en þýfðu grasflæmi skammt vestur af Torfdalsá, á smá tungu á milli hennar og minni lækjar vestur af, um 75 m ANA af túnenda og um um 480 m austur af Siglufjarðarvegi er tóftasvæði og garðlag nyrst á því.

Lýsing

Garðlagið er slitrótt en virðist liggja í L. Það er nær alveg horfið næst tóftasvæðinu sem er við suðausturenda þess. Garðlagið er greinilegt á kafla en hefur orðið fyrir raski þegar dregur fjær tóftasvæðinu, áður en það beygir skarpt til NNA. Garðlagið er lyngi og grasi gróið og ögn þúfuhlaupið. Hæð þess er um 10-50 cm og breidd um 0,9-1,2 m. Skráðir voru tveir hlutar garðlagsins og voru þeir báðir um 15 m langir, nyrðri hlutinn beygður í L.

Lambanes-Reykir-3356-64

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á sléttu en þýfðu grasflæmi skammt vestur af Torfdalsá, á smá tungu á milli hennar og minni lækjar vestur af, um 80 m A af túnenda og um um 490 m austur af Siglufjarðarvegi er aflangt tóftasvæði og er þetta nyrsta tóftin.



Mynd 75. Tóft [3356-64], garðlag [3356-63] í baksýn. Horft til norðurs.

Lýsing

Tóftin er tveggja hólfa, um 8,7x5,2 m að utanmáli. Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er op á norðvesturhólfi til vesturs og á suðausturhólfi til suðausturs. Suðausturhólfið er nokkuð stærra. Hugsanlega hefur verið op á milli hólfa, en það var ekki nægilega öruggt til að það væri mælt. Tóftin er grasi gróin og var sinuvaxin en byrjuð að grænka þegar skráning fór fram. Land stendur hærra austan tóftarinnar og hún er því með hærra ytra byrði að vestan. Hæð veggja er um 40-120 cm og breidd um 1-1,5 m. Ekki sést grjót í veggjum.



Mynd 76. Horft yfir minjar [3356-63-67] til norðausturs. Tóft [3356-66] sést niðri í hægri horninu. Minjar [3356-63-65] raða sér í nokkurn veginn beina línu í átt að ánni ofarlega á myndinni.

Lambanes-Reykir-3356-65

Hlutverk: Óþekkt,
bæjarstæði

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á sléttu en þýfðu grasflæmi skammt vestur af Torfdalsá, á smá tungu á milli hennar og minni lækjar vestur af, um 87 m austur af túnenda og um 500 m austur af Siglufjarðarvegi er aflangt tóftasvæði og þetta er syðsta og langstærsta tóftin. Mýrlendi er vestan við tóftina.

Lýsing

Tóftin telur níu eða tíu rými eftir því hvort rými (c) er talið rými eða ekki. Tóftin er ílöng, snýr SSA-NNV og er um 32 m á lengd í heildina og um 5,5-6 m breið að jafnaði að utanmáli. Rými (a) og (b) eru syðst og virðast sambyggð. Opið er á milli þeirra og svo út úr rými (b) til vesturs. Norðan við þau er svæði (c) sem gæti hafa verið lokað af t.d. með timbri, en það er þó ekki víst. Norðan við rými (c) eru (d) og (e). Rými (e) er til vesturs og op á því til vesturs. Rými (d) er til austurs og ekkert op sjáanlegt á því. Því er ekki víst hvort það hefur opnast inn í (e) eða út til austurs. Norðan við þessi rými er rými (f) sem er frekar lítið, um 2x1,4 m að innanmáli, og opið til vesturs. Norður úr því er opið inn í rými (g).

Þessi tvö rými, (f) og (g), virðast geta verið yngsti fasinn á staðnum. Eru þetta túlkuð sem íveruhús hér. Þök virðast hafa fallið inn í húsin og gróið upp. Veggir eru hæstir í þessum rýmum, að 1,5 m. Rými (h), (i) og (j) virðast öll vera samtengd, opið er á milli þeirra og op út úr því nyrsta (j) til suðvesturs. Hugsanlega hafa rými (i) og (j) verið opnari sín á milli og þarna gæti þá hafa verið einstætt fjárhús (i og j) með hlöðu (h) sem gengt hefur verið inn í. Hægt er að ímynda sér að það móti fyrir jötu á austurvegg (i), en það er ekki öruggt. Nyrsta rýmið (j) er langógreinilegast og rennur dálítið út í þýfið í kring. Tóftin er öll vel gróin og ekki sést í grjót. Veggjabreidd er að 2 m, en yfirleitt um 1,5 m og hæð veggja um 70 cm að jafnaði, en allt að 1,5 m. Mjög líklegt er að fleiri en ein kynslóð notkunar sé í þessari húsapýrpingu. Það virðist geta mótað fyrir einhverju eldra undir á köflum líka. Ekkert er þó í heimildum sem gæti bent til þess hvað þetta er.



Mynd 77. Drónamynd af tóft [3356-65], horft til norðausturs. Rými A lengst til hægri.



Mynd 78. Uppmæling af tóft [3356-65].

Lambanes-Reykir-3356-66

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á sléttu en þýfðu grasflæmi skammt vestur af Torfdalsá, á smá tungu á milli hennar og minni lækjar vestur af, er aflangt tóftasvæði [3356-65]. Um 30 m suðvestur af því, um 90 m austur af túni og um um 485 m austur af Siglufjarðarvegi, eru tvær tóftir. Þetta er sú stærri og austari. Votlendi er í nágrenninu og einungis um 18 m austur í Torfdalsána.

Lýsing

Tóftin er aflöng, snýr norðaustur-suðvestur, og ekki sést op á henni.

Utanmál er um 11x4 m og veggir eru frekar mjóir, einungis um 0,6-1 m á breidd, þannig að líklega hefur mannvirkið ekki verið undir þaki, kannski kvíar eða aðhald. Veggjahæð er um 20-60 cm, lægri á göflunum, og ekki virðist grjót í veggjum. Tóftin er sigin og gróin grasi og mosa og nokkuð skýr, en þó samlöguð umhverfinu.



Mynd 79. Tóft [3356-66], horft til norðausturs. Tóft [3356-65] í baksýn.

Lambanes-Reykir-3356-67

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á sléttu en þýfðu grasflæmi skammt vestur af Torfdalsá, á smá tungu á milli hennar og minni lækjar vestur af, er aflangt tóftasvæði [3356-65]. Um 30 m suðvestur af því, um 85 m austur af túni og um um 480 m austur af Siglufjarðarvegi, eru tvær tóftir. Þetta er sú minni og vestari. Votlendi er í nágrenninu.

Lýsing

Tóftin er illgreinanleg en virðist vera

einföld og opin til vesturs. Utanmál er um 3,2x3,7 m. Tóftin er mjög sokkin og samlöguð umhverfi sínu, veggir einungis um 20-50 cm háir og um 0,6-1 m breiðir. Veggir eru hlaupnir í þúfur og mjög grasi vaxnir. Ekkert grjót er í veggjum.



Mynd 80. Drónamynd af minjum [3356-66-69]. Neðarlega til hægri er tóft [3356-66]. Garðlag [3356-68] er hægra megin við ána og garðlag [3356-69] vinstra megin við ána. Horft til suðvesturs.

Lambanes-Reykir-3356-68

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á sömu sléttu grastungu, á milli Torfadalsár og minni ár vestur af, er garðlag á vesturbakka Torfadalsár. Norðurendi þess er um 16 m austur af tóft [3356-66] og um 28 m suður af tóft [3356-65] (sjá mynd 75).

Lýsing

Garðlagið er nokkuð breitt, mest um 2 m, og það er hugsanlegt að það geti verið náttúrulegt. Læna, eða pæla, er meðfram garðlaginu að vestanverðu sem þó ýtir undir að um mannvirki gæti verið að ræða, þar sem torf gæti þar hafa verið stungið upp og hlaðið beint upp í garðinn. Þetta gæti þó einnig verið vatnsrof, eða jafnvel áveitudæld. Hæð garðlagsins er um 60 cm að austanverðu en sums staðar hærra að vestanverðu vegna lænunnar. Torfdalsáin er skammt austan við og gæti norðurendi garðlagsins verið rofinn af henni. Skráð lengd garðlagsins er um 56 m.

Lambanes-Reykir-3356-69

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á austurbakka lækjar sem rennur vestan við minjar [3356-63-68], austur af suðurenda garðlags [3356-68], hinum megin við lækinn, er annað garðlag.

Lýsing

Garðlagið er hlykkjótt og liggur á um 100 m löngum kafla, en með þremur um 2 m breiðum vikum í norðan við miðju. Garðlagið er allt að 50 cm hátt og um 1,5 m breitt, úr torfi. Pæla virðist vera austan við garðlagið, allavega á köflum, en vestan við það er landið oft lægra. Hlutverk er óljóst.



Mynd 81. Garðlag [3356-69], horft til suðurs.

Lambanes-Reykir-3356-70 og 71

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla, torftökustaður

Tegund: Tóft, niðurgröftur

Staðhættir

Um 52 m austur af garðlagi [3356-69], um 560 m austur af Siglufjarðarvegi og 123 m SSA af tóft [3356-65], austan Torfdalsár, er tóft og torftökusvæði fyrir hana.

Lýsing

Tóftin er einföld og ferhyrnd, um 3,8x4,8 m að utanmáli. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur, ekkert op er sjáanlegt á henni. Tóftin er þúfuhlaupin og algróin, veggahæð um 30-50 cm og breidd um 0,5-1 m. Á þremur stöðum alveg við tóftina og rétt sunnan við hana eru torftökusvæði sem eru án efa fyrir



efnistöku í hana. Stærsta svæðið, sem er sunnan við tóftina, er 3,6x1,7 m að umfangi, en hin, sem eru alveg upp við hana að norðvestan og norðaustan, eru minni. Líklega er hér um heystæði að ræða.

Mynd 82. Tóft [3356-70] og torftökusvæði [3356-71] við hana. Horft til suðvesturs.

Lambanes-Reykir-3356-72

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir


Á lyngholti um 103 m ANA af tóft [3356-70], um 188 m suður af tóft [3356-73] er meint varða.

Lýsing

Varðan er úr torfi og nokkuð blásin að norðaustanverðu, þar er í hana stórt sár. Botn vörðunnar er um 80x60 cm og hún er um 60 cm há. Hugsanlega er um fuglapúfu að ræða en hún er þó mun hærri en aðrar slíkar á svæðinu og sker sig úr að því leyti. Tóft er í nágrenninu, utan skráningarsvæðisins, og gæti varðan t.d. hafa verið vegvísir í átt að henni.



Mynd 83. Meint varða [3356-72], horft til vesturs.



Mynd 84. Yfirlitskort af minjum [3356-73-79]. Rauðu punktarnir eru kolagrafir.

Lambanes-Reykir-3356-73

Hlutverk: Sel


Tegund: Tóft

Staðhættir

Á smá upphækkun, um 140 m austur af Torfdalsá og um 330 m norður af Reykjaá, á grasi og kjarri grónu svæði, er tóft. Fast austan við tóftina rennur lítill lækur. Tóftir [3356-74-76] eru fast austan lækjarins.

Lýsing

Tóftin er fimm rýma, um 12,5x14 m að utanmáli, og er vel gróin grasi og þýfð. Tóftin snýr austur-vestur og raðast hólfin nokkurn veginn í þrjár raðir norður-suður. Vestast er rými (a) sem ekki sést op á. Smá vik er í vegginn en það virðist vera rof en ekki eiginlegt op. Austan við það rými eru tvö rými, annað beint austur af vestasta rýminu (b) og hitt norðan, framan, við það (c). Rými (b) er mun greinilegra en rými (c), sem liggur að hluta í mýrinni sem umlykur tóftina og er því mjög sokkið og óglögg. Rými (c) virðist vera með op til norðurs. Mögulegt er að rými (b) og (c) hafi verið eitt og



Mynd 85. Uppmæling af tóft [3356-73].

sama rýmið, en veggir hafi hrunið og afmyndast. Þetta er þó ekki víst. Austan við (b) og (c), eru rými (e), sem er sunnar, og (d) sem er norðar. Rými (e) er sérstakt að því leyti að það stendur nokkuð hærra en önnur rými í tóftinni, en um 70 cm munar á hæð þess og rýmis (b). Hugsanlegt er að rými (d) og (e) tilheyri yngri notkunarfasta á staðnum og það sé ástæða þessa. Rými (d) er einnig aðeins hærra en rými (a-c). Engin op sjást á rýmum (e) og (d). Rými (d) er dökkgrænna á litinn en önnur rými og aðeins dýpra. Það er hrunið inn í sig að hluta og norðan við virðist vera stór veggur á uppmælingunni. Það er í raun upphækkað svæði með stórum þúfum sem gæti verið hrun eða veggjaleifar, eða eldri mannvist. Grjót er ekki greinanlegt í veggjum. Veggjahæð er um 40-120 cm og breidd veggja um 1,5-2 m.

Miðað við staðsetningu og útlit minjanna er hér líklega um selstöðu að ræða. Líklega er um fleiri en eina kynslóð selja að ræða á þessum stað, með tóftum [3356-74-79], eða selstöðu frá fleiri en einum bæ. Í þessari tóft gætu rými (e) og (d) hafa verið íveruhús, en rými (b) og (c), þá mögulega sem eitt rými, verið kvíar. Rými (a) gæti hafa verið hluti af kvíum, eða geymslurými eða hús með annað hlutverk. Engar heimildir eru um selstöðu eða minjar á þessum stað, og ekki er getið selstöðu í *Jarðabók*.



Mynd 87. Horft í átt að tóft [3356-73] til austurs.



Mynd 86. Minjar [3356-73-78]. Tóft [3356-73] lengst til hægri. Tóftir [3356-74-76] fyrir miðju. Tóft [3356-78] við stóra steinninn niðri í vinstra horni. Tóft [3356-77] þar fyrir ofan. Kolagrafir sjást í mólendinu neðst fyrir miðju.

Lambanes-Reykir-3356-74

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir


Á smá upphækkun, um 5-12 m austur af tóft [3356-73] er smá tóftaþyrping. Lítil lækur skilur tóftaþyrpinguna og tóft [3356-73] að. Þetta er stærsta og suðaustasta tóftin í þyrpingunni.

Lýsing

Tóftin er ílöng, fimm rýma og liggur austur-vestur. Utanmál er um 8x15 m. Fjögur rýmanna liggja austur-vestur, en eitt til viðbótar er til norðurs við austustu rýmin. Vestast er lítið rými (a), austan við það er stærsta rýmið (b), ekki sjást op á þessum rýmum. Rými (c) er austan við (b) og er op á því út til suðurs. Austan við það er lítið rými, (d). Norðan við (c) og (d) er rými (e). Ekkert op sést á því rými. Veggjahæð er um 30-80 cm og breidd veggja um 0,7-1,3 m. Tóftin er græn og greinileg en þó þúfuhlaupin og grasi gróin. Þúfur eru á veggjum og einstaka inni í rýmum. Umhverfið er lyngivaxið en ekki er lyng á tóftinni. Líklega er hér um selhús að ræða, og gæti tóftaþyrpingin, ásamt tóft [3356-73] myndað fleiri en eina kynslóð selja eða sel frá fleiri en einum bæ. Engar heimildir eru þó um selstöðu á þessum stað.



Mynd 88. Tóft [3356-74], horft til austurs.



Mynd 89. Uppmælingar af minjum [3356-74-76].

Lambanes-Reykir-3356-75

Hlutverk: Óþekkt, sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 2 m norður af tóft [3356-74], í tóftaþyrpingu á smá upphækkun er ógreinileg tóft í graslendi.

Lýsing

Tóftin er um 4x4,5 m að utanmáli og virðist vera op á henni við norðausturhorn til NNA. Tóftin er lægri og sokknari en tóft [3356-74] og gæti verið samtíða tóft sem er verr farin vegna nálægðar við votlendi, eða leifar af eldra mannvirki á svæðinu.



Mynd 90. Tóft [3356-75] í forgrunni, tóft [3356-74] í bakgrunni og tóft [3356-76] lengst til hægri. Horft til suðurs.

Lambanes-Reykir-3356-76

Hlutverk: Óþekkt, sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fast vestan við tóft [3356-75] og rúmlega 2 m vestan við tóft [3356-74], er tóft, eða veggjarbrot við náttúrulegan bakka.

Lýsing

Svæðið er mjög þýft en mikil dæld er norðan við hólinn sem tóft [3356-74] stendur á og virðist þar annað hvort hafa verið tóft eða veggjarbrot/garðlag upp við náttúrulegan bakka. Allt er þó mælt saman í einum fláka þar sem þetta er ekki alveg ljóst. Mannvirkið er lyngivaxið og lægra en tóftir [3356-74 og 75], veggir um 40-60 cm háir og einungis um 0,7-1 m þykkir. Hugsanlega aðhald/litlar kvíar, eða leifar af eldra mannvirki sem er orðið raskað og ógreinilegt.



Mynd 91. Tóft [3356-76], horft til suðvesturs.

Lambanes-Reykir-3356-77

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 7 m austur af tóft [3356-74] og 6 m suður af tóft [3356-78], um 320 m norður af Reykjaá og 195 m austur af Torfdalsá, er tóft. Tóftin stendur í graslendi en votlendi er skammt austan við. Lækur rennur um 7 m austur af tóftinni.



Mynd 92. Tóft [3356-77], horft til vesturs. Tóft [3356-74] í baksýn til hægri.

Lýsing

Tóftin er tvöföld, um 6,5x4 m að utanmáli. Opið er á milli rýmanna og úr vestara rýminu til suðurs. Tóftin virðist eingöngu úr torfi, ekkert grjót sést í veggjum hennar. Veggir eru um 20-60 cm háir og um 0,6-1,2 m á breidd.

Lambanes-Reykir-3356-78

Hlutverk: Aðhald, kvíar

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 11 m ANA af tóft [3356-74] og um 6 m norður af tóft [3356-77], sunnan í smá mólendis-/lynghól þar sem finna má kolagrafir, er tóft. Stór steinn er í miðri tóftinni og er hluti af norðurvegg hennar.



Mynd 93. Tóft [3356-78], horft til suðvesturs. Tóft [3356-74] sést í baksýn til hægri.

Lýsing

Tóftin er einföld og opin til suðurs, en stór steinn við innanverðan norðurvegg skiptir rýminu aðeins. Tóftin er að hluta grafin ofan í smá hól og byggð við og í kringum steininn. Að öðru leyti virðist mannvirkið einungis reist úr torfi. Veggir eru um 30-70 cm háir og um 0,8-1,3 m á breidd. Veggir eru grónir grasi, mosa, lyngi og kjarri. Hugsanlega er hér um kvíar í selstöðu að ræða, eða lítið gerði.

Lambanes-Reykir-3356-79

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 16 m austur af tóft [3356-78], um 330 m norður af Reykjaá og um 225 m austur af Torfdalsá, í smá halla mót vestri, er tóft.

Lýsing

Tóftin er lítil og sokkin, ferhyrnd að lögun. Utanmál er um 2,7x3 m. Vesturveggur er mjög sokkinn. Veggjahæð er einungis um 10-20 cm, og 0,5-0,7 m á breidd. Ekkert grjót sést í veggjum. Op er til norðurs við norðvesturhorn.



Mynd 94. Tóft [3356-79], horft til NNA.

Lambanes-Reykir-3356-80

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 200 m suðaustur af tóft [3356-74] og um 235 m NNA af Reykjaá, upp af horni árinna þar sem hún beygir til vesturs, er tóft í votlendi.

Lýsing

Tóftin er einföld og ferhyrnd. Utanmál er um 6,5x7,7 m. Ógreinilegt op er til suðausturs á miðjum gaffli. Tóftin er græn og algróin en þó greinileg. Veggjahæð er um 40-70 cm, og breidd um 1-1,5 m. Líklega er um heystæði að ræða.



Mynd 95. Tóft [3356-80], horft til suðurs.

Lambanes-Reykir-3356-81 og 82

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla, torftökustaður

Tegund: Tóft, niðurgröftur

Staðhættir

Í sléttlendu en þýfðu graslendi á vesturbakka lækjar, í smá halla, um 115 m austur af tóft [3356-80] og um 105 m SSA af tóft [3356-83] er tóft.



Mynd 96. Tóft [3356-81] og torftökustaður [3356-82], horft til suðvesturs.

Lýsing

Tóftin er mjög greinileg, grasi gróin og græn. Tóftin er ílöng, snýr NNA-SSV, og er utanmál hennar um 7,2x4 m. Torftökusvæði [3356-82] er fast meðfram tóftinni á alla kanta nema til suðurs, mest um 60-70 cm breitt. Veggir tóftarinnar eru mjög jafnir, um 40-50 cm háir og um 1 m breiðir. Ekkert op sést á tóftinni. Tóftin er mjög klassísk heytóft á þessu svæði.

Lambanes-Reykir-3356-83

Hlutverk: Óþekkt,
heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í kjarri og grasi vöxnu votlendi, um 105 m NNV af tóft [3356-81] og um 265 m austur af tóft [3356-74], er tóft.



Mynd 97. Tóft [3356-83], horft til norðurs.

Lýsing

Tóftin er ílöng og orðin ansi samlöguð umhverfi sínu og sokkin í mýrina á köflum, sérstaklega sunnanvert. Utanmál tóftarinnar er um 9,6x6,7 m, og snýr hún norðvestur-suðaustur. Op virðist vera á vesturlangvegg til suðvesturs, en það gæti verið rof vegna votlendisins sem tóftin er í. Veggir eru um 20-50 cm háir og um 0,6-1,2 m á breidd, breiðastir að austanverðu þar sem þeir eru mest yfirgrónir af lyngi. Líklega er hér um heystæði að ræða.

Lambanes-Reykir-3356-84

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í grasi gróinni brekku um 400 m austur af Torfdalsá og um 145 m norður af tóft [3356-83] er tóft. Lítil lækur rennur fast norðan við tóftina og er grænn bali og brekka sunnan og austan við.

Lýsing

Tóftin er tvöföld og er norðausturveggur hennar byggður inn í eða upp við brekkuna. Tóftin er mjög sigin og sokkin, og samlöguð umhverfi sínu, gróin grasi, mosa og lyngi. Tóftin er tvöföld og eru bæði rýmin opin til suðvesturs, niður brekkuna. Tóftin er gróin mosa og lyngi. Ekkert grjót sést í veggjum, en hæð þeirra er um 10-70 cm og breidd um 0,8-1,2 m.



Mynd 98. Uppmælingar af minjum [3356-84 og 85].

Lambanes-Reykir-3356-85

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft, garðlag

Staðhættir

Fast austan við tóft [3356-84], og suðaustur frá henni er það sem virðist vera garðlag með tóft á endanum, í grasi gróinni brekku við grænan grasbala.

Lýsing

Hugsanlega virðist liggja garðlag frá norðausturhorni tóftar [3356-84] og til suðausturs, sem endar í rými eða tóft, samtals um 11,5 m langt og sambyggt. Garðurinn myndar eins konar bakka á

svæðinu, og gæti verið náttúrulegur. Hann er mun hærri en tóft [3356-84], allt að 1 m hár. Meint tóft við enda garðlagsins er mjög sokkin en þó virðist ljóst að um manngert fyrirbæri sé að ræða. Innra rýmið er nær alveg sokkið og mjög ógreinilegt. Allt er gróið grasi og mosa og stendur á grænum grasgeira upp úr mýrinni í nágrenninu. Ekkert grjót sést í mannvirkinu. Veggir eru um 10-30 cm háir í tóftinni og um 1-1,3 m breiðir.



Mynd 99. Minjar [3356-85] í forgrunni og [3356-84] fjær. Horft til norðvesturs.

Lambanes-Reykir-3356-86 og 87

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla, torftökustaður

Tegund: Tóft, niðurgröftur

Staðhættir

Í votlendi í brekku, um 14 m suðaustur af tóft og garðlagi [3356-85], um 430 m austur af Torfdalsá, í brekku, eru tóft og torftökusvæði.

Lýsing

Tóftin er einföld og ekki er greinanlegt op á henni. Blautt er í kringum tóftina og mjög greinilegt torftökusvæði [3356-87] er meðfram henni, nema við suðvesturhorn. Torftökusvæðið er um 70-90 cm breitt og hefur þar án efa verið tekið torf í mannvirkið. Tóftin er gróin grasi og mosa og er hæð veggja um 20-30 cm og breidd þeirra um 0,5-1 m. Ekki sést í grjót í veggjum. Nokkuð klassískt heystæði.



Mynd 100. Tóft [3356-86] og torftökusvæði [3356-87] við hana. Horft til ASA.



Mynd 101. Yfirlitskort af minjum [3356-88-93].

Lambanes-Reykir-3356-88

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Um 79 m suðaustur af tóft [3356-86], um 460 m norðaustur af Reykjaá, horninu þar sem áin beygir til vesturs, og um 550 m austur af Torfdalsá, er tóftasvæði. Þessi þúst er norðvestast á svæðinu, fast austan við lækjarfarveg, á dálítilli upphækkun í brekku sem hallar mót vestri.

Lýsing

Þústin er ílöng og ógreinileg, en miðað við minjarnar sem eru í kring gæti hún innihaldið mannvist. Svæðið er þýft og þústin sker sig úr umhverfinu. Smá hringur er í miðjunni, en þarf ekki endilega að vera merki um rými. Utanmál þústarinnar er um 3,3x8,5 m og snýr hún norðaustur-suðvestur. Þústin er einungis um 20-30 cm há og ekki sést í grjóti í henni.

Lambanes-Reykir-3356-89

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 79 m suðaustur af tóft [3356-86], um 460 m norðaustur af Reykjaá, horninu þar sem áin beygir til vesturs, og um 550 m austur af Torfdalsá, er tóftasvæði. Þessi tóft er suðvestast á svæðinu, um 5,5 m suður af þúst [3356-88].

Lýsing

Tóftin er ferhyrnd, græn og algróin. Ekkert op er sýnilegt á tóftinni. Utanmál er um 4,4x3,2 m og eru veggir nokkuð jafnir að stærð, um 10-30 cm á hæð og 0,6-0,8 m breiðir. Ekkert grjót sést í veggjum. Smápúfur eru innan í rými tóftarinnar.



Mynd 102. Tóft [3356-89], horft til vesturs.

Lambanes-Reykir-3356-90

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Um 79 m suðaustur af tóft [3356-86], um 460 m norðaustur af Reykjaá, horninu þar sem áin beygir til vesturs, og um 550 m austur af Torfdalsá, er tóftasvæði. Þetta garðlag er austarlega á tóftasvæðinu, og liggur austur að læk sem rennur austan við svæðið.

Lýsing

Garðlagið er ógreinilegt, gróið mosa og grasi, þýft og sokkið, en virðist afmarka ferhyrnt svæði á þrjá vegu, á fjórða veginn afmarkast það af læk sem rennur frá norðri til suðurs um svæðið. Ekki er víst hvort garðendarnir við lækinn eru óraskaðir eða hvort eitthvað sé farið af þeim, en ekki er að sjá þar virkt rof. Garðurinn er illgreinanlegur á köflum en þó virðist nokkuð ljóst að þetta er manngert. Utanmál svæðisins er um 10,5 m í þvermál. Hæð veggja er um 10-50 cm og breidd um 1-2 m, en þó eitthvað breiðari til suðurs þar sem garðurinn er ógreinilegri.

Lambanes-Reykir-3356-91

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 79 m suðaustur af tóft [3356-86], um 460 m norðaustur af Reykjaá, horninu þar sem áin beygir til vesturs, og um 550 m austur af Torfdalsá, er tóftasvæði. Þetta garðlag er austarlega á tóftasvæðinu, og liggur austur að læk sem rennur austan við svæðið.

Lýsing

Tóftin er mjög ógreinileg og lítil. Tóftin er nærri því þúst þar sem innra byrðið er mjög ógreinilegt, en það er þó hægt að greina þar dæld í miðjunni og hugsanlegt op til vesturs sem gera það að verkum að þetta er skráð sem tóft. Ekki sést í grjóti í veggjum, en þeir eru þýfðir og lágir, grónir grasi og mosa. Hæð er um 10-40 cm og breidd um 1-1,3 m.



Mynd 103. Tóft [3356-91], horft til ASA.

Lambanes-Reykir-3356-92

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 79 m suðaustur af tóft [3356-86], um 460 m norðaustur af Reykjaá, horninu þar sem áin beygir til vesturs, og um 550 m austur af Torfdalsá, er tóftasvæði. Syðst á svæðinu, í votlendi við læk sem rennur austan við svæðið, um 15 m suður af garðlagi [3356-90] er tóft.

Lýsing

Tóftin er sokkin og gæti verið náttúruleg. Hún stendur á brún við mýri og eru veggir að einhverju leyti líklega náttúruleg hækkun ofan mýrarinnar. Tóftin er um 5 m í þvermál og það virðist vera op á henni til norðausturs, í átt að læknum. Veggir eru lágir, breiðir og ávalir. Ytra byrði er hæst vestanvert, um 80 cm, en að öðru leyti eru veggir yfirleitt mun lægri, um 10-30 cm. Breidd veggja er um 1-2 m og þeir eru eingöngu úr torfi.

Lambanes-Reykir-3356-93

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 36 m norðaustan við garðlag [3356-90], austan við lækinn sem afmarkar tóftasvæði [3356-88-92], í brekku mót VSV, er tóft. Votlendi er sunnan við.


Lýsing

Tóftin er einföld og ílöng. Utanmál er um 7,2x4 m, og virðist vera op til vesturs við suðvesturhorn, en það gæti verið rof. Suðurgaflinn virðist raskaður og er ekki mjög glöggur. Tóftin er öll gróin grasi, mosa og smá lyngi, og er grænni en nánasta umhverfi. Hæð veggja er um 20-40 cm og breidd þeirra um 0,5-1 m. Líklega er um heystæði að ræða.




Mynd 104. Tóft [3356-93], horft til SSV.


Lambanes



Mynd 105.
Yfirlitskort yfir
skráðar minjar í
suðurlhluta
Lambaneslands.
Rauðir punktar
eru kolagrafir.
Svartar línur
sýna afmörkun
skráningar-
svæðisins. Blá
lína sýnir
veglinu A.



Mynd 106.
Yfirlitskort yfir
skráðar minjar
norðaustast í
landi
Lambaness, við
gangamunna
veglinu A (blá
lína). Rauðir
punktar eru
kolagrafir.
Svartar línur
sýna afmörkun
skráningar-
svæðisins.



Mynd 107.
Yfirlitskort yfir
skráðar minjar
suðaustast í landi
Lambaness, við
gangamunna
veglinu B
(fjólublá lína).
Rauðir punktar
eru kolagrafir.
Svartar línur sýna
afmörkun
skráningar-
svæðisins.

Í landi Lambaness voru skráðar 37 minjar innan skráningarsvæðisins. Minjarnar eru að nokkru leyti minjar um efnistöku og nýtingu, s.s. heystæði og kolagrafir (ekki inni í fjölda minja), en þó eru innan skráningarsvæðisins tvö bæjar- og/eða selstæði. Brennistaðir [3356-94-102] er bæjarstæði í túnfæti Lambaness að sunnan og höfðu minjar þess verið skráðar áður (sjá Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016). Voru uppmælingar að mestu endurnýttar frá þeirri skráningu en nýjar gerðar fyrir bæjarhól [3356-97] og híbýli/fjárhús [3356-98]. Stór hluti bæjarstæðis og túns Brennistaða er innan skráningarsvæðisins. Auk Brennistaða er innan skráningarsvæðisins, undan Nautadal, bæjar- og/eða selstæði Sólheimagerðis [3356-124-130], eða svo er kosið að kalla minjastaðinn hér til auðkenningar. Í heimildum er fjallað um Sólheimagerði og Réttarkot á þessu svæði, en ekki er öruggt hvar þau voru eða hvort þetta var sami staðurinn (Guðný Zoëga et al., 2019). Líkur eru þó leiddar að því að Sólheimagerði sé á

bökkum Nautadalsár, um 1,75 km austur af íbúðarhúsinu á Lambanesi. Tóftirnar á Sólheimagerði eru orðnar óglöggar en gætu verið bæði af selstöðu, þá hugsanlega fleiri en einni kynslóð selja, eða seljum frá fleiri en einum bæ, og hugsanlega einnig bæjarhúsum. Bæjarstæði Lambaness sjálfs er þó utan skráningarsvæðisins og ekki í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Lambanes hefur verið í byggð allavega frá 13. öld og var lengi í eigu Hóladómkirkju. Lambanes er sagt 40 hundraða jörð í *Jarðabók*. Jörðin komst aftur í bændaeigu við upphaf 19. aldar (BS IX: 390-391). Sagt er að þar hafi verið bænhus áður. Skógur til kolagjörðar er sagður hafa verið nægur en sé nú gjöreyddur af langvarandi notkun. Torfrista og stunga eru sögð lök, mósukurður góður, grasatekja lítil en berjalestur nægur (JÁP IX: 336-337). Miklar minjar um kolagerð eru í landi Lambaness og var mikill fjöldi kolagrafa skráður innan svæðisins.

Brennistaðir

Um Brennistaði segir í *Jarðabók*: „Brennestader heitir það pláts, sem fjárhúsin standa á, og eru girðingar í kring so sem mönnum þykir líklegt að einhvörntíma hafi þar bygð staðið. En enginn getur hjer neitt framar um undirrettað“ (JÁP IX: 337). Í örnefnskrá er bærinn sagður hafa staðið beint suður af gamla bænum og að þar hafi verið tún, um 1 hektari að stærð, en að tóftir Brennistaða hafa verið sléttaðar og byggður þar sumarbústaður (Ö-Lambanes, 1972).

Skráðar eru níu fornleifar innan minjaheildar Brennistaða: minjar [3356-94-102] auk götu [3356-103] sem liggur í gegnum túnið en er ekki hluti af eiginlegum bæjarstæðisminjum. Í öllum tilfellum, utan híbýla/fjárhúss [3356-98] og bæjarhóls [3356-97] var notast við uppmælingar úr fornleifaskráningu Byggðasafns Skagfirðinga frá 2016 (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016), en gerðar voru nýjar lýsingar á minjunum og teknar nýjar myndir. Lýsingar miðast við þá hluta minjanna sem eru innan skráningarsvæðisins 2025, en hlutar garðlaga eru t.d. utan svæðis og eiga lýsingar á þeim úr eldri skýrslum því við garðlögin í heild sinni.



Mynd 108. Uppmælingar af minjum á Brennistaðum [3356-94-103]. Fleiri minjar eru utan skráningarsvæðisins, vinstra megin á myndinni. Siglufjarðarvegur sést til hægri á myndinni og veglína A (blá) lengst til hægri.



Mynd 109. Drónamynd af Brennistöðum. Bygging á Lambanesi til hægri, sumarbústaðir uppi í vinstra horninu. Siglufjarðarvegur neðstur á mynd. Horft til suðvesturs.



Mynd 110. Drónamynd af þeim hluta bæjarstæðis Brennistaða sem er innan skráningarsvæðisins. Horft til ANA.

Lambanes-3356-94 [eldra
númer: 1787-016]

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna rofs

Staðhættir

Túnið á Brennistöðum er um 50 m vestur af núverandi Siglufjarðarvegi og rétt rúmlega 190 m suður af íbúðarhúsinu á Lambanesi. Túnið er grasi vaxið og farið að hlaupa í þúfur. Utan um túnið er túngarður.



Mynd 111. Túngarður [3356-94], horft til norðausturs.

Lýsing

Túngarðurinn er nokkuð stæðilegur og sést allt í kringum túnið. Garðlagið er í heild um 575 m langt, en rof eru í því á nokkrum stöðum. Einungis tæplega helmingur garðlagsins er innan skráningarsvæðis þessarar fornleifaskráningar. Garðlagið er úr torfi og grjóti og nokkuð ávalt, um 40-70 cm á hæð. Það sést í grjót hér og þar og sérstaklega í rofum, en hluti



Mynd 112. Túngarður [3356-94], horft til NNV.

garðlagsins er í hættu vegna rofs, sér í lagi að norðaustanverðu. Að öðru leyti er garðlagið gróið grasi og sums staðar lyngi. Breidd garðlagsins er um 0,9-1,5 m.

Lambanes-3356-95 [eldra númer: 1787-017]

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild, garðlag

Staðhættir

Túnið á Brennistöðum er um 50 m vestur af núverandi Siglufjarðarvegi og rétt rúmlega 190 m suður af íbúðarhúsinu á Lambanesi. Túnið er grasi vaxið og farið að hlaupa í þúfur. Utan um túnið er túngarður [3356-94] og um 40 m sunnan norðurhluta túngarðsins liggur það sem var skráð sem eldra garðlag árið 2016, austur-vestur yfir túnið.

Lýsing

Litlar sem engar vísbendingar sáust um meint garðlag á vettvangi sumarið 2025 og er hér því vísað í lýsingu úr fornleifaskráningu frá 2016 þar sem garðlagið var greinanlegt, því lýst og það mælt upp, sjá „Aðrar upplýsingar“ hér að neðan.

Aðrar upplýsingar

Í fornleifaskráningu frá 2016 segir: „Norðarlega innan túnsins á Brennistöðum er fornlegt garðlag sem liggur í svolitlum hlykkjum upp brekkuna og lokar af svæði sem er um 1,7 ha að stærð. Garðlagið er á bilinu 10-50sm hátt og 1-2m breitt og fellur vel inn í umhverfið og er ógreinilegt á köflum. Af útliti garðsins að dæma er hann eldri en sá sem hringar túnið (1787-16) og hugsanlegt að túnið hafi því verið stækkað til norðurs og veggir gamla garðlagsins endurhlaðnir á sama stað að austan, vestan og sunnan“ (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 15)

Lambanes-3356-96 [eldra númer: 1787-019]

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna rofs

Staðhættir

Túnið á Brennistöðum er um 50 m vestur af núverandi Siglufjarðarvegi og rétt rúmlega 190 m suður af íbúðarhúsinu á Lambanesi. Túnið er grasi vaxið og farið að hlaupa í þúfur. Utan um túnið er túngarður [3356-94] og um 20-40 m austur af austurhluta túngarðsins er annað garðlag, utan hins, á milli vegslóða og núverandi Siglufjarðarveggar. Garðlagið beygir svo til suðvesturs og kemur þá upp vestan vegslóðans og liggur í slitrum í átt að Miklavatni.



Mynd 113. Garðlag [3356-96], horft til norðurs. Eins og sést er mikið rof í garðinum.

Lýsing

Garðlagið er sokkið og samlagt umhverfinu. Mikið rof er í garðlaginu, sérstaklega næst vegslóðanum sem sker það, og hefur garðlagið orðið fyrir miklu raski af völdum vegagerðar. Grjót sést við rofið sem mögulega er úr garðinum. Að öðru leyti virðist garðurinn að mestu hlaðinn úr torfi. Garðlagið er um 20-50 cm hátt og um 1-1,2 m á breidd og er nokkuð heilt að austanverðu en slitrótt að sunnanverðu. Á kafla virðist garðlagið geta verið tvöfalt.

Lambanes-3356-97 [eldra númer: 1787-020]

Sérheiti: Brennistaðir

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Bæjarhóll

Staðhættir

Túnið á Brennistöðum er um 50 m vestur af núverandi Siglufjarðarvegi og rétt rúmlega 190 m suður af íbúðarhúsinu á Lambanesi. Túnið er grasi vaxið og farið að hlaupa í þúfur. Utan um túnið er túngarður [3356-94]. Innan túngarðs, nokkurn veginn fyrir miðju túnsins, austast, rétt innan við túngarðinn, um 280 m suður af nýja íbúðarhúsinu á Lambanesi, er hóll. Á hólnum standa tóftir [3356-98].

Lýsing

Hóllinn er nokkuð greinilegur undir tóftum [3356-98]. Hóllinn liggur frá norðri til suðurs og er um 35x20 m að umfangi, og allt að 1,5 m hár. Hóllinn er gróinn grasi og þýfður og ber þess merki að vera mannvistarhóll.

Aðrar upplýsingar

Í fornleifaskráningu frá 2016 segir: „Flestar tóftirnar eru efst í túninu áður en því fer að halla verulega til vesturs. U.þ.b. fyrir miðju er umfangsmikið rústasvæði á grónum hól. Þetta er að öllum líkindum eldra bæjarstæði Brennistaða, en samkvæmt handriti Hannesar Hannessonar þá var byggt á nýjum stað neðar í túninu um eða rétt fyrir 1940 (sjá nánar um 1787-22)“ (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 17). Einnig: „Hóllinn er aflangur frá norðri til suðurs, um 35m langur og 20m breiður og er um 150sm hærri en umverfið að austan en að vestan tekur við brekka með nokkrum halla til vesturs. Á hólnum eru tóftir, að því er virðist frá fleiru en einu tímabili [...]. Óvíst er hvað af þessum tóftum tilheyra bæjarhúsum og hvað fjárhúsum. En líklega hafa fjárhúsin sem nefnd eru í jarðabókinni frá upphafi 18. aldar verið á þessum stað“ (*ibid.*: 18).

Lambanes-3356-98 [eldra númer: 1787-021]

Hlutverk: Híbýli, fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Túnið á Brennistöðum er um 50 m vestur af núverandi Siglufjarðarvegi og rétt rúmlega 190 m suður af íbúðarhúsinu á Lambanesi. Túnið er grasi vaxið og farið að hlaupa í þúfur. Utan um túnið er túngarður [3356-94]. Innan túngarðs, nokkurn veginn fyrir miðju túnsins, austast, rétt innan við túngarðinn, um 280 m suður af nýja íbúðarhúsinu á Lambanesi, er hól [3356-97]. Á hólnum standa tóftir.



Mynd 114. Bæjarhóll [3356-97] og tóftir [3356-98] á honum. Horft til norðvesturs. Íbúðarhúsið á Lambanesi sést í baksýn til hægri.

Lýsing

Tóftin er sú eina á Brennistöðum sem var mæld upp á vettvangi 2025. Hafa verið gerðar nokkrar mælingar á henni á síðustu árum, en ólíkt hefur verið hvernig minjarnar hafa sést og þær verið túlkaðar í hvert skipti. Því var ákveðið að mæla hana upp og láta fylgja túlkun skrásetjara. Tóftin er fjögurra hólfa og ílöng. Utanmál er um 25x10 m og snýr tóftin norður-suður eins og hóllinn [3356-97] sem hún stendur á. Hún er algróin grasi og jarðvegsuppsöfnun er þó nokkur fyrir miðju, en minnkar til endanna. Syðsta rýmið er sérstaklega lágt miðað við hin rýmin, og hugsanlegt er að enn annað rými leynist sunnan við það, en það var óljóst og ekki mælt upp. Grjóthleðslur sjást sums staðar í veggjum, mest þrjú umföer í nyrðri rýmum. Veggir eru um 30-100 cm háir, lægstir syðst en hæstir nyrst. Breidd veggja er um 0,7-1,5 m. Op virðist vera á nyrsta rými til vesturs, en op eru ekki greinanleg á öðrum rýmum.

Líklega er yngsti fasi notkunar hér fjárhús, eins og heimildir gefa til kynna, en án efa eru eldri minjar, líklega bæjarhús, undir fjárhúsinu sem ekki er hægt að greina glögg, en einskonar stallar eru í kringum tóftina sem eru vísbending um eldri minjar.

Aðrar upplýsingar

Í fornleifaskráningu frá 2016 segir: „Flestar tóftirnar eru efst í túninu áður en því fer að halla verulega til vesturs. U.þ.b. fyrir miðju er umfangsmikið rústasvæði á grónum hól. Þetta er að öllum líkindum eldra bæjarstæði Brennistaða, en samkvæmt handriti Hannesar Hannessonar þá var byggt á nýjum stað neðar í túninu um eða rétt fyrir 1940 [...]. ...tóftin á hólum liggur eins og hóllinn u.þ.b. norður suður. Hún er tví- eða þrískipt. Syðst er lítið hól með dyr eða op til suðvesturs, en norðan við er stærra rými sem gæti verið tvískipt þótt ekki sé hægt að útiloka að um hrun sé að ræða, norðari hluti þess er 4,5x6,5m á kant og eru dyr útúr því til vesturs við norðurgöfl og mögulega einnig til austurs, við suðurendann er líkt og veggur eða hrun og inn af því annað rými sem er tæplega 3x3m á kant og innangengt á milli. Talsvert grjótt er í veggjum sem eru annars algrónir grasi og sér ekki í berar torfhleðslur. Vegghæð er á bilinu 40-90sm og breiddin 1,5-2,5m. Sunnan við þessa tóft, sem er græn og sker sig vel úr umhverfinu, mótast fyrir tveimur hólum sem virðast hluti af eldri byggingu eða byggingum sem ganga undir hinar. Samkvæmt jarðabók frá upphafi 18. aldar voru fjárhús á „plássinu“ þar sem býlið Brennistaðir voru áður og er líklegast að þau hafi verið á þessum stað, en óvíst hve margar kynslóðir útihúsa kunna að vera þarna fyrir og eftir“ (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 18).

Lambanes-3356-99 [eldra
númer: 1787-025]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Túnið á Brennistöðum er um 50 m vestur af núverandi Siglufjarðarvegi og rétt rúmlega 190 m suður af íbúðarhúsinu á Lambanesi. Túnið er grasi vaxið og farið að hlaupa í þúfur. Utan um túnið er túngarður [3356-94]. Innan túngarðs, nálægt norðausturhorni túnsins, er tóft.



Mynd 115. Tóft [3356-99], horft til VNV.

Lýsing

Tóftin er ávöl og ferningslaga. Ekkert op er greinanlegt á henni, en uppmæling frá 2016 sýnir op til norðurs þótt lýsing segi annað (sjá „Aðrar upplýsingar“ hér að neðan). Tóftin er algróin grasi en sést að hún er hlaðin úr torfi og grjóti. Veggjahæð er um 40-60 cm og breidd veggja um 0,7-1 m.

Aðrar upplýsingar

Í fornleifaskráningu frá 2016 segir: „Ferköntuð tóft er á lágun hól um 50m norðan við tóftir (1787-16), á milli eldri og yngri túngarðs. Tóftin er um 9x9m á kant með rúnnuð horn og ekkert sýnilegt hlið eða dyr. Veggir eru grasi grónir um 30-50sm háir og um 2m breiðir, ekki sér í grjót inn í tóftinni en greinilegt hleðslugrjót er í útbrún veggja að norðan og sunnan“ (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 21)

Lambanes-3356-100 [eldra
númer: 1787-026]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Túnið á Brennistöðum er um 50 m vestur af núverandi Siglufjarðarvegi og rétt rúmlega 190 m suður af íbúðarhúsinu á Lambanesi. Túnið er grasi vaxið og farið að hlaupa í þúfur. Utan um túnið er túngarður [3356-94]. Innan túngarðs, norðan miðju, um 13



Mynd 116. Tóft [3356-100], horft til norðvesturs.

m innan/vestan túngarðs, á milli tófta [3356-99] og tófta og hólts [3356-97 og 98], er tóft.

Lýsing

Tóftin er mjög ávöl og samlöguð umhverfi sínu. Við vettvangsskráningu var erfitt að greina veggjalög og virkaði tóftin meira eins og dæld í um 20 cm háan hól. Tóftin er algróin grasi og um 7,5x5,5 m að utanmáli. Ekkert op er greinanlegt og ekkert grjót sést í veggjum.

Lambanes-3356-101 [eldra númer: 1787-027]

Hlutverk: Óþekkt, stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Túnið á Brennistöðum er um 50 m vestur af núverandi Siglufjarðarvegi og rétt rúmlega 190 m suður af íbúðarhúsinu á Lambanesi. Túnið er grasi vaxið og farið að hlaupa í þúfur. Utan um túnið er túngarður [3356-94]. Innan túngarðs, í suðausturhorni túnsins, er tóft áföst túngarðinum.



Mynd 117. Tóft [3356-101], horft til norðurs.

Lýsing

Tóftin er tveggja hólfa og sambyggð túngarði [3356-94]. Hún snýr norður-suður og er um 10,5x5 m að utanmáli, án túngarðsins. Veggir eru algrónir grasi og nokkuð jafnir, um 30-60 cm háir og 0,7-1 m breiðir. Minna rými er til suðurs en mun stærra til norðurs. Líklega er op til vesturs á minna rýminu og op til norðurs á stærra rýminu.

Lambanes-3356-102 [eldra númer: 1787-028]

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Túnið á Brennistöðum er um 50 m vestur af núverandi Siglufjarðarvegi og rétt rúmlega 190 m suður af íbúðarhúsinu á Lambanesi. Túnið er grasi vaxið og farið að hlaupa í þúfur. Utan um túnið er túngarður [3356-94]. Innan túngarðs, í suðausturhorni túnsins, fast við götu [3356-103] og suðvesturhorn tóftar [3356-101] er tóft.

Lýsing

Tóftin er U-laga, um 12x7,5 m að utanmáli. Op er til vesturs. Tóftin er mjög sokkin og illgreinanleg, algróin grasi og samlöguð umhverfinu. Veggir eru um 10-20 cm á hæð og um 1-1,2 m á breidd.

Lambanes-3356-103 [eldra númer: 1787-029]

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

Túnið á Brennistöðum er um 50 m vestur af núverandi Siglufjarðarvegi og rétt rúmlega 190 m suður af íbúðarhúsinu á Lambanesi. Túnið er grasi vaxið og farið að hlaupa í þúfur. Utan um

túnið er túngarður [3356-94]. Í gegnum suðurhlið túngarðsins, austarlega, og aftur í gegnum norðurhlið hans, liggja götur.

Lýsing

Við skráninguna 2025 sáust ekki eins afgerandi götur og við skráninguna 2016 (sjá „Aðrar upplýsingar“ hér að neðan), en þó sáust sannarlega götur. Nokkrar samhliða til norðurs og suðurs, en ekki mjög djúpar og hurfu inni í túninu.



Mynd 118. Gata [3356-103], sem liggur í gegnum tún Brennistaða. Horft til norðurs. Íbúðarhúsið á Lambanesi í baksýn.

Aðrar upplýsingar

Í fornleifaskráningu frá 2016 segir: „Umfangsmiklar reiðgötur liggja í gegnum túnið á Brennistöðum, 4-6 samhliða. Þær sjást vel í suðausturhorni túnsins þar sem þær fara í gegnum túngarðinn, en hverfa nokkurnveginn í miðju túni og sjást svo aftur í norðurhluta þess með stefnu á Lambanes“ (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 23).

Lambanes-3356-104

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft, garðlag

Staðhættir

Í brekku suðvestan Skælings, um 1,75 km norðaustur af nýja íbúðarhúsinu á Lambanesi, um 900 m NNV af minjum Sólheimagerðis við Nautadalsá [3356-124-130], er tóft á smá stalli. Votlendi er í brekkunni í kring.



Mynd 119. Tóft [3356-104], horft til suðvesturs.

Lýsing

Tóftin virðist við fyrstu sýn vera einföld heytóft, en þegar betur er að gáð er hún þriggja hólfa með hugsanlegu garðlagi áföstu til suðvesturs, sem þá myndar fjórða rýmið. Tóftin er, með garðlaginu, um 14,5x13 m að umfangi og snýr norðaustur-suðvestur, í flútti við brekkuna. Suðaustasta rýmið virðist opið til norðausturs, upp brekkuna, en annars eru op ekki sjáanleg á tóftinni. Garðlagið virðist opið til norðvesturs. Tóftin er gróin grasi og mosa, og lyngi að hluta, og ekki sést í grjóti í veggjum. Stærsta rými tóftarinnar, það nyrsta, er langgreinilegast, en hin eru signari og samlagaðri umhverfinu. Veggir eru um 20-50 cm háir, aðeins lægri á meintu garðlagi, og um 0,7-1,3 m breiðir. Hér er því einhvers konar sambyggð mannvirkjaþyrping með óþekkt hlutverk. Kannski hefur stærsta rýmið verið heystæði í yngri fasa, og er þess vegna greinilegra en hin.

Lambanes-3356-105

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í brekku suðvestan Skælings, um 1,9 km norðaustur af nýja íbúðarhúsinu á Lambanesi, um 915 m NNV af minjum Sólheimagerðis við Nautadalsá [3356-124-130], 13 m norðaustur af tóft [3356-104] er önnur tóft í töluverðum halla.

Lýsing

Tóftin er ílöng og einföld en hugsanlega er lítið rými efst, norðaustast. Var tóftin mæld upp með því mögulega rými. Fyrir utan litla rýmið er tóftin áþekkt heystæðum á svæðinu. Hún er um 10x4,5 m að utanmáli, mjög grasi gróin, græn og greinileg. Ekkert op er sjáanlegt og ekkert grjót er í veggjum. Veggir er um 20-50 cm háir og um 0,7-1,2 m á breidd.



Mynd 120. Uppmælingar af tóftum [3356-104-106].

Lambanes-3356-106

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 1,75 km norðaustur af nýja íbúðarhúsinu á Lambanesi, um 830 m NNV af minjum Sólheimagerðis við Nautadalsá [3356-124-130] og 38 m suðaustur af tóft [3356-104], í mýri í halla mót vestri, er tóft.

Lýsing

Tóftin er algróin grasi og smá

sefi. Hún er mjög samlöguð umhverfinu og nokkuð sokkin í mýrina sem hún stendur í. Tóftin er einföld og hugsanlega er op á henni til norðvesturs, en það gæti verið sig á veggnum en ekki eiginlegt op. Vesturveggur er nokkuð hár og greinilegur, suðurveggur sést sæmilega en aðrir veggir eru ógreinilegri. Veggir eru um 10-90 cm háir og 0,5-1 m breiðir og eru eingöngu úr torfi. Líklega er hér um heystæði að ræða, enda svipar því til annarra heystæða á svæðinu þótt það sé orðið illgreinanlegt.



Mynd 121. Tóft [3356-106], horft til VNV.

Lambanes-3356-107

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 1,87 km norðaustur af nýja íbúðarhúsinu á Lambanesi, um 910 m norður af minjum Sólheimagerðis við Nautadalsá [3356-124-130] og 97 m austur af tóft [3356-105], á smá stalli á þurri tungu í votlendi, er tóft.

Lýsing

Tóftin er ílöng, einföld og ekkert op er sjáanlegt á henni. Utanmál er um 6,2x3,5 m og eru veggir um 20-50 cm háir og 0,7-1 m breiðir. Tóftin er illgreinanleg, gróin háu grasi og sinu. Hugsanlega er eitthvað eldra fyrir ofan tóftina, þar er þýft og gróið, en því verður ekki slegið á fast. Líklega er hér um heystæði að ræða, svipað og önnur á svæðinu.



Mynd 122. Tóft [3356-107], horft til vesturs.

Lambanes-3356-108

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 1,85 km norðaustur af nýja íbúðarhúsinu á Lambanesi, um 830 m norður af minjum Sólheimagerðis við Nautadalsá [3356-124-130] og 85 m suður af tóft [3356-107] eru tvær tóftir á smá stalli í brekku, þetta er sú nyrðri.

Lýsing

Tóftin er ílöng og einföld, utanmál er um 3,8x8 m. Ekkert op er greinanlegt á tóftinni. Hún er mjög samlöguð umhverfi sínu, gróin grasi og mosa, og veggir lágir, um 10-40 cm. Breidd veggja er um 0,5-1 m. Líklega er hér um heystæði að ræða.



Mynd 123. Tóft [3356-108], horft til suðvesturs.

Lambanes-3356-109 og 110

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla, torftökustaður

Tegund: Tóft, niðurgroftur

Staðhættir

Um 1,85 km norðaustur af nýja íbúðarhúsinu á Lambanesi, um 830 m norður af minjum Sólheimagerðis við Nautadalsá [3356-124-130] og 85 m suður af tóft [3356-107] eru tvær tóftir á smá stalli í brekku, þetta er sú syðri og torftökustaður við hana.



Mynd 124. Torftökustaður [3356-110] við tóft [3356-109]. Tóftin er til vinstri á myndinni.

Lýsing

Þessi tóft er ógreinilegri en tóft [3356-108] og virðist eldri en hún. Að öðru leyti eru tóftirnar áþekkar að gerð. Þessi er ílöng og einföld, ekkert op sést. Utanmál er um 4x9 m. Veggjahæð er um 10-40 cm og breidd um 0,6-1 m. Meðfram tóftinni að austan og vestan eru ílangir torftökustaðir [3356-110]. Þar hefur líklega verið tekið torf í þessa tóft og kannski hina [3356-108] líka. Torftökustaðirnir eru um 20-30 cm djúpir og rúmlega 1,5 m á breidd þar sem mest er. Báðir mjög grónir en annar gróinn lyngi og kjarri auk grass.

Lambanes-3356-111

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna rofs

Staðhættir

Á smá holti í mýri, í smá brekku, um 1,62 km norðaustur af nýja íbúðarhúsinu á Lambanesi, um 740 m NNV af minjunum á Sólheimagerði við Nautadalsá [3356-124-130] og 180 m SSV af tóft [3356-104] er tóft.

Lýsing

Tóftin er lítil og ógreinileg, gæti verið náttúrumyndun. Op virðist vera til suðurs, en það gæti verið rof í vegg. Þar framan við er rofinn, uppgróinn, bakki sem sýnir að stundum er virkt rof á svæðinu. Tóftin er um 3,3x4,5 m að utanmáli, gróin grasi, lyngi og kjarri. Veggir eru um 10-50 cm háir og 1-1,5 m breiðir. Hlutverk er óljóst.

Lambanes-3356-112

Hlutverk: Kennimerki

Tegund: Varða

Hættumat: Hætta vegna rofs

Staðhættir

Á smá grasi og lyngi gróinni upphækkun í landinum um 10 m suðvestur af tóft [3356-111] er hugsanleg torfvarða.

Lýsing

Varðan gæti verið náttúruleg fuglaþúfa, en hún er mun hærri og meira áberandi en aðrar í næsta nágrenni. Því gæti verið um vörðu að ræða. Grunnflötur vörðunnar er um 50 cm í þvermál og hún er um 50 cm há. Varðan er illa rofin til suðurs.



Mynd 125. Meint varða [3356-112], horft til suðvesturs.

Lambanes-3356-113

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á smá hól í mýri, um 1,62 km norðaustur af nýja íbúðarhúsinu á Lambanesi, um 700 m NNV af minjunum á Sólheimagerði við Nautadalsá [3356-124-130] og 22 m suður af tóft [3356-111] er tóft.

Lýsing

Tóftin er ógreinileg og aflöguð, en sést þó að hún er aflöng og einföld. Tóftin er þýfð og gróin grasi, mosa og lyngi. Ekkert op er greinanlegt. Utanmál er um 7,7x3,9 m. Veggir tóftarinnar eru um 10-50 cm háir og 1-1,5m breiðir. Líklega er hér um heystæði að ræða sem er orðið aflagað af aldri og umhverfisþáttum, en mýrlent er í kring. Hóllinn sem tóftin stendur á er mjög þýfður og gætu verið meiri minjar á honum, en það verður ekki alhæft.

Lambanes-3356-114

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á smá hól í mýri, um 1,65 km norðaustur af nýja íbúðarhúsinu á Lambanesi, um 700 m NNV af minjunum á Sólheimagerði við Nautadalsá [3356-124-130] og 30 m austur af tóft [3356-113], á sléttum grasfleti í smá brekku, er tóftarbrot.

Lýsing

Tóftarbrotið er óglögg og virðast einungis sjást gafl og eins og hálfur langveggur. Umfang tóftarbrotsins er um 4,5x5,8 m. Það sem eftir er af mannvirkinu er líklega sokkið og uppgróið. Veggir eru lágir og breiðir, grónir sinu og grasi. Líklega eru þetta illa farnar leifar heystæðis, miðað við lögun og stærð þess sem greinilegt er.

Lambanes-3356-115 og 116

Hlutverk: Óþekkt,
torftökustaður

Tegund: Tóft, niðurgröftur

Staðhættir

Í brekku mót vestri, um 1,87 km norðaustur af nýja íbúðarhúsinu á Lambanesi, um 690 m norður af minjunum á Sólheimagerði við Nautadalsá [3356-124-130] og 130 m suðaustur af tóftum [3356-108 og 109], eru tóft og torftökustaður.



Mynd 126. Tóft [3356-115] og torftökustaður [3356-116] við hana. Horft til vesturs.

Lýsing

Tóftin er tvöföld, en syðra hólfið virkar eins og áfast nyrðra hólfinu, þ.e. að þau hafi ekki endilega verið byggð samtíða. Rýmin eru ílöng og áþekkt að stærð, það syðra þó eilítið minna. Norðvesturhorn nyrðra rýmisins er ógreinilegt, enda tóftin öll nokkuð sokkin og mjög gróin grasi og lyngi. Utanmál tóftarinnar er um 7 m í þvermál. Hugsanlega er op á syðra rýminu til suðvesturs, og er það mælt þannig upp í landupplýsingagögnum. Veggir eru hæstir á ytra byrði, en lægri að innan, hæð er um 10-60 cm. Breidd veggja er um 0,5-0,7 m, og eru þeir alfarið úr torfi. Hugsanlega er hér um tvöfalt heystæði að ræða, eða það sem líklegra er, tvær kynslóðir heystæða. Norðvestan við tóftina er niðurgröftur, um 3,2x2 m að stærð, um 10-20 cm djúpur. Líklega er þetta torftökusvæði fyrir tóftina.

Lambanes-3356-117

Hlutverk: Óþekkt,
heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austast á skráningarsvæðinu, um 2,1 km ANA af íbúðarhúsinu á Lambanesi, um 630 m norðaustur af minjum Sólheimagerðis við Nautadalsá [3356-124-130] og um 320 m ASA af tóft [3356-115], í halla mót suðri, er tóft.

Lýsing

Tóftin er ílöng, einföld og ferhyrnd. Utanmál er um 5,5x3 m og er ekkert op greinanlegt á tóftinni. Tóftin er algróin grasi og aðeins hlaupin í þúfur. Veggir eru um 20-40 cm háir og um 0,6-0,7 m breiðir. Líklega er hér um heystæði í minni kantinum að ræða.



Mynd 127. Tóft [3356-117], horft til NNA.

Lambanes-3356-118

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir


Um 2 km ANA af íbúðarhúsinu á Lambanesi, um 460 m norðaustur af minjum Sólheimagerðis við Nautadalsá [3356-124-130] og um 155 m suðvestur af tóft [3356-117], á smá hæð í mýrlendu umhverfi eru tvær tóftir. Þetta er sú



Mynd 128. Tóft [3356-118], horft til suðvesturs.

Lýsing

Tóftin er ílöng, tveggja eða þriggja hólfa. Það virðist vera a.m.k. einn þverveggur inni henni, en örlar á öðrum. Utanmál tóftarinnar er um 8,5x4,3 m og raða rýmin sér eftir tóftinni miðri. Tóftin er algróin lyngi, en gras er inni í hólfum að meira leyti. Tóftin er vel greinanleg en veggir eru þó ekki nema 30-60 cm háir og 0,6-0,9 m á breidd. Hlutverk er óljóst, en líklega slægnatengt. Þó gæti einnig verið um einfalt sel að ræða, með tóft [3356-119] sem kvíar.



Mynd 129. Uppmælingar af tóftum [3356-118 og 119].

Lambanes-3356-119

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 2 km ANA af íbúðarhúsinu á Lambanesi, um 460 m norðaustur af minjum Sólheimagerðis við Nautadalsá [3356-124-130] og um 155 m suðvestur af tóft [3356-117], á smá hæð í mýrlendu umhverfi eru tvær tóftir. Þetta er sú vestari.



Mynd 130. Tóft [3356-119], horft til vesturs.

Lýsing

Tóftin er ílöng og einföld, um 9,5x4,5 m að utanmáli. Tóftin er gróin lyngi og grasi og nokkuð greinileg. Ekkert op er þó sjáanlegt. Veggir eru hestir á ytra byrði syðst, vegna halla mót suðri. Hæð veggja er um 30-70 cm og breidd um 0,9-1 m. Hlutverk er óljóst en út frá gerð er líklegt að um heystæði sé að ræða. Vegna nálægðar við tóft [3356-118] gæti einnig verið hægt að túlka staðinn sem einfalt sel með selhúsi [3356-118] og þessari tóft sem kvíum. Því verður þó ekki slegið á fast hér.

Lambanes-3356-120

Hlutverk: Óþekkt, stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 1,82 km austur af íbúðarhúsinu á Lambanesi, um 330 m NNA af minjum á Sólheimagerði við Nautadalsá [3356-124-130] og 192 m VSV af tóftum [3356-118 og 119] er tóft í graslendi, um 25 m norðan við læk.

Lýsing

Tóftin er tvöföld, áberandi græn og gróin, og jarðvegssuppsöfnun undir henni. Tóftin er gróin grasi og lyngi. Ekki sést op á norðvesturrými tóftarinnar en suðausturrýmið virðist opið í krók til norðvesturs. Hæð veggja er um 30-70 cm og breidd um 0,8-1,4 m.

Lambanes-3356-121

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

Svæðið er almennt gróið og skiptist á graslendi, holt og móar. Gatan liggur góðan spöl eftir smá bakka ofan við gróna áreyrina, norðan við Nautadalsá, áður en hún fer að klifra um mólendi upp hlíðina.

Lýsing

Á vettvangi var skráð stök, greinileg gata á fleiri en einum stað, sundurslitin. Á loftmynd virðist móta fyrir greinilegri götum, fleiri saman, á sömu stöðum, og má því gera ráð fyrir að þarna séu gamlar götur sem eru orðnar mjög óglöggar á jörðu niðri. Mest eru göturnar um 20 cm djúpar en yfirleitt grynri. Ofan úr Nautadal, austur af svæðinu, lá leið úr Siglufirði, Botnaleið (sjá einnig [3356-27] Siglufjarðarmegin) (BS IX: 396) og sést móta fyrir henni í fjallshlíðinni á loftmyndum. Smátt og smátt verður hún óleggri en á



Mynd 131. Horft norðaustur eftir leið [3356-121].

láglandinu glittir í götur hér og þar í framhaldinu sem gætu verið kindagötur eða hluti af Botnaleið á leið til byggða í Fljótum. Hér gæti verið um að ræða leið frá Botnaleið og að Sólheimagerði og áfram vestur úr. Stærstur hluti leiðarinnar var teiknaður upp af loftmynd og því gæti vantað aðeins upp á nákvæmnina. Einnig verður að setja varnagla við þá túlkun að þetta sé hluti af Botnaleið.

Lambanes-3356-122

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Á smá melhól, um 175 m ANA af minjum Sólheimagerðis við Nautadalsá [3356-124-130], um 45 m norður af ánni, er varða.

Lýsing

Varðan er nær alveg yfirgróin, en sést í grjót neðst. Norðaustan við vörðuna sést í smá yfirgróið grjót, líklega gamalt hrun úr vörðunni. Varðan er um 60 cm á hæð og botnflötur er um 70 cm í þvermál. Hugsanlegt er að varðan hafi varðað leið [3356-121].



Mynd 132. Varða [3356-122], hugsanlega hluti af leið [3356-121], horft til austurs.

Lambanes-3356-123

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í votlendi um 85 m norður af minjum Sólheimagerðis við Nautadalsá [3356-124-130], á mörkum skráningarsvæðisins 2025, eru mógrafir.

Lýsing


Mógrafirnar eru grónar og a.m.k. um 9,5x5 m að umfangi, hugsanlega stærri til vesturs, út fyrir skráningarsvæðið. Grafirnar eru misblautar en víðast þurrar, um 20-40 cm djúpar.



Mynd 133. Mógrafir [3356-123], horft til norðvesturs.

Sólheimagerði

Meintar minjar Sólheimagerðis eru á norðurbakka Nautadalsár, um 1,75 km austur af íbúðarhúsinu á Lambanesi. Minjarnar voru skráðar og kannaðar sem hluti af Byggðasögurannsókninni svokölluðu, Eyðibýggð og afdalir Skagafjarðar (XII) (Guðný Zoëga et al., 2019). Þar var því velt upp hvort þessar minjar væru Sólheimagerði sem fjallað er um í heimildum, og hvort mögulegt væri að Réttarkot og Sólheimagerði væru sami staðurinn. Var niðurstaðan sú að svo gæti verið og að þarna sé að finna fleiri en eina kynslóð bæjar og selja. Þó var ekki hægt að segja með óbyggjandi hætti að þetta væri það Sólheimagerði sem nefnt er árið 1840 (Guðný Zoëga et al., 2019: 11-13), en í þessari skýrslu verður þó notast við það ornefni til að einkenna þennan stað. Byggðasafn Skagfirðinga á uppmælingar úr Byggðasögurannsókninni og eru þær notaðar hér þar sem ekki þótti ástæða til að endurmæla minjarnar. Nýjar lýsingar voru þó gerðar og nýjar myndir teknar. Tóft [3356-126] er rétt utan skráningarsvæðisins en er höfð með í fornleifaskránni þar sem hún er hluti af sömu heild og aðrar minjar á meintu Sólheimagerði og sú eina sem fellur utan skráningarsvæðisins.



Mynd 134. Uppmælingar af minjum [3356-121 og 124-130] á Sólheimagerði. Svarta línan sýnir afmörkun skráningarsvæðisins til vesturs. Tóft [3356-126] er utan skráningarsvæðisins.

Lambanes-3356-124

Hlutverk: Óþekkt, kvíar

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 62 m ANA af tóft [3356-128], 13 m frá bökkum Nautadalsár, er tóft.

Lýsing

Tóftin er einföld og ílöng, snýr ANA-VSV og er opin til vesturs. Utanmál tóftarinnar er um 7,3x4 m og er hún algróin lyngi og grasi. Veggir eru um 30-50 cm háir og 0,9-1 m breiðir, eingöngu úr torfi.

Hlutverk er óljóst en gæti verið kvíar með seltóft [3356-126].



Mynd 135. Tóft [3356-124], horft til suðurs.

Lambanes-3356-125

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Minjasvæði Sólheimagerðis er á norðurbakka Nautadalsár, um 1,75 km austur af íbúðarhúsinu á Lambanesi. Þar er tóftaþyrping og er þessi tóft sú norðaustasta. Svæðið er grasi gróið og nokkuð þýft.

Lýsing

Tóftin er skeifulaga og er lítið op á henni til suðausturs. Utanmál er um 5,5 m í

þvermál. Mólendisgróður er farinn að teygja sig yfir tóftina norðanverða, en annars staðar er hún gróin grasi. Tóftin er nokkuð greinileg, veggir eru um 30-50 cm háir og breidd þeirra er um 1-1,2 m. Hlutverk er óljóst.



Mynd 136. Tóft [3356-125], horft til ANA.

Lambanes-3356-126

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Minjasvæði Sólheimagerðis er á norðurbakka Nautadalsár, um 1,75 km austur af íbúðarhúsinu á Lambanesi. Þar er tóftaþyrping og er þessi tóft sú norðvestasta. Tóftin er utan skráningarsvæðisins. Svæðið er grasi gróið og nokkuð þýft.



Mynd 137. Tóft [3356-126], horft til norðvesturs.

Lýsing

Tóftin stendur á litlum hól og er greinilega dálítill jarðvegssuppsöfnun undir henni. Utanmál er um 8x6,5 m. Rýmaskipting var nokkuð ógreinileg við vettvangsskráningu 2025, en dældir í tóftinni pössuðu við fyrri uppmælingu frá 2019. Tóftin og hólinn undir henni eru mjög græn og gróin, þar vex puntur sem gerir það að verkum að tóftin sker sig úr mólendinu í kring. Veggjabreidd er um 0,5-1,2 m og hæð um 10-30 cm.

Lambanes-3356-127

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Minjasvæði Sólheimagerðis er á norðurbakka Nautadalsár, um 1,75 km austur af íbúðarhúsinu á Lambanesi. Þar er tóftaþyrping og er þessi tóft sú suðvestasta. Tóftin er á mörkum skráningarsvæðisins, á dálitilli sléttu flöt, ekki upphækkun. Svæðið er grasi gróið og nokkuð þýft.



Mynd 138. Tóft [3356-127], horft til suðurs.

Lýsing

Tóftin samanstendur af nokkrum rýmum og eru þrjú þeirra langgreinilegust, en vestan við þau eru ógreinilegri rými sem eru meira eins og upphækkun með dældum frekar en eiginleg rými í tóft. Þar gætu því verið eldri minjar undir. Tóftin er því dálítið ólöguleg. Utanmál heildarsvæðisins er um 9,7x13,3 m, en utanmál eiginlegu tóftarinnar með rýmum þremur er um 9,7x9 m. Veggjahæð er um 30-60 cm og breidd veggja um 1-2 m.

Lambanes-3356-128

Sérheiti: Sólheimagerði

Hlutverk: Sel, híbýli

Tegund: Tóft

Staðhættir

Minjasvæði Sólheimagerðis er á norðurbakka Nautadalsár, um 1,75 km austur af íbúðarhúsinu á Lambanesi. Þar er tóftaþyrping og er þessi tóft nokkurn veginn fyrir miðju og langstærst. Tóftin stendur á smá upphækkun í landslaginu. Svæðið er grasi gróið og nokkuð þýft.



Mynd 139. Horft til suðurs í átt að tóft [3356-128].

Lýsing

Tóftin er ílöng og samanstendur af mörgum sambyggðum rýmum, líklega átta. Utanmál tóftarinnar er um 18x12 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Flest rýmin raða sér vestan á tóftina, þ.e. eru opin til suðvesturs. Mikið gras og puntur vex á tóftinni og sker hún sig úr landslaginu. Veggjahæð er um 30-70 cm og breidd um 1-1,3 m. Tóftin er líklega leifar íveruhúss, hvort heldur sem er býlis eða sels, eða bæði. Líklegt er að þarna sé um fleiri en eina kynslóð húsa að ræða.

Lambanes-3356-129 og 130

Hlutverk: Óþekkt, mylla

Tegund: Tóft, niðurgröftur

Staðhættir

Minjasvæði Sólheimagerðis er á norðurbakka Nautadalsár, um 1,75 km austur af íbúðarhúsinu á Lambanesi. Þar er tóftaþyrping og er þessi tóft suðaustust á svæðinu, um 5,5 m austur af tóft [3356-128]. Svæðið er grasi gróið og nokkuð þýft.





Mynd 140. Meint myllutóft [3356-129] og rásir [3356-130] beggja vegna við hana.

Lýsing


Austast á eyrinni er lítil skeifulaga tóft. Tóftin er sokkin og samlöguð umhverfi sínu, veggir eru um 30-60 cm háir og um 1-1,3 m breiðir. Tóftin er um 4,8 m í þvermál og er op á henni til SSV. Að og frá tóftinni virðast vera grafnar rásir, til norðausturs og suðurs. Rásin er mest um 70 cm og dýpt mest um 40 cm. Hugsanlega hefur vatn verið leitt í gegnum tóftina, enda er hún nálægt Nautadalsánni. Mögulega hefur þetta þá verið mylla eða brunnhús, en í lýsingu á Réttarkoti er talað um brunnhús, þótt óvíst sé hvort þetta minjasvæði sé Réttarkot (Guðný Zoëga et al., 2019: 13).

Illugastaðir






Mynd 143. Yfirlit yfir skráðar minjar austan bæjarstæðis Illugastaða. Rauðir punktar eru kolagrafir. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Ásindakot er utan svæðis. Fjólublá lína sýnir veglínu B.



Mynd 144. Yfirlit yfir skráðar minjar í norðausturhluta Illugastaðalands. Nautadalsá er efst á myndinni. Minjar í landi Lambaness norðan ár eru ekki merktar með númerum. Rauðir punktar eru kolagrafir. Svartar línur sýna afmörkun skráningar-svæðisins. Fjólublá lína sýnir veglínu B.

Í landi Illugastaða voru skráðar 80 minjar innan skráningarsvæðisins auk leiðar [3356-212] sem nær yfir jarðir Illugastaða og Brúnastaða. Illugastaðir eru ein fárra jarða á skráningarsvæðinu þar sem heimatún jarðarinnar er innan svæðisins. Minjafjöldinn innan túns á Illugastöðum og rétt utan við það er mikill. Norðvestan túnsins er minjabyrping [3356-158-165] sem gæti tengst eldri fasa, þ.e. að túnið hafi verið stærra áður fyrr og minjarnar tengist því. Þar skammt vestan og suðvestan við eru minjar Björnshúsa, sem eru utan svæðis, en voru skráðar við fornleifaskráningu árið 2016 (sjá Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016). Rétt utan svæðis, um 650 m ANA af íbúðarhúsinu á Illugastöðum, er smábýlið Ásendakot. Allar minjar þess eru utan svæðis, en bara rétt svo. Einnig er talsvert af minjum um efnistöku og nýtingu, s.s. mógrafir, heystæði og kolagrafir (ekki inni í fjölda minja). Á dalnum á milli Nautadalsár og Héðinsfjarðardalsár eru margar kolagrafir, en þar eru einnig minjar sem reyndist erfitt að ákveða hvort ætti að túlka sem litlar tóftir, mögulega heystæði, eða stórar kolagrafir. Þær eru á stærð við stærstu kolagrafirnar, en eru flestar staðsettar í votlendi, sem myndi frekar styðja kenninguna um heystæði. Þær eru einnig grunnar að innan, þ.e. ekki er niðurgroftur í miðjunni eins og einkennandi er fyrir kolagrafirnar. Gæti hér mögulega verið um að ræða mannvirki sem tengjast kolavinnslunni, en eru ekki eiginlegar kolagrafir. Í öllu falli var ákveðið að skrá þessar minjar sem tóftir frekar en kolagrafir, til að halda þeim til haga, og er eina leiðin til að fá úr því skorið hvers eðlis minjarnar eru, að gera á þeim frekari rannsóknir.

Illugastaðir hafa verið í byggð allavega frá 15. öld. Jörðin var um stutta hríð í eigu Hóladómkirkju en var komin aftur í bændaeigu um 1700 (BS IX: 376). Í *Jarðabók* er jörðin sögð 30 hundruð. Skógur til kolagerðar er sagður nothæfur en þverri hratt og torfrista sé alveg þrotin. Torfstunga sé þó til staðar og nægur móskurður til eldiviðar (JÁP IX: 335-336). Miklar minjar eru um kolagerð í landi Illugastaða, og nokkur hundruð kolagrafir skráðar innan jarðarinnar. Illugastaðir fóru í eyði árið 1962, en hafa verið nýttir til sumardvalar síðan og tún nytjuð frá Brúnastöðum (BS IX: 378).



Mynd 145. Uppmælingar af minjum í og við tún Illugastaða. Túngarðurinn [3356-131] liggur skáhalt upp myndina. Svört lína sýnir útmörk skráningarsvæðisins. Veglína A (blá) liggur skammt austan túnsins. Rauðir punktar eru kolagrafir.

Illugastaðir-3356-131

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Utan um tún Illugastaða hefur verið voldugur túngarður, líklega frá Miklavatni og upp/austur fyrir bæ, á milli Illugastaða og Brúnastaða (Ö-Brúnastaðir: 1), og áfram suður úr. Hér er skráningu garðanna skipt eftir jörðum, auk þess sem garðlag [3356-158] er líklega norðurendi túngarðsins. Vegna þess hve langt rof er á milli verða þeir þó skráðir í tvennu lagi. Garðurinn eins og hann sést í dag er langtum stærri á alla kanta, nema til austurs, en það tún sem teiknað er á túnakorti frá 1918, og líklega eldri. Landslagið er hæðótt og leitótt, mjög gróið að mestu leyti og þýft.



Mynd 146. Túngarður [3356-131], horft til norðurs.

Lýsing

Garðlagið er völdugt og stórt um sig, en þó þúfuhlaupið á köflum. Garðlagið er algróið og fellur inn í umhverfið en er þó vel greinanlegt, enda um 50-80 cm á hæð og um 1-2 m á breidd. Á einstaka stað er rof í garðlagið, auk þess sem það er sundurslitið á köflum. Austan við bæjarstæði Illugastaða eru tóftir byggðar við, og jafnvel í, garðlagið og setur það mjög svip sinn á svæðið. Garðlagið er hlaðið úr torfi og grjóti. Í heildina er garðlagið um 485 m langt, en bil þar sem garðlagið hverfur eru samtals um 50 m, er því skráð lengd hleðslu um 435 m. Garðlagið endar til suðurs við landamerki Brúnastaða og Illugastaða þar sem er girðing, og til norðurs við rof sem hefur myndast vegna vegagerðar Siglufjarðarveggar og/eða annarra framkvæmda.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Brúnastaða segir: „Milli Brúnastaða og Illugastaða er Merkjagarður, og er hann jafnframt túngarður á báðum bæjum“ (bls. 1). Í örnefnaskrá virðist túngarðurinn kallaður Vallargarður (bls. 2) en ekki eru frekari lýsingar á honum.



Mynd 147. Bæjarstæði Illugastaða. Sumarbústaður stendur á gamla bæjarstæðinu. Túngarður [3356-131] sést glöggast austan/ofan við túnið. Stóra gilið vinstra megin við miðja mynd er Grafargil. Horft til suðausturs.

Illugastaðir-3356-132

Hlutverk: Óþekkt, hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Innan túns á Illugastöðum, norðarlega í túni, um 27 m vestan túngarðs og um 200 m NNV af íbúðarhúsinu er lítil tóft í smá hvílt sem hallar til suðvesturs.




Mynd 148. Tóft [3356-132], horft til vesturs.

Lýsing

Tóftin gæti verið náttúrumyndun en virðist þó manngerð. Tóftin er skeifulaga með op til suðausturs, mjög sokkin og algróin. Utanmál er um 4,5x4,3 m. Veggir eru um 30-40 cm háir og um 0,9-1,3 m breiðir og virðast eingöngu úr torfi.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega gæti verið hér um gamalt, lítið hesthús að ræða, en örnefnin Hesthúslækur, Hesthúslaut og Hesthúshóll eru í næsta nágrenni (Ö-Illugastaðir: 2), hugsanlega er tóftin hreinlega í Hesthúslaut. En það er þó ekki öruggt.



Mynd 149. Uppmælingar af minjum [3356-131-139 og 141].

Illugastaðir-3356-133

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Á túnakorti frá 1918 er merkt útihús sem ekki fannst við vettvangsskráningu. Útihúsið virðist hafa verið innan túns á Illugastöðum, um 40 m austur af Siglufjarðarvegi og um 25 m vestur af tóft [3356-132] sé gert ráð fyrir að tekist hafi með nokkurri nákvæmni að staðsetja túnakortið. Sama hús er líklega nefnt í örnefnaskrá og er þá fjárhús (1941). Á svæðinu hefur greinilega verið mikið rask í seinni tíð, líklega í tengslum við Siglufjarðarveg og jafnvel aðrar framkvæmdir. Því má gera ráð fyrir að minjar um húsið séu horfnar af þeim völdum eða vegna rofs í kjölfarið.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir norðan [Hesthúslaut] er hár flötur, sem hét Yztaúsgerði, og þar er eina fjárhúsið nú [1941]“ (bls. 2).

Illugastaðir-3356-134

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Á túnakorti frá 1918 er merkt inn útihús þar sem nú er Siglufjarðarvegur, um 170 m norðvestur af íbúðarhúsinu á Illugastöðum. Heimildamaður segir einnig útihús hafa farið undir veginn á þessum stað (Jóhannes H. Ríkharðsson, munnl. heim.)

Illugastaðir-3356-135 og 136

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft, hóll


Staðhættir

Innan túns Illugastaða, um 33 m vestan túngarðsins og um 135 m NNV af íbúðarhúsinu á Illugastöðum er stór tóft [3356-125] á smá hól [3356-136]. Svæðið er gróið grasi og lyngi og smápýft.

Lýsing

Tóftin virðist vera fjögurra hólfa. Líklega er um fjárhús með hlöðu og aukarýmum að ræða. Utanmál tóftarinnar er um 21x16 m. Stærst er ílangt hólf (a) sem liggur norður-suður, eins og tóftin, og virðist vera með garða fyrir miðju, sem er þó fastur við veggina til beggja enda.

Í hlöðuendanum, sunnan við fjárhúsið, virðist vera op úr hlöðunni (b) inn á garðann. Einnig gæti verið annað op til vesturs í



Mynd 150. Uppmælingar af minjum [3356-135 og 136]. Leið [3356-141] liggur skammt austan við.



Mynd 151. Horft til vesturs í átt að fjárhústóft [3356-135], minjar [3356-137 og 138] í baksýn til vinstri.

vesturkró, en það gæti verið hrun úr vegg. Hlaða og fjárhús eru greinilegustu rýmin, og mögulega yngst. Tóftin stendur á smá hól [3356-136] og líklegt er að þar hafi staðið fleiri en ein kynslóð húsa. Fjárhúsið og hlaðan eru djúp og há, en hin tvö hólfín, (c) til norðausturs og (d) til suðurs, eru ekki eins afgerandi. Hæð veggja er um 40-140 cm, hæst í hlöðunni, og breidd um 0,7-1 m, og eru veggir úr torfi og grjóti. Garði í fjárhúsi er um 50 cm hár og um 1 m breiður.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Alllangt út frá bænum eru gamlar fjárhústóftir. Nokkuð fyrir sunnan þær er lækur, sem hét Kelda. Lækur þessi rennur í bæjarlækinn, og myndast þríhyrningur milli þeirra, sem kallast Tungur. Stafar fleirtölunafnið af því, að elzti vegurinn [3356-141], (sem ég man eftir), lá yfir þríhyrninginn og skipti honum í tvær tungur. Vegur þessi lá svo nokkurn veginn í hánorður fyrir ofan áður umgetnar fjárhústóftir, sem að vísu voru þá stór fjárhús og stóðu til 1937. Nú heita þar Húshólar“ (bls. 2). Borkjarnar voru teknir í tóftina sem hluti af Byggðasögurannsókninni árið 2017. Niðurstaðna er ekki getið í rannsóknarskýrslu (Guðný Zoëga et al., 2018) en skv. rannsakanda fundust ekki aðrar leifar en útihúss (Guðný Zoëga, munnl. heim.).

Illugastaðir-3356-137

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Staðhættir

Innan túns Illugastaða, á smá hrygg um 110 m NNV af íbúðarhúsinu á Illugastöðum og um 7 m suðvestur af tóft [3356-135] er hóll sem virðist vera mannvistaruppsöfnun.

Lýsing

Hóllinn er grænni en umhverfið og grunsamlega ójafn að ofan, sé horft til nánasta umhverfis. Ekki er hægt að greina neina lögun eða veggjabrot en þýfið ofan á honum virðist vera vísbending um leifar af einhverju mannvirki. Hóllinn er um 12x9 m að umfangi og um 1 m hár.



Mynd 152. Hóll [3356-137], horft til suðvesturs.

Illugastaðir-3356-138

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft, niðurgröftur

Staðhættir

Innan túns Illugastaða, um 8,5 m VSV hól [3356-137], um 10 m austur af læk og rétt rúmlega 100 m norðvestur af íbúðarhúsinu á Illugastöðum er óljós tóft.



Mynd 153. Tóft [3356-138], horft til suðvesturs.

Lýsing

Tóftin samanstendur af tveimur greinilegum 16 m löngum veggjabrotum sem liggja samsíða norðaustur-suðvestur, tóftin er opin í báða enda og er Y-laga til suðvesturs. Veggirnir eru minnst um 10 cm háir og 1 m breiðir norðaustast en hækka og breikka til suðvestur, mest í um 1,5 m hæð (innanmál) og um 3 m breidd. Rýmið innan veggjanna er aðeins um 1,5 m breitt norðaustast en breiðkar til suðvesturs og er mest um 2,5 m breitt. Þá virðist rýmið innan tóftaveggjanna vera aðeins niðurgrafið þar sem það



Mynd 154. Uppmæling af tóft [3356-138].

liggur neðar en yfirborðið utan veggjanna og niðurgröfturinn nær ögn lengra til norðausturs en veggirnir, þá um 10 cm djúpur. Þá er um 30 cm djúp hola í suðvesturenda rýmisins, við opið þeim megin. Tóftin og svæðið umhverfis er afar gróið miklu grænu grasi. Svæðið er allt um 21,5 m langt.

Undan tóftinni til suðvesturs er smá halli og þar, um 2 m niður af tóftinni, er flötur, nær ferhyrndur, um 4x8 m að stærð, ílangur, nálega norður-suður. Svæðið hefur verið jafnað/sléttað, mest niðurgrafið, 10-50 cm djúpt (dýpst syðst), en flöturinn hefur verið hlaðinn upp norðanvert þar sem landið lækkar undan honum. Jarðvegur er ansi harðbala á þessum fleti og á honum snauður gróður, þá sér í þrjá stærðar steina standa upp úr jörðinni sunnanvert en jarðvegurinn virðist auk þess vera heldur grýttari þeim megin en norðanvert. Vestur af þessum fleti tekur aftur við smá halli á um 1-2 m kafla og niður undan honum er síðan annar ferhyrndur flötur, 8x2 m að stærð, ílangur, nálega norður-suður. Það er 30 cm bakki þar sem flöturinn mætir brekkunni en flöturinn er annars í sömu hæð og umhverfið. Flöturinn er harðbala og gróðursnauður líkt og hinn en ekki er að sjá grjót.

Veggjabrotin og niðurgreftirnir eru hér skráð sem ein heild, enda ómögulegt að draga þá ályktun að þau séu ekki hluti af sama mannvirkinu en erfitt er að segja um hvers konar mannvirki hefur verið að ræða. Hugsanlega er svæðið raskað af seinni tíma framkvæmdum.

Illugastaðir-3356-139

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Staðhættir

Innan túns á Illugastöðum, um 11 m suðvestur af minjum [3356-138], fast austan við læk, tæplega 100 m NNV af íbúðarhúsinu á Illugastöðum er ávalur hóll.



Mynd 155. Hóll [3356-139], horft til vesturs.

Lýsing

Hóllinn er grænn og ávalur, um 7x6,5 m að utanmáli og um 1 m hár. Gróður á hólnum er ólíkur því sem er í næsta umhverfi, á honum er finna gras og fiðlar austan og vestan við, en ekki snarrótarsina eins og í kring. Hóllinn minnir á lítinn öskuhaug en staðsetningin er þó ólíkleg fyrir slíkar minjar. Hlutverk er því óljóst, en hóllinn virðist innihalda mannvistarleifar.

Illugastaðir-3356-140

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá er talað um „neðri húsatóft“ sem gæti verið innan skráningarsvæðisins, en gæti þó einnig vel verið vestan þess, þar sem vesturmörk svæðisins liggja einmitt um svæðið sem lýsingin á við um: „Fyrir sunnan [Hesthúshól og Garðhól] er Hesthúslækurinn, og fyrir sunnan hann, upp að neðri húsatóft og suður að bæjarlæknum, en niður að Miklavatni, nefnist Vatnshúsvöllur“ (bls. 2). Ef tóftin er innan svæðis gæti verið að átt sé við tóft [3356-138], eða ef tóft hefur staðið á hól [3356-139] gæti þetta átt við um hana. Ef svo er ekki eru allar líkur á að tóftin hafi verið nokkuð vestar, utan skráningarsvæðisins, eða hún sé horfin, því varla á lýsingin við um útihústóft [3356-134] sem var líklega þá þegar farin undir veg.

Illugastaðir-3356-141

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Í túni Illugastaða eru leifar af götu sem lá neðan við bæinn og norður úr túninu. Gatan var greinileg á köflum við vettvangsskráningu en var lengd og teiknuð upp að stóru leyti af loftmynd. Þegar komið er norður fyrir bæinn og yfir bæjarlækinn tekur gatan stefnu til norðausturs, nokkurn



Mynd 156. Leið [3356-141], horft til suðurs.

veginn að fjárhústóft [3356-135] þar sem hún beygir til NNV og liggur að tóft [3356-132] þar sem hún hverfur að mestu. Passar þessi lega við götu sem teiknuð er á túnakort frá 1918. Á greinilegasta kaflanum er leiðin dálítið niðurgrafinn og bakki austan við hana, um 50 cm hár.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Í gamla daga lá vegurinn um hlaðið á þessum bæjum. En um aldamótin síðustu var vegurinn færður niður fyrir túnin“ (bls. 1). Þar segir einnig: „Alllangt út frá bænum eru gamlar fjárhústóftir [3356-135]. Nokkuð fyrir sunnan þær er lækur, sem hét Kelda. Lækur þessi rennur í bæjarlækinn, og myndast þríhyrningur milli þeirra, sem kallast Tungur. Stafar fleirtölunafnið af því, að elzti vegurinn, (sem ég man eftir), lá yfir þríhyrninginn og skipti honum í tvær tungur. Vegur þessi lá svo nokkurn veginn í hánorður fyrir ofan áður umgetnar

fjárhústöftir“ (bls. 2). Örnefnið „Traðirnar“ virðist einnig eiga við þennan veg (Ö-Illugastaðir: 2). Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Þjóðleið lá um hlaðið á Illugastöðum en um aldamótin 1900 var vegurinn færður niður fyrir túnin. Þar var gerður upphlaðinn vegur og lá hann niður með Miklavatni um Brúnastaðaeýrar, neðan við túnið á Brúnastöðum. Um 1924 var vegurinn færður í annað sinn og þá nokkuð upp fyrir bæina á Illugastöðum og Brúnastöðum. Sést sá vegur ágætlega enn, um 100 m fyrir ofan túnið á bænum. Árið 1941 var vegurinn færður í þriðja sinn og lagður í gegnum tún fyrrnefndra jarða, rétt neðan við hlaðbrekkuna á Illugastöðum og er hann þar í dag“ (IX: 380).

Illugastaðir-3356-142

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Gamla bæjarstæðið er þar sem nú stendur íbúðarhúsið á Illugastöðum sem reist var 1948. Bærinn fór í eyði 1962 (BS IX: 376). Nú er húsið sumarbústaður. Var bærinn byggður upp að nýju um aldamótin 1900, en brann 1918. Árið 1919 var byggt aftur og byggt við og bætt þar til nýja húsið var reist, steinsteypt, árið 1948 eins og áður getur. Ekki er bæjarhóllinn sérlega greinilegur, en íbúðarhúsið stendur þó á smá hól, sléttum að ofan. Miklar framkvæmdir hafa verið í kringum húsið í seinn tíð og svæðið m.a. girt af. Staðsetning íbúðarhússins sem stóð þegar túnakortið var teiknað árið 1918 var teiknuð upp í landupplýsingagögn af túnarkotinu og gæti gætt nokkurrar skekkju. Við það, á bæjarhólnum, er einnig teiknaður matjurtagarður [3356-143], en hann er, líkt og leifar gamla bæjarins, alveg horfinn.

Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Bæjarstæðið er enn hið sama og verið hefur um aldir, skammt ofan núverandi veglínu Siglufjarðarvegar“ (IX: 380).



Mynd 157. Drónamynd af bæjarstæði Illugastaða. Sumarbústaðurinn stendur á gamla bæjarstæðinu [3356-142]. Túngarðurinn [3356-131] sést vel ofan túnsins. Horft til suðurs.

Illugastaðir-3356-143

Hlutverk: Matjurtagarður, útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Á túnakort frá 1918 er teiknaður inn matjurtagarður og það sem gæti verið lítið hús í horni hans. Voru þessi mannvirki teiknuð upp í landupplýsingagögn af túnakortinu og gæti gætt nokkurrar skekkju. Engar leifar sjást af mannvirkjunum í dag.

Aðrar upplýsingar

Í Jarðalýsingu frá 1917 segir að á bænum sé 100 fermetra matjurtagarður, lítið reyndur (BS IX: 378).



Mynd 158. Uppmælingar af minjum í og við suðurhluta túns Illugastaða. Svarta línan sýnir vesturmörk skráningarsvæðisins.

Illugastaðir-3356-144

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Innan túns á Illugastöðum, um 45 m suðaustur af íbúðarhúsinu, á nokkuð sléttum en þýfðum grasfleti, er tóft.

Lýsing

Tóftin er aðeins ílöng og sívöl, um 9x4,5 m að utanmáli. *Mynd 159. Tóft [3356-144], horft til VSV.*

Ekkert augljóst op er á henni en á nokkrum stöðum vísbendingar um hugsanlegt op, en þó ekkert nægilega afgerandi. Tóftin er sokkin og þúfuhlaupin, algróin grasi. Veggjahæð er um 20-40 cm og breidd um 0,6-0,8 m.



Illugastaðir-3356-145

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í vesturjaðri Hjallhóls, innan túns á Illugastöðum, um 56 m ASA af íbúðarhúsinu, er tóft.

Lýsing

Tóftin er mjög gróin og nokkuð óglögg, en virðist vera tvískipt og frekar ferköntuð.

Utanmál tóftarinnar er um 8,8x7,3 m. Op er á austurgafli

til austurs og hugsanlega gæti verið op til suðurs á vesturrými, en það var ekki nógu afgerandi til að vera mælt inn. Mikið og hátt puntgras þekur tóftina og svæðið í kring. Veggir tóftarinnar er um 40-60 cm háir og um 0,6-1 m breiðir.

Mynd 160. Tóft [3356-145], horft til vesturs.



Illugastaðir-3356-146

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norðan í Hjallhól, áföst túngarði Illugastaða [3356-131] innanverðum, um 66 m austur af íbúðarhúsinu er tóft.

Lýsing

Tóftin er áföst garðlaginu þar sem það endar við dokk í landslaginu. Tóftin er einföld og algróin. Utanmál tóftarinnar er um 6,5x5,2 m og er op á henni til vesturs. Hæð veggja er um 30-60 cm og breidd um 0,7-1 m.



Mynd 161. Tóft [3356-146], horft til austurs.

Illugastaðir-3356-147

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norðan á Hjallhól, upp við túngarð Illugastaða [3356-131] innanverðan, um 3,5 m norðaustur af tóft [3356-145] og um 5 m suður af tóft [3356-146] er tóft.

Lýsing

Tóftin er einföld og byggð upp við túngarðinn. Utanmál tóftarinnar er um 5,8x6 m, án túngarðsins. Op er til vesturs við norðvesturhorn. Tóftin er algróin miklu grasi líkt og aðrar minjar á svæðinu. Hæð veggja er um 40-60 cm og breidd um 0,7-1 m.



Mynd 162. Tóft [3356-147], horft til austurs.

Illugastaðir-3356-148

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norðan á Hjallhól, upp við túngarð Illugastaða [3356-131] utanverðan, um 8,5 m norður af hjalltóft [3356-150] og um 75 m austur af íbúðarhúsinu er tóft.



Mynd 163. Tóft [3356-148], horft til vesturs.

Lýsing

Tóftin er ólöguleg, algróin og þúfuhlaupin, gæti verið náttúrumyndun en er ansi grunsamleg þar sem mikið er af minjum á svæðinu. Tóftin virðist vera skeifulaga með op til austurs, um 5 m í þvermál að utanmáli. Veggjahæð er um 20-40 cm og breidd um 0,5-0,8 m.

Illugastaðir-3356-149

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á Hjallhól, upp við túngarð Illugastaða [3356-131] utanverðan, um 7 m VSV frá hjalltóft [3356-150] er tóft. Vik er í túngarðinn rétt norðan við tóftina þar sem virðist hafa verið gengið út úr túninu, beint vestur af hjalltóft [3356-150].

Lýsing

Tóftin er lítil, gróin og lætur lítið yfir sér, en virðist vera byggð upp við túngarðinn og er veggur hennar því L-laga til suðurs og austurs og túngarðurinn myndar vesturvegg hennar. Opið er til norðurs. Hæð veggja er um 40-50 cm og breidd um 0,6-0,8 m.



Mynd 164. Tóft [3356-149], upp við túngarð [3356-131]. Horft til suðurs.

Illugastaðir-3356-150

Hlutverk: Hjallur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á Hjallhól, um 9 m austan/utan túngarðs Illugastaða [3356-131], um 85 m ASA af íbúðarhúsinu, er hjalltóft.

Lýsing

Tóftin er opin í báða enda og eru samsíða veggir til austurs og vesturs. Um greinilega hjalltóft er að ræða. Tóftin er um 5,8x6,2 m að utanmáli. Vesturveggur tóftarinnar er töluvert sokkinn og mikið lægri og breiðari en sá eystri. Veggjahæð er um 30-60 cm og breidd um 0,8-1,5 m. Þótt einungis sé ein tóft sem er greinileg hjalltóft, er ekki loka fyrir það skotið að fleiri tóftir á hólnum séu af hjöllum.



Mynd 165. Hjalltóft [3356-150], horft til suðausturs.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir sunnan og ofan bæinn er hóll áfastur Tveggjadagaslætti, sá heitir Hjallhóll. Þar var í gamla daga fiskihjallur, þegar útræði var mest úr Hraunakrók“ (bls. 2).

Illugastaðir-3356-151

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Upp við túngarð Illugastaða [3356-131] utanverðan/austanverðan, um 12 m suður af tóft [3356-149] og um 18 m NNV af tóft [3356-152] er garðlag. Á milli garðlagsins og tóftar [3356-152] er op á túngarðinum.

Lýsing

Garðlagið er ílangt og liggur samsíða túngarðinum og lokast að honum til suðurs. Opið er til norðurs. Garðlagið myndar rými við túngarðinn sem er um 11,5 m langt og 2,3 m breitt. Hlutverk er óljóst. Hæð garðlagsins er um 30-60 cm, hærra að innanverðu, og breidd um 0,6-0,8 m.



Mynd 166. Garðlag [3356-151] áfast túngarði [3356-131]. Horft til suðurs.

Illugastaðir-3356-152

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Byggð inn í túngarð Illugastaða [3356-131], um 110 m suðaustur af íbúðarhúsinu, skammt suður af opi í túngarðinn, er tóft.

Lýsing

Tóftin er tveggja hólfa og er í raun í miðjum túngarðinu. Utanmál tóftarinnar er um 11,2x8,2 m. Op er til norðurs utan við túngarðinn og opið er á milli rýma í tóftinni. Einnig virðist vera op á vesturlangvegg til vesturs, inn í túnið. Tóftin er nokkuð sokkin og lætur minna yfir sér en túngarðurinn. Veggir eru um 20-50 cm háir og um 0,6-1 m á breidd, en eru hæstir og breiðastir þar sem tóftin mætir túngarðinum.



Mynd 167. Tóft [3356-152] byggð inn í túngarð [3356-131]. Horft til norðurs.

Illugastaðir-3356-153

Sérheiti: Gamlistekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir


Í grasi og lyngi gróinni brekku sem hallar niður að Miklavatni, um 125 m suðvestur af Siglufjarðarvegi, um 990 m norðvestur af íbúðarhúsinu á Illugastöðum er tóft.

Lýsing

Tóftin er algróin og sokkin, þúfuhlaupin og samlöguð umhverfinu. Tóftin er gróin grasi, lyngi, mosa og ljónslöpp, um 7x4,5 m að utanmáli. Tóftin er tvískipt og er norðausturhólfíð hærra og minna. Veggir eru út torfi, um 20-40 cm háir og 50-70 cm á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í ornefnaskrá segir: „Út og niður frá [Vörðuhól] er Stekkjarholt; þar fyrir utan á Vatnsbakkanum er Nýistekkur [3356-155], þar fyrir norðan Enni, þá Gamlistekkur“ (bls. 3). Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Stekkir. Fjórir stekkir eru þekktir í landi Illugastaða. Tveir þeirra eru norður með bökkum Miklavatns en sá þriðji skammt til austurs frá bænum. Sá fjórði er nokkuð austan við Héðinsfjarðardalsá, óvenjulangt frá bæ“ (IX: 381).



Mynd 168. Uppmæling af Gamlastekk [3356-153].

Illugastaðir-3356-154

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í grasi og lyngi gróinni brekku með nokkrum halla mót suðvestri, um 110 m norðaustur af Siglufjarðarvegi og um 840 m NNV af íbúðarhúsinu á Illugastöðum, er tóft. Lítil lækjarspræna rennur skammt norðan við.

Lýsing

Tóftin er þriggja hólfa og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er um 13,5x6,5 m að utanmáli. Líklega er op á suðvestasta hólfinu til suðurs, en það virðist nokkuð raskað og runnið til. Veggir eru úr torfi, um 20-100 cm á hæð og 2 m á breidd. Veggir eru aðeins gengnir til, líklega er hreyfing á jarðvegi í brekkunni. Tóftin



Mynd 169. Uppmæling af tóft [3356-154].

er grasivaxnari til suðvesturs en meira lyng er ofar, til norðausturs. Þar er einnig smá tota til norðausturs sem gæti innihaldið mannvistarleifar en er ekki greinilegur hluti veggjarins (sjá gula línu á mynd 169). Hugsanlega eru tvær kynslóðir bygginga á þessum stað, og yngri fasinn þá neðar. Það gæti útskýrt gróðurmuninn.



Mynd 170. Tóft [3356-154], horft til suðurs.

Illugastaðir-3356-155

Sérheiti: Nýistekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á grasi grónum bala nálægt vatnsbakka Miklavatns, um 140 m suðvestur af Siglufjarðarvegi og 670 m norðvestur af íbúðarhúsinu á Illugastöðum er tóft, á mörkum skráningarsvæðisins.

Lýsing

Tóftin er stórgerð og mjög grasi gróin. Hún er tvískipt um 13,5x12 m að utarmáli. Op er til suðvesturs og opið er á milli hólfa inni í tóftinni. Veggir eru stæðilegir, um 60-80 m á hæð og 0,8-1,2 m á breidd. Tóftin er frekar ungleg.



Mynd 171. Tóft [3356-155], horft til suðvesturs.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Út og niður frá [Vörðuhól] er Stekkjarholt; þar fyrir utan á Vatnsbakkanum er Nýistekkur“ (bls. 3). Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Stekkir. Fjórir stekkir eru þekktir í landi Illugastaða. Tveir þeirra eru norður með bökkum Miklavatns en sá þriðji skammt til austurs frá bænum. Sá fjórði er nokkuð austan við Héðinsfjarðardalsá, óvenjulangt frá bæ“ (IX: 381).

Illugastaðir-3356-156

Sérheiti: Vörðuhóll

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá er Vörðuhóll sagður rétt neðan við veginn, skammt suðaustan við Nýjastekk [3356-155]. Ekki fannst varða á svæðinu, en hún gæti verið hrunin og ógreinileg, eða horfin vegna vegaframkvæmda. Ekki er sett staðsetning í landupplýsingagögn þar sem áætluð staðsetning er ekki nægilega nákvæm.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Lengra út með vatninu er ofurlítill vík sem heitir Fuglavík. Þar út og upp við veginn er hóll eða holt, sem nefnist Vörðuhóll“ (bls. 3).

Illugastaðir-3356-157

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Gatan virðist liggja norðaustur af götu [3356-212] en gæti þó vel verið eldri en sú gata. Gatan er greinilegust um 340 m í hánorður frá íbúðarhúsinu á Illugastöðum. Líklega er þessi gata hluti af heybandsvegi/fjargötu sem lýst er í örnefnaskrá frá 1941. Hún liggur í dag upp á slóða liggur suður með Lambanesásnum og enn virðist nýttur. Líklega liggur hann yfir gamla heybandsveginum/fjargötunni. Gatan er mjög greinileg í gegnum vík í landslaginu, alveg austast á skráningarsvæðinu, að öðru leyti er hún ógreinilegri og meira eins og kindagata þar sem hún sést á yfirborði. Línán er teiknuð upp í landupplýsingagögn að miklu leyti af loftmynd.



Mynd 172. Horft norðaustur eftir leið [3356-157].

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir sunnan [Lambanes]Ásinn er laut, og eftir henni liggja fjargötur og heybandsvegur; nefnist hún Langalaut“ (bls. 3-4).



Mynd 173. Yfirlitskort yfir minjar [3356-158-163]. Túngarður [3356-131] sést til hægri. Svarta línan sýnir afmörkun skráningarsvæðisins. Minjar Björnshúsa eru utan skráningarsvæðisins, á bakka Miklavatns. Rauðir punktar eru kolagrafir.

Illugastaðir-3356-158 [eldra númer: 1787-032]

Hlutverk: Óþekkt, túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Um 410 m NNA af íbúðarhúsinu á Illugastöðum, fast vestan við Siglufjarðarveg og niður að Miklavatni, liggur gamalt garðlag.

Lýsing

Garðlagið liggur á um 140 m löngum kafla, en í það eru nokkur vik þannig að raunveruleg lengd þess er um 130 m. Garðlagið liggur í smá krók austast, við Siglufjarðarveginn, virðist þar koma úr suðaustri og beygir svo til vesturs og suðvesturs um 25 m vestur af veginum. Miðað við stefnu garðlagsins er ekki ólíklegt að það hafi á einhverjum tímapunkti verið tengt túngarði Illugastaða, en innan við 115 m eru á milli garðendanna, og liggur Siglufjarðarvegurinn þar á milli. Má gera ráð fyrir að framkvæmdir við veginn hafi rofið garðinn og raskað honum á því svæði. Garðurinn er mjög gamallægur, sokkinn og þúfuhlaupinn. Hann er gróinn lyngi og mosa. Hæð garðlagsins er um 30-60 cm en breidd um 0,8-1,5 m.



Mynd 174. Garðlag [3356-158], horft til norðausturs. Siglufjarðarvegur í baksýn.

Aðrar upplýsingar

Í fornleifaskráningarskýrslu frá 2016 segir: „Túngarðurinn á Illugastöðum að norðan sést á um 150m kafla frá Miklavatni til norðausturs upp að þjóðveginum. Garðlagið er á bilinu 20-50sm hátt og 1,5-2,5m á breidd á þessum kafla, algróið lyngi og mosa og fremur fornlegt að sjá. Garðlagið sést einnig vel á loftmynd ofan vegar og austan við túnið á Illugastöðum suður að merkjagarði (1787-45) milli Illugastaða og Brúnastaða og hefur hann einnig þjónað sem túngarður beggja jarða á sínum tíma“ (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 24-25). Garðurinn var mældur upp við þá skráningu og var uppmælingin notuð við þessa skráningu, enda ekki talin ástæða til endurmælingar.

Garðlagið var einnig rannsakað sem hluti af Byggðasögurannsókninni árið 2017. Í rannsóknarskýrslu segir: „Kjarni var tekinn í mjög fornlegt garðlag sem lá upp frá Miklavatni utan tóftanna. Óljóst er hvort að garðurinn hafi verið túngarður eða haft annað hlutverk en sá garður var hlaðinn eftir 1104“ (Guðný Zoëga et al., 2018: 17).

Illugastaðir-3356-159 [eldra
númer: 1787-034]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Upp við garðlag [3356-158] innanvert/sunnanvert, um 55 m vestur af Siglufjarðarvegi og um 450 m NNV af íbúðarhúsinu á Illugastöðum er stór þúst.

Lýsing



Mynd 175. Þúst [3356-159], horft til suðurs.

Þústin er nokkuð stór og nærri ferhyrind. Hún er flöt að ofanverðu og í hana eru nokkrar dældir. Þústin sker sig úr umhverfinu þar sem á henni er mólendisgróður en allt í kring graslendi. Hæð þústarinnar er um 40-60 cm og utanmál hennar er um 12,5x17 m. Þústin gæti verið náttúrumyndun en gæti vel innihaldið mannvistarleifar.

Aðrar upplýsingar

Í fornleifaskráningarskýrslu frá 2016 segir: „Upp við túngarðinn að norðan á Illugastöðum um 80m upp af Miklavatni eru þústir á lágum hól. Hóllinn virðist að hluta náttúrulegur og standa stórir steinar upp á milli þúfna á köflum. Engin veggjalög eru greinanleg en svæðið engu að síður tóftalegt, og heldur grænna en umhverfið. Það myndar ferhyrning sem er um 15x15m á kant með á bilinu 40-60sm háan kannt. Mögulega eru þarna einhverjar byggingaleifar þótt ekki sé hægt að fullyrða um það án frekari rannsókna“ (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 26).

Illugastaðir-3356-160 [eldra númer: 1787-035]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Fast norðan við vestasta hluta garðlags [3356-158], við vatnsbakka Miklavatns, er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er mjög greinilegt, vinkillaga, og grasi gróðið.



Mynd 176. Minjar [3356-160], fjær, og [3356-161] neðan við miðja mynd.

Hæð garðlagsins er um 30-40

cm og breidd um 0,6-0,7 m, og það er í heildina um 40 m langt. Garðlagið nær að vatninu til beggja enda og myndar því smá landspildu sem er afgirt af því. Hlutverk er óljóst.

Aðrar upplýsingar

Í fornleifaskráningu frá 2016 segir: „Niðri við Miklavatn rétt norðan við túngarðinn á Illugastöðum er vinkillaga garðlag sem lokar af lítið þríhyrnt hólfi út við vatnið. Ofan við er uppspretta og svolítill lækur sem rennur meðfram garðlaginu til norður út í vatnið. Garðlagið er torfhlaðið um 50-70sm breitt og 30-40sm hátt. Engar tóftir voru greinanlegar innan garðs“ (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 27).

Illugastaðir-3356-161

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla

Staðhættir

Fast ofan við horn garðlags [3356-160], þar sem það tekur vinkilbeygju, er niðurgröftur og hugsanleg upphleðsla meðfram honum.

Lýsing

Mögulega er um náttúrumyndun að ræða, en vegna nálægðar við minjar verður þetta skráð hér sem hugsanlegt mannvirki, enda er niðurgröfturinn nokkuð hringlaga og að því er virðist rás frá honum og að garðlaginu [3356-160]. Vatn úr rásinni rennur síðan norðvestur með garðlaginu og út í Miklavatn. Upphleðslan virðist greinilegust norðanvert, mest um 30 cm há, og er niðurgröfturinn grafinn að einhverju leyti inn í brekku. Hlutverk er óljóst. Niðurgröfturinn minnir á niðurgröft fyrir myllu en engar aðrar vísbendingar eru um slíkt mannvirki.

Illugastaðir-3356-162 [eldra númer: 1787-033]

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Staðhættir

Skáhalt í gegnum skráningarsvæðið frá norðri til suðurs, vestan Siglufjarðarvegar, er gamall vegur. Vegurinn er um 26 m vestur af garðlagi [3356-163] og syðsti hluti vegarins, sem er innan skráningarsvæðisins, er um 300 m NNV af íbúðarhúsinu á Illugastöðum.

Lýsing

Vegslóðinn er algróinn grasi en sést þó nokkuð greinilega, alveg þar til hann kemur norður úr garðlagi [3356-158], þar sem hann hverfur smám saman. Vegurinn sést á um 180 m löngum kafla innan skráningarsvæðisins, en hefur náð lengra til norðurs innan svæðisins þótt hann sé óglöggur þar núna. Vegurinn er upphlaðinn og um 1,5-2,5 m á breidd, allt að 50 cm hár. Pæla er vestan við veginn og hefur efni í hann mögulega verið stungið að einhverju leyti þar upp og hlaðið upp í veginn.

Aðrar upplýsingar

Í ornefnaskrá segir: „Í gamla daga lá vegurinn um hlaðið á þessum bæjum [3356-141]. En um aldamótin síðustu var vegurinn færður niður fyrir túnin. Þar var gerður upphleyptur vegur, og var mölin flutt í hjólbörum, kláfum eða borin á bakinu, því að þá voru kerrur ekki til í sveitinni. Þetta var í mínu ungðæmi. Vegurinn lá svo með vatninu og suður svokallaðar Brúnastaðaeयरar neðan við túnið sjálft. Um 1920 var vegurinn færður í annað sinn og lá þá alllangt fyrir ofan þessa bæi, og voru það mest troðningar [3356-212]. Nú í ár (1941) er vegurinn færður í þriðja sinn og lagður í gegnum tún fyrrgreindra jarða, rétt neðan við Hlaðbrekkuna, og þar á hann að liggja framvegis“ (bls. 1).

Í fornleifaskráningu frá 2016 segir: „Vegurinn er upphlaðinn á bilinu 1,5-2,5m breiddur og 10-40sm hærri en umhverfið. Vegurinn sést út við Miklavatn neðan við hólana norðan nyrsta túnsins á Illugastöðum og þaðan til norðurs og í gegnum túngarðinn fast neðan við þjóðveginn“ (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 26).

Illugastaðir-3356-163 [eldra númer: 1787-040]

Hlutverk: Matjurtagarður, rétt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna rofs



Mynd 177. Horft norður eftir vegi [3356-162]. Siglufjarðarvegur í baksýn.



Mynd 178. Drónamynd af garðlagi [3356-163] og vegi [3356-162]. Einnig sést glitta í garðlag [3356-165] neðarlega lengst til hægri. Dæld [3356-164] er vinstra megin við garðlagið, en sést mjög óglöggt á myndinni.

Staðhættir

Á nokkuð sléttum grasfleti á hól, um 25 m vestur af Siglufjarðarvegi og um 245 m NNV af íbúðarhúsinu á Illugastöðum er garðlag.



Mynd 179. Horft til norðurs yfir garðlag [3356-163].

Lýsing

Garðlagið er stórt og stæðilegt og hefur verið tvískipt. Garðlagið er mjög raskað á austurgafli og norðausturhorni, líklega vegna framkvæmda við Siglufjarðarveg. Utanmál garðsins er um 36x18 m og snýr það nokkurn veginn austur-vestur. Vestara rýmið er aðeins minna en það eystra. Smá rof er í garðlaginu við norðvesturhorn. Suður- og norðurhliðar eru aðeins sokknar en vesturhlið stendur vel. Hæð garðlagsins er um 30-80 cm og breidd þess um 0,5-1 m. Líklega er um matjurtagarð að ræða, sbr. örnefnaskrá, en hugsanlega gæti þetta einnig verið rétt.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Niður af [Hesthúshól] nær vatninu er annar hóll, sem heitir Garðhóll; þar var áður stór matjurtagarður“ (bls. 2). Líklegt verður að teljast að örnefnið Garðhóll tengist þessum minjum.

Í fornleifaskráningu frá 2016 segir í kjölfar umfjöllunar um Garðhól í örnefnaskrá: „Mögulega eru þessi garðlög leifar af umræddum matjurtagarði en einnig er hugsanlegt að um rétt sé að ræða. Annar greinilegur matjurtagarður (1787-43) er utan í aflöngum hól suðvestur af þessu mannvirki, með mun lægri og óverulegri vegg umhverfis.“ Einnig segir: „Mannvirkið er í nokkrum halla til SSA og skiptist í tvennt, vestara hólfið er minna 13x17m að innanmáli en það austara um 22x17m að því er virðist en norðaustur hornið er horfið sem og nær allur austurveggurinn. Þar er rofablettur en mögulega hefur garðurinn orðið fyrir raski þegar þjóðvegurinn var gerður. Veggir eru stæðilegir á köflum en skörð í þeim á nokkrum stöðum að mestu gróin. Vegghæð á bilinu 30-120sm og breidd víðast hvar rúmlega 1m. Fyrir miðjum norðurvegg mannvirkisins er smá hólbunga sem skagar til norður og gæti mögulega verið leifar af einhverju eldra mannvirki en það er óljóst“ (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 29).

Illugastaðir-3356-164

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Staðhættir

Vestan Siglufjarðarvegar, um 60 m vestan vegarins, um 15 m suður af garðlagi [3356-163] og um 6 m norðvestur af garðlagi [3356-165] er dæld í graslendi.

Lýsing

Dældin er algróin grasi, jöfn og hringlaga. Þvermál dældarinnar er um 1,2 m og dýpt hennar um 30 cm. Hlutverk er óljóst en gæti tengst Björnshúsum sem eru rétt utan skráningarsvæðisins.

Illugastaðir-3356-165

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í grasi gróinni brekku vestan Siglufjarðarvegar, um 20 m suður af garðlagi [3356-163] og um 240 m norðvestur af íbúðarhúsinu á Illugastöðum er garðlagsbútur.

Lýsing

Garðlagsbúturinn er algróinn grasi en þó greinilegur. Efri/nyrðri brún garðlagsins er hærri, en sú syðri lægri og er nærri jafn há og umhverfið. Hæð garðlagsins er um 20-60 cm. Garðlagið er frekar jafnbreitt, um 0,5-0,6 m. Garðlagið er skráð um 11 m langt en suðvesturendi þess nær út fyrir skráningarsvæðið. Hlutverk er óljóst en gæti tengst Björnshúsum sem eru rétt utan skráningarsvæðisins.



Mynd 180. Garðlag [3356-165], horft til ANA.

Illugastaðir-3356-166

Hlutverk: Óþekkt, stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan Siglufjarðarvegar, í útjaðri skráningarsvæðisins, um 240 m austur af veginum og um 310 m NNA af íbúðarhúsinu á Illugastöðum, skammt austur af götu [3356-157] eru tvær tóftir í gróinni skál. Þetta er sú nyrðri og stærri. Skálin er með nokkuð háa bakka til austurs og norðurs, en lægri til suðurs, opin til vesturs.

Lýsing

Tóftin er tvöföld og virkar mjög gömul. Tóftin kúrir á botni



Mynd 181. Uppmælingar af minjum [3356-166 og 167].

skálarinnar í grashvilt og er mjög samlöguð umhverfinu, gróin lyngi, grasi og mosa. Utanmál tóftarinnar er um 10x7,6 m og snýr hún nálega austur-vestur. Vestara hólfið er nokkuð stærra og er op á því til suðurs. Austara hólfið er minna bæði að utan- og innanmáli, en einnig er op á því til suðurs. Smá stallur er sums staðar út fyrir vegg tóftarinnar sem gæti bent til eldri minja undir, en það gæti einnig verið hrun sem hefur gróið upp. Hugsanlega mótar fyrir grjóti undir gróðri en það sést þó ekki. Veggir eru um 20-40 cm háir og um 1,2-1,8 m breiðir. Sé horft til gerðar tóftarinnar og fjarlægðar frá bæ gæti verið hér um gamlan stekk að ræða.

Illugastaðir-3356-167

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan Siglufjarðarvegar, í útjaðri skráningarsvæðisins, um 240 m austur af Siglufjarðarvegi og um 310 m NNA af íbúðarhúsinu á Illugastöðum, skammt austur af götu [3356-157] eru tvær tóftir í gróinni skál. Þetta er sú syðri, sem er um 2 m suður af suðausturhorni tóftar [3356-166]. Skálin er með nokkuð háa bakka til austurs og norðurs, en lægri til suðurs, opin til vesturs.



Mynd 182. Horft yfir minjar [3356-166 og 167] til suðurs.

Lýsing

Tóftin er mjög samlöguð umhverfinu og óljós. Hugsanlega gæti þetta verið stór, uppgróin kolagröf með stórum uppmokstri, sem þá virðast eins og veggir, en nálægðin við tóft [3356-166] gerir það líklegt að þetta geti verið smátóft. Utanmál er um 4x4,7 m. Veggjahæð er um 20 cm og breidd um 1-1,3 m.

Illugastaðir-3356-168

Hlutverk: Brú

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta vegna rofs

Staðhættir

Á leið [3356-212], yfir Grafargil, um 260 m norðaustur af íbúðarhúsinu á Illugastöðum, 20 m suðvestan við mógrafir [3356-170] er upphleðsla yfir læk.

Lýsing

Upphleðslan er yfir læk og er greinanleg beggja vegna lækjarins. Upphleðslan virðist alfarið hlaðin úr torfi og jarðvegi, lítið sést af grjóti, og engin eiginleg hleðsla. Upphleðslan er vel gróin grasi, en þar sem lækurinn rennur undir hefur hún rofnað og er miðjan fallin ofan í lækinn og nokkuð rofið undan hleðslunni út frá því. Að jafnaði er upphleðslan um 1 m há, en talsvert hærri beint yfir læknum, en það er einnig lægsti punktur þar sem hleðslan liggur í brekkum beggja vegna og niður að læknum. Upphleðslan er um 2-3 m breið.



Mynd 183. Brú [3356-168] fyrir miðri mynd. Leið [3356-212] liggur að brúnni á báða vegu. Horft til suðausturs.

Illugastaðir-3356-169

Hlutverk: Torftökustaður

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Á leið [3356-212], yfir Grafargil, um 260 m norðaustur af íbúðarhúsinu á Illugastöðum, 20 m suðvestan við mógrafir [3356-170] er upphleðsla [3356-168] yfir læk, um 2 m austan við hana er niðurgröftur á lækjarbakkanum.

Lýsing

Niðurgröfturinn er líklega leifar af torftökusvæði fyrir upphleðslu [3356-168]. Svæðið er mest um 70 cm djúpt, en yfirleitt um 30-40 cm. Umfang svæðisins er um 2x2,6 m og er það á sléttum fleti í halla niður að læknum. Hugsanlega hefur svæðið verið stærra, en gróið upp.

Illugastaðir-3356-170

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 20 m norðaustan við upphleðslu [3356-168], í Grafargili, rétt í útjaðri skráningarsvæðisins, eru mógrafir á sléttu flöt við læk.

Lýsing

Einungis bláendinn á gröfunum nær inn á skráningarsvæðið, en í allt eru þær um 13,7x6,2 m að ummáli. Hugsanlega eru fleiri grafir norðaustan við þessa. Grafirnar eru mest um 60 m djúpar en yfirleitt grynri. Grafirnar eru nokkuð blautar og grónar mosa og mýragróðri.



Mynd 184. Horft norður yfir mógrafir [3356-170].

Illugastaðir-3356-171

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 240 m norðaustur af íbúðarhúsinu á Illugastöðum, nærri í línu við götu [3356-212] og um 40 m VNV af mógröfum [3356-172] eru hugsanlegar mógrafir.

Lýsing

Meintar mógrafir eru mjög óglöggar en að ofan (norðan/austan) eru grunsamlega beinir bakkar og lögulegir niðurgreftir sem virðast geta verið leifar mógrafasvæðis. Neðri mörk eru þó ógreinileg og voru ekki mæld upp. Því er stærðarumfang grafanna til vesturs ekki þekkt, en

svæðið er frá norðvestri til suðausturs um 18 m langt. Svæðið er grasi gróið en virðist hafa getað verið mýrlent áður, enda eru mógrafir í næsta nágrenni.

Illugastaðir-3356-172

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 275 m norðaustur af íbúðarhúsinu á Illugastöðum, um 75 m ANA af mógröfum [3356-173] eru mógrafir í votlendi.

Lýsing

Grafirnar eru mjög greinilegar og nokkuð blautar en þó vel grónar mýragróðri. Ummál grafanna er um 22x31 m og dýpt þeirra er um 30-60 cm.



Mynd 185. Mógrafir [3356-172], horft til austurs.

Illugastaðir-3356-173

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 185 m norðaustur af íbúðarhúsinu á Illugastöðum, um 100 m austan túngarðs og um 75 m VSV af mógröfum [3356-172] eru hugsanlegar mógrafir í votlendi.



Mynd 186. Horft til suðvesturs yfir mógrafir [3356-173].

Lýsing

Mógrafirnar eru óglöggar en vegna staðsetningar í votlendi og nálægðar við aðrar grafir verða þær skráðar hér. Mógrafirnar eru mjög uppgrónar en kantar sums staðar greinilegir, síst þó austast/efst. Grafirnar eru mest um 50 cm djúpar, en yfirleitt lægri. Umfang grafanna er um 20 m í þvermál.

Illugastaðir-3356-174

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Við lækjarfarveg sem myndar hvílt í landslagið, um 35 m austur af túngarði Illugastaða og um 115 m austur af íbúðarhúsinu á Illugastöðum eru litlar mógrafir.

Lýsing

Grafirnar eru þrjár og skrást saman. Sú stærsta er til norðvesturs og er hún um 10,5x4 m að umfangi og um 10-30 cm djúp. Hún er að mestu nokkuð þurr. Sú næststærsta er austast. Umfang hennar er um 5,2x3,2 m og er hún um 10-40 cm djúp. Vatn stendur í vesturhorni hennar en að öðru leyti er hún nokkuð þurr. Sú minnsta er syðst og er hún um 2,7x1,1 m að umfangi og um 30 cm djúp. Sú er nokkuð blaut.



Mynd 187. Mógrafir [3356-174], horft til VSV.

Illugastaðir-3356-175

Hlutverk: Óþekkt, kvíar


Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæpa 2 m utan við túngarð Illugastaða, um 85 m ANA af íbúðarhúsinu, er tóft.

Lýsing

Tóftin er ílöng og algróin, snýr NNA-SSV. Utanmál tóftarinnar er um 11x4,9 m og eru rýmin í tóftinni nokkuð jöfn að stærð. Ekki virðist opið á milli rýmanna en op er á vestara rýminu til suðurs og einnig virðist lítið op á eystra hólfinu til suðurs, við millivegg á milli rýmanna. Hæð veggja er um 20-50



Mynd 188. Uppmælingar af tóftum [3356-175 og 176] við túngarð [3356-131].

cm og breidd um 0,9x1,1 m. Hugsanlega er hér um kvíatóft að ræða, en í örnefnaskrá er Kvíhól lýst og virðist lýsingin passa við þessa staðsetningu. Einnig styður gerð tóftarinnar þá kenningu.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir sunnan Grafargil upp frá túninu eru valllendismóar. Neðst í þeim miðjum niður við túngarðinn heitir Kvíhóll. Þar voru kvíar í gamladaga. Upp frá kvíunum er stakur hóll, lyngi vaxinn, sá heitir Stakhóll“ (bls. 4).

Illugastaðir-3356-176

Hlutverk: Óþekkt, kvíar

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæpa 2 m utan við túngarð Illugastaða [3356-131], um 85 m ANA af íbúðarhúsinu, um 6,5 m suður af tóft [3356-175] er tóft.

Lýsing

Tóftin er algróin og nokkuð sokkin og ógreinileg til suðurs. Til norðurs er greinilegt eitt rými en til suðurs virðist vera annað, bara mjög ógreinilegt. Utanmál tóftarinnar, með ógreinilega rýminu til suðurs, er um 10x4,7 m. Hæð veggja er um 30-60 cm og breidd um 0,8-1 m. Hugsanlega er hér um kvíatóft að ræða, en í örnefnaskrá er Kvíhól lýst og virðist lýsingin passa við þessa staðsetningu. Einnig styður gerð tóftarinnar þá kenningu.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir sunnan Grafargil upp frá túninu eru valllendismóar. Neðst í þeim miðjum niður við túngarðinn heitir Kvíhóll. Þar voru kvíar í gamladaga. Upp frá kvíunum er stakur hóll, lyngi vaxinn, sá heitir Stakhóll“ (bls. 4).



Mynd 189. Tóft [3356-176] í forgrunni. Túngarður [3356-131] sést til vinstri. Húsið á Illugastöðum í baksýn. Horft til suðvesturs.

Illugastaðir-3356-177 og 178

Hlutverk: Óþekkt,
torftökustaður

Tegund: Tóft, niðurgröftur

Staðhættir

Á suðurbarmi Grafargils, um 25 m suður af mógröfum [3356-179] og um 405 m norðaustur af íbúðarhúsinu á Illugastöðum er tóft á mólendisbrún.

Lýsing

Tóftin er græn og nokkuð greinileg að utanverðu en innra byrðið er farið að aflagast. Tóftin virðist þó vera tveggja hólfa, þar sem opið er á milli rýma og síðan út úr vestara rýminu til austurs, meðfram suðurvegg innra rýmisins. Smá upphækkun er undir tóftinni, kannski náttúruleg en kannski eldri mannvist. Tóftin er úr torfi og grjóti, um 3,8x4,5 m að utanmáli. Veggir eru um 30-40 cm háir og um 0,5-1 m á breidd. Líklega var tekið torf í tóftina austan við hana, en þar sést óglöggur niðurgröftur [3356-178], ílangur, um 5x1,5 m að ummáli.



Mynd 190. Tóft [3356-177], horft til norðurs. Grafargil í baksýn.

Illugastaðir-3356-179

Hlutverk: Mógrafir


Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í Grafargili, um 440 m norðaustur af íbúðarhúsinu á Illugastöðum, þar sem gilið er nokkuð breitt, er mógrafasvæði á nokkuð sléttum lækjarbakka. Þetta eru syðri mógrafirnar.

Lýsing

Mógrafirnar eru um 15x6,5 m að ummáli og snúa norður-suður. Lækur rennur skammt vestan við grafirnar og er svæðið vel gróið. Brúnir grafanna eru nokkuð beinar og greinilegar, en aðeins farnar að síga næst læknum. Grafirnar eru um 20-60 cm djúpar og nokkuð blautar.



Mynd 191. Yfirlitskort yfir minjar [3356-178-182] í og við Grafargil.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Niður af [hólunum] er Grafargil, allstórt og nær alla leið heim að túni. Þar er svarðartekja“ (bls. 4).

Illugastaðir-3356-180

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í Grafargili, um 440 m norðaustur af íbúðarhúsinu á Illugastöðum, þar sem gilið er nokkuð breitt, er mógrafasvæði á nokkuð sléttum lækjarbakka. Þetta eru nyrðri mógrafirnar.

Lýsing

Mógrafirnar eru nokkuð stórar, stærri en mógrafir [3356-179], eða um 22x15 m að umfangi. Grafirnar eru á

lækjarbakka þar sem lækurinn rennur í beygju, kemur úr norðaustri og beygir til suðurs. Þessar grafir eru þurrari og grónar grænna grasi en syðri grafirnar [3356-179]. Bakkar eru nokkuð greinilegir nema nokkuð ójafnari til norðausturs. Dýpt grafanna er að jafnaði um 50 cm en mest um 70 cm nyrst.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Niður af [hólunum] er Grafargil, allstórt og nær alla leið heim að túni. Þar er svarðartekja“ (bls. 4).



Mynd 192. Drónamynd af minjasvæðinu í Grafargili. Mógrafir [3356-179 og 180] fyrir miðri mynd. Tóft [3356-177] niðri í vinstra horninu. Tóftir [3356-181 og 182] eru ofan við miðju til hægri á myndinni en sjást varla.

Illugastaðir-3356-181

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á sléttum grasbala, ofan/austan við lækjarbakkann sem mógrafir [3356-179 og 180] eru á, um 465 m norðaustur af íbúðarhúsinu á Illugastöðum eru tvær tóftir. Þetta er sú nyrðri.

Lýsing

Tóftin er mjög ellileg, gróin lyngi og grasi. Hugsanlega er um náttúrumyndun að ræða, en vegna nálægðar við mógrafir [3356-179 og 180] og tóft [3356-182] er talið líklegt að um mannvirki geti verið að ræða. Tóftin er skeifulaga, um 3,3x2,3 m að utanmáli og opin til suðausturs. Veggir eru eingöngu úr torfi, um 10-20 cm háir og 0,9-1,1 m breiðir.



Mynd 193. Tóft [3356-181], horft til norðurs.

Illugastaðir-3356-182

Hlutverk: Óþekkt, stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á sléttum grasbala, ofan/austan við lækjarbakkann sem mógrafir [3356-179 og 180] eru á, um 465 m norðaustur af íbúðarhúsinu á Illugastöðum eru tvær tóftir. Þetta er sú syðri.

Lýsing

Tóftin virðist tvöföld, og snýr norðaustur-suðvestur. Vestara rýmið er nokkuð greinilegt en það eystra ógreinilegra. Op sést á norðvesturhorni vestara rýmisins til vesturs. Ekkert op er greinilegt á eystra rýminu. Tóftin er um 5,7x4,1 m að utanmáli. Veggir eru eingöngu úr torfi, um 20-50 cm háir, einungis 20-30 cm í eystra rýminu, og um 0,4-0,6 m breiðir.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er hér um að ræða stekk sem nefndur er í *Byggðasögu Skagafjarðar*. Þar segir: „Í Grafargili, um 370 m ofan við bæjarstæðið, er stekkur í norðurbarmi gilsins, í hvarfi frá bænum eins og oft var með stekki“ (IX: 382). Lýsingin segir þó „á norðurbarmi“ og hnitpunkturinn í umfjölluninni lendir um 23 m vestar en tóftin sem hér er skráð, vestan í bakka Grafargils. Þar fundust hins vegar engar mannvirkjaleifar við skráninguna. Því er hugsanlegt að skekkja sé í hnitinu.

Illugastaðir-3356-183

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Á stórgrýttum, blásnum mel, 640 m norðaustur af íbúðarhúsinu á Illugastöðum, um 190 m ANA af tóft [3356-182] er varða.

Lýsing

Varðan, sem er grjóthlaðin er mjög yfirgróin grasi, mosa og lyngi og er með fuglaþúfu á toppnum. Stórt grjót er austan í henni en annars er grjótið minna. Hæð vörðunnar er um 40 cm og botnflötur hennar er um 70x90 cm.



Mynd 194. Vörðubrot [3356-183], horft til austurs.

Illugastaðir-3356-184

Sérheiti: Miðgötur

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Í hólunum austan Illugastaða, um 650-700 m norðaustur af íbúðarhúsinu, eru greinanlegar götur sem liggja NNA-SSV. Göturnar liggja mögulega að stóru mógrafasvæði sem er utan skráningarsvæðisins til austurs. Leiðin var skráð að hluta á vettvangi en að stórum hluta teiknuð upp af loftmynd. Í örnefnaskrá eru nefndar götur sem liggja norðan með Grafargilinu og má gera ráð fyrir að það séu þessar götur, eða a.m.k. tengist þessar götur Miðgötunum. Í dag er mikið rof á norðurbarmi Grafargilsins og göturnar því óglöggar þar, og voru þær ekki teiknaðar upp svo langt vestur.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Niður með Grafargilinu að norðan liggja götur, sem heita Miðgötur“ (bls. 4).

Illugastaðir-3356-185

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá eru nefndar Kvíagötur eða Syðstugötur. Þeir eiga að hafa legið í holtum fyrir utan klauf og upp að Sundum. Er þar átt við svæðið NNA og norðaustan bæjar. Víða á þessu svæði eru kindagötur en engar þeirra þóttu þess eðlis að þær væru skráðar sem þessar tilgreindu götur. Það er því ljóst að þær liggja, eða lágu, einhvers staðar á þessu svæði, en nákvæm staðsetning er ekki þekkt og göturnar fundust ekki á vettvangi.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir utan [Klauf] eru holt, sem ná út að Grafargili og upp að Sundum. Eftir þessum holtum liggja götur, sem kallaðar eru Kvíagötur eða Syðstugötur“ (bls. 4).

Illugastaðir-3356-186

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Heimild, þjóðtrú

Staðhættir og lýsing

Í hólunum norðaustur af Illugastöðum er sagt hafa búið huldufólk. Ekki er tilgreind nákvæm staðsetning, önnur en sunnan í hólunum, og er því ekki sett staðsetning fyrir huldufólksbústaðinn í landupplýsingagögn.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Syðst í hólunum, þar sem Sundin taka við, eru stórir steinar. Þar átti að búa huldufólk“ (bls. 4).

Illugastaðir-3356-187

Sérheiti: Þuríðarsteinn

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Heimild, náttúruminjar

Staðhættir og lýsing

Stór og áberandi steinn er í hólunum norðaustur af Illugastöðum, um 870 m norðaustur af íbúðarhúsinu og rúmlega 100 m norðaustur af götu [3356-184]. Steinninn heitir Þuríðarsteinn og er sagður álfasteinn. Einnig er þjóðsaga um steininn. Utan í Þuríðarsteini norðanverðum kúrir skotbyrgi úr torfi og timbri með bárujárnsþaki og torfþökum þar ofan á. Dyr er til vesturs. Kofann reisti Lúðvík Ríkhart Jónsson, refaskytta og bóndi á Molastöðum á árunum 1964-1976 (BS IX: 382, 309). Kofinn telst því ekki til fornleifa.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Syðst í hólunum, þar sem Sundin taka við, eru stórir steinar. Þar átti að búa huldufólk. Einn steinninn er stærstur og einkennilegur að því leyti, að hann er nauðalíkur pýramída, mjög hár og uppmjór. Hann heitir Þuríðarsteinn, og eru til um hann álfasagnir. Sagt er, að stúlka, sem Þuríður hét, hafi bjargað lífið sínu undan mannýgu nauti með því að hlaupa upp á steininn“ (bls. 4).



Mynd 195. Þuríðarsteinn [3356-187] og skotbyrgi við hann. Horft til ASA.



Mynd 196. Séð aftan á Þuríðarstein [3356-187] og skotbyrgi. Horft til VSV.

Illugastaðir-3356-188

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 80 m suðvestur af Héðinsfjarðardalsá, rúmlega 1 km norðaustur af íbúðarhúsinu á Illugastöðum og um 170 m norðaustur af Þuríðarsteini [3356-187], er tóft utan í nokkuð háum bakka.

Lýsing

Tóftin virðist vera tvöföld en er mjög gróin grasi og lyngi og samlöguð umhverfinu. Rýmin eru meira eins og dældir. Veggir eru greinilegir að austan og á milli rýma en ytra byrði vesturveggjarins er ógreinilegra. Annað hvort er hann grafinn inn í bakkann að einhverju leyti eða alveg gróinn inn í landslagið. Utanmál tóftarinnar er um 4x6 m og hún snýr norðaustur-suðvestur. Ekkert greinilegt op er á tóftinni. Veggir virðast eingöngu úr torfi og eru um 20-30 cm á hæð og 1-1,3 m á breidd.



Mynd 197. Tóft [3356-188], horft til norðausturs.

Illugastaðir-3356-189

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 33 m austur af tóft [3356-188], um 45 m suðvestur af Héðinsfjarðardalsá, er tóft. Mýri er sunnan og suðaustan við tóftina, annars graslendi, þó ekki víðfeðmt.

Lýsing

Tóftin er einföld og hugsanlega heystæði. Utanmál tóftarinnar er um 4,7 m í þvermál, ekkert op sést á henni. Tóftin er algróin grasi og smá mosa og lyngi að norðanverðu. Ekkert grjót sést í veggjum, sem eru um 30-50 cm á hæð og 1-1,7 m á breidd.



Mynd 198. Tóft [3356-189], horft til vesturs.

Illugastaðir-3356-190

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir


Austan Héðinsfjarðardalsár í sléttlendu graslendi, um 18 m norður af ánni, um 1,15 km norðaustur af íbúðarhúsinu á Illugastöðum er tóft.



Mynd 199. Tóft [3356-190], horft til ASA.

Lýsing

Tóftin er lítil og einföld. Hún er kringlótt að lögun, um 4 m í þvermál. Tóftin er algróin grasi og mosa og ekki sést op. Veggir eru eingöngu úr torfi, um 30-50 cm háir og 1-1,3 m breiðir.



Mynd 200. Yfirlitskort yfir minjar [3356-188-193 og 198]. Rauðir punktar eru kolagrafir og kolagrafasvæði. Veglína B er fjólublá.

Illugastaðir-3356-191

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan Héðinsfjarðardalsár um 130 m norðvestur af tóft [3356-190], á árbakka, um 20 m austur af ánni, er tóft.

Lýsing

Tóftin er skeifulaga, með op til norðurs. Það er þó mögulegt að um rof sé að ræða, en ekki eiginlegt op. Tóftin er algróin grasi og mosa og fremur sokkin. Tóftin er um 4x2,4 m að utanmáli. Veggir eru eingöngu úr torfi, um 40-50 cm háir og 0,6-1 m breiðir.

Illugastaðir-3356-192

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan Héðinsfjarðardalsár um 103 m norðaustur af tóft [3356-190], rétt innan skráningarsvæðisins, um 1,25 km norðaustur af íbúðarhúsinu á Illugastöðum er tóft í graslendi, í smá halla í átt að litlum læk.

Lýsing

Tóftin er lítil og kringlótt. Utanmál tóftarinnar er um 4 m í þvermál. Ekkert op er greinanlegt. Tóftin er algróin grasi og veggir eru eingöngu úr torfi, um 40 cm háir og 1-1,3 m breiðir. Skammt austur af tóftinni er önnur tóft, utan svæðis. Hún er köntuð og alsigin.



Mynd 201. Tóft [3356-192], horft til vesturs.

Illugastaðir-3356-193

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan Héðinsfjarðardalsár í votlendi, um 1,28 km NNA af íbúðarhúsinu á Illugastöðum, um 145 m norður af tóft [3356-191] og um 133 m austur af tóft [3356-198] er tóft.

Lýsing

Tóftin er hringlaga og algróin grasi og lyngi, sem annars er ekki í nánasta umhverfi. Tóftin er um 4,2x3,8 m að utanmáli og ekkert op er greinanlegt á henni. Tóftin er lægst til norðausturs og hæst til suðurs. Veggir eru eingöngu úr torfi, um 20-50 cm háir og 0,8-1,3 m á breidd.



Mynd 202. Tóft [3356-193], horft til suðurs.

Illugastaðir-3356-194

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir


Austan Héðinsfjarðardalsár um 1,35 km NNA af íbúðarhúsinu á Illugastöðum, um 37 m suður af tóft [3356-197] og um 165 m norðaustur af tóft [3356-193] er tóft í graslendi.

Lýsing

Tóftin er lítil og nær hringlaga, um 4x3,5 m að utanmáli. Innra rými tóftarinnar er lítið og ekkert op er greinanlegt á tóftinni. Tóftin er algróin grasi og veggir eingöngu hlaðnir úr torfi. Veggjahæð er um 40-50 cm og breidd um 1,1-1,3 m.



Mynd 203. Tóft [3356-194], horft til suðurs.



Mynd 204. Yfirlitskort yfir minjar [3356-194-211]. Rauðir punktar sýna kolagrafir og kolagrafasvæði. Veglina B (fjólublá) liggur um svæðið. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins.

Illugastaðir-3356-195 og 196

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla, torftökustaður

Tegund: Tóft, niðurgröftur

Staðhættir

Austan Héðinsfjarðardalsár rétt tæplega 1,5 km NNA af íbúðarhúsinu á Illugastöðum, í austurjaðri skráningarsvæðisins, um 490 m suður af Nautadalsá, eru tvær tóftir. Þetta er sú vestari.

Lýsing

Tóftin er ílöng og ferhyrnd. Ekkert op sést á tóftinni. Hún er áberandi græn, gróin grasi en lyng er farið að skriða yfir suðausturhorn. Veggir eru sokknir, sérstaklega á langhliðum. Utanmál tóftarinnar er um 7,7x4,2 m og snýr hún nálega austur-vestur. Veggir eru úr torfi, um 10-50 cm háir og um 0,3-0,8 m breiðir. Greinilega hefur verið tekið torf [3356-196] fyrir byggingu tóftarinnar allt í kringum hana nema til norðurs.

Illugastaðir-3356-197

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan Héðinsfjarðardalsár rétt tæplega 1,5 km NNA af íbúðarhúsinu á Illugastöðum, í austurjaðri skráningarsvæðisins, um 490 m suður af Nautadalsá, eru tvær tóftir. Þetta er sú eystri og stærri. Um 6 m eru á milli tóftanna.

Lýsing

Tóftin er einföld og ílöng, snýr norðaustur-suðvestur. Utanmál tóftarinnar er um 11,5x4 m, og op er á henni við suðvesturhorn til vesturs. Veggurinn suðvestast er mældur mjög breiður en það er ekki eiginlegur veggur heldur eru þar vísbendingar um t.d. lítið rými eða gerði við tóftina. Innra byrði var þó ekki greinanlegt og því ekki mælt upp. Veggir eru eingöngu úr torfi, um 10-30 cm háir og um 0,4-0,7 m breiðir. Nokkuð er um kolagrafir í nágrenninu og er spurning hvort þetta er heystæði eða mannvirki tengt kolagerðinni.



Mynd 205. Tóft [3356-197], horft til VSV.

Illugastaðir-3356-198

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft


Staðhættir

Einungis að hluta innan skráningarsvæðisins, í vesturjaðri þess austan Héðinsfjarðardalsár, um 8 m norður af ánni þar sem hlykkur er á henni til vesturs, um 1,2 km NNA af íbúðarhúsinu á Illugastöðum er tóft (sjá mynd 201).

Lýsing

Tóftin er stór en aðeins bláhorn hennar er innan skráningarsvæðisins. Tóftin er um 13x10,5 m að utanmáli og er op á henni við suðausturhorn til austurs. Lítil veggstubbur er skammt fyrir innan opið og skiptir rýminu að hluta í tvennt, en að öðru leyti er ekki að sjá annað en að einungis eitt rými sé í tóftinni. Það er spurning hvort þetta hafi verið rétt með kró og veggstubburinn hafi þá afmarkað króna og norðurhlið króarinnar sé farin. Að öðru leyti er hlutverk tóftarinnar ekki ljóst. Grjót sést í veggjum, sér í lagi að innanverðu, en veggjahæð er um 40-70 cm og breidd um 1,5-2,5 m.

Um 100-150 m norðvestur af þessari tóft virðast vera fleiri tóftir sem ekki voru kannaðar þar sem þær eru langt utan skráningarsvæðisins. Þær virðast þó á loftmynd álíka stórar og gætu þetta verið minjar í sömu minjaheild.



Mynd 206. Yfirlitskort yfir minjar [3356-194-197 og 200-204]. Veglína B (fjólublá) liggur um svæðið. Svört lína sýnir eystri mörk skráningarsvæðisins. Rauðir punktar sýna kolagrafir og kolagrafasvæði.

Illugastaðir-3356-199

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan Héðinsfjarðardalsár á votlendri grasflöt um 105 m norður af tóft [3356-198], í vesturjaðri skráningarsvæðisins, um 1,3 km NNA af íbúðarhúsinu á Illugastöðum, er tóft. Um 12 m norðvestan við tóftina er lækjarfarvegur.



Mynd 207. Tóft [3356-199], horft til suðurs.

Lýsing

Tóftin er hringlaga, algróin lyngi og sker sig þannig úr umhverfinu. Utanmál tóftarinnar er um 5x3,5 m og virðist vera op á henni til vesturs. Veggir eru úr torfi, um 30-50 cm háir og 1-1,4 m breiðir.

Illugastaðir-3356-200

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan Héðinsfjarðardalsár um 125 m ANA af tóft [3356-199] og um 116 m vestur af tóft [3356-195] er tóft í votlendi.

Lýsing

Tóftin er hringlaga og ekkert op er sjáanlegt á henni. Utanmál tóftarinnar er um 5x3,6 m og er hún algróin grasi, en sef vex innan í henni og umhverfis hana. Veggjahæð er um 40-50 cm og breidd um 1-1,3 m.



Mynd 208. Tóft [3356-200], horft til vesturs.

Illugastaðir-3356-201

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan Héðinsfjarðardalsár, í votlendi um 13 m norðvestur af tóft [3356-200], um 22 m suður af tóft [3356-202] er tóft.

Lýsing

Tóftin er hringlaga, mjög sokkin og illgreinanleg en sker sig úr umhverfinu þar sem hún er ögn grænni. Utanmál tóftarinnar er um 5x5,9 m, ekkert op er greinanlegt á henni. Vesturveggur er hæstur en aðrir veggir vart greinanlegir. Hæð veggja er um 10-30 cm og breidd um 0,7-1 m.

Illugastaðir-3356-202

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan Héðinsfjarðardalsár, í votlendi um 1,4 km NNA af íbúðarhúsinu á Illugastöðum, um 22 m norður af tóft [3356-201], fast sunnan við læk, eru þrjár tóftir. Þetta er sú austasta.



Mynd 209. Tóft [3356-202], horft til vesturs.

Lýsing

Tóftin er skeifulaga og opin til norðausturs, að læknum sem rennur norðan við. Tóftin er um 5x5,2 m að utanmáli, algróin grasi og lyngi. Hæð veggja er um 50-60 cm og breidd um 1,2-1,3 m.

Illugastaðir-3356-203

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan Héðinsfjarðardalsár, í votlendi um 1,4 km NNA af íbúðarhúsinu á Illugastöðum, um 22 m norður af tóft [3356-201], fast sunnan við læk, eru þrjár tóftir. Þetta er sú í miðjunni.

Lýsing

Tóftin er lítil og hringlaga, með litlu rými innan í. Utanmál tóftarinnar er um 4x3 m. Tóftin er algróin grasi, sefi og lyngi. Veggjahæð er um 40-50 cm og breidd um 0,9-1,1 m.

Illugastaðir-3356-204

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan Héðinsfjarðardalsár, í votlendi um 1,4 km NNA af íbúðarhúsinu á Illugastöðum, um 22 m norður af tóft [3356-201], fast sunnan við læk, eru þrjár tóftir. Þetta er sú vestasta.

Lýsing

Tóftin er skeifulaga, mjög sokkin, hlaupin í þúfur og samlöguð umhverfinu. Tóftin er um 5x2,8 m að utanmáli og opin til vesturs. Veggir eru úr torfi, nokkuð illgreinanlegir, um 10-20 cm háir og 0,8-1,5 m breiðir.

Illugastaðir-3356-205

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan Héðinsfjarðardalsár, í votlendi í vesturjaðri skráningarsvæðisins, um 102 m VNV af tóft [3356-204] og um 60 m suður af tóft [3356-206] er tóft.

Lýsing

Tóftin er lítil og hringlaga. Utanmál tóftarinnar er um 4,1x3,9 m að utanmáli og ekkert op er greinanlegt á henni. Tóftin er mjög samlöguð umhverfinu, gróin grasi, kjarri og lyngi. Veggir eru úr torfi um 30-40 cm háir og 0,7-1 m á breidd.



Mynd 210. Tóft [3356-205], horft til suðvesturs.

Illugastaðir-3356-206

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan Héðinsfjarðardalsár, í vesturjaðri skráningarsvæðisins í smá halla í mýri, um 230 m suður af Nautadalsá og um 60 m norður af tóft [3356-205] er tóft.



Mynd 211. Tóft [3356-206], horft til SSA.

Lýsing

Tóftin er lítil og virðist vera rofin að vestanverðu þar sem veggurinn er alveg farinn. Þar er þó smá stallur sem afmarkar tóftina. Tóftin er um 4,3x2,9 m að utanmáli, 4,3 m í þvermál á alla kanta ef stallurinn er tekinn með. Tóftin er algróin grasi, mosa og lyngi og slétt að innan. Nokkuð blautt er neðan/vestan við tóftina sem gæti útskýrt hvers vegna sá veggur er horfinn. Veggir eru úr torfi, um 30-40 cm háir og 0,7-1 m breiðir.

Illugastaðir-3356-207

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan Héðinsfjarðardalsár, í mýrlendi, um 25 m norðaustur af tóft [3356-206], á lækjarbarmi, eru tvær tóftir. Þetta er sú syðri. Svæðið er mjög gróið grasi, lyngi og kjarri.

Lýsing

Tóftin er ógreinileg og gæti verið náttúrumyndun, en vegna nálægðar við aðrar tóftir fær hún að njóta vafans. Utanmál tóftarinnar er um 3x3,4 m, og virðist vera op á henni til norðurs, en það gæti verið t.d. gróið rof. Veggir eru úr torfi, um 20-40 cm háir og 0,8-1 m breiðir.

Illugastaðir-3356-208

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan Héðinsfjarðardalsár, í mýrlendi, um 25 m norðaustur af tóft [3356-206], á lækjarbarmi, eru tvær tóftir. Þetta er sú nyrðri. Svæðið er mjög gróið grasi, lyngi og kjarri.

Lýsing

Tóftin er lítil og hringlaga, líklega tóft frekar en kolagröf þar sem hún er ekki djúp að innan og nokkuð blaut. Ekkert op er greinanlegt á tóftinni. Veggir eru úr torfi, um 30-60 cm háir og 0,7-1,3 m breiðir.



Mynd 212. Tóft [3356-208], horft til norðvesturs.

Illugastaðir-3356-209

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan Héðinsfjarðardalsár, í votlendi um 83 m suður af Nautadalsá og um 128 m norður af tóft [3356-208] er tóft.

Lýsing

Tóftin er lítil og hringlaga. Utanmál tófarinnar er 4,1x3,8 m og ekkert op er greinanlegt á henni. Rýmið inni í



Mynd 213. Tóft [3356-209], horft til vesturs.

tóftinni er ekki djúpt. Tóftin er grasi gróin eins og umhverfið. Veggir eru úr torfi, um 30-40 cm háir og 0,7-1,2 m breiðir.

Illugastaðir-3356-210

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan Héðinsfjarðardalsár, austast á skráningarsvæðinu, um 265 m suður af Nautadalsá og um 88 m suðaustur af tóft [3356-211] er tóft á mýrlendu svæði.

Lýsing

Tóftin er lítil og hringlaga. Utanmál er um 3,8 m í þvermál. Ekkert op er greinanlegt á tóftinni. Hún er algróin grasi, mosa og lyngi. Veggir eru úr torfi, um 30-40 cm háir og 1-1,2 m breiðir.



Mynd 214. Tóft [3356-210], horft til norðausturs.

Illugastaðir-3356-211

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Austan Héðinsfjarðardalsár, í votlendi um 185 m suður af Nautadalsá og um 88 m norðvestur af tóft [3356-210] er þúst.

Lýsing

Þústin er stök og sker sig úr umhverfinu, grasi gróin og vel greinanleg. Þústin er um 3,4x2,7 m að utanmáli, um 50-60 cm há. Þústin er flöt ofan á en að öllum líkindum manngerð, kannski uppgrónar leifar tóftar.



Mynd 215. Þúst [3356-211], horft til norðvesturs.

Illugastaðir og Brúnastaðir - gata

Illugastaðir-3356-212

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Hætta vegna rofs

Staðhættir og lýsing

Hér er um að ræða götu sem lögð var um 1920 skv. örnefnaskrá og lá fyrir ofan túnin á Brúnastöðum og Illugastöðum. Leiðin er skráð hér sem heild þar sem hægt er að rekja stóran hluta hennar innan beggja jarða. Leiðin var mjög misgreinileg við vettvangsskráningu og voru hlutar hennar mjög greinilegir t.d. í kringum upphleðslu [3356-168] í landi Illugastaða og í sneiðingi austan við Gerði í landi Brúnastaða þar sem gatan er skorin inn í brekkuna (sjá tvöfalda línu í landupplýsingagögnum). Eins og örnefnaskráin segir var gatan ekki upphlaðin heldur meira eins og troðningar, og passar það við þá götuspotta sem sást við vettvangsskráningu. Víða er leiðin eins og stór kindagata en sums staðar breiðari. Breiðust er gatan við upphleðslu [3356-168], að 3 m, en það er alger undantekning. Sunnan við nefnda upphleðslu fer gatan upp brekku og er þar upphleðsla í götukantinum vestanverðum, á um 8 m löngum kafla, allt að 1 m há. Í allt liggur gatan á um 1,25 km löngu svæði, en með nokkrum gloppum þó. Stærstur hluti götunnar var teiknaður

í landupplýsingagögn upp af loftmyndum, gömlum og nýjum (1985, 1977), en hluti var mældur á vettvangi og voru allar línurnar tengdar saman til að fá samfellu í götuna. Upphleðsla [3356-168], sem sannarlega er hluti af götunni, var þó skráð sérstaklega.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Illugastaða segir: „Um 1920 var vegurinn færður í annað sinn og lá þá alllangt fyrir ofan þessa bæi, og voru það mest troðningar. Nú í ár (1941) er vegurinn færður í þriðja sinn og lagður í gegnum tún fyrrgreindra jarða, rétt neðan við Hlaðbrekkuna, og þar á hann að liggja framvegis“ (bls. 1). Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Þjóðleið [3356-141] lá um hlaðið



Mynd 217. Leið [3356-212], skammt norðan við upphleðslu [3356-168]. Horft til suðausturs.



Mynd 216. Leið [3356-212] í sneiðingi austan við Gerðin í landi Brúnastaða. Horft til suðvesturs.

á Illugastöðum en um aldamótin 1900 var vegurinn færður niður fyrir túnin. Þar var gerður upphlaðinn vegur [3356-162] og lá hann niður með Miklavatni um Brúnastaðaeýrar, neðan við túnið á Brúnastöðum. Um 1924 var vegurinn færður í annað sinn og þá nokkuð upp fyrir bæina á Illugastöðum og Brúnastöðum. Sést sá vegur ágætlega enn, um 100 m fyrir ofan túnið á bænum. Árið 1941 var vegurinn færður í þriðja sinn og lagður í gegnum tún fyrrnefndra jarða, rétt neðan við hlaðbrekkuna á Illugastöðum og er hann þar í dag“ (IX: 380).

Brúnastaðir



Mynd 218. Yfirlitskort yfir skráðar minjar í landi Brúnastaða. Svartar linur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Blá lína sýnir veglínu A og fjólublá lína sýnir veglínu B.

Í landi Brúnastaða voru skráðar 21 minjar innan skráningarsvæðisins, auk leiðar [3356-212] sem liggur í gegnum jarðir Brúnastaða og Illugastaða, ofan gömlu túnanna. Skráningarsvæðið sveigir framhjá gamla bæjarstæði Brúnastaða, sem er innan við 100 m vestur af skráningarsvæðinu, en nær inn á hluta gamla túnsins og eru þar m.a. tóftaleifar og leifar túngarðs [3356-214] sem tilheyra gömlu bærarheildinni. Fyrir utan minjar í og við tún eru útihúsaleifar á svokölluðu Gerði utan túns [3356-223-227], stekkjarleifar á þremur stöðum [3356-229, 232, 233] og leiðir [3356-212, 230, 231]. Ekki fundust minjar um landamerkjagarð [3356-213] innan skráningarsvæðisins, en hann var á mörkum Illugastaða og Brúnastaða.

Brúnastaðir eru landnámsjörð og á Brúni hinn hvíti að hafa numið þar land. Landnám Brúna hefur, miðað við lýsingar, náð yfir það svæði sem nú eru á jarðir Hrauna, Lambanes-Reykja, Lambaness og Illugastaða (BS IX: 367). Um miðja 15. öld eru Brúnastaðir í eigu Hólastaðar og komst jörðin ekki í bændaeigu fyrr en í byrjun 19. aldar (BS IX: 365). Brúnastaðir

eru enn blómleg bújörð og er þar bæði búið með búfénað en einnig starfrækt matvælaframleiðsla og ferðaþjónusta, s.s. húsdýragarður og gisting. Í *Jarðabók* Árna og Páls eru Brúnastaðir metnir á 30 hundruð og sagt að þar hafi bænhus verið fyrrum. Staðsetning bænhusins er ekki þekkt nákvæmlega en hefur líklega verið skammt utan við gamla torfbæinn (BS IX: 369), og þannig utan skráningarsvæðisins. Af auðlindum segir í *Jarðabókinni* að skógur til kolagerðar sé nær alveg eyddur, en hafi verið bjarglegur. Torfrista sé engin og heytorf keypt að, en mósukurður til eldiviðar sé nægur (JÁP IX: 335).

Brúnastaðir-3356-213

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt heimildum var merkjagarður á milli Brúnastaða og Illugastaða. Garðurinn hefur að öllum líkindum raskast vegna girðingavinnu, en girðing er á landamerkjum. Ekki sáust merki um garðinn innan skráningarsvæðisins við vettvangsskráningu. Tún frá Brúnastaðöðum liggja á tveimur stöðum nær alveg upp að landamerkjagirðingunni en Illugastaðamegin er smáhóllott og grónar dokkir á milli.

Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Að norðan liggur land að Illugastöðum. Forn merkjagarður er vel sýnilegur á mörkum jarðarinnar að norðan“ (IX: 364). Í örnefnaskrá segir: „Milli Brúnastaða og Illugastaða er Merkjagarður, og er hann jafnframt túngarður á báðum bæjum“ (bls. 1)



Mynd 219. Landamerki Brúnastaða og Illugastaða liggja skáhalt yfir miðja mynd. Túnin eru í landi Brúnastaða. Túngarður Illugastaða [3356-131] sést vel fyrir miðri mynd neðarlega.

Brúnastaðir-3356-214

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna rofs

Staðhættir og lýsing

Túngarðurinn á Brúnastöðum var skv. heimildum áfastur landamerkjagarðinum [3356-213] við Illugastaði og hefur að öllum líkindum myndað samfellda heild með þeim garði og túngarði Illugastaða [3356-131] (og [3356-158]), a.m.k. á einhverjum tímapunkti. Innan Brúnastaðajarðarinnar er mun minna eftir af túngarðinum en á Illugastöðum, enda hafa ný tún verið ræktuð og bærinn enn í byggð með blómlegan búskap og þær framkvæmdir sem því fylgir. Norðaustan við núverandi tún, nálægt landamerkjunum við Illugastaði, er greinilegur garðlagsbútur sem hægt var að fylgja í um 55 m, með aðstoð loftmyndar frá 1977 var hægt að

lengja garðinn til suðurs um u.þ.b. 60 m til viðbótar (sjá línu í landupplýsingagögnum). Að öðru leyti virðist garðurinn horfinn og ekki markar skýrt fyrir honum á gömlum loftmyndum. Nokkur garðlög voru skráð sunnar á jörðinni, norðan og austan við Gerði. Ekki er vitað hvort þau hafi tengst túngarðinum á einhverjum tímapunkti, en það er þó ekki ólíklegt, sérstaklega garðlag [3356-228] sem virðist í raunhæfu flútti við túngarðana eins og þeir flæða í gegnum jarðir Illugastaða og Brúnastaða. Garðlagið við landamerki Illugastaða er um 10-30 cm hátt og um 1,5-2 m breitt, sokkið og þúfuhlaupið, og rofið á köflum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Brúnastaða segir: „Milli Brúnastaða og Illugastaða er Merkjararður, og er hann jafnframt túngarður á báðum bæjum“ (bls. 1).



Mynd 220. Yfirlitskort yfir minjar í landi Brúnastaða. Leið [3356-212] liggur yfir allt svæðið, að miklu leyti samhliða veglinu A (blá) sem liggur um svæðið. Svört lína sýnir vesturmörk skráningarsvæðisins. Blár punktur er áætluð staðsetning gamla bæjarstæðis Brúnastaða. En það er utan skráningarsvæðisins.

Brúnastaðir-3356-215

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Erfitt er að átta sig á nákvæmri legu túnakortsins frá 1918, en sé því snúið eins og túnakorti Illugastaða og notast við þau kennileiti sem enn eru vísbendingar um virðist hafa verið útihús austarlega í gamla túninu, nú í sléttuðu túni. Engin merki sjást um húsið. Settur var punktur í landupplýsingagögn út frá áætlaðri staðsetningu, en nokkurrar skekkju gæti gætt.

Brúnastaðir-3356-216

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fast austan við tún, um 170 m austur af nyrðri gripahúsum á Brúnastöðum, fast austan við leið [3356-212] er tóft.

Lýsing

Tóftin er algróin og lítil, tveggja hólfa. Eystra hólfið er mjög ógreinilegt og útmörk veggja einnig ógreinileg á

vesturhlutanum. Op virðist nokkuð greinilegt á suðvesturhorni til vesturs. Ekkert op er á eystra hólfinu. Veggir eru úr torfi og grjóti, um 1,3-1,8 m breiðir og um 10-30 cm háir.



Mynd 221. Tóft [3356-216], horft til suðvesturs.

Brúnastaðir-3356-217

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Rétt utan við tún á Brúnastöðum, um 60 m SSA af tóft [3356-216] og um 190 m austur af syðri gripahúsunum á Brúnastöðum, er tóft.

Lýsing

Stórgerð, skeifulaga tóft. Utanmál tóftarinnar er um 7,7x7,8 m og hún er opin til austurs. Hugsanlega er hér um rask, einhvers konar uppmokstur, vegna framkvæmda t.d. við tún að ræða. En þar sem talsvert er af tóftum í nágrenninu verður þetta látið njóta vafans og talið líklegt að um tóft sé að ræða. Tóftin er algróin grasi og nokkuð ólöguleg. Hæð veggja er um 50-80 cm og breidd um 1,5-2 m.



Mynd 222. Tóft [3356-217], horft til vesturs.

Brúnastaðir-3356-218

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Utan túns á Brúnastöðum, um 20 m austur af tóft [3356-217] og um 216 m austur af syðri gripahúsunum á Brúnastöðum er tóft.

Lýsing

Tóftin er sokkin og algróin. Utanmál tóftarinnar er um 11,2x6,5 m og hún snýr NNA-SSV. Við austurenda eru vísbendingar um eldri tóft, eða rými, sem er sokknara og ógreinilegra en megintóftin. Sé það rými tekið með á lengdina er tóftin um 15,5 m á lengd. Veggir austurrýmisins eru einungis um 10-20 cm háir, en á megintóftinni eru veggir um 30-50 cm háir og um 0,7-1,2 m breiðir. Ummerki eru um gróið rof í austanverðum suðurlangvegg.



Mynd 223. Tóft [3356-218], horft til VNV.

Brúnastaðir-3356-219

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Á túnakorti er leið austur úr túninu frá bæjarstæðinu. Leiðin sést ekki í dag, enda er þar að mestu leyti sléttað tún. Staðsetning er áætluð út frá túnakorti, en í henni getur gætt nokkurrar skekkju þar sem ekki er vitað nákvæmlega hvernig túnarkortið passar við núverandi landslag.

Brúnastaðir-3356-220

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Fast norðan við og yfir bæjarlæk Brúnastaða, í vesturjaðri skráningarsvæðisins, um 60 m ASA af syðri gripahúsunum á Brúnastöðum er garðlagsbútur.



Mynd 224. Garðlag [3356-220] fyrir miðri mynd, horft til norðvesturs.

Lýsing

Garðlagið er tæplega 30 m langt og liggur VNV-ASA úr VNV að bæjarlæknum og yfir hann. Vesturendi garðlagsins fjarar út og endar við girðingu. Austurendinn fjarar einnig út og hverfur eftir að yfir lækinn er komið. Garðurinn er algróinn, en það sést þó að hann er hlaðinn úr torfi og grjóti. Garðurinn er flatur að ofan, hæð er um 30-50 cm og breidd um 0,6-0,8 m. Hlutverk er óljóst en heimildamaður telur möguleika á að smiðja hafi verið í bæjarlæknum og að

hugsanlega hafi vatni verið safnað þarna við lækinn, þar sem hann verður mjög vatnsmikill á vorin en þornar á sumrin (Jóhannes H. Ríkharðsson, munnl.heimild).

Brúnastaðir-3356-221

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna rofs

Staðhættir

Sunnan túns á Brúnastöðum, undir brekku, um 115 m ASA af syðra gripahúsinu og um 29 m austur af garðlagi [3356-220] er annað garðlag.

Lýsing

Garðlagið er um 29 m langt, og gæti hafa tengst garðlagi [3356-220] þótt nú séu um 29 m á milli þeirra. Garðlagið er undir brekku og myndar eins og brún eða tröppu við brekkuna, en garðlagið sjálft er um 60 cm hátt og um 0,5-0,9 m breitt. Í garðlaginu eru rof á stöku stað. Hlutverk er óljóst en heimildamaður telur möguleika á að smiðja hafi verið í bæjarlæknum og að hugsanlega hafi vatni verið safnað þarna við lækinn, þar sem hann verður mjög vatnsmikill á vorin en þornar á sumrin (Jóhannes H. Ríkharðsson, munnl.heimild).

Brúnastaðir-3356-222

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Sunnan túns á Brúnastöðum, um 10 m sunnan garðlags [3356-221], upp undir brekku, er annað garðlag.

Lýsing

Garðlagið liggur í um 36 m frá norðaustri til suðvesturs, en



Mynd 225. Garðlag [3356-222], horft til suðurs.

beygir á endanum í vinkilbeygju til norðurs og myndar þar horn. Hornið bendir til þess að um einhvers konar mannvirki hafi verið að ræða, frekar en garðlag til afmörkunar, hugsanlega matjurtagarð eða aðhald. Ef svo hefur verið er ljóst að norðurhlutann vantar á mannvirkið. Garðlagið er algróið og ávalt, um 40-60 cm á hæð og 0,7-1 m á breidd.

Brúnastaðir-3356-223

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna rofs

Staðhættir


Á svokölluðu Gerði, sunnan túns og bæjarlækjar Brúnastaða, um 143 m suðaustur af syðri gripahúsunum, er tóft rétt utan girðingar við sumarhús.

Lýsing

Tóftin er tveggja eða þriggja hólfa, og gæti kannski frekar túlkast sem tveir fasar þar sem miðjan stendur hærra en restin af tóftinni, sem er mun sokknari. Tóftin er grasi gróin en í henni er rof á stöku stað og einnig ummerki um eldri rof sem hafa gróið og trufla aðeins túlkun á lögun tóftarinnar. Tóftin er ílöng, um 20x9 m að utanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Mun stærra rými er til austurs og opið úr því til suðurs austarlega á suðurlangvegg. Ekkert op virðist vera á vestara rými, en það er þó dálítið ógreinilegt vegna rofs. Veggir eru úr torfi og grjóti. Sokknir hlutar tóftarinnar eru um 20-30 m háir en þeir hlutar sem greinilegri eru eru um 60-70 cm háir þar sem mest er og veggir um 1,5-2 m breiðir.



Mynd 226. Drónamynd af Gerðum. Tóft [3356-224] er vinstra megin við girðingu neðarlega fyrir miðri mynd. Tóft [3356-223] er hægra megin við girðinguna. Garðlag [3356-222] sést uppi í hægra horninu. NNV er upp á myndinni.



Mynd 227. Uppmælingar af minjum [3356-223 og 224] á Gerðum.

Brúnastaðir-3356-224

Sérheiti: Gerði

Hlutverk: Fjárhús,
heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á svokölluðum Gerðum, á smá hól við bratta brekkubrún, sunnan við tún Brúnastaða, fast innan við girðingu við sumarbústað, um 16 m suðvestur af tóft [3356-223] er tóft.



Mynd 228. Tóft [3356-224], horft til norðurs.

Lýsing

Tóftin er þrískipt og byggð í vinkel. Hún er grasi gróin en snöggbitin og sést því afar vel. Tóftin virkar frekar ung og þar sem ekki er hús hér á túnakorti frá 1918 gæti húsið verið yngra en það. Í vesturendanum virðist vera fjárhús með garða, opið út til vesturs við norðvesturhorn. Inn af því virðist vera gengt af garðanum inn í hlöðu. Austan við hlöðuna er rými með óþekkt hlutverk. Utanmál tóftarinnar er um 15,5x14,5 m. Veggir eru út torfi og grjóti og er hæð þeirra um 20-60 cm og breidd um 0,5-1,5 m.

Brúnastaðir-3356-225


Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna rofs og framkvæmda

Staðhættir

Vestast á Gerðinu, sunnan túns og bæjarlækjar á Brúnastöðum, rétt rúmlega 70 m suðaustur af syðri gripahúsunum, er garðlag. Nýlega hefur verið reistur braggi í næsta nágrenni minjanna auk þess sem girðing liggur mjög nálægt þeim.



Mynd 229. Uppmælingar af minjum [3356-225-227]. Svarta línan sýnir vesturmörk skráningarvæðisins.

Lýsing

Garðlagið gæti einnig verið leifar af tóft. Framkvæmdir við vesturenda garðsins skera á endann á honum og í sniðinu sést grjót í botninum. Garðlagið er mjög sokkið og algróið grasi en ummerki eru um gróið rof í því. Hæð garðlagsins er um 10-30 cm og breidd um 0,4-1 m. Hugsanlega hefur garðlagið verið hluti af sama mannvirki og [3356-226 og 227], en á túnakorti frá 1918 virðist vera útihús á þessum stað. Það er þó sagt með þeim fyrirvara að erfitt var að láta túnakortið passa við núverandi landslag með fullri vissu, en það er allavega nærri lagi.



Mynd 230. Tóft [3356-225], horft til austurs.

Brúnastaðir-3356-226

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestast á Gerðinu, sunnan túns og bæjarlækjar á Brúnastöðum, rétt rúmlega 70 m suðaustur af syðri gripahúsunum, er tóft sunnan við austurenda garðlags [3356-225]. Nýlega hefur verið reistur braggi í næsta nágrenni minjanna auk þess sem girðing liggur mjög nálægt þeim.

Lýsing

Tóftin er nokkuð ógreinileg en virðist vera um 4,1x3 m að utanmáli og opin til norðausturs. Veggir eru úr torfi og grjóti, um 20-30 cm háir og um 0,7-1 m breiðir. Hugsanlega hefur tóftin verið hluti af sama mannvirki og [3356-225 og 227], en á túnakorti frá 1918 virðist vera útihús á þessum stað. Það er þó sagt með þeim fyrirvara að erfitt var að láta túnakortið passa við núverandi landslag með fullri vissu, en það er allavega nærri lagi.



Mynd 231. Tóft [3356-226], horft til suðurs.

Brúnastaðir-3356-227

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Vestast á Gerðinu, sunnan túns og bæjarlækjar á Brúnastöðum, rétt rúmlega 70 m suðaustur af syðri gripahúsunum, er þúst rétt innan við garðlag [3356-225], um 2,5 m vestur af tóft [3356-226]. Nýlega hefur verið reistur braggi í næsta nágrenni minjanna auk þess sem girðing liggur mjög nálægt þeim.



Mynd 232. Þúst [3356-227], horft til vesturs. Nýlega reistur braggi í baksýn.

Lýsing

Þústin er algróin og regluleg að sunnanverðu en fjarar út til norðurs. Um náttúrumyndum gæti verið að ræða, eða leifar af einhverjum framkvæmdum (t.d. niðurrifs útihúss). Þústin er um 30-40 cm há og er utanmál hennar um 5x3 m. Hugsanlega hefur þústin verið hluti af sama mannvirki og [3356-225 og 226], en á túnakorti frá 1918 virðist vera útihús á þessum stað. Það er þó sagt með þeim fyrirvara að erfitt var að láta túnakortið passa við núverandi landslag með fullri vissu, en það er allavega nærri lagi.

Brúnastaðir-3356-228

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna rofs

Staðhættir

Sunnan túns á Brúnastöðum, frá vegslóða sem liggur upp með Brúnastaðaánni og til NNV í átt að túnhorninu, um 270 m ASA af syðri gripahúsunum, er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er stórt og breitt og virkar gamalt. Garðlagið er skráð um 120 m á lengd, en endar í rofi til norðurs og er rofið af vegslóða að sunnan þannig að það hefur án efa verið enn lengra. Líklegt er að garðlagið hafi tengst túngarði Brúnastaða [3356-214] í garðakerfinu sem hefur náð yfir jarðir Brúnastaða og Illugastaða. Garðlagið er víða rofið vegna umgangs skepna og á tveimur stöðum eru dráttarvéslóðar yfir það. Garðlagið er að jafnaði um 50 cm hátt en mest um 80 cm ofan í dæld. Breidd er að jafnaði um 2-2,5 m en spannar allt frá 1,5-3 m, mjóst þar sem það er heillegast. Garðlagið er hlaðið úr torfi og grjóti.



Mynd 233. Garðlag [3356-228], horft til norðvesturs. Útihús á Brúnastöðum sjást uppi í vinstra horninu.



Mynd 234. Garðlag [3356-228] liggur hér frá vinstri til hægri yfir miðja myndina. Brúnastaðaá sést uppi í vinstra horninu. Vestur er upp á myndinni.

Brúnastaðir-3356-229

Hlutverk: Stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 345 m norðaustur af nyrðri gripahúsunum á Brúnastöðum, um 40 m suðaustur af austasta túninu, er stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin er að því er virðist þriggja hólfa. Ein megintóft, langstæðilegust, er til suðausturs og á henni eru til norðvesturs



Mynd 235. Uppmæling af stekkjartóft [3356-229]. Leið [3356-230] liggur skammt vestan tóftarinnar.

tvö minni rými. Vestan við tóftina er svo eins og lítil garðlag. Tóftin er um 13x9,5 m að utanmáli. Op er á megintóftinni til suðvesturs, en ekki eru greinanleg op á minni rýmunum tveimur. Þúfur og upphækkanir eru í kringum tóftina og gæti hún geymt eitthvað eldra undir sér. Tóftin er aðallega gróin grasi en mikill mólendisgróður er í umhverfinu. Veggir eru úr torfi, um 20-80 cm á hæð og 0,6-1,5 m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Skammt ofan við brúna á Brúnastaðaánni er



Mynd 236. Tóft [3356-229], örskammt hægra megin við miðja mynd. Lengst til vinstri er túnjaðar. ANA er upp á myndinni.

Djúpihvammur. Ofan hans er Neðstifoss og þar fyrir ofan er Stekkurinn [3356-232]. Sjást tóftir hans enn. Hóllinn norðar og neðar heitir Stekkjarhóll. Annar stekkur er um 450 m ofan bæjarins, um 440 m norðvestan við stekkin sem fyrr var nefndur. Tóftir hans eru ágætlega glöggar en þó er hann greinilega aflagður fyrr en stekkurinn suður við Brúnastaðaána“ (IX: 371).

Brúnastaðir-3356-230

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata, heimild

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt Jóhannesi H. Ríkharðssyni á Brúnastöðum lá gamall hestaslóði frá syðsta háspennustaurnum í Brúnastaðalandi austan vegar, og til norðausturs og svo norðurs upp að Ásendakoti. Leiðin endar til norðurs í landi Brúnastaða við sléttað tún. Slóðinn sást ekki við vettvangsskráningu en heimildamaður gat bent á staðsetningu hans af nákvæmni og er hún færð inn í landupplýsingagögn.

Brúnastaðir-3356-231

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata, heimild

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt Jóhannesi H. Ríkharðssyni á Brúnastöðum lá gamall hestaslóði [3356-230] frá syðsta háspennustaurnum í Brúnastaðalandi austan vegar, og til norðausturs upp að Ásendakoti og annar frá sama upphafi við háspennustaurinn og til austurs upp í fjall. Slóðinn sást ekki við vettvangsskráningu en heimildamaður gat bent á staðsetningu hans af nákvæmni og er hún færð inn í landupplýsingagögn.

Brúnastaðir-3356-232

Sérheiti: Stekkurinn

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft, garðlag

Staðhættir

Um 430 m suðaustur af stekkjartóft [3356-229] og um 540 m ASA af syðra gripahúsinu á Brúnastöðum, á bakka Brúnastaðáarinnar, sunnan vegslóða, er tóft og áfast garðlag.

Lýsing

Um er að ræða þrjú rými og garðlag. Vestasta rýmið er mög stæðileg stekkjartóft, einföld og opin til vesturs. Austan við hana myndast rými á milli hennar og garðlags sem liggur frá hól norðan við minjarnar og til suðurs, rúmlega 30 m leið þar til það hverfur. Austan við norðurenda garðlagsins, upp við hólinn er einfalt rými sem er nokkuð eldra en stekkjartóftin til vesturs. Þetta austasta rými er aðeins þúfuhlaupið og sigið. Það sér í grjót í veggjum norðan til en að öðru leyti er rýmið algróið. Hæð veggja er um 20-40 cm og breidd um 0,3-0,9 m. Í miðjunni sjást allt að fjögur umföör grjóthleðslu, en hleðslan er orðin nokkuð sigrin syðst. Veggjahæð er um 50-70 cm og breidd um 0,8-1,3 m. Stekkjartóftin vestasta er að mestu úr grjóti en torf er sýnilegt efst í hleðslu. Hleðslur eru að mestu yfirgrónar, en talsvert er hrúnið úr þeim. Hæsti veggur er um 1,4 og sjást þar sjö umföör hleðslu.

Garðlagið er mjög greinilegt, sérstaklega þar sem það afmarkar miðrýmið og þar suður af. Þar sést grjót í hleðslunni en hún er annars vel yfirgróin. Garðurinn rennur svo út í umhverfið til suðurs, en hefur hugsanlega náð niður að árbakkanum, nú endar hann um 12 m frá honum.

Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Stekkurinn. Skammt ofan við brúna á Brúnastaðánni er Djúpihvammur. Ofan hans er Neðstifoss og þar fyrir ofan er Stekkurinn. Sjást tóftir hans enn. Hóllinn norðar og neðar heitir Stekkjarhóll“ (IX: 371)

Brúnastaðir-3356-233

Hlutverk: Óþekkt, stekkur

Tegund: Hleðsla, heimild

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt Jóhannesi H. Ríkharðssyni á Brúnastöðum er lítið mannvirki, sem helst minnir á stekk, í lítilli dokk rétt rúmlega 150 m vestur af Stekknum [3356-232]. Minjarnar sáust ekki við vettvangsskráningu en heimildamaður gat bent á staðsetningu þeirra af nákvæmni og er hún færð inn í landupplýsingagögn.



Mynd 237. Uppmæling af Stekknum [3356-232].



Mynd 238. Skráðar minjar í landi Nýræktar. Á kortið vantar eina kolagröf sem er austan við hið sýnilega svæði. Litaðar línur eru áætlaðar veglínur. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins.

Í landi Nýræktar voru skráðar þrjár minjar, auk þess sem vegur [3356-239] og brú [3356-238] eru til helminga í landi Nýræktar og helminga í landi Hamars. Ein kolagröf var einnig skráð í landi Nýræktar. Minjarnar þjár sem skráðar voru skammt vestan við Ketilás virðast vera einhvers konar landbúnaðarminjar en einungis ein þeirra [3356-234] hefur nokkuð greinanlegt form og hægt að áætla að þar sé hugsanlega stekkur eða lítið fjárhús. Hlutverk hinna minjanna er órætt.

Nýrækt er nýbýli frá 1950, skipt út úr jörð Stóra-Holts (BS IX: 361). Stóra-Holt var mikil kostajörð; kirkjustaður og stórbýli og líklega landnámsjörð. Hún var að því er virðist alla tíð í bændaeigu, og þar af um tíma í persónulegri eigu Hólabiskups (BS IX: 335-337). Í *Jarðabók* Árna og Páls er Stóra-Holt einungis nefnt Holt og sagt 60 hundraða jörð, og eru af því 15 hundruð í eigu kirkjunnar. Auðlindir Holts voru miklar, t.a.m. nægur mósukurður, torfrista og stunga (JÁP IX: 332-333).

Nýrækt-3356-234

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á sléttaðri grasflöt, um 34 m suður af vegi (76) og um 185 m vestur af versluninni á Ketilási, er tóft.

Lýsing

Tóftin er tveggja hólfa og snýr norðaustur-suðvestur, um 10x6 m að utanmáli. Opið er úr stærra hólfinu, því syðra, til suðvesturs. Ekki sést op á minna hólfinu, því nyrðra. Tóftin er mjög grasi gróin og sums staðar ógreinileg vegna gróðurs. Tóftin sjálf hefur sloppið við sléttun en allt í kring er sléttuð flöt. Ekki sést í grjóti í veggjum, en þeir eru um 30-60 cm háir og um 2 m breiðir. Miðað við gerð tóftarinnar gæti verið um stekkjartóft að ræða, eða jafnvel fjárhús með hlöðu. Í eldri fornleifaskráningu var tóftin skráð sem fjárhús, án frekari útskýringa. Þar sem ekki er þekkt bæjarstæði í næsta nágrenni verður þó að teljast ólíklegt að um fjárhús sé að ræða.

Aðrar upplýsingar

Minjarnar voru skráðar sem hluti af fornleifaskráningu vegna lagningar hitaveitu árið 2021, en minjarnar voru utan áhrifasvæðis lagnarinnar og því var ekki frekari umfjöllun um þær í skýrslunni (Brenda Prehal, 2021), einungis staðsetningu í landupplýsingagögnum var skilað inn til Minjastofnunar Íslands.



Mynd 239. Tóft [3356-234], horft til VSV.



Mynd 240. Uppmæling af tóft [3356-234].

Nýrækt-3356-235

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Við fornleifaskráningu árið 2021 var skráð dæld á milli minja [3356-234 og 236], um 10 m suðaustur af tóft [3356-234] og um 20 m norður af tóft [3356-236]. Engar aðrar upplýsingar en staðsetning í landupplýsingagögnum eru til um þessa skráningu þar sem minjarnar voru utan áhrifasvæðis lagnarinnar, sem var ástæða skráningarinnar, og því var ekki frekari umfjöllun um þær í skýrslunni (Brenda Prehal, 2021). Ekki varð dældarinnar vart við vettvangsskráningu 2025 og er því tekin sú ákvörðun nú að endurskrá meintar minjar ekki sem fornleifar.



Mynd 241. Drónamynd af minjum [3356-234-237] sem sjást á neðsta túnfletinum, ofan við fótboltamörkin, og brú og veg [3356-238 og 239] sem sjást uppi í hægra horninu.

Nýrækt-3356-236

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á sléttaðri grasflöt, um 30 m suður af tóft [3356-234] og um 178 m VSV af versluninni á Ketilási, er ógreinileg tóft.

Lýsing

Tóftin er nær hringlaga, örlítið ílöng, um 12,7x11,4 m að

Mynd 242. Tóft [3356-236], horft til ASA.

utanmáli. Ytra byrði er aflíðandi og aðeins óglöggt en innra byrði meira afgerandi, um 20-30 cm hátt. Veggir eru ríflega 2 m breiðir, mjög sokknir og sennilega hefur tóftin orðið fyrir raski t.d. af sléttun. Tóftin er algróin grasi og virðist hafa verið slegin að utanverðu en ekki í miðjunni. Ekkert op er greinanlegt á tóftinni og hlutverk er óljóst.

Aðrar upplýsingar

Minjarnar voru skráðar sem hluti af fornleifaskráningu vegna lagningar hitaveitu árið 2021, en minjarnar voru utan áhrifasvæðis lagnarinnar og því var ekki frekari umfjöllun um þær í skýrslunni (Brenda Prehal, 2021), einungis staðsetningu í landupplýsingagögnum var skilað inn til Minjastofnunar Íslands.



Nýrækt-3356-237

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft, niðurgröftur

Staðhættir

Vestan við óslegna afmörkun á milli túna, í jaðri þess svæðis, um 32 m suðvestur af tóft [3356-236] og um 90 m suður af vegi (76) eru ógreinilegt veggjarbrot og niðurgröftur.

Lýsing

Mannvistarleifarnar eru ógreinilegar og gætu verið afleiðing rasks á svæðinu. Hugsanlega er hér veggjarbrot, um 10-30 cm hátt, 0,5-0,9 m breitt og 7,5 m langt, í dálítinn boga, opið til vesturs. Vestan við meint veggjarbrot var niðurgröftur, u.þ.b. 10 cm djúpur. Óljóst er hvaða hlutverki þessar leifar gætu hafa gegnt og líklegt er að þær séu yngri en svo að teljast til fornleifa.

Aðrar upplýsingar

Minjarnar voru skráðar sem hluti af fornleifaskráningu vegna lagningar hitaveitu árið 2021, en minjarnar voru utan áhrifasvæðis lagnarinnar og því var ekki frekari umfjöllun um þær í skýrslunni (Brenda Prehal, 2021), einungis staðsetningu í landupplýsingagögnum var skilað inn til Minjastofnunar Íslands.



Mynd 243. Tóft [3356-237], horft til norðausturs.

Nýrækt-3356-238

Hlutverk: Brú

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta vegna landbrots

Staðhættir og lýsing

Um 80 m ofan (sunnan) við brúna á Fljótaá er eldri brú. Sjást leifar hennar beggja vegna árinna. Brúin er grjóthlaðin og hefur verið steipt í hleðsluna í efsta laginu vestan megin en mun meiri steypa er sjáanleg austan megin. Grjóthleðslan sést vel beggja vegna árinna en er farin að ganga mikið til. Óreglulegra grjótpúkk sést undir hleðslunni. Brúin er líklega sú sem fjallað er um í *Byggðasögu Skagafjarðar* að hafi þurft að laga eða endurhlaða árið 1933 (VIII: 239). Brúin er farin úr notkun fyrir minni Þorsteins Helga Jónssonar sem fæddur er árið 1943 (munnl. heimild).



Mynd 244. Brúarleifar [3356-238] við enda vegar [3356-239] beggja vegna Fljótaár. Horft til austurs.

Nýrækt-3356-239

Hlutverk: Vegur

Tegund: Leið

Staðhættir og lýsing

Frá brú [3356-238], beggja vegna árinna, liggja vegbútar í gegnum mýrar. Að austanverðu liggur vegurinn um 145 m langa leið, að girðingu við núverandi veg, og er greinilegur alla þá leið. Vegurinn er örlítið siginn á miðjukaflanum, en sést samt vel. Vegurinn er uppbyggður og eru lænur beggja vegna við hann. Vegurinn er um 3,5 m breiður. Vestan við brúna er vegurinn greinilegur á um 105 m kafla, en rof er á honum þar sem skurður liggur í gegnum hann rétt vestan við miðju. Vestari veghlutinn sker sig meira úr umhverfinu þar sem hann er vaxinn háu grasi, en umhverfið er sneggra. Gerð vegarins er eins beggja vegna árinna. Vesturhlutinn endar við raskað svæði við túnenda.



Mynd 245. Horft inn í hleðslu brúar [3356-238] til vesturs. Vegur [3356-239] liggur frá brúnni í landi Hamars.

Hamar



Mynd 246. Yfirlitskort yfir skráðar minjar í landi Hamars. Hér mætast fyrri og seinni hluti skráningarverkefnisins. Fyrri hlutinn endar í vesturenda Hamarslands - sjá svörtu línurnar. Appelsínugul lína er áætluð veglína.

Í landi hamars voru skráðar fimm minjar. Einnig er landamerkjagarður [3356-251] á mörkum Hamars og Stóra-Grindlis, en hann er skráður undir Stóra-Grindli, og hluti af vegi [3356-239] og brú [3356-238] sem eru að hinum hluta í landi Nýræktar, austan Fljótaár. Skráðar minjar í landi Hamars eru þrjú garðlög með órætt hlutverk [3356-242, 243, 244] auk umfangsmikilla mógrafa [3356-241] og hugsanlegrar mógeymslu [3356-240].

Hamar var í byggð allavega frá 14. öld. Heimildir um eignarhald jarðarinnar eru gloppóttar en hún er til skiptis í bændaeigu og Stólseigu þar til við lok 19. aldar þegar hún kemst endanlega í bændaeigu svo öruggt sé. Jörðin fór í eyði snemma á 20. öld (BS VIII: 508-512). Nú eru sumarhús niðri við Miklavatn einu byggingarnar á jörðinni. Í *Jarðabók* Árna og Páls er jörðin metin á 12 hundruð. Torfrista og stunga eru sögð góð, og sett upp í skipti við Brúnastaði þar sem Hamarsmenn sækja eldivið í skóg í staðinn. Móskurður til eldiviðar er sagður lakur (JÁP IX: 309-310).

Hamar-3356-240

Hlutverk: Óþekkt, mógeymsla

Tegund: Þúst

Staðhættir

Innan mógrafasvæðis [3356-241], um 39 m suður af vegi (76), er þúst.

Lýsing

Uppi á hól, inni á mógrafasvæði [3356-241] virðist marka fyrir smá tóft. Tóftin er mjög ógreinileg og gæti verið til kominn vegna seinni tíma rasks. Tóftin virðist vera skeifulaga, um 2,2x1,6 m að utanmáli og opin til suðurs. Tóftin er vel gróin grasi og hrislyngi. Vestur- og austurveggir eru greinilegastir og svo dæld fyrir miðju. Veggir eru einungis um 20 cm háir og veggir um 0,5-0,8 m breiðir.

Hamar-3356-241

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Rétt vestan við gamla Sléttuvegin og um 15 m suður af vegi (76) eru stórar mógrafir.

Lýsing

Mógrafasvæðið er um 155 m norður-suður og um 80 m austur-vestur.

Mógrafasvæðið virðist hafa náð

lengra til suðurs en það var ekki kannað frekar þar sem það er utan skráningarsvæðisins. Grafirnar eru frekar grunnar, um 10-30 cm djúpar, og þurrar. Enda búið að ræsa fram meira og minna allt umhverfi þeirra. Grafirnar eru algrónar en gróðurinn í þeim er sneggri en gróðurinn í kring og gerir þær þannig greinanlegar.



Mynd 247. Horft suðurs yfir mógrafir [3356-241].

Hamar-3356-242

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á mýrlendu svæði sem afmarkast af mógröfum [3356-241] til austurs, vegi (76) til norðurs og Sléttuvegi til vesturs eru tvö löng garðlög sem liggja yfir svæðið. Þetta er það austara og lengra.

Lýsing

Garðlagið er mjög sokkið og alla jafna rétt mótar fyrir því í mýrinni. Svæðið er gróið og blautt. Garðlagið er rekjanlegt á um 210 m löngum kafla, og hverfur við skurð í norðurendann. Garðlagið er einungis um 10 cm hátt og um 1 m að breidd að jafnaði.



Mynd 248. Drónamynd af mógröfum [3356-241], sem sjást neðst á myndinni, ofan við vegslóðann, og garðlög [3356-242 og 243] sem sjást óglöggð í mýrinni ofan við mógrafirnar. Vestur er upp á myndinni.

Hamar-3356-243

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á mýrlendu svæði sem afmarkast af mógröfum [3356-241] til austurs, vegi (76) til norðurs og Sléttuvegi til vesturs eru tvö löng garðlög sem liggja yfir svæðið. Þetta er það vestara.

Lýsing

Garðlagið er mjög sokkið í gróið og blautt landslagið. Garðlagið er rekjanlegt á um 150 m kafla. Nyrst liggur það í nær hásuður í um 103 m þegar það beygir til suðvesturs. Garðlagið er um 10-20 cm hátt og um 0,4-0,5 m breitt.



Mynd 249. Horft norðaustur eftir garðlagi [3356-243].

Hamar-3356-244
númer: 1787-14]

[eldra

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í sléttuðu túni, um 42 m suðaustur af þeim sumarbústað sem stendur austast við bakka Miklavatns í landi Hamars, er garðlagsbútur í sléttuðu túni. Einungis suðurhluti garðlagsins er innan skráningarsvæðisins.



Mynd 250. Horft þvert á garðlag [3356-244] til suðausturs.

Lýsing

Garðlagið er greinanlegt á rúmlega 40 m kafla og er mjög greinilegt í sléttuðu umhverfinu. Garðlagið er beint, liggur norðaustur-suðvestur og hefur án efa verið lengra en verið sléttað yfir hluta þess. Garðlagið er um 50 cm hátt og 0,6 m breitt. Hlutverk er óljóst.

Seinni hluti – Ketilás – Stafá

Minna-Holt



Mynd 251. Yfirlitskort yfir skráðar minjar í landi Minna-Holts. Svarta línan sýnir austurmörk skráningarsvæðisins. Appelsínugul lína uppi í vinstra horninum er áætluð veglína.

Í landi Minna-Holts voru skráðar sex minjar sem allar höfðu verið skráðar áður af Byggðasafni Skagfirðinga og eru uppmælingar úr þeirri skráningu nýttar hér (sjá Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016). Um er að ræða eina meinta undirhleðslu undir girðingu [3356-245] auk minjasvæðis Ystagerðis [3356-246-250] sem samanstendur af tóftum og garðlögum.

Minna-Holt var hjáleiga Stóra-Holts og því lengst af undir sama eignarhaldi og meginjörðin, en komst í einkaeigu undir lok 18. aldar. Um aldamótin 1800 var Minna-Holt metið á 10 hundruð, eða einn sjötta hluta af dýrleika Stóra-Holts. Þegar *Jarðabók* Árna og Páls er rituð árið 1709 er Minna-Holt í eyði og landnæðið nýtt af Stóra-Holti (BS IX: 355-356). Má af því sjá að jörðin hefur farið í og úr byggð í gegnum tíðina.

Minna-Holt-3356-245 [eldra
númer: 1787-047]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag, hleðsla

Staðhættir og lýsing

Í hallandi mýrlendi austan Ólafsfjarðarvegur sunnan Ketiláss er lág hleðsla samsíða veginum. Nyrst er hleðslan um 42 m austur af veginum en syðst um 79 m. Hleðslan er líklega undirhleðsla undir girðingu og aldur er óþekktur. Hleðslan er greinanleg á um 230 m kafla.

Aðrar upplýsingar

Úr fornleifaskráningu 2016: „Lág hleðsla er í hallandi mýrlendi norðarlega í landi Minna-Holts með stefnu norðvestur-suðaustur. Hleðslan sést á um 250m kafla austan við þjóðveginn og norður af svonefndu Ystagerði. Hleðslan er á bilinu 10-30sm á hæð og víðast hvar um 40sm breið, ekki er um eiginlegt garðlag að ræða en gæti hafa verið hleðsla undan girðingu“ (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 34).



Mynd 252. Garðlag/undirhleðsla [3356-245], horft til norðurs.



Mynd 253. Drónamynd af Ystagerði. Austur er upp á myndinni. A-bústaður stendur norðaustan við minjasvæðið. Litla húsið vinstra megin við miðju er byggt ofan í tóft [3356-247]. Heimreiðin að Minna-Holti er uppi í hægra horninu.

Minna-Holt-3356-246 [eldra númer: 1787-048]

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir og lýsing

Rúmlega 200 m norðvestur af íbúðarhúsinu á Minna-Holti og um 30 m austur af Ólafsfjarðarvegi er minjasvæði sem kallast Ystagerði. Utan um svæðið er garðlag, túngarður. Svæðið er allt mjög gróið og gróður hár og víða erfitt að greina mörk minja. Garðurinn sást á vettvangi en var mjög óglöggur á köflum, ekki síst vegna gróðurs. Að öðru leyti er vísað í lýsingu frá 2016 hér í „Aðrar upplýsingar“, enda var þá minni gróður á svæðinu og minjarnar mun gleggri en nú.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Minna-Holts segir: „Norðan við Torfholt er heimkeyrslan og þar fyrir norðan heitir Miðgerði. Því hefur einnig verið bylt. Þar út (norður) af er Yztagerði, hár og gröslugur hóll. Það tilheyrði gamla túninu og hefur því ekki verið bylt. Á því var áður hrútakofi, nú reykhus. Sunnan og austan í Yztagerði voru áður gamlar fjárhústóttir“ (bls. 2). Í fornleifaskráningu frá 2016 segir: „Staðhættir. Hár hóll er norðan við núverandi afleggjara heim að Minna-Holti, á honum eru leifar af garðlagi (túngarði), líklega tveimur matjurtagörðum, einu fjárhúsi og reykkofa sem er að hluta steypur. Lýsing. Garðurinn er óglöggur en þó er hægt að rekja sig eftir honum frá suðausturhorni matjurtagarðsins (1787-50) um 50m til austurs þar sem hann beygir til norðurs að rústum fjárhúsa (1787-52). Smá stabbi sem virðist tilheyra túngarðinum er vestan þessara rústa og svo mótar fyrir garðinum efst á hólnum frá matjurtagarði (1787-51) og áfram fast austan við reykkofa og tóftir áfastar honum (1787-49) og áfram til vesturs niður af hólnum. Þar verður garðurinn mjög óljós en hugsanlega heldur hann áfram neðan við hólninn aftur til suðurs en gæti einnig verið utan í hólnum til suðausturs. Garðurinn er mest um 30sm hár en víða aðeins um 10sm og á bilinu 50-150sm breiður. Garðurinn umlykur svæði sem er um 0,45 ha“ (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 35).

Minna-Holt-3356-247 [eldra númer: 1787-049]

Sérheiti: Ystagerði

Hlutverk: Reykhús, hrútakofi

Tegund: Tóft, hús

Staðhættir og lýsing

Rúmlega 200 m norðvestur af íbúðarhúsinu á Minna-Holti og um 30 m austur af Ólafsfjarðarvegi er minjasvæði sem kallast Ystagerði. Utan um svæðið er garðlag, túngarður [3356-246].

Austast við norðurhluta túnsins er tóft, að hluta til með húsi. Svæðið er allt mjög gróið og gróður hár og víða erfitt að greina mörk minja. Tóftirnar sást greinilega, en sú breyting hefur verið gerð á síðan fornleifaskráning fór fram árið 2016 að hús hefur verið reist í yngsta hluta tóftanna, þeim vestasta. Það er sú tóft sem kölluð er „steypa tóftin“ í skráningunni 2016. Að öðru leyti



Mynd 254. Tóft [3356-247], með endurreistu húsi. Horft til norðurs.

er vísað í lýsingu frá 2016 hér í „Aðrar upplýsingar“, enda var þá minni gróður á svæðinu og minjarnar mun gleggri en nú.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Minna-Holts segir: „Þar út (norður) af er Yztagerði, hár og grösugur hóll. Það tilheyrði gamla túninu og hefur því ekki verið bylt. Á því var áður hrútakofi, nú reykhus. Sunnan og austan á Yztagerði voru áður gamlar fjárhústóttir“ (bls. 2). Í fornleifaskráningu frá 2016 segir: „Vestast á hólnum á Ystagerði eru rústir reykkofa úr torfi með steypa innveggi en austan við eru byggingaleifar úr torfi. Torfveggirnir eru 10- 40sm háir nema að norðan þar sem veggurinn er um 1m hár. Steyptu plöturnar með innbrún torfveggjana eru 160sm háar og víða aðeins um 10sm þykkar, en sumstaðar allt að 30sm. Greinilegt er að slegið hefur verið upp inni tóft eða húsi úr torfi og steypunni hellt niður á milli þils og veggjar. Þar sem torfið hefur rofnað utan af steypunni að sunnan sjást glögg för eftir torfhnausa í steypunni. Miðað við örnefnaskrá þá var hrútakofi áður á hólnum, líklega er það sama tóft sem svo hefur verið breytt í reykhus. Hrútakofinn kann að hafa verið hluti af stærri byggingu, í það minnsta eru umfangsmeiri tóftir austan við steyptu tóftina, en þeirra er ekki getið í örnefnaskrá. Það sem sýnilegt er af þeirri tóft er um 7,5x9m að ummáli. Beint austur af steyptu tóftinni er rými sem snýr þvert á hana NA-SV og er 2,3x3,3m að innanmáli með dyr til austurs. Sunnan við hana er smærra hól sem snýr NV-SA, 1,6x3m á kant með dyr til suðurs“ (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 35-36).

Minna-Holt-3356-248 [eldra
númer: 1787-050]

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir og lýsing

Rúmlega 200 m norðvestur af íbúðarhúsinu á Minna-Holti og um 30 m austur af Ólafsfiarðarvegi er minjasvæði sem kallast Ystagerði. Utan um svæðið er garðlag, túngarður [3356-246]. Syðst á svæðinu, á



Mynd 255. Garðlag [3356-248], horft til norðvesturs.

brekkubrún sem svo hallar til suðurs og suðvesturs er matjurtagarður, að hluta enn nýttur. Svæðið er allt mjög gróið og gróður hár og víða erfitt að greina mörk minja. Garðlagið var greinilegt við vettvangsskráninguna. Að öðru leyti er vísað í lýsingu frá 2016 hér í „Aðrar upplýsingar“, enda var þá minni gróður á svæðinu og minjarnar mun gleggri en nú.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Minna-Holts segir: „Þar út (norður) af er Yztagerði, hár og grösugur hóll. Það tilheyrði gamla túninu og hefur því ekki verið bylt. Á því var áður hrútakofi, nú reykhus. Sunnan og austan á Yztagerði voru áður gamlar fjárhústóttir.“ (bls. 2). Í fornleifaskráningu frá 2016 segir: „Suður af reykkofanum eru leifar matjurtagarðs sem hallar til suðurs. Garðurinn er tvískiptur efst, um 4x9m á kant (A-V) og neðan við það í meiri halla til suðurs er stærra hól sem snýr norður suður og er um 9x13,5m. Veggir eru á bilinu 30-40sm háir og um 40sm breiðir nema að vestan og sunnan í stærra hólfinu þar sem þeir eru óverulegir“ (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 36).

Minna-Holt-3356-249 [eldra númer: 1787-051]

Hlutverk: Óþekkt, matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir og lýsing

Rúmlega 200 m norðvestur af íbúðarhúsinu á Minna-Holti og um 30 m austur af Ólafsfiarðarvegi er minjasvæði sem kallast Ystagerði. Utan um svæðið er garðlag, túngarður [3356-



Mynd 256. Garðlag [3356-249] og tóft [3356-250] standa uppi á hólum fyrir miðri mynd.

246]. Austast á svæðinu eru garðlag og tóft [3356-250] um 5 m austan við það. Þetta er garðlagið. Svæðið er allt mjög gróið og gróður hár og víða erfitt að greina mörk minja. Garðlagið var greinilegt við vettvangsskráninguna. Að öðru leyti er vísað í lýsingu frá 2016 hér í „Aðrar upplýsingar“, enda var þá minni gróður á svæðinu og minjarnar mun gleggri en nú.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Minna-Holts segir: „Þar út (norður) af er Ystagerði, hár og grösugur hól. Það tilheyrði gamla túninu og hefur því ekki verið bylt. Á því var áður hrútakofi, nú reykhus. Sunnan og austan á Ystagerði voru áður gamlar fjárhústóttir.“ (bls. 2). Í fornleifaskráningu frá 2016 segir: „Um 40m suðaustur af reykkofanum eru sokkin garðlög sem mynda afgirt hól sem hallar örlítið til suðurs. Garðlögin eru sokkin og illgreinanleg, á bilinu 10-20sm há og um 1m breið og afmarka reit sem er um 10x10m á kant. Ekkert hlið er greinilegt á mannvirkinu, en líklegast er um matjurtagarð að ræða, þótt einnig geti hugsast að þetta sé lítil rétt“ (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 36).

Minna-Holt-3356-250 [eldra númer: 1787-052]

Hlutverk: Fjárhús, hlaða

Tegund: Tóft

Staðhættir og lýsing

Rúmlega 200 m norðvestur af íbúðarhúsinu á Minna-Holti og um 30 m austur af Ólafsfiarðarvegi er minjasvæði sem kallast Ystagerði. Utan um svæðið er garðlag, túngarður [3356-246]. Austast á svæðinu eru garðlag [3356-249] og tóft um 5 m austan við það. Þetta er tóftin. Svæðið er allt mjög gróið og gróður hár og víða erfitt að greina mörk minja. Tóftin var ógreinileg við vettvangsskráninguna, en þó var greinilegt að þarna er mannvirki. Að öðru leyti er vísað í lýsingu frá 2016 hér í „Aðrar upplýsingar“, enda var þá minni gróður á svæðinu og minjarnar mun gleggri en nú. Tóftin er utan skráningarsvæðisins en er skráð með öðrum tóftum á Ystagerði þar sem hún tilheyrir sömu heild.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Minna-Holts segir: „Þar út (norður) af er Ystagerði, hár og grösugur hól. Það tilheyrði gamla túninu og hefur því ekki verið bylt. Á því var áður hrútakofi, nú reykhus. Sunnan og austan á Ystagerði voru áður gamlar fjárhústóttir.“ (bls. 2). Í fornleifaskráningu frá 2016 segir: „Þessar fjárhústóttir sjást enn þótt þær séu illgreinanlegar. Þær eru austanvert á hólum

um 60m suðaustur af reykkofanum og hafa verið utan garðs á Ystagerði. Lýsing. Fjárhúsin virðast hafa verið byggð upp að garðlagi sem er á hólnum (1787-48), tvær aflangar dældir eru í norðurhluta rústasvæðisins og ein að sunnan sem gengur þvert á hinar. Veggir eru mjög óverulegir og virðist tóftin hafa verið rifin eða henni rutt út, engu að síður sér móta fyrir útveggjum og dældir gefa vísbendingu um innra fyrirkomulag, líklega hafa þetta verið fjárhús með garða sem legið hefur norður-suður og hlaða eða heytóft verið sunnan við. Tófaleifarnar taka yfir svæði sem er um 11x11m á kant“ (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 37).

Stóri-Grindill



Mynd 257. Yfirlitskort yfir skráðar minjar í landi Stóra-Grindils. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Appelsínugul veglína er áætluð veglína sem á þessum kafla er að mestu í núverandi vegstæði.

Í landi Stóra-Grindils voru skráðar 16 fornleifar. Minjarnar eru fjölbreyttar og má þar finna bæði garðlög og tóftir. Minjarnar þyrpast saman á þremur svæðum. Norðan vegar, austur undir landamerkjum Stóra-Grindils og Hamars, eru minjar [3356-251-256], sem eru að miklu leyti með óþekkt hlutverk, en tóft [3356-254] er að öllum líkindum heystæði. Aðeins vestar, en sunnan vegar, eru tvær tóftir sem gætu verið stekkur og heystæði, í öllu falli er ólíklegt að tóft [3356-257] sé heystæði þar sem hún er tvöföld. Vestast, út undir landamerki við Minni-Grindil, eru tvö garðlög [3356-259 og 260] sunnan vegar. Garðlögin eru með óþekkt hlutverk, en líklegt er að garðlag [3356-259] sé hluti af garðlagi [3356-261] sem er norðan vegar, en vegur (76) sker þau í sundur og því er ekki hægt að fullyrða um það þótt það sé mjög líklegt. Norðan vegar eru minjar [3356-261-265] á sama minjasvæði. Minjarnar eru líklega upp til hópa einhvers konar landbúnaðarminjar: stekkur, aðhöld eða því um líkt. Garðlag [3356-266] er síðan nokkuð vestar. Taka þarf fram að skráningarsvæðið norðan vegar í landi Stóra-Grindils var mjög erfitt yfirferðar og skyggni lítið vegna skógræktar. Á nokkrum stöðum voru eins og vísbendingar um garðlög, en vegna þess hve landið er raskað voru þessar vísbendingar ekki skráðar sem

fornleifar. Líklegra er að þær séu til komnar vegna rasks eða jafnvel umhverfisbreytinga á mörkum votlendis og þurrlendis, en stundum voru hugsanleg garðlög á brúnum dælda í landslaginu, sem virtust geta hafa verið blautar áður fyrr. Vegna skógræktarinnar má því gera ráð fyrir að minjar geti leynst á svæðinu sem ekki fundust.

Grindill er landnámsjörð og nam Nafar-Helgi þar land. Jarðirnar Stóri- og Minni-Grindill koma ekki fram á sjónarsviðið fyrr en árið 1656, og voru áður sama jörðin. Stóri-Grindill virðist hafa verið í bændaeigu alla tíð en hún fór svo í eyði árið 1931 (BS VIII: 500-502). Í *Jarðabók* Árna og Páls er Stóri-Grindill metinn á 30 hundruð og ekki er getið um auðlindanýtingu á jörðinni, en þess er hins vegar getið að jörðin hafi áður heitið Grindill en síðar verið skipt upp í Stóra- og Minni Grindil (JÁP IX: 308). Nú standa engar aðrar byggingar en sumarhús í landi Stóra-Grindils.



Mynd 258. Yfirlitskort yfir minjar [3356-251-256].

Stóri-Grindill-3356-251

[eldra númer: 1787-013]

Hlutverk: Óþekkt, landamerki

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á landamerkjum Hamars og Stóra-Grindils eru garðlagsbútar á þremur stöðum innan skráningarsvæðisins. Einn sunnan vegar en tveir norðan vegar.

Lýsing

Garðlagsbútarnir hafa líklega verið hluti af einum og sama landamerkjagarðinum en hafa bæði sokkið í mýrar og gróður og verið raskað við



Mynd 259. Landamerkjagarður [3356-251], horft til suðvesturs.

vegaframkvæmdir. Garðlagið sunnan vegar er um 26 m suðvestur af vegi (76). Það er um 11 m langt, 10-20 cm hátt og um 0,6-1 m á breidd og er mjög sokkið og ógreinilegt. Norðan vegar er garðlagið greinilegra en þó nokkuð sokkið í gróður. Það sést á um 45 m löngum kafla um 17 m

norður af vegi (76), og síðan aftur á lengri kafla um 9 m norður af gamla veginum, en einungis 18 m af þeim hluta eru innan skráningarsvæðisins.

Aðrar upplýsingar

Garðlagið var að hluta skráð við skráningu árið 2015, þ.e. bútarnir norðan vegar, sjá Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga (2016: 11-12).

Stóri-Grindill-3356-252

[eldra númer: 1787-011]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir

Garðlagsendi er um 25 m vestur af landamerkjum Hamars og Stóra-Grindils og um 25 m norðaustur af vegi (76) á gróðurmiklu svæði.

Lýsing

Garðlagið nær skáhallt frá suðausturendanum sem lýst er hér að ofan og til norðvesturs að gamla veginum. Það er þó slitið í sundur á köflum, sér í lagi í mýri um 50-80 m norðvestur af



Mynd 260. Einn greinilegasti hluti garðlags [3356-252], horft til suðausturs.

suðausturendanum. Garðlagið

hverfur auk þess hér og þar í gróður, bæði gras en einnig skóg, en víða á svæðinu eru trjáþyrpingar. Garðlagið er að jafnaði um 1-1,3 m breitt, en alveg upp í 2 m, og um 10-40 cm hátt, en allt að 60 cm þar sem mest er, og er greinanlegt á um 240 m kafla, en þó slitrótt eins og áður sagði.

Aðrar upplýsingar

Garðlagið var einnig skráð við fornleifaskráningu árið 2015 (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 11).

Stóri-Grindill-3356-253 [eldra númer: 1787-012]

Hlutverk: Óþekkt, aðhald

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir

Áföst garðlagi [3356-252], um 33 m norðaustur af vegi (76) og um 28 m vestur af merkjum Hamars og Stóra-Grindils er tóft.

Lýsing

Tóftin er einföld og myndar garðlag [3356-252] suðvesturlangvegg hennar. Tóftin virðist geta verið opin til suðurs, við garðinn, en það er ekki alveg öruggt. Tóftin er grasi gróin en gróður er þó aðeins minni á tóftinni en á garðlaginu sem hún er áföst. Snarrót er farin að gleypa garðinn víða en hún er ekki enn búin að yfirtaka vegg tóftarinnar. Veggir eru um 10-40 cm háir og um 1-1,3 m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Tóftin var einnig skráð við fornleifaskráningu árið 2015 (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 11).



Mynd 261. Drónamynd af minjum [3356-252, 254, 255 og 256]. Garðlag [3356-252] liggur skáhalt yfir alla myndina. Efst við stóra móann fyrir miðju eru tóft og torftökusvæði [3356-254 og 255]. Tóft [3356-256] er við skógarjaðarinn niðri til vinstri, en sést ekki á myndinni.

Stóri-Grindill-3356-254 og 255 [eldra númer: 1787-010]

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla, torftökustaður

Tegund: Tóft, niðurgröftur

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir

Um 90 m norðaustur af vegi (76), 9 m vestur af garðlagi [3356-252] og 51 m suðvestur af gamla veginum er tóft og torftökustaður [3356-255] í kringum hana.

Lýsing

Tóftin er einföld, um 8,7x4,6 m að utanmáli og ekki er hægt að greina á henni op. Veggir eru um 0,6-1 m breiðir og um 20-40 cm háir. Suðurendi tóftarinnar liggur upp í smá brekku. Tóftin er algróin grasi og ekkert grjót sést í veggjum. Umhverfis tóftina á alla kanta er torftökustaður. Líklega



Mynd 262. Tóft og torftökustaður [3356-254 og 255], horft til norðausturs.

hefur torfið verið tekið þar og hlaðið beint upp í veggina. Svæðið er mest um 50 cm breitt frá tóftinni og um 30 cm djúpt. Bakkar torftökusvæðisins eru að mestu greinanlegir en sums staðar eru þeir farnir að gróa upp eða hafa fallið inn og eru ógreinilegri.

Aðrar upplýsingar

Tóftin var einnig skráð við fornleifaskráningu árið 2015 (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 10-11).

Stóri-Grindill-3356-256

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta skógræktar

Staðhættir

Um 40 m austur af tóft [3356-254] og um 60 m norðaustur af vegi (76), er tóftarbrot í skógarjaðri.



Mynd 263. Tóft [3356-256], horft til vesturs.

Lýsing

Tóftarbrotið er í skógarjaðri og er ógreinilegt, gæti verið náttúrulegt. Það virðist þó vera sem veggir gangi austur úr skógræktinni og nokkuð greinilegur veggur sést utan skógræktarinnar. Tóftin virðist snúa norður-suður og vera um 11,6 m löng að utanmáli. Vesturhlið er alveg horfin í skóg sem og hluti af norðurgafli. Ekkert op er greinanlegt á þeim veggjum sem sjást. Veggir eru grasi og lyngi vaxnir, mest um 70 cm háir en yfirleitt um 20-30 cm. Breidd veggja er um 1 m.

Stóri-Grindill-3356-257

Hlutverk: Óþekkt, stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Sunnan vegar (76), um 45 m suðvestur af veginum, um 500 m ASA af húsinu á Minni-Grindli eru tvær tóftir. Þetta er sú eystri. Um 9 m eru á milli tóftanna.

Lýsing

Tóftin er tveggja hólfa og er eins og annað hólfið sé utanálíggjandi á hinu. Tóftin snýr nálega norður-suður og er um 9,5x7,5 m að utanmáli. Op er á eystra hólfinu til suðurs. Tóftin er algróin mólendisgróðri, sokkin og þúfuhlaupin, og veggir farnir að síga til hliðanna. Ytra byrði er hæst um 90 cm en að jafnaði er veggjahæð um 50 cm. Breidd veggja er um 0,9-1,3 m. Hlutverk er óljóst en gæti verið stekkur miðað við gerð og staðsetningu.



Mynd 264. Tóft [3356-257], horft til suðausturs.

Stóri-Grindill-3356-258

Hlutverk: Óþekkt, aðhald

Tegund: Tóft

Staðhættir

Sunnan vegar (76), um 45 m suðvestur af veginum, um 500 m ASA af húsinu á Minni-Grindli eru tvær tóftir. Þetta er sú vestari. Um 9 m eru á milli tóftanna.



Mynd 265. Tóft [3356-258], horft til suðvesturs.



Lýsing

Tóftin er stór, einföld og ferhyrnd. Tóftin er algróin mólendisgróðri og veggir ögn signir og þúfuhlaupnir. Tóftin er þó vel greinanleg, um 11,3x10,6 m að utanmáli. Veggir eru nokkuð jafnir, um 50 cm háir og um 1,4 m á breidd að jafnaði, en annars á bilinu 30-60 cm á hæð og 1-1,7 m á breidd.

Mynd 266. Drónamynd af tóftum [3356-258], nær, og [3356-257], fjar. Austur er upp á myndinni.

Stóri-Grindill-3356-259

[eldra númer: 1787-007]

Hlutverk: Óþekkt,
vörslugarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Sunnan vegar (76), um 180 m austur af húsinu á Minni-Grindli, um 58 m SSV af veginum er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er í tveimur hlutum og liggur norður-suður.

Garðlagið er stórt og mikið, en þó mjög sokkið, þúfuhlaupið og gróið. Nyrðri hluti garðlagsins er um 21 m langur, en sá syðri um 30 m. Á milli er um 8,5 m bil sem skilur bútana að. Mýri er í nágrenninu og garðlagið fjarar út í þúfur og mýri. Að jafnaði er garðlagið um 2 m breitt, en allt að 3 m þar sem það er signast. Hæð er um 50-70 cm.

Aðrar upplýsingar

Garðurinn er talinn hluti af sama garði og [3356-261] í drögum að skýrslu um garða í Fljótum (Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, e.d.), en er hér skráður undir sérstöku númeri þar sem vegur (76) skilur þá að.



Mynd 267. Garðlag [3356-259], horft til suðvesturs.

Stóri-Grindill-3356-260

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í austurjaðri jarðar Stærri-Grindils, í votlendi um 78 m norðaustur af húsinu á Minna-Grindli, og um 70 m suðvestur af vegi (76) er garðlag.

Lýsing

Garðlagið liggur frá suðvestri til norðausturs í smá hlykkjum og er um 68 m langt. Garðlagið er mjög óglöggt og er í raun einungis eins og smá mishæð í

grasinu, um 10 cm há. Það er þó einnig sýnilegt á loftmyndum. Garðlagði endar við læk til vesturs en fjarar út í mýrina til austurs. Breidd garðlagsins er um 0,5-0,7 m.



Mynd 268. Garðlag [3356-260], horft til norðausturs.



Mynd 269. Yfirlitskort yfir minjar [3356-259-266].

Stóri-Grindill-3356-261 [eldra
númer: 1787-007]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir

Norðan vegar (76), um 13 m norðaustur af veginum, um 280 m ANA af húsinu á Minni-Grindli er stórt og mikið garðlag. Skógur er í næsta nágrenni garðlagsins.

Lýsing

Garðlagið var mælt upp við fornleifaskráningu árið 2015 og var sú uppmæling endurnýtt hér. Garðlagið er mjög stórt og mikið, um 1,5-2 m breitt að jafnaði og allt að 2,5 m breitt þar sem mest er. Hæð er að 80 cm, en að jafnaði 50-60 cm. Garðurinn er mjög greinilegur víðast hvar, gróinn grasi, mosa og elftingu. Rof er í garðinn á nokkrum stöðum.



Mynd 270. Garðlag [3356-261] hlykkjast hér upp eftir myndinni. Horft til norðausturs.

Lengd garðsins innan skráningarsvæðisins er um 140 m, en hann nær áfram norður út fyrir skráningarsvæðið.

Aðrar upplýsingar

Garðurinn var áður skráður við fornleifaskráningu árið 2015 (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 9). Garðurinn er talinn hluti af sama garði og [3356- 259] í drögum að skýrslu um garða í Fljótum (Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, e.d.), en er hér skráður undir sérstöku númeri þar sem vegur (76) skilur þá að.

Stóri-Grindill-3356-262

Hlutverk: Óþekkt, aðhald

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir

Rétt vestan við garðlag [3356-261], um 65 m norðaustur af vegi (76) er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er ekki alveg áfast garðlagi [3356-261], en um 1 m op er á milli þeirra. Innan við það er rými sem garðlag

[3356-261] afmarkar til suðausturs, þetta garðlag [3356-262] til norðausturs og norðurs og há brekka til suðvesturs. Hugsanlega er aðeins grafið inn í brekkuna til að fá skarpari bakka. Líklega er um aðhald að ræða. Garðlagið er um 6,5 m langt og gengur í L. Veggjabreidd er um 1,5 m þar sem mest er og hæð að 60 cm.



Mynd 271. Garðlag [3356-262] upp við garðlag [3356-261] (til vinstri). Horft til suðvesturs.

Stóri-Grindill-3356-263 [eldra númer: 1787-008]

Hlutverk: Óþekkt, stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir

Sambyggt garðlagi [3356-261] vestanverðu, um 36 m suðvestur af gamla veginum, um 65 m vestur af vestasta bústaðnum í landi Minni-Grindils, er tóft.

Lýsing

Tóftin er mjög loðin af grasi og gróðri og erfitt að greina rými. Snarrót er nær alveg búin að taka yfir tóftina. Tóftin var skráð við fornleifaskráningu árið 2015 og er sú mæling endurnýtt hér. Tóftin er þriggja hólfa og bera vestari hólfin tvö með sér að geta verið stekkjjarleifar. Veggir eru allt að 1 m háir en oftast aðeins lægri. Veggjabreidd er að 2 m.

Aðrar upplýsingar

Garðurinn var áður skráður við fornleifaskráningu árið 2015 (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 9-10).



Mynd 272. Drónamynd af minjasvæði [3356-261-265]. Garðlag [3356-261] fyrir miðri mynd. Tóft [3356-263] sést óglögg sem hnappur af grasbrúskum fyrir miðri mynd. Suðvestur er upp á myndinni.

Stóri-Grindill-3356-264

Hlutverk: Torftökustaður

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir

Fast suðaustan við garðlag [3356-261], sunnan við tóft [3356-263] er torftökusvæði.

Lýsing

Svæðið er niðurgrafið og bakkar eru greinilegir, sér í lagi til suðurs og vesturs. Hugsanlega er þetta torftökustaður fyrir garðlag [3356-261] og tóftir [3356-263 og 265]. Svæðið er mikið uppgróið og gæti hafa náð yfir stærra svæði. Dýpt er um 10-70 cm, dýpst syðst. Umfang er um 11x5 m.



Mynd 273. Torftökusvæði [3356-264], horft til suðvesturs.

Stóri-Grindill-3356-265 [eldra
númer: 1787-009]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir

Á smá hól, um 13 m NNV af tóft [3356-263], um 21 m suðvestur af gamla veginum er tóft.

Lýsing

Tóftin er nokkuð stór og næsta ferhyrnd með ávöl horn. Utanmál er um 11,9x10,8 m. Veggir eru að 70 cm háir en að jafnaði nokkuð lægri, lægstir um 20 cm. Breidd er um 1-

1,5 m. Tóftin er algróin grasi og eru tré alveg í næsta nágrenni. Tóftin var mæld upp við fornleifaskráningu árið 2015 og var sú mæling endurnýtt hér.

Aðrar upplýsingar

Tóftin var áður skráð við fornleifaskráningu árið 2015 (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 10).



Mynd 274. Tóft [3356-265], horft til norðurs.

Stóri-Grindill-3356-266

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir

Í vesturjaðri skóglendis, vestur undir landamerkjum Stóra- og Minni-Grindils, um 36 m norðaustur af vegi (76) er garðlag.

Lýsing

Um er að ræða rúmlega 15 m langan garðlagsbút. Garðlagið er nokkuð greinlegt að norðan, um 60 cm hátt þar sem mest er, en ógreinilegra að sunnan. Garðlagið hverfur í trjágróður til austurs en votlendi til vesturs. Garðlagið er algróið grasi og hér og þar á og við garðlagið eru tré. Breidd garðlagsins er um 1,3 m. Hlutverk er óljóst.



Mynd 275. Garðlag [3356-266], horft til austurs.

Minni-Grindill



Mynd 276. Yfirlitskort yfir minjar í landi Minni-Grindils. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Appelsínugul lína sýnir áætlaða veglínu.

Í landi Minni-Grindils voru skráðar átta minjar. Skráningarsvæðið nær að hluta inn í gamla tún Minni-Grindils og bláendi bæjarhóls Minni-Grindils [3356-267] nær inn á svæðið. Eitt hús [3356-269] á túnakorti frá 1918 er innan skráningarsvæðisins, en það fannst ekki á vettvangi og er líklega horfið vegna sléttunar og framkvæmda. Þó var hægt að staðsetja húsið með nokkurri nákvæmni út frá túnakortinu. Getið er um fjárhús og hlöðu [3356-268] í heimild, en staðsetning þess húss er ekki þekkt. Þó er möguleiki á að hér sé um sama hús og á túnakortinu [3356-269] að ræða. Auk þessa er vörslugarður [3356-270] innan skráningarsvæðisins, á öllu svæðinu norðan vegar (76) og einnig hægt að sjá staðsetningu hans sunnan vegar á eldri loftmyndum þótt garðurinn sé orðinn óglöggur á því svæði í dag. Getið er um stekk [3356-272] í *Byggðasögu Skagafjarðar*, en á þeirri staðsetningu var einungis að finna þýft svæði og vart hægt að segja að þar séu greinanlegar minjar. Minjar [3356-273 og 274] eru líklega fjárborgir,

og er sú ályktun dregin af gerð, stærð og staðsetningu. Tóft [3356-273] gæti einnig hafa verið endurnýtt sem stekkur, en suðurhluti tóftarinnar virðist yngri og einnig rýmaskiptur.

Grindill er landnámsjörð og nam Nafar-Helgi þar land. Jarðirnar Stóri- og Minni-Grindill koma ekki fram á sjónarsviðið fyrr en árið 1656 og voru fyrir þann tíma ein og sama jörðin. Lítið er vitað um eignarhald á Minni-Grindli og ekki er vitað hvenær bærinn byggðist, jafnvel hefur það ekki verið fyrr en stuttu áður en nafnið kemur fyrst fram í fornbréfasafni árið 1656 eins og áður sagði. Jörðin var hjáleiga frá Stóra-Grindli a.m.k. fram á 19. öld en er þó talin sjálfstæð eign í byrjun 18. aldar. Túnin hafa verið nýtt frá Ökrum frá árinu 1973 og var þá búskap hætt á Minni-Grindli (BS VIII: 495). Nú stendur íbúðarhús frá 1988 á jörðinni, skammt suðaustur af gamla bæjarstæðinu, sem og sumarhús niðri við Miklavatn. Í *Jarðabók* Árna og Páls er Minni-Grindill metinn á 10 hundruð. Torfrista og stunga eru sögð lök en móskurður nægur til eldiviðar (JÁP IX: 308-309). Líklega á þessi auðlindalýsing einnig við um Stóra-Grindil, en Minni-Grindill virðist vera meðhöndlaður sem einskonar hjáleiga í textanum.

Minni-Grindill-3356-267 [eldra númer: 1787-006]

Hlutverk: Bæjarstæði, híbýli, fjós

Tegund: Bæjarhóll

Staðhættir og lýsing

Í sléttuðu túni skammt norðvestur af íbúðarhúsinu á Minni-Grindli er sléttaður, ávalur hóll. Hóllinn ber ekki mikil merki þess að vera bæjarhóll, en skv. lýsingum og hniti úr *Byggðasögu Skagafjarðar* er hér um leifar bæjarhólsins að ræða. Smá dældir og grjóttoppa má sjá hér og þar. Utanmál hólsins er um 27x25 m en mestur hluti hans er utan skráningarsvæðisins.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Gamli bærinn stóð þar sem íbúðarhúsið stendur nú og áfast við hann var fjós. Fjós er einnig áfast við íbúðarhúsið, sem nú er“ (bls. 2). Örnefnaskráin er frá 1972 og stóð þá íbúðarhúsið enn á gamla bæjarhólnum, en nýrra hús var reist árið 1988, suðaustan við bæjarhólinn, og er það núverandi íbúðarhús. Veggir gamla hússins stóðu enn þegar nýja húsið var reist (BS VIII: 495-496).

Minni-Grindill-3356-268 [eldra númer: 1787-266]

Hlutverk: Fjárhús, hegyeymsla

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Minni-Grindils er getið um fjárhús og hlöðu sem standi á hól, Húshól, fast ofan við Fitina. Nákvæm staðsetning er ekki þekkt og ekkert sást á vettvangi sem benti til staðsetningar hússins. Í eldri fornleifaskráningu, frá 2015, er dregin sú ályktun að húsin hafi staðið sunnan vegar, á milli vegar og bæjarhóls, en að ekkert sjáist eftir af húsunum þar sem sléttað hefur verið tún á svæðinu (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016). Ekki hafa komið fram neinar aðrar vísbendingar um staðsetninguna og því stendur þessi fyrri ályktun um staðsetningu enn.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Bæjarlækurinn kemur úr Stóralæk og rennur skáhallt í boga heim undir íbúðarhúsið og síðan í Stóralæk aftur. Hann nam áður fast ofan við bæinn og var hann þar tekinn í Brunnhús. Síðan rann hann niður fyrir vestan bæinn og þaðan austur í Stóralæk ofan við svonefnda Fit. Fjárhús og hlaða stóðu á smá hól fast ofan við Fitina. Hóllinn nefndist Húshóll. Lítið mýrardrag var ofan við þann hól, utan við Bæjarlæk, nær beint norður af bænum“ (bls. 1-2).

Minni-Grindill-3356-269

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Á túnakorti Minni-Grindils er útihús merkt um 50 m frá íbúðarhúsinu. Óvíst er nákvæmlega hvernig túnakortið snýr, en líklegt er að húsið hafi verið u.þ.b. norðvestur af íbúðarhúsinu, og þar með innan skráningarsvæðisins. Hugsanlega er um sama hús að ræða og [3356-268] en þar

sem það er ekki öruggt eru þessi hús skráð hvort á sitt númerið. Punktur er settur fyrir þetta hús í landupplýsingagögn en mikill varnagli er sleginn við nákvæmni staðsetningarinnar.

Minni-Grindill-3356-270 [eldra númer: 1787-005]

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta vegna skógræktar

Staðhættir

Norðan vegar (76), um 190 m NNV af íbúðarhúsinu á Minni-Grindli, um 92 m vestur af afleggjara neðan Minni-Grindils sem liggur niður á gamla veginn, er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er stórt og stæðilegt, að jafnaði um og yfir 1 m á hæð, og um 1,5-2 m breitt. Garðurinn er nokkuð heill og stendur vel. Austan við garðinn er mikil skógrækt á kafla, en gras- og mólendi, og mýrlendi, vestan við. Garðurinn er greinanlegur á um 167 m kafla, að mestu innan skráningarsvæðisins. Garðurinn er nefndur í örnefnaskrá Minni-Grindils og er þar sagður líklega hafa verið vörslugarður. Einnig er tekið fram að hann hafi náð suður að vinkilmerkjum Stóra- og Minni-Grindils og alla leið norður í Miklavatn. Hægt var að setja staðsetningu á garðinn sunnan vegar (76) út frá loftmynd frá 1994, en þar er garðurinn nokkuð greinilegur.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Ofan þess var þýfður túnblettur, sem kallaður var Tveggjadagasláttur. Hann náði frá bæjargötu, sem var á milli Karlsstaða og Minna-Grindils og út að garðlagi, sem var þar fyrir utan.

Þetta garðlag náði upp í steininn, sem er á vinkilmerkjum við Stóra-Grindil – og alla leið niður í Miklavatn. Þessi garður hefur sennilega verið vörslugarður á Grindli áður en honum var skipt“ (bls. 2).



Mynd 277. Horft SSV eftir garðlagi [3356-270].



Mynd 278. Garðlag [3356-270], horft til austurs.

Minni-Grindill-3356-271

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild, garðlag

Hættumat: Mikil hætta vegna skógræktar

Staðhættir og lýsing

Á loftmynd frá 1994 sést greinilega garðlagsbútur um 12 m austan við garðlag [3356-270], um 65 m norður af vegi (76). Svæðið er yfirgróið skógi í dag og ekki hægt að komast að til að kanna hvort garðlagið sé enn til staðar.

Minni-Grindill-3356-272

Hlutverk: Óþekkt, stekkur

Tegund: Þúst

Staðhættir

Í miklu þúfnakraðaki norðan vegar (76), um 36 m neðan vegarins, og rúmlega 250 m norðvestur af íbúðarhúsinu á Minna-Grindli segir *Byggðasaga Skagafjarðar* að sé stekkur frá Minni-Grindli.

Lýsing

Á svæðinu er mikill þúfnakargi og mjög mikið gras og sina. Engar útlínur veggja eru greinanlegar en afmörkun var mæld upp í landupplýsingagögn þar sem þúfurnar skáru sig aðeins úr landslaginu. Ef þarna hafa verið veggjabrot eru þau alveg horfin nú.



Mynd 279. Þúst [3356-272], horft til suðurs.

Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Annar stekkur var í svokölluðum Stekkjarmóum niður frá bænum, rétt neðan gamla þjóðvegarins“ (VIII: 498).

Minni-Grindill-3356-273 [eldra númer: 1787-004]

Hlutverk: Fjárborg, stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mólendi, um 48 m norðan vegar (76) og um 320 m norðvestur af íbúðarhúsinu á Minni-Grindli er tóft.

Lýsing

Tóftin er áþekkt tóft [3356-274], en um 100 m eru á milli þeirra. Tóftin er mjög grasi gróin og græn, og sker sig úr í landslaginu. Tóftin er nær hringlaga og þvermál hennar er um 15 m að utanmáli. Veggir eru mest um 1,1 m háir og 2 m breiðir. Ekkert grjót sést í veggjum. Norðurhluti tóftarinnar virðist geta verið eldri, þar er meira lyng á veggjum og minna gras. Í suðurhlutanum er lítið rými sem er að mestu gróið grasi, op virðist vera á stóra rýminu þar til SSV. Kannski er hér um tvo notkunarfasa að ræða, að fyrst hafi hér verið fjárborg, líkt og [3356-274], en að síðar hafi hún verið endurnýtt sem stekkur. Kannski er hér því frekar stekkurinn sem sagður er neðan þjóðvegur og staðsettur hefur verið á [3356-272], þar sem litlar sem engar minjar er að finna. Tóftin var mæld upp við fornleifaskráningu 2015 og er sú uppmæling endurnýtt hér.

Aðrar upplýsingar

Tóftin var áður skráð við fornleifaskráningu árið 2015 (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 6), þá túlkuð sem stekkur. Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Fjárborg [3356-274] er að finna á Minna-Grindli, stóra og glögga uppi á dálitlum hólí út og niður frá bænum, svo sem miðja veginni milli gamla og nýja vegarins. Annað mannvirki sem einnig kann að vera fjárborg er nær vegi, vestur frá stekki [3356-272]“ (VIII: 498).



Mynd 280. Horft í suðausturátt yfir tóft [3356-273].

Minni-Grindill-3356-274

Hlutverk: Óþekkt, fjárborg

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í gras- og mólendi, um 155 m norður af vegi (76), rétt rúmlega 100 m NNV af tóft [3356-273] er tóft á smá hól. Svæðið í kringum tóftina er mjög grasi gróið, en mói ofan við.

Lýsing

Tóftin er stór og nær hringlaga. Tóftin er mjög stórpýfð og grasi gróin. Hugsanlegt er að tóftin hafi verið ferkantaðri en hún virðist nú, en veggir hafa víða hrunið eða runnið út og afmyndað tóftina. Hæð veggja er um 50-100 cm og breidd um 1-1,7 m.

Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Fjárborg er að finna á Minna-Grindli, stóra og glögga uppi á dálitlum hóli út og niður frá bænum, svo sem miðja vegu milli gamla og nýja vegarins. Annað mannvirki [3356-273] sem einnig kann að vera fjárborg er nær vegi, vestur frá stekknum [3356-272]“ (VIII: 498).



Mynd 281. Tóft [3356-274], horft til suðausturs.

Gautland



Mynd 282. Yfirlitskort af skráðum minjum í landi Gautlands. Appelsínugul lína er áætluð veglína. Svört lína sýnir suðurmörk skráningarsvæðisins.

Í landi Gautlands voru skráðar einar minjar; meintar mógrafir [3356-275]. Gautland er nýbýli úr Barðslandi, skipt út 1945 (BS VIII: 493). Skráningarsvæðið liggur í gegnum suðurhluta jarðarinnar, sem þó eru að mestu leyti raskað land vegna vegar (76) og sléttaðs túns.

Gautland-3356-275

Hlutverk: Mógrafir, torftökustaður

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Rétt rúmlega 40 m norður af vegi (76), fast suðvestan við tún, um 70 m vestur af afleggjaranum heim að Gautlandi er niðurgröftur.

Lýsing

Niðurgröfturinn, sem líklega eru mógrafir, eða torftökustaður, er um 18x8 m

að umfangi, nokkuð óreglulegur í lögun. Niðurgröfturinn er í mýri sem ekki er mjög blaut, þó er nokkur raki í niðurgreftinum og í honum vex mýrargróður. Dýpt niðurgraftarins er mest um 40 cm. Við norðvesturhlíð er uppgróinn hraukur, hugsanlega móhraukur, u.þ.b. 1 m á hæð.



Mynd 283. Mógrafir [3356-275], horft til ASA.

Efra-Haganes



Mynd 284. Yfirlitskort yfir skráðar minjar í landi Efra-Haganess. Svört lína sýnir norðurmörk skráningarsvæðisins. Appelsínugul lína sýnir áætlaða veglínu.

Í landi Efra-Haganess voru skráðar þrjár minjar. Skráningarsvæðið nær einungis inn á blá-suðurhorn jarðarinnar. Minjarnar sem skráðar voru eru garðlag, líklega landamerkjagarður, [3356-276] og mógrafir [3356-277-278]. Ekki er lokað fyrir það skotið að mógrafasvæðin hafi verið umfangsmeiri í fyrndinni, en svæðið sem grafirnar eru á er mjög gróið og stórþýft og erfitt að greina endanlega afmörkun grafanna.

Efra-Haganes var áður hluti af Haganesjörðinni sem var eitt stórbýla á svæðinu. Elstu heimildir um Haganes eru frá 12. öld og var jörðin í eigu Hólastóls fram að byrjun 19. aldar (BS X: 255-257). Í *Jarðabók* Árna og Páls er Efra-Haganes metið á 30 hundruð. Torfrista og stunga eru sögð lök en móskurður til eldiviðar nægur (JÁP IX: 307).

Efra-Haganes-3356-276

[eldra númer: 1787-001]

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á suðurmerkjum Efra-Haganess og Fyrirbarðs er garðlag beggja vegna vegar (76). Sunnan vegar er garðlagið í vinkel, um 295 m SSV af heimreiðinni að Gautlandi, en norðan vegar liggur garðlagið í beina línu norðvestur-suðaustur, um 430 m vestur af heimreiðinni að Gautlandi. Vegur (76) sker garðlagið í sundur.



Mynd 285. Vinkilhörn á garðlagi [3356-276], horft til austurs.

Lýsing

Garðlagið norðan vegar er rétt rúmlega 120 m langt og allt að 2 m breitt. Girðing er ofan á garðlaginu að mestu, en garðlagið nær nokkuð út fyrir girðinguna til austurs. Um 20 cm djúp pæla er meðfram garðlaginu austanverðu. Sunnan vegar liggur garðlagið í vinkel, rétt rúmlega 100 m á lengd í heildina, og er garðlagið greinilegast í beygjunni en fjarar út til beggja átta út í votlendið. Það sést þó alla leið að girðingu við veginn, þar sem það hverfur vegna rasks. Garðlagið er algróið og mjög sigið, allt að 2 m breitt en 50-60 cm hátt þar sem mest er, sem er nokkuð meira en að norðanverðu, en einungis um 10-20 cm þar sem það er lægst.

Aðrar upplýsingar

Garðlagið var áður skráð við fornleifaskráningu árið 2015 (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 5).



Mynd 286. Garðlag [3356-276], horft til suðausturs.

Efra-Haganes-3356-277

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í mýrlendi, um 260 m vestur af heimreiðinni heim að Gautlandi og rúmlega 90 m norður af vegi (76) eru mógrafir.

Lýsing

Mógrafirnar eru orðnar nokkuð ógreinilegar og renna sums staðar út í landslagið. Grafirnar eru þurrar að suðvestan en blautar að norðvestan, þar eru litlar tjarnir í botninum. Mógrafirnar eru mjög uppgrónar en bakkar eru mest um 70 cm háir, hæstir til suðurs og suðvesturs. Umfang mógrafanna er um 23x18 m, en þær hafa mögulega verið stærri.



Mynd 287. Mógrafir [3356-277], horft til NNA.

Efra-Haganes-3356-278

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í mýrlendi, um 320 m vestur af heimreiðinni heim að Gautlandi og rúmlega 65 m norður af vegi (76), um 40 m suðvestur af mógröfum [3356-277] er niðurgröftur.

Lýsing

Niðurgröfturinn er nokkuð djúpur, allt að 1,1 m, og líklega er um mógrafir að

ræða. Stórbýft er innan niðurgraftarins og er svæðið mjög gróið grasi og snarrót. Niðurgröfturinn er ekki blautur, en stórir skurðir eru víða í kring og hafa líklega þurrkað svæðið mikið upp. Djúp læna liggur úr niðurgreftinum til norðurs undir gróðri. Hugsanlega afrennsli af mógröf. Umfang niðurgraftarins er um 12x9 m.



Mynd 288. Mógrafir [3356-278], horft til suðurs.

Fyrirbarð



Mynd 289. Yfirlitskort yfir skráðar minjar í landi Fyrirbarðs. Einnig sjást minjar í landi Efra-Haganess. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Appelsínugul lína er áætluð veglína.

Í landi Fyrirbarðs voru skráðar sex minjar. Tóftaþyrping [3356-279-281] er skammt suður af landamerkjagarði [3356-276]. Hlutverk tóftanna er ekki þekkt en er líklega tengt nýtingu einhvers konar, jafnvel lítil selstaða. Ólíklegt er að allar tóftirnar séu heygeymslur eða mógeymslur. Vestar eru stórar mógrafir [3356-282 og 283] og næst núverandi húsum á jörðinni eru meintar beðasléttur [3356-284] í túni skammt sunnan vegar (76). Aldur beðasléttanna er ekki þekktur og gætu þær verið yngri en 100 ára.

Fyrirbarð var frá fyrstu heimildum í opinberri eigu, allt fram til upphafs 21. aldar. Bærinn stóð áður norður undir Barðinu, um 500 m suðaustur af þeim húsum sem nú standa norður undir vegi (76) og eru fjárhús og hlaða frá síðustu búskapartíð sem hafa verið endurinnréttuð sem íveruhús. Bærinn var árið 1955 fluttur á þennan stað, en íbúðarhúsið frá þeirri tíð stóð norðaustan útihúsanna, nær veginum, og er horfið (BS VIII: 484-487). Í *Jarðabók* Árna og Páls er Fyrirbarð hjáleiga frá Barði (JÁP IX: 304).

Fyrirbarð-3356-279

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mólendi, um 65 m suður af vegi (76), um 250 m VSV af afleggjaranum að Gautlandi, er tóft.

Lýsing

Tóftin er tvöföld, græn og algróin. Tóftin snýr norður-suður og er um 11,3x6,1 m að utanmáli og er lítil hólfi til norðurs en mun stærra hólfi til suðurs. Ekkert op er greinanlegt á litla hólfinu en stóra hólfið er opið til vesturs. Smá jarðvegssuppsöfnun er greinanleg undir tóftinni. Litla hólfið er með lægri og mjórri vegg, um 30-40 cm háa og 0,4-0,6 m breiða. Stærra hólfið er með vegg 30-50 cm háa og 0,9-1,5 m breiða. Hlutverk er óljóst en gæti verið lítil rétt eða aðhald með kró.



Mynd 290. Horft til norðvesturs yfir tóft [3356-279], vegur (76) í baksýn.

Fyrirbarð-3356-280

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mólendi um 70 m suður af vegi (76) og um 43 m vestur af tóft [3356-279] er tóft.

Lýsing

Tóftin er tveggja hólfa, græn og gróin. Tóftin er um 9,3x7,2 m að utanmáli og snýr norður-suður. Rýmin tvö snúa bæði norður-suður og er vesturhólfið talsvert greinilegra en það eystra. Veggir í vesturrými eru um 70-130 cm háir og 1-1,4 m breiðir, en austurhólf fer alveg niður í 20-30 cm háa vegg og 0,4-0,5 m breiða. Op virðist vera á austurhólfi til norðurs. Hugsanlegt er að vesturrými sé yngri bygging ofan á eldri minjum.



Mynd 291. Uppmælingar af minjum [3356-279-281]. Gul lína um [3356-279] sýnir jarðvegssuppsöfnun.



Mynd 292. Tóft [3356-280], horft til VNV.

Fyrirbarð-3356-281

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Í mólendi um 56 m suður af vegi (76) og um 10 m norður af tóft [3356-280] er þúst.

Lýsing

Þústin er græn og áberandi en engir veggir eða rými eru greinanleg. Þústin er þó mjög áþekkt tóftum [3356-279 og 280] þegar litið er til gróðurs og sýnileika í landslaginu og gæti vel innihaldið mannvistarleifar. Hæð þústarinnar er um 40 cm og hún er um 5,3x4,3 m að umfangi.



Mynd 293. Horft yfir minjar [3356-279-281]. Þúst [3356-281] neðan og vinstra megin við miðju. Tóft [3356-280] til hægri. Tóft [3356-279] í fjarska til vinstri. Horft til suðausturs.

Fyrirbarð-3356-282

Hlutverk: Mógrafir


Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í mýri um 550 m austur af afleggjaranum að Fyrirbarði, um 35 m suður af vegi (76) eru mógrafir.

Lýsing

Mógrafirnar eru um 35x14 m að umfangi og snúa suðvestur-norðaustur. Bakkar eru um 40-70 cm háir og grafirnar eru nokkuð blautar. Grafirnar voru að hluta mældar upp á vettvangi og að hluta teiknaðar upp af loftmynd. Hugsanlega hafa grafirnar verið stærri.



Mynd 294. Mógrafir [3356-282], horft til VNV.

Fyrirbarð-3356-283

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Á sama svæði og mógrafir [3356-282], í mýri um 470 m austur af afleggjaranum að Fyrirbarði, um 5 m suður af vegi (76) eru mógrafir.

Lýsing



Mynd 295. Mógrafir [3356-283], horft til ANA.

Mógrafirnar eru stórar, um 76x37 m að umfangi, og hafa mögulega verið stærri. Mógrafirnar eru blautar og sums staðar eru í þeim pollar. Bakkar eru um 40-60 cm háir. Mógrafirnar voru að hluta mældar upp á vettvangi og að hluta teiknaðar upp af loftmynd.



Mynd 296. Mógrafir [3356-283], nær, og [3356-282], fjær. Vegur (76) sést til vinstri. Austur er upp á myndinni.

Fyrirbarð-3356-284

Hlutverk: Beðaslétta

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla

Hættumat: Hætta vegna jarðræktar

Staðhættir

Í túni um 235 m austur af afleggjaranum að Fyrirbarði og skammt sunnan vegar (76) eru beðasléttur.

Lýsing

Beðaslétturarnar eru greinanlegar sem rákir í túnflötinni og liggja NNV-SA, með smá sveigju á sléttunum eftir því sem austar dregur. Beðasléttusvæðið er um 150x110 m að umfangi, og virðast slétturarnar vera um 2 m breiðar, en víða eru þær orðar ógreinilegar. Aldur er óviss, en bærinn stóð áður talsvert sunnar, upp undir fjallinu, en var færður niðureftir árið 1955. Hugsanlega hafa verið tún á þessu svæði áður en bærinn var fluttur og gætu beðaslétturarnar verið hluti af því, en að öðrum kosti eru þær talsvert ungar.



Mynd 297. Beðaslétta [3356-284], horft til suðurs.

Langhús



Mynd 298. Yfirlitskort yfir minjar í landi Langhúsa. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Appelsínugul lína sýnir áætlaða veglínu. Blá afmörkun við Dæli sýnir áætlaðar útlinur túns út frá túnakorti frá 1918.

Í landi Langhúsa voru skráðar 20 minjar. Minjarnar eru nokkuð dreifðar yfir skráningarsvæðið innan jarðarinnar en þó eru þrjár meginþyrpingar. Sunnan vegar, fast suðvestur af borholumannvirkjunum, er mógrafasvæði [3356-288] og mógeymslur og garðlög sem líklega eru öll því tengd [3356-289-291]. Norður af því minjasvæði, vestan við borholumannvirkin, er meintur stekkur [3356-295] og ýmis garðlög og hleðslur [3356-296-298] þar við. Hlutverk þeirra eru óljós. Skammt þar frá er útihústóft [3356-299] og einskonar hlaðinn pallur með órætt hlutverk [3356-300]. Vestan þessarar þyrpingar er bæjarstæði eyðibýlisins Dælis. Einungis suðurhluti túnsins nær inn á skráningarsvæðið en þar voru skráðar tvær útihúsatóftir [3356-301 og 302], sem passa við útihús á túnakorti frá 1918, leið heim að bæ [3356-304], og túngarður [3356-303]. Bæjarhóll Dælis er nokkuð utan svæðis, norðar í túninu.

Langhúsa er fyrst getið á 15. öld og er jörðin þá í kirkjueigu. Hélt það eignarhald fram til 1986 þegar ráðherra afsalaði þáverandi ábúanda jörðinni (BS VIII: 478). Dælis er fyrst getið á 14. öld. Jörðin var í kirkjueign allt þar til hún var sameinuð Langhúsum árið 1983, en Dæli fór í eyði árið 1965 (BS VIII: 471). Standa engin hús eftir á Dæli. Í *Jarðabók* Árna og Páls eru bæði Langhús og Dæli hjáleigur Barðs. Dæli er í eyði við ritun bókarinnar og sagt að ekki megi hún byggjast nema rýra með því heima-jörðina (JÁP IX: 303-304). Langhús eru enn í dag bújörð og er þar einnig rekin ferðaþjónusta.

Langhús-3356-285

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Stekkurinn var suður og upp, horfinn undir veginn, var þar sem vegamótin eru af þjóðveginum upp að Barði og Sólgörðum“ (VIII: 481). Stekkurinn er því horfinn en hægt er að áætla staðsetningu hans út frá lýsingunni.

Langhús-3356-286

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mólendi, fast austan við læk, um 85 m suður af vegi (76) og um 55 m vestur af afleggjaranum að Sólgörðum er tóft.

Lýsing

Tóftin er stór og gróf, um 10,3x10 m að utanmáli. Tóftin

er opin til suðvesturs, í átt að læknum. Tóftin er algróin mólendisgróðri og þúfuhlaupin. Veggir eru nokkuð signir, um 40-80 cm á hæð og 1-2 m breiðir. Hlutverk er óljóst.



Mynd 299. Tóft [3356-286], horft til VSV.

Langhús-3356-287

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í mýrlendi, um 100 m suður af vegi (76) og um 225 m vestur af heimreiðinni að Sólgörðum, er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er um 100 m langt, liggur norðvestur-suðaustur og fjarar út til endanna. Garðlagið er vart greinanlegt á köflum en norðvesturendinn er greinilegastur þar sem hann kemur upp á harðara undirlendi. Það sést í stöku grjót neðst í garðlaginu. Hæð garðlagsins er um 10-20 cm hátt og að jafnaði um 1,5 m breitt.



Mynd 300. Garðlag [3356-287], horft til VNV.

Langhús-3356-288 [eldra númer: 1787-216]

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í mýrlendi, um 35 m suður af vegi (76), nær beint suður af borholu í landi Langhúsa, er stórt mógrafasvæði.

Lýsing

Mógrafirnar eru um 86x38 m að umfangi og frekar þurrar. Grafirnar eru um 20-70 cm djúpar og algrónar. Grafirnar voru að hluta mældar upp á vettvangi og að hluta teiknaðar upp af loftmynd.



Mynd 301. Mógrafir [3356-288], horft til suðausturs.

Langhús-3356-289 [eldra númer: 1787-217]

Hlutverk: Mógeymsla


Tegund: Tóft

Staðhættir

Skammt norðaustur af mógröfum [3356-288], um 36 m suður af vegi (76) er tóft.

Lýsing

Tóftin er einföld, nokkurn veginn sporöskjulaga og snýr norður-suður. Op er á tóftinni til norðurs. Lágbarið grjót sést neðst í veggjum tóftarinnar,



Mynd 302. Uppmæling af minjum [3356-288-291]. Appelsínugul lína er áætluð veglína.

ern þeir eru um 20-40 cm háir og um 0,4-0,7 m breiðir. Tóftin er mjög græn, og vel afmörkuð, og smá jarðvegssuppsöfnun er í kringum hana. Utanmál tóftarinnar er um 9,3x6,3 m, en vestan við hana er um 6 m langur garðlagsbútur sem hugsanlega er hluti af öðru rými á tóftinni. Garðlagið gengur í smá sveigju norðvestast. Það er þó ólíkt tóftinni gróðurlega séð, er gróið meiri mólendisgróðri og mosa, og gæti hreinlega verið eldra en tóftin. Hæð garðlagsins er um 10-20 cm og breidd um 0,4-0,5 m. Miðað við stærð og staðsetningu tófarinnar er líklega um mótóft að ræða.

Aðrar upplýsingar

Tóftin var áður skráð við fornleifaskráningu árið 2015 (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 147-148). Var uppmæling úr þeirri fornleifaskráningu endurnýtt hér.

Langhús-3356-290

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Rétt rúmlega 3 m norðaustur af tóft [3356-289] er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er um 5,3 m langt, mosagróið og þokkalega greinilegt. Það sést í grjóti í garðlaginu og er hæð þess um 20-60 cm og breidd um 0,5-0,7 m. Garðlagið virðist vera eldra en tóft [3356-289].



Mynd 303. Garðlag [3356-290], horft til VSV.

Langhús-3356-291 [eldra númer: 1787-215]

Hlutverk: Mógeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mólendi, um 47 m suður af vegi (76), um 25 m vestur af mógröfum [3356-288] er tóft.

Lýsing

Tóftin er ílöng, einföld og ferhyrnd, snýr NNA-SSV. Ekkert greinanlegt op er á tóftinni. Utanmál tóftarinnar er um 5,3x3,3 m. Smá jarðvegssuppsöfnun sést í kringum og undir tóftinni og eru grasþúfur í henni miðri. Veggir eru úr torfi, um 10-50 cm háir og um 0,4-0,7 m breiðir. Miðað við stærð og staðsetningu tóftarinnar er líklega um mótóft að ræða.



Mynd 304. Tóft [3356-291], horft til NNA.

Aðrar upplýsingar

Tóftin var áður skráð við fornleifaskráningu árið 2015 (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 146). Var uppmæling úr þeirri fornleifaskráningu endurnýtt hér.

Langhús-3356-292

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á toppi melhóls, rúmlega 130 m suður af vegi (76), um 25 m austur af heimreiðinni að Ökrum, er hugsanlega tóft.

Lýsing

Tóftin er ógreinileg og gæti verið náttúrumyndun. Um er að ræða gróna dæld með þúfum utanmeð sem gætu verið veggir. Stærri steinar sjást undir gróðrinum. Tóftin er illa farin af rofi, en op virðist vera til vesturs. Utanmál er um 4,5x4 m.



Mynd 305. Tóftarbrot [3356-292], horft til suðausturs.

Langhús-3356-293 [eldra númer: 1787-218]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna rofs

Staðhættir

Í beitarhólf, um 52 m norður af vegi (76), skammt norðaustur af borholum, er tóft.

Lýsing

Tóftin er lítil og einföld, um 4,5x3,3 m að utanmáli og snýr VNV-ASA. Op er á tóftinni til norðurs. Veggir eru víða illa farnir af rofi og grjót sést víða í veggjarhleðslum. Veggir eru um 40 cm háir að utan en mun hærri að innan, allt að 1 m. Hlutverk er óljóst.



Mynd 306. Tóft [3356-293], horft til NNA.

Aðrar upplýsingar

Tóftin var áður skráð við fornleifaskráningu árið 2015 (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2016: 148). Var uppmæling úr þeirri fornleifaskráningu endurnýtt hér.

Langhús-3356-294

Hlutverk: Óþekkt, stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mólendi, skammt vestur af girðingu í kringum borholur í landi Langhúsa, um 70 m norður af vegi (76) er tóft. Barrtré eru skammt austan við.

Lýsing


Tóftin er mjög óljós og gæti verið náttúrulegt, uppgróið rof. Tóftin er gróin mosa og lyngi. Tóftin snýr austur-vestur, en veggir eru víðast mjög óglöggir og afmörkun óljós. Hæð virðist vera um 20-60 cm og breidd um 1,3 m. Vestan við er meint garðlag [3356-295] sem gæti hafa markað vesturenda tóftarinnar. Í *Byggðasögu Skagafjarðar* er hér staðsettur stekkur, sagður mjög forn.

Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir undir umfjöllun um Dæli: „Annar stekkur, mjög forn, er norðan undir hólkoli, suður og upp undir Dælislaug“ (VIII: 474-475).



Mynd 307. Meint stekkjartóft [3356-294], horft til austurs.



Mynd 308. Uppmælingar af minjum [3356-294-300].

Langhús-3356-295

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í mólendi, fast vestan við tóft [3356-294] og um 57 m norður af vegi (76) er meint garðlag.

Lýsing

Garðlagið er nokkuð hlykkjótt en virðist þó vera manngert. Ekki er grjót í þessu garðlagi, sem er um 28 m langt. Hæð er um 30-40 cm og breidd um 1 m. Garðlagið er algróið grasi og er mikill gróður á svæðinu. Hugsanlega hafa þetta garðlag og garðlag/hleðsla [3356-296] verið hluti af sama mannvirkinu.



Mynd 309. Garðlag [3356-295], horft til suðurs.

Langhús-3356-296

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla, garðlag

Staðhættir

Í mólendisjaðri, um 45 m norður af vegi (76), og um 8 m vestur af suðurenda garðlags [3356-295] er annað garðlag/hleðsla.

Lýsing

Um er að ræða garðlag eða hugsanlega undirhleðslu undir girðingu. Garðlagið er greinanlegt á um 25 m kafla, með einu rofi fyrir miðju þar sem girðing gengur í gegnum það. Hrunið hefur fram úr garðlaginu til norðurs, og sést þar grjót undir sverði. Garðlagið er um 10-30 cm hátt og allt að 1 m breitt. Vestan girðingarinnar sést vel í grjótið en austan hennar sést það minna. Hugsanlega hafa þetta garðlag/hleðsla og garðlag [3356-295] verið hluti af sama mannvirkinu.



Mynd 310. Garðlag [3356-296], horft til suðausturs.

Langhús-3356-297**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Grjóthrúga**Hættumat:** Hætta vegna skógræktar**Staðhættir**

Rétt rúmlega 3 m vestur af norðurenda garðlags [3356-295], um 75 m norður af vegi (76) er grjóthrúga sem virkar manngerð.

Lýsing

Grjóthrúgan er yfirgróin gróðri en enn sést í grjótið undir gróðrinum. Hrógan er um 1,7x1,2 m að umfangi og virðist ekki hlaðin heldur meira hrúgað upp. Hugsanlega er þetta afleiðing einhvers rasks á svæðinu, eða grjót sem hefur verið tínt saman t.d. í þeim tilgangi að nota það í hleðslu, en garðlög eru í næsta nágrenni. Óvíst um aldur.



Mynd 311. Grjóthrúga [3356-297], horft til suðurs.

Langhús-3356-298**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Garðlag**Staðhættir**

Um 90 m norður af vegi (76) og rétt rúmlega 40 m ANA af tóft [3356-299] er garðlagsbútur.

Lýsing

Um 8 m langt garðlag, sem er mjög lágt, eiginlega bara steinhleðsla greinanleg í grasrót. Hlaðið utan með stóru grjóti til vesturs. Hleðslan er greinilegri til suðurs en nyrst er bara grjót á stangli og þúfur á milli. Breidd hleðslunnar er innan við 1 m. Hlutverk er óljóst en þetta garðlag gæti tengst garðlögum [3356-295 og 296].



Mynd 312. Garðlag [3356-298], horft til suðurs, í átt að minjum [3356-294-297].

Langhús-3356-299

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna rofs

Staðhættir

Á hól í graslendi, um 67 m norður af vegi (76) og um 120 m VNV af borholum í landi Langhúsa, er tóft.

Lýsing

Tóftin sker sig vel úr landslaginu og er nokkuð greinileg, en þó illa farin af rofi. Veggir eru úr torfi og grjóti en bera þess merki að grjót hafi eitthvað verið tínt úr þeim, og hugsanlega hefur vesturveggur hreinlega verið rifinn. Báðir langveggir eru mjög rofnir og flattir og virkt rof er í vesturlangvegg. Tvö rými eru í tóftinni og er milliveggurinn heillegastur af veggjum tóftarinnar. Þar sést í tvö umför hleðslu. Tóftin er um 8x7,3 m að utanmáli og snýr norður-suður. Líklega hefur verið op til norðurs á rýmum, en þau eru ekki greinanleg nú. Hæð veggja er um 10-40 cm og breidd allt að 1,2 m. Líklega er um einhvers konar útihústóft að ræða, en gamla bæjarstæði Dælis er um 130 m norðvestur af tóftinni.

Aðrar upplýsingar

Á túnakort frá 1918 eru merkt útihús í úttúni frá Dæli. Gætu það verið þessi hús.



Mynd 313. Vesturrými tóftar [3356-299], horft til suðurs.



Mynd 314. Tóft [3356-299], horft til suðurs.

Langhús-3356-300

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 15 m vestur af vesturenda garðlags [3356-296] og um 28 m norður af vegi (76) er hleðsla. Vestan við hleðsluna fellur hratt niður af landslaginu, niður í blauta hvilft.

Lýsing


Líklega er um manngert fyrirbæri að ræða, en það gæti þó verið náttúrulegt. Um er að ræða nær ferhyrndan flöt, einhvers konar pall eða jafnvel húsgrunn, um 8x6 m að utanmáli. Hæð er um 20-50 cm og er flöturinn nokkuð sléttur að ofan en þýfður á brúnunum. Ekki sést í grjóti en það gæti þó leynst undir gróðrinum, en stakir steinar sjást aðeins syðst í kantinum. Hlutverk og aldur eru óljós.



Mynd 315. Hleðsla [3356-300], horft til suðurs.

Dæli

Bæjarhóll Dælis er utan skráningarsvæðisins en syðsti hluti túnsins er innan svæðis. Þar er að finna leifar tveggja útihúsa [3356-301 og 302], sem teiknuð eru inn á túnakort frá 1918, auk túngarðsbrots [3356-303] og götu [3356-304].



Mynd 316. Uppmælingar af minjum [3356-301-304]. Blá lína sýnir áætlaða afmörkun túns Dælis út frá túnakorti (1918). Svört lína sýnir norðurmörk skráningarsvæðisins.

Langhús-3356-301

Hlutverk: Fjárhús, heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í túni Dælis, um 95 m norður af vegi (76) og um 400 m suðvestur af íbúðarhúsinu á Langhúsum er tóft.

Lýsing

Tóftin er mjög óljós, í raun eins og skuggi af byggingu í grasinu. Þó er hægt að greina útlínur og virðist vera um að ræða fjárhús með hlöðu. Utanmál tóftarinnar er um 10x7,7 m og er hæð veggja einungis allt að 10 cm. Innri rými afmarkast af dældum og eru veggir mjög breiðir, 1,3-2,3 m. Fjárhús er vestan í tóftinni og virðist opið til vesturs, en ekki er op á hlöðunni, sem er austan til í tóftinni. Á þennan stað er teiknað hús á túnakort frá 1918.



Mynd 317. Horft yfir tóft [3356-301] til suðurs. Svæðið var snöggbitið og tóftin greinanleg sem dældir í sléttum fletinum.

Langhús-3356-302

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í túni Dælis, um 87 m norður af vegi (76) og um 10 m suðvestur af tóft [3356-301] er tóft.

Lýsing

Tóftin er álíka óglögg og tóft [3356-301], eins og skuggi í grasinu. Í miðjunni er um 10-20 cm djúp dæld sem markar innra byrði tóftarinnar. Í kringum dældina er upphækkun. Ekkert op er greinanlegt á tóftinni, en það hefur hugsanlega verið til norðvesturs. Húsið hallar aðeins upp til suðausturs. Á þennan stað er teiknað hús á túnakort frá 1918.

Langhús-3356-303

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í vesturjaðri túns Dælis, um 75 m norður af vegi (76) og um 55 m vestur af tóft [3356-302] er garðlag. Mjög bratt er fast vestur af garðlaginu.

Lýsing

Um er að ræða ógreinilega hækkun í landinu sem virðist vera túngarður bæjarins. Garðlagið er greinilegra að innan/austan, en að utan/vestan rennur það saman við brekkuna sem er fast vestan við. Garðlagið er mest um 10-20 cm hátt en mjög breitt, um 2-2,5 m. Garðlagið rennur út til suðurs og norðurs og hverfur, en hefur án efa verið lengra í báðar áttir. Garðlagið passar vel við staðsetningu túngarðs á túnakorti frá 1918.



Mynd 318. Horft norður eftir túngarði [3356-303].

Langhús-3356-304

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

Í túni Dælis, og út úr því til suðurs, liggur gata, um 4 m vestur af tóft [3356-302] og um 50 m norður af vegi (76).

Lýsing

Um er að ræða greinilega dæld í landslaginu, um 20-30 cm djúpa og um 1,5-2,5 m á breidd. Líklega er um að ræða leið heim á bæ, en dældin liggur í áttina að gamla bæjarstæði Dælis. Ekki er merkt leið heim að bænum inn á túnakort frá 1918.



Mynd 319. Horft norður eftir leið [3356-304]. Steyptur veggur á gamla bæjarstæðinu í baksýn.

Ysti-Mór



Mynd 320. Yfirlitskorf af skráðum minjum í landi Ysta-Mós. Minjar [3356-305] vatnar á kortið, en þær eru alveg austast á jörðinni, við Fljótaá. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Appelsínugul lína er áætluð veglína. Minjar í landi Móskóga uppi í vinstra horninu eru ekki númeraðar.

Í landi Ysta-Mós voru skráðar 13 minjar. Minjarnar eru fjölbreyttar, en eru flestar á vesturhluta jarðarinnar. Einar minjar, tóft [3356-305] eru austast, við Flókadalsá. Er það tóft með óþekkt hlutverk, mögulega stórt heystæði. Aðrar minjar eru vegur [3356-306] og leið [3356-307] sem liggur að svæðinu þar sem Höfðabærinn [3356-310] var og fjárhús [3356-309] standa. Fjárhúsin eru komin út á ystu nöf í orðsins fyllstu merkingu, og er norðurveggur þeirra byrjaður að falla niður í fjöru, en Höfðabærinn er horfinn með öllu í sjóinn. Svæðið, sem kallast Mósvík, var áður verstöð, ein þriggja í Fljótum, en nú eru þar eingöngu leifar einnar sjóbúðar [3356-11] og eins hjalls [3356-312] því tengt. Ljóst er að minjar hafa þarna tapast í sjóinn, en hver fjöldi þeirra er er óþekkt. Landamerkjagarður [3356-315] skilur að jarðir Ysta-Mós og Móskóga. Garðurinn er mjög greinilegur sunnan vegar og eru hugsanlega leifar hans norðan vegar einnig [3356-316].

Ysti-Mór er talinn vera landnámsjörð, en Flóki Vilgerðarson nam land á svæðinu frá Stafá að Flókadalsá og bjó á Mói. Jörðin var að mestu leyti í bændaeigu alla tíð, utan stuttrar veru undir Hólastól á 16. öld (BS VIII: 301-310). Í *Jarðabók Árna og Páls* er jörðin sögð 30 hundruð. Torfrista og stunga eru sögð bjargleg og móskurður til eldiviðar nægur. Rekavon er einnig sæmileg (JÁP IX: 288-289).

Ysti-Mór-3356-305

Hlutverk: Óþekkt,
heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestan við ós Flókadalsár, um 17 m vestan árinna, ofan við bratta brekku, og um 135 m norðaustur af vegi (76) er tóft. Tóftin er á mörkum skráningarsvæðisins.



Mynd 321. Tóft [3356-305], horft til norðurs.

Lýsing

Tóftin er frekar ógreinleg, en innra byrði hennar er greinilegra en það ytra. Tóftin er einföld og ekkert op er sjáanlegt á henni. Utanmál tóftarinnar er um 9,3x6,9 m og snýr hún norður-suður. Tóftin er gróin grasi og lyngi, veggir eru þýfðir og sums staðar rof í þá. Hæð veggja er um 20-60 cm og breidd um 1-2 m. Tóftin er nálægt mýri og gæti verið heytóft.

Ysti-Mór-3356-306

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Staðhættir

Á milli vegar (76) og gamla þjóðvegarins [3356-307] og áfram suður, sunnan vegar (76), í átt að Ysta-Mói er vegur. Haganesvíkurvegurinn sker þennan veg.

Lýsing

Vegurinn er uppbyggður, en ekki greinilega hlaðinn. Vegurinn er um 4 m breiður og um 20-100 cm hár, og er greinilega enn ekinn. Aldur er ekki þekktur nákvæmlega en líklega er þetta gamall tengivegur frá Ysta-Mói og niður á gamla þjóðveginn [3356-307]. Hugsanlega er hann eldri en 100 ára í grunninn, enda er gamli þjóðvegurinn eldri en það (BS VIII: 239), en það er ekki öruggt.



Mynd 322. Vegur [3356-306], horft til norðvesturs.

Ysti-Mór-3356-307

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

Meðfram sjónum frá Sílalæk/Mósvík í vestri og að Haganesvíkurvegi í austri, um 440 m leið, er gömul gata. Gatan er víða einungis 3-5 m frá sjávarbakkanum.

Lýsing

Um 170 m af götunni eru innan skráningarsvæðisins, en gatan nær lengra til austurs. Á tveimur stöðum innan skráningarsvæðisins er gatan aðeins niðurgráfin og hlaðið upp í kanta meðfram henni, að sunnanverðu. Hleðslurnar eru um 60-100 cm háar og eru úr grjóti. Gatan er um 1-2 m breið. Gatan hverfur í gróður til vesturs þegar fer að halla undir tóft [3356-309].

Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir um vegi á svæðinu: „Samkvæmt amtsákvörðun frá 30. desember



Mynd 323. Vegur [3356-307], horft til ASA.

1862 og 1. apríl 1864 var þjóðvegur um Haganeshrepp hluti af þjóðveginum frá Dalsá í Akrahreppi til Siglufjarðar. Árið 1875 varð sú breyting á að þessi vegur var talinn sýsluvegur. Árið 1887 voru vegalögin frá 1875 endurskoðuð og þá voru vegir flokkaðir í aðalpóstvegi, sýsluvegi, fjallvegi og hreppavegi. Aðalpóstvegir voru í umsjón amtsráða og landshöfðingja og kostnaður við þá greiddur úr ríkissjóði. Ef aðalpóstvegur lá um endilanga sýslu átti allt að helmingur af sýsluvegagjaldi þess héraðs að ganga til aðalpóstvega. Leiðin um Haganeshrepp féll undir þetta ákvæði. Fyrir og um aldamótin 1900 voru af hálfu hreppsnefndar Hagneshrepps margítrekaðar kröfur um betra viðhald á þessum vegi. Á árunum 1925-1933 var ítrekað óskað eftir úrbótum á veginum, sérstaklega leiðinni frá Haganesvík að Fljótaá sem jafnan var mjög torsótt. Á almennum hreppsfundi 10. febrúar 1933 var lögð sérstök áhersla á að vegurinn frá Stafá og út yfir Sandós yrði gerður bílfær. Einnig að ekki yrði komist hjá að gera við brúna á Fljótaá eða byggja hana að nýju. Árið 1923 voru sett lög um samþykktir um sýsluvegasjóði. Í sýsluvegasjóð skyldi árlega greiða vegaskatt af öllum fasteignum, öðrum en skólum og kirkjum. Þessi lög mörkuðu tímamót í samgöngumálum. Árið 1926 var Fljótavegur orðinn sýsluvegur, þ.e. leiðin frá Hofsósi um Höfðaströnd, Sléttuhlíð og Fljót, um Fljótaárbrú austan Fljótaár að Þrasastöðum í Stíflu og frá Fljótaárbrú ofan Fljót að Hraunum. Póstleiðin um Haganeshrepp var því eingöngu sýsluvegur árið 1926. Árið 1934 var póstleiðin orðin ríkisvegur og átti að heita bílfært til Haganesvíkur þann tíma sem snjólaust var. Mikil áhersla var lögð á betri veg frá Stafá til Haganesvíkur á næstu árum. Árin 1959-1962 var vegurinn frá Stafá endurbyggður inn fyrir Móskóga. Við það bötnuðu til muna samgöngur við Haganesvík“ (VIII: 239).

Ysti-Mór-3356-308

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Á fluglínummynd frá 1946 virðist móta fyrir húsi á þessum stað. Hlutverk er óljóst sem og aldur. Ekki sést móta fyrir húsinu núna, en svæðið er raskað. Staðsetning er ekki hárnákvæm.



Mynd 324. Yfirlitskort yfir minjar [3356-307-312]. Hér sést greinilega hversu nærri sjávarbakkanum, þar sem er virkt landbrot, minjarnar eru. Svört lína sýnir norðurmörk skráningarsvæðisins.

Ysti-Mór-3356-309

Hlutverk: Fjárhús, heygeymsla, beitarhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hættu vegna landbrots

Staðhættir

Á sjávarbakka austan við Sílalæk í Mósvík, um 40 m norður af vegi (76) er tóft.



Mynd 325. Fjárhústóft [3356-309] frammi á sjávarbakkanum. Horft yfir ós Sílalækjar til austurs.

Lýsing

Tóftin er stór og greinileg. Um er að ræða tvöfalda garðafjárhústóft, og er hvort fjárhús með hlöðu aftan/austan við sem gengt var inn í af garðanum. Innra rými syðri hlöðunnar er óljóst og var ekki mælt upp. Norðan við nyrðri hlöðuna er annað rými af svipaðri stærð, en hlutverk þess er óljóst. Norðurhlið tóftarinnar er illa rofin, enda stendur hún alveg á blábrúninni á háum sjávarbakkanum, og eru líkur á að hluti minjanna sé fallinn í sjóinn. Syðri hlaðan og fjárhúsið virðast eldri, eru grónari og aðeins óleggri. Opið er úr báðum fjárhúsunum til vesturs, í átt að Sílalæk. Utanmál tóftarinnar er um 14,5x11,5 m og hún snýr austur-vestur. Hæð veggja er um 30-130 cm og breidd um 1,3-2 m.



Mynd 326. Nyrðra fjárhúsið í tóft [3356-309]. Veggurinn sem sést fjærst er að utanverðu fallinn í sjóinn. Horft til vesturs.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar er tóftin sögð fjárhústóft og beitarhúsatóft (VIII: 306) og að hún hafi verið notuð fram á 5. áratug 20. aldar (VIII: 312).



Mynd 327. Fjárhústóft [3356-309] séð neðan úr fjörunni, veggjarhleðslur sjást greinilega í sniðinu. Horft til suðurs.

Ysti-Mór-3356-310

Sérheiti: Höfði

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Höfði var þurrabúð í landi Ysta-Mós út við sjóinn við austanverða Mósvík. Ekki er vitað hvar nákvæmlega Höfðabærinn stóð en í *Byggðasögu Skagafjarðar* er, eftir frásögn staðkunnugra, settur hnitpunktur nokkru norðan við fjárhústóftir [3356-309] (BS VIII: 306-307). Er þetta svæði allt rofið í sjó fram og allar leifar bæjarins líklega horfnar í hafið.

Ysti-Mór-3356-311

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna landbrots

Staðhættir

Um 2 m frá sjávarbakkanum í Mósvík, vestan Sílalækjar, um 24 m norðaustur af vegi (76) er tóft.



Mynd 328. Tóft [3356-311] til vinstri á myndinni. Hér sést greinilega hversu nálægt sjávarbakkanum hún er. Horft til vesturs.

Lýsing

Frekar mætti líklega segja að um tóftarhluta sé að ræða. Tveir veggir, annar L-laga og hinn smá bútur, virðast mynda saman mannvirki. L-laga búturinn liggur frá norðri til suðurs og beygir svo í vinkilbeygju til austurs, samtals um 16 m langur. Norðan við austurenda hans er um 3,5 m langur veggubútur á móti, um 1,3 m skilja þá að. Veggir eru grasi grónir og einungis sést í grjóti á einum stað. Veggir eru um 0,6-0,8 m háir, en mest um 1 m. Breidd veggja er um 2 m. Líklega hefur mannvirkið orðið fyrir raski. Samkvæmt *Byggðasögu Skagafjarðar* er hér um leifar sjóðbúðar að ræða (VIII: 315).

Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir um verstöðina í Mósvík: „Norður frá Ysta-Mói er allbreið vík sem nefnd er eftir bænum. Fljótamenn kölluðu þar gjarna Móssjó. Þar var ein þriggja meginverstöðva í Fljótum á fyrri öldum. Hinar voru í Haganesvík og Hraunakróki. Á Ysta-Mói bjuggu jafnan efnamenn og eflingsbændur og var útgerð löngum gildastur fótur undir fjárafla þeirra. Þar höfðu uppsátur bændur af fleiri jörðum, t.d. áttu Illugastaðir í Flókadal þar uppsátur sem ítak í skiptum fyrir selstöðu á Mósseli í landi Illugastaða. Sjóbúðir voru nokkrar við víkina, hjallar og naust en flest eru mannvirki þessi horfin vegna landbrots því að á síðustu 1-2 mannsöldrum hefur sjór gengið svo mjög á landið að víkin mun óþekkjanleg frá fyrri tíð og uppsátur nú ómögulegt. Einungis er eftir ein heilleg hjalltóft og hluti sjóbúða“ (VIII: 315). Í *Byggðasögunni* segir einnig: „Sjóbúðir voru þrjár, ásamt grindahjöllum, og stóðu allar vestan við Sílalækinn. Frá gamalli tíð voru þar tvær búðir tilheyrandi Ysta-Mói en ein frá Mósgerði. Síðasta búðin var rifin um 1936. Hana keypti þá Sæmundur Jónsson í Neðra-Haganesi af Sveini

Baldvinssyni í Ólafsfirði sem búið hafði í Mósgerði 1921-1924. Viðina úr sjóbúðinni notaði Sæmundur í smíðahús er hann reisti sunnan við Neðra-Haganesbæinn“ (VIII: 317).

Ysti-Mór-3356-312

Hlutverk: Hjallur

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna landbrots

Staðhættir

Rétt rúmlega 2 m frá sjávarbakkanum í Mósvík, vestan Sílalækjar, um 18 m norðaustur af vegi (76) er tóft. Tóftin er um 2,5 m vestur af tóft [3356-311].



Mynd 329. Hjalltóft [3356-312], horft til suðurs.

Lýsing

Tóftin samanstendur af tveimur samsíða veggjum sem liggja norður-suður, og eru rétt rúmlega 3 m á milli þeirra. Í tóftinni miðri er talsvert af rekaviðardrumbum. Austurveggurinn er mest um 1,2 m hár, en yfirleitt aðeins lægri, sér í lagi til endanna. Vesturveggurinn er aðeins lægri, mest um 1 m, og er stór steinn vestan í honum. Að öðru leyti sést ekki grjót í veggjum. Veggir eru um 2 m á breidd og grasi grónir. Um er að ræða hjalltóft.

Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir um verstöðina í Mósvík: „Norður frá Ysta-Mói er allbreið vík sem nefnd er eftir bænum. Fljótamenn kölluðu þar gjarna Móssjó. Þar var ein þriggja meginverstöðva í Fljótum á fyrri öldum. Hinar voru í Haganesvík og Hraunakróki. Á Ysta-Mói bjuggu jafnan efnamenn og eflingsbændur og var útgerð löngum gildastur fótur undir fjárafla þeirra. Þar höfðu uppsátur bændur af fleiri jörðum, t.d. áttu Illugastaðir í Flókadal þar uppsátur sem ítak í skiptum fyrir selstöðu á Mósseli í landi Illugastaða. Sjóbúðir voru nokkrar við víkina, hjallar og naust en flest eru mannvirki þessi horfin vegna landbrots því að á síðustu 1-2 mannsöldrum hefur sjór gengið svo mjög á landið að víkin mun óþekkjanleg frá fyrri tíð og uppsátur nú ómögulegt. Einungis er eftir ein heilleg hjalltóft og hluti sjóbúða“ (VIII: 315).

Ysti-Mór-3356-313

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Vestan við Sílalækinn, í nágrenni við tóftir [3356-311 og 312], stóðu áður fleiri sjóbúðir, a.m.k. tvær, sem nú eru horfnar. Gera má ráð fyrir að þær hafi verið norðan við áður nefndar tóftir og séu rofnar í sjó fram. Engar vísbendingar eru um tóftir þessara sjóbúða í dag. Gera má ráð fyrir að fleiri minjar tengdar verstöðinni séu farnar í sjóinn, og stendur þessi heimildafærsla fyrir það sem horfið er af verstöðinni.

Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir um verstöðina í Mósvík: „Norður frá Ysta-Mói er allbreið vík sem nefnd er eftir bænum. Fljótamenn kölluðu þar gjarna Móssjó. Þar var ein þriggja meginverstöðva í Fljótum á fyrri öldum. Hinar voru í Haganesvík og Hraunakróki. Á Ysta-Mói bjuggu jafnan efnamenn og eflingsbændur og var útgerð löngum gildastur fótur undir fjárafla þeirra. Þar höfðu uppsátur bændur af fleiri jörðum, t.d. áttu Illugastaðir í Flókadal þar uppsátur sem ítak í skiptum fyrir selstöðu á Mósseli í landi Illugastaða. Sjóbúðir voru nokkrar við víkina, hjallar og naust en flest eru mannvirki þessi horfin vegna landbrots því að á síðustu 1-2 mannsöldrum hefur sjór gengið svo mjög á landið að víkin mun óþekkjanleg frá fyrri tíð og uppsátur nú ómögulegt. Einungis er eftir ein heilleg hjalltóft og hluti sjóbúða“ (VIII: 315). Í *Byggðasögunni* segir einnig: „Sjóbúðir voru þrjár, ásamt grindahjöllum, og stóðu allar vestan við Sílalækinn. Frá gamalli tíð voru þar tvær búðir tilheyrandi Ysta-Mói en ein frá Mósgerði. Síðasta búðin var rifin um 1936. Hana keypti þá Sæmundur Jónsson í Neðra-Haganesi af Sveini Baldvinssyni í Ólafsfirði sem búíð hafði í Mósgerði 1921-1924. Viðina úr sjóbúðinni notaði Sæmundur í smíðahús er hann reisti sunnan við Neðra-Haganesbæinn“ (VIII: 317).

Ysti-Mór-3356-314

Sérheiti: Mósgerði

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í mólendi, um 180 m suður af vegi (76) og um 275 m austur af húsinu á Grásteini er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er mjög ógreinilegt á vettvangi. Svæðið er þýft og eru þarna þúfur sem virðast raðast í línu, en engar skarpar



Mynd 330. Garðlag [3356-314], horft til suðausturs.

útlínur eru á garðlaginu. Garðlagið var teiknað upp af loftmynd frá 1985, þar sem það er mjög greinilegt. Garðlagið hefur svo án efa náð lengra til vesturs innan skráningarsvæðisins.

Aðrar upplýsingar

Garðlagið til heyrir Mósgerði og er líklega túngarður bæjarins. Mósgerði var forn hjáleiga frá Ysta-Mói og var bún í byggð af og til fram til 1924 þegar hún fór endanlega í eyði (BS VIII: 305). Fornleifarannsóknir sýna að túngarður sunnan bæjarins var upphaflega reistur fyrir 1104 (Guðný Zoëga et al., 2017: 12).

Ysti-Mór-3356-315 [eldra númer: 1787-204]

Hlutverk: Óþekkt, landamerki

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á merkjum Ysta-Mós og Móskóga, frá vegi (76) og suður að heimreiðinni að Móskógum, er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er nokkuð beint og greinilegt. Garðlagið er þó sokknara þar sem votlent er, en hluti svæðisins sem það liggur yfir er mýri. Að jafnaði er garðlagið um 30-40 cm hátt og 1,5 m á breidd. Garðlagið er hlaðið úr torfi og grjóti. Garðlagið nær lengra austur, sunnan við skráningarsvæðið.



Mynd 331. Fyrir miðri mynd sést garðlag [3356-315] liggja langsum, örlítið skáhalt, yfir myndflötinn, og stoppar við veginn. Hinum megin vegar eru minjar [3356-316-320]. Hægra megin vegar, neðan garðlags [3356-215] eru tvennar mógrafir [3356-323-324]. ANA er upp á myndinni.

Ysti-Mór-3356-316

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Um 12 m norðaustur af vegi (76), skammt vestan við Mósvíkina, í þýfðu graslendi er garðlag.

Lýsing

Svæði er allt mjög þýft og gróið og erfitt að greina þúfur frá veggjum, en þetta virðist vera garðlag, grænt og nokkuð breitt, sem líklega er framhald af garðlagi [3356-315]. Það er þó skráð hér á sérstöku númeri þar sem vegur (76) skilur á milli. Garðlagið er í tveimur hlutum, og skilja 5,5 m hlutana að. Garðlagið er allt að 2,2 m breitt og 20-80 cm hátt. Garðlagið sést vel á loftmynd frá 1985.



Mynd 332. Garðlag [3356-316], horft til suðurs. Bæjarstæði Móskóga í baksýn.

Ysti-Mór-3356-317

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Rétt um 1,5 m norðaustur af norðurenda garðlags [3356-316] er hugsanleg tóft, um 19 m vestur af sjávarbakknum.


Lýsing

Tóftin gæti verið náttúruleg, en þar sem tóftasvæði er utan skráningarsvæðisins (Móskógaklauf, sjá Bryndís Zoëga, 2013), norður við sjávarbakkann, er ekki ólíklegt að fleiri tóftir leynist aðeins innar í landinu, eins og þessi. Utanmál tóftarinnar er um 4,3x3,2 m og virðist geta verið op til norðurs. Tóftin og umhverfi hennar eru mjög gróin grasi og snarrót og stórþýfð. Hæð veggja er um 20-40 cm og breidd um 1 m.



Mynd 333. Tóft [3356-317], horft til VNV.

Móskógar



Mynd 335. Yfirlitskort yfir minjar í austurhluta Móskógalands. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Appelsínugul lína sýnir áætlaða veglínu.



Mynd 334. Yfirlitskort yfir minjar í vesturhluta Móskógalands. Svört lína sýnir norðurmörk skráningarsvæðisins. Áætluð veglína er í núverandi vegi. Minjar uppi í vinstra horni í landi Laugalands eru ekki merktar með númeri.

Í landi Mósókóga voru skráðar 32 minjar. Minjarnar dreifast nokkurn veginn yfir allt skráningarsvæðið innan jarðarinnar, en mestur þéttleiki er að austanverðu. Stór hluti minjanna tengist efnistöku og nýtingu, en þar er að finna mógrafir [3356-324, 326, 327, 331, 334 og 339] og meintar mógeymslur [3356-325, 332, 333, 335, 337 og 340]. Einnig hugsanlegt heystæði [3356-349]. Á Mósógum er þekkt mikil mótekja, m.a. í svokölluðum Gröfum (Ö-Mósógar, 1976: 3). Mórinn var misgóður eftir svæðum, og misþykkur (BS VIII: 298), en miðað við þær minjar sem um mósukurð eru hefur mórinn verið mikil auðlind á þessari jörð, eins og nafn jarðarinnar gefur einnig til kynna.

Nær sjónum eru þrjár tóftir með óþekkt hlutverk [3356-320-322], en þær gætu hugsanlega tengst sjósókn í Mósógaklauf, sem er utan skráningarsvæðisins (sjá Bryndís Zoëga, 2013). Tóft [3356-342] er með óþekkt hlutverk en virðist geta verið lítið sel eða stekkur, mögulega með yngri fasa í austasta hluta tóftarinnar. Tóft [3356-343] er líklega fjárborg og vestast, út við landamerki Laugalands, eru garðlög með óþekkt hlutverk. Líklegt er að garðlög [3356-344 og 345] séu hluti af sama garðinum, sem hugsanlega hefur náð á milli fjalls og fjöru, en garðlögin eru skráð hvort í sínu lagi þar sem þau eru skorin í sundur af vegi (76).

Mósókóga er fyrst getið í heimildum við upphaf 15. aldar og virðist alla tíð hafa verið í bændaeigu (BS VIII: 295-297). Bæjarstæði Mósókóga hefur verið fært í gegnum tíðina en þær minjar eru allar nokkuð sunnan skráningarsvæðisins. Í *Jarðabók* Árna og Páls er jörðin sögð 20 hundruð. Torfrista og stunga eru sögð sæmileg en mósukurður til eldiviðar nægur. Heimræði er sagt mjög tæpt vegna aðstæðna (JÁP IX: 287-288).


Móskógar-3356-318

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Á loftmynd frá 1985 virðist móta fyrir tóft á þessum stað. Allt svæðið er mjög þýft og erfitt að greina þúfur frá veggjum. Vegna nálægðar við tóftasvæði, utan skráningarsvæðisins norður við sjávarbakkann (Móskógaklauf, sjá Bryndís Zoëga, 2013), er hér settur punktur til öryggis þar sem ekki er ólíklegt að fleiri minjar leynist á svæðinu.



Mynd 336. Uppmælingar af minjum [3356-316-319].

Móskógar-3356-319

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

Tæplega 20 m norðaustan vegar (76), um 200 m VNV af afleggjaranum heim að Móskógum, er gata.

Lýsing

Gatan er mjó en mikið niðurgráfin og greinileg. Gatan virðist liggja frá tóftum á sjávarbakkanum sem eru utan skráningarsvæðisins (Móskógaklauf, sjá Bryndís Zoëga, 2013) og í átt að gamla bæjarstæði Móskóga. Gatan hverfur í báðar áttir en hefur án efa verið lengri. Nú er hún greinanleg á um 43 m löngum kafla. Gatan er um 50 cm djúp þar sem mest er og 30-50 cm á breidd. Gatan sést vel á loftmynd frá 1985.



Mynd 337. Horft suðvestur eftir götu [3356-319]. Bæjarstæði Móskóga í baksýn.

Móskógar-3356-320

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 23 m norðaustur af vegi (76), um 235 m norðvestur af afleggjaranum heim að Móskógum, og 35 m norðvestur af götu [3356-319], á smápýfðum grasfleti er tóft.

Lýsing

Tóftin er lítil og einföld. Veggir eru mjög útflattir og tóftin er öll mjög gróin. Utanmál tóftarinnar er um 4,8x3,3 m og hún snýr norður-suður. Ekki sést í grjóti. Veggir eru um 10-30 cm háir og um 1 m breiðir. Ekkert op er greinanlegt á tóftinni.



Mynd 338. Tóft [3356-320], horft til suðurs.

Móskógar-3356-321

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 45 m VNV af tóft [3356-320] og um 23 m norðaustur af vegi (76) er tóft, um 8 m suðvestur af sjávarbakkanum.



Mynd 339. Tóft [3356-321], horft til ASA.



Mynd 340. Uppmælingar af tóftum [3356-321 og 322].

Lýsing

Tóftin er nokkuð ógreinileg og virðist einföld en gæti hafa verið tveggja hólfa þar sem vesturendinn virðist breiðari en austurendinn. Tóftin er um 6,3x4 m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru mjög þýfðir og óglöggir, en þó grunsamlega beinir á köflum og því virðist þetta vera manngert. Hæð veggja er um 10 cm og breidd um 1,3 m.

Móskógar-3356-322

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna landbrots

Staðhættir


Rétt um 1 m suður af sjávarbakkanum, um 31 m norðaustur af vegi (76) og um 6 m norðvestur af tóft [3356-321] er tóft.

Lýsing

Tóftin er lítil og ógreinileg og gæti verið náttúrumyndun. Ekkert op er greinanlegt á tóftinni en veggir eru úr torfi og grjóti. Tóftin er gróin grasi og mosa og veggir eru um 10-30 cm háir og 1 m breiðir.



Mynd 342. Tóft [3356-322], horft til norðvesturs.



Mynd 341. Uppmælingar af minjum [3356-323-329 og 316]. Svarta línan sýnir suðvesturmörk skráningarsvæðisins. Appelsínugula línan sýnir áætlaða veglínu.

Móskógar-3356-323

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Norðan og austan við gamla bæjarstæðið á Móskógum er umfangsmikið mógrafasvæði. Um 55 m suðvestur af vegi (76) og um 160 m VNV af heimreiðinni heim að Móskógum eru mógrafir.



Mynd 343. Mógrafir [3356-323], horft til ASA.

Lýsing

Af mógröfunum í næsta nágrenni er þetta sú minnsta, um 21x12 m að umfangi. Grafirnar eru frekar þurrar en í þeim vex þó mýrlendisgróður. Grafirnar eru um 20-40 cm djúpar.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Móskóga frá 1976 segir: „Miðja vega milli Stekkjarvíkur og Bæjarvíkur rann Grafarlækur. Hann spratt upp í dýjamýri ofan við svonefndar Grafir og rann niður norðan þeirra. Grafir voru mógrafir skammt norðaustur af Rana, sem áður er nefndur. Úr þeim rann nokkurt vatn í Grafarlæk“ (bls. 3). Ekki er alveg ljóst hvort þessi lýsing á við austustu grafirnar, en í það minnsta þær sem eru norðan bæjar.

Móskógar-3356-324

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Norðan og austan við gamla bæjarstæðið á Móskógum er umfangsmikið mógrafasvæði. Um 10 m suðvestur af vegi (76), 30 m norður af mógröfum [3356-323] og um 210 m norðvestur af heimreiðinni heim að Móskógum eru mógrafir.

Lýsing

Grafirnar eru nokkuð umfangsmiklar, um 53x29 m, og nokkuð unglegar. Bakkar eru almennt beinir og eins og gönguleiðir á milli svæða innan grafanna. Dýpt grafanna er að jafnaði um 1 m og þær eru víða blautar þannig að pollar eru í botni. Grafirnar eru vel grónar grasi og víða með háum punti.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Móskóga segir: „Miðja vega milli Stekkjarvíkur og Bæjarvíkur rann Grafarlækur. Hann spratt upp í dýjamýri ofan við svonefndar Grafir og rann niður norðan þeirra. Grafir voru mógrafir skammt norðaustur af Rana, sem áður er nefndur. Úr þeim rann nokkurt vatn í Grafarlæk“ (bls. 3). Ekki er alveg ljóst hvort þessi lýsing á við austustu grafirnar, en í það minnsta þær sem eru norðan bæjar.

Móskógar-3356-325

Hlutverk: Óþekkt,
mógeymsla

Tegund: Þúst

Staðhættir

Norðan og austan við gamla bæjarstæðið á Móskógum er umfangsmikið mógrafasvæði. Rétt rúmlega 20 m norðaustur af mógröfum [3356-326] og um 175 m ANA af húsinu á



Mynd 344. Þúst [3356-325], horft til VNV.

Lýsing

Þústin, sem samanstendur af þúfnasvæði, gæti verið náttúruleg en hún sker sig úr umhverfinu og þúfurnar á henni eru ólíkar öllu sem er í umhverfinu. Það mótar fyrir einhverju á þessum stað á loftmynd frá 1985. Þústin er um 6 m í þvermál, 40-60 cm há en ekki er hægt að greina veggjalög. Um leifar af mótóft gæti verið að ræða.

Móskógar-3356-326

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Norðan og austan við gamla bæjarstæðið á Móskógum er umfangsmikið mógrafasvæði. Um 110 m ANA af húsinu á Móskógum eru stórar mógrafir. Grafirnar eru einungis að hluta innan skráningarsvæðisins.



Mynd 345. Mógrafir [3356-326], horft til vesturs. Húsið á Móskógum í baksýn.

Lýsing

Mógrafirnar eru orðar nokkuð uppgrónar og óglöggar. Grafirnar eru þurrar og grunnar, einungis um 20-30 cm að jafnaði. Umfang grafanna er um 75x50 m. Grafirnar voru að hluta mældar upp á vettvangi og að hluta teiknaðar upp af loftmynd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Móskóga segir: „Miðja vegu milli Stekkjarvíkur og Bæjarvíkur rann Grafarlækur. Hann spratt upp í dýjamýri ofan við svonefndar Grafir og rann niður norðan þeirra. Grafir voru mógrafir skammt norðaustur af Rana, sem áður er nefndur. Úr þeim rann nokkurt vatn í Grafarlæk“ (bls. 3). Ekki er alveg ljóst hvort þessi lýsing á við austustu grafirnar, en í það minnsta þær sem eru norðan bæjar.

Móskógar-3356-327

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Norðan og austan við gamla bæjarstæðið á Móskógum er umfangsmikið mógrafasvæði. Um 150 m norðaustur af húsinu á Móskógum, um 40 m suðvestur af vegi (76) og 70 m vestur af mógröfum [3356-324] eru mógrafir.

Lýsing

Grafirnar eru nokkuð stórar, um 115x65 m að umfangi. Grafirnar eru heilt yfir frekar þurrar, en pollar eru á stöku stað. Grafirnar eru að jafnaði um 20-40 cm djúpar, en mest um 60 cm. Grafirnar voru mældar að hluta upp á vettvangi og að hluta teiknaðar upp af loftmynd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Móskóga segir: „Miðja vegin milli Stekkjarvíkur og Bæjarvíkur rann Grafarlækur. Hann spratt upp í djúpmýri ofan við svonefndar Grafir og rann niður norðan þeirra. Grafir voru mógrafir skammt norðaustur af Rana, sem áður er nefndur. Úr þeim rann nokkurt vatn í Grafarlæk“ (bls. 3).

Móskógar-3356-328

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Um 115 m vestur af mógröfum [3356-327] og um 170 m norður af húsinu á Móskógum, um 4 m norðaustur af tóft [3356-329] er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er um 11 m langt, og liggur upp smá brekku. Garðlagið er þýft og fjarar út til vesturs, en eystri endi er gleggri. Garðlagið er um 20-30 cm hátt og um 0,5-0,7 m breitt.



Mynd 346. Garðlag [3356-328], horft til vesturs.

Móskógar-3356-329

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Á hól, um 116 m vestur af mógröfum [3356-327], um 160 m norður af húsinu á Mósógum og um 50 m norður af yngra bæjarstæði Mósóga er tóft. Einungis bláendi tóftarinnar er innan skráningarsvæðisins.

Lýsing

Tóftin er algræn og gróin. Utanmál tóftarinnar er um 14x6,7 m og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er þriggja hólfa og engin op eru greinanlega á henni. Smá grjóthruga er í suðvesturhorni miðjuhólfsins. Austasta hólfið er í halla mót austri og er það hólfið dýpst, en vestasta hólfið er grynnt, meira eins og dokk eða dæld. Grjót sést í veggjum, en veggir eru um 30-60 cm háir og 1-2 m breiðir.



Mynd 347. Uppmælingar af minjum [3356-328 og 329]. Svarta línan sýnir suðvesturmörk skráningarsvæðisins. Tóft [3356-329] er að mestu leyti utan svæðis.



Mynd 348. Tóft [3356-329], horft til suðausturs.

Mósógar-3356-330 [eldra númer: 1666-125]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Hættumat: Mikil hættu vegna landbrots

Staðhættir og lýsing


Við fornleifaskráningu árið 2013 voru skráðar minjar alveg á brún háa sjávarbakka við vestanverða Bæjarvík, um 75 m norðaustur af vegi (76). Á staðnum sést þar í dag smá þúfnabúst og engin leið að segja hvort um er að ræða mannvistarleifar eða náttúrumyndun.

Aðrar upplýsingar

Minjarnar voru áður skráðar við fornleifaskráningu árið 2013, undir númerinu Móskógar-137 (Bryndís Zoëga, 2013: 81).



Mynd 349. Þúst [3356-330], horfi til norðvesturs.



Mynd 350. Uppmælingar af minjum [3356-331-340]. Svarta línan sýnir suðvesturmörk skráningarsvæðisins. Appelsínugulalínan er áætluð veglína.

Móskógar-3356-331

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Norðan og austan við gamla bæjarstæðið á Móskógum er umfangsmikið mógrafasvæði. Rétt rúmlega 30 m suðvestur af vegi (76) og um 300 m norður af húsinu á Móskógum eru mógrafir.

Lýsing



Mynd 351. Mógrafir [3356-331], horft til norðausturs.

Mógrafirnar eru frekar stórar, um 90x53 m að umfangi og ílangar frá norðri til suðurs. Grafirnar eru frekar þurrar en lækir renna eftir þeim. Dýpt er um 50-100 cm. Grafirnar voru að hluta mældar upp á vettvangi og að hluta teiknaðar upp af loftmynd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Móskóga segir: „Miðja vegu milli Stekkjarvíkur og Bæjarvíkur rann Grafarlækur. Hann spratt upp í dýjamýri ofan við svonefndar Grafir og rann niður norðan þeirra. Grafir voru mógrafir skammt norðaustur af Rana, sem áður er nefndur. Úr þeim rann nokkurt vatn í Grafarlæk“ (bls. 3).

Móskógar-3356-332

Hlutverk: Mógeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norðan og austan við gamla bæjarstæðið á Móskógum er umfangsmikið mógrafasvæði. Fast austan undir mógröfum [3356-331], um 65 m suðvestur af vegi (76) er tóft.

Lýsing



Mynd 352. Tóft [3356-332], horft til suðvesturs.

Tóftin er mjög stórgerð og þúfuhlaupin. Tóftin virðist skeifulaga, um 4,4x3,1 m að utanmáli og er op til norðurs. Tóftin er algróin og landslagið í kring er þýft. Ekki sést grjót í veggjum. Veggir eru um 50-90 cm háir og um 0,6-1 m breiðir. Líklega er um mótóft að ræða.

Móskógar-3356-333

Hlutverk: Mógeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norðan og austan við gamla bæjarstæðið á Móskógum er umfangsmikið mógrafasvæði. Fast norðan undir mógröfum [3356-331], um 30 m suðvestur af vegi (76) er tóft.

Lýsing

Tóftin er lítil og einföld, algróin með nettum veggjum. Hæð veggja er um 30-50 cm og breidd um 0,4-0,6 m. Utanmál tóftarinnar er um 3,6x2,6 m. Líklega er um mótóft að ræða.

Móskógar-3356-334

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Norðan og austan við gamla bæjarstæðið á Móskógum er umfangsmikið mógrafasvæði. Um 315 m NNV af húsinu á Móskógum og um 70 m suðvestur af vegi (76) eru gríðarstórar mógrafir. Rétt um 20 m skilja að þessar grafir og mógrafir [3356-331].

Lýsing

Grafirnar eru mjög stórar, um 125 m á kant og vel greinilegar. Grafirnar eru á bilinu 20-100 cm djúpar og misblautar, en sums staðar svo blautar að í botninum eru pollar. Erfitt er að vita hvar nákvæmlega grafirnar byrjuðu og enduðu, og voru hlutar þeirra mældar upp á vettvangi og hluti teiknaður upp af loftmynd. Hugsanlegt er að mógrafasvæðið hafi verið stærra og að einhverjar grafir á svæðinu hafi jafnvel náð saman þótt það sé ekki greinanlegt í dag.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Móskóga segir: „Miðja vegin milli Stekkjarvíkur og Bæjarvíkur rann Grafarlækur. Hann spratt upp í dýjamýri ofan við svonefndar Grafir og rann niður norðan þeirra. Grafir voru mógrafir skammt norðaustur af Rana, sem áður er nefndur. Úr þeim rann nokkurt vatn í Grafarlæk“ (bls. 3).



Mynd 353. Horft vestur yfir mógrafir [3356-334].

Móskógar-3356-335

Hlutverk: Mógeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norðan og austan við gamla bæjarstæðið á Móskógum er umfangsmikið mógrafasvæði. Fast vestan undir mógröfum [3356-334] um 150 m suðvestur af vegi (76) og rétt rúmlega 400 m NNV af húsinu á Móskógum er tóft.



Mynd 354. Tóft [3356-335], horft til austurs.

Lýsing

Tóftin er einföld og algróin. Svæðið innan tóftarinnar er mjög þúfuhlaupið en þó eru veggir nokkuð greinilegir að innan. Tóftin er ógreinilegri til austurs og hallar aðeins niður til austurs. Utanmál tóftarinnar er um 5,8x3,5 m, snýr austur-vestur og ekkert op er greinanlegt á henni. Veggir eru frekar nettir, um 20-30 cm háir og 0,4-0,5 m breiðir. Líklega er hér um mótóft að ræða.

Móskógar-3356-336

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna rofs

Staðhættir

Um 30 m suðvestur af vegi (76) og um 6 m norður af mógröfum [3356-335], í dálítilli brekku, er garðlag.



Mynd 355. Garðlag [3356-336], horft til austurs. Fjærst sést rof sem kemur í framhaldi af garðinum og er líklega leifar hans.

Lýsing

Garðlagið er ansi sigið og þúfuhlaupið en þó frekar greinilegt. Garðlagið er algróið þar sem það er mælt upp, á um 44 m löngum kafla, en norðaustur af því er stórt rofsár sem virðist vera eins og í beinu framhaldi af garðlaginu. Hugsanlega hefur garðlagið haldið þar áfram en er horfið vegna rofs. Hæð garðlagsins er um 30-50 cm og breidd um 1-1,5 m. Hlutverk er óljóst.

Móskógar-3356-337

Hlutverk: Óþekkt, mógeymsla

Tegund: Þúst

Staðhættir

Norðan mógrafa [3356-334], um 7 m norður af vesturenda garðlags [3356-336] og um 56 m suðvestur af vegi (76) er þúst.

Lýsing

Þústin er ferhyrnd upphleðsla, en innra byrði er ekki greinanlegt. Þústin er algróin og nokkuð jöfn, um 3,3x1,4 m að ummáli og 20-30 cm há. Líklega er um leifar mótóftar að ræða.



Mynd 356. Tóft [3356-337], horft til NNA.

Móskógar-3356-338

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna rofs

Staðhættir

Norðan mógrafa [3356-334], um 27 m norður af garðlagi [3356-336] og um 23 m suðvestur af vegi (76) er tóft.

Lýsing

Tóftin er gróf og þúfuhlaupin. Tvö rými eru í tóftinni, en ekkert op er greinanlegt á þeim. Tóftin er um 11x5,8 m að utanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Syðra rýmið stendur hærra og er grynna. Í nyrðra rýminu er vegghæð mest um 50 cm, en um 30-40 cm í því syðra. Nokkuð rof er í norðausturvegg. Hæð veggja er um 20-80 cm og breidd um 0,7-1,3 m.



Mynd 357. Tóft [3356-338], horft til norðausturs.

Móskógar-3356-339

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 55 m NNV af mógröfum [3356-334], rúmlega 50 m suðvestur af vegi (76) eru mógrafir.

Lýsing

Mógrafirnar eru ílangar, snúa NNV-SSV og eru um 60x20 m að umfangi. Að megninu til eru mógrafirnar grunnar, um 10-20 cm djúpar, en þar sem mest er eru þær um 50 cm djúpar og allt að 110 cm. Bakkar eru mjög misgreinilegir og er sums staðar erfitt að greina hvar grafirnar enda. Hluti grafanna var mældur upp á vettvangi og hluti teiknaður upp af loftmynd.



Mynd 358. Horft suður yfir hluta mógrafa [3356-339].

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Móskóga segir: „Miðja vegu milli Stekkjarvíkur og Bæjarvíkur rann Grafarlækur. Hann spratt upp í dýjamýri ofan við svonefndar Grafir og rann niður norðan þeirra. Grafir voru mógrafir skammt norðaustur af Rana, sem áður er nefndur. Úr þeim rann nokkurt vatn í Grafarlæk“ (bls. 3).



Mynd 359. Drónamynd af mógrafasvæði í landi Móskóga. Á myndinni eru minjar [3356-331-340]. ANA er upp á myndinni.

Móskógar-3356-340

Hlutverk: Mógeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fast upp við austurhlið norðurenda mógrafa [3356-339], um 60 m suðvestur af vegi (76) er tóft.

Lýsing

Tóftin er einföld og nokkuð ferningslaga. Utanmál tóftarinnar er um 3x2,3 m og ekkert op er greinanlegt á henni. Innra byrði er frekar ógreinilegt vegna þýfis en þó mótast fyrir því. Tóftin er algróin og ekki sést grjót í veggjum. Veggir eru um 20-40 cm háir og um 0,5-0,8 m breiðir.

Móskógar-3356-341

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 68 m norðaustur af vegi (76), um 108 m norðaustur af tóft [3356-338] og 130 m ASA af tóft [3356-342] er hleðsla á smá hól.

Lýsing

Um er að ræða grjóthleðslu sem er mjög sigin og hrunin. Steinar eru fléttu- og mosagrónir. Ummál hleðslunnar er um 2x1,6 m og hún er um 30 cm há. Fleiri steinar eru í kringum hleðsluna en óljóst hvort þeir tilheyra henni, t.d. sem hrun. Hlutverk er óljóst.



Mynd 360. Hleðsla [3356-341], horft til vesturs.


Móskógar-3356-342

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 30 m norðaustan vegar (76) um 570 m NNV við húsið á Móskógum er tóft austan í lágu holti. Lítill en djúpur lækjarfarvegur er fast suðaustan og austan við.



Mynd 361. Uppmæling af tóft [3356-342].

Lýsing

Tóftin virðist þrískipt og er langgreinilegasta hólfið austast. Utanmál tóftarinnar er um 14,2x7,5 m og snýr hún austur-vestur. Austasta hólfið virðist vera aðhald og er þar grjót sjáanlegt í hleðslu innan á veggjum. Vestan við aðhaldið eru tvö ógreinileg rými, hærri í landinu, uppí brekku. Veggir þar eru mjög lágir, um 20 cm og ekki sést í hleðslur, bara grjót á stangli. Veggir eru um 20-110 cm háir og 1-2 m breiðir. Mögulega er austasta hólfið yngri notkunarfasí á eldri tóft. Hlutverk er óljóst, en gæti verið lítið sel, eða stekkur.



Mynd 362. Horft úr austasta rýminu á tóft [3356-342] og vestur eftir tóftinni.

Móskógar-3356-343

Hlutverk: Óþekkt, fjárborg

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á smá grænum hólbala í mólendi, um 780 m austur af íbúðarhúsinu á Laugalandi, um 70 m norðaustur af vegi (76) er tóft.

Lýsing

Tóftin er nær hringlaga. Mynd 363. Tóft [3356-343], horft til suðurs.

Utanmál er um 10,4x9 m og ekkert op er greinanlegt á tóftinni. Veggir eru farnir að aflagast, sér í lagi að vestanverðu og hafa fallið þar út. Tóftin er sigin og gróin grasi og mosa. Móta finnst fyrir grjóti hér og þar í veggjum. Veggjahæð er allt að 100 cm en yfirleitt um 40-60 cm. Breidd veggja er mest um 2 m, en enn meiri þar sem veggir eru aflagaðir. Hugsanlega er hér um fjárborg að ræða, miðað við stærð og lögun.



Móskógar-3356-344

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir


Í gras- og mólendi skammt austur undir landamerkjum Móskóga og Laugalands, um 20 m norðaustur af vegi (76), um 610 m austur af íbúðarhúsinu á Laugalandi, er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er í tveimur hlutum. Syðri hlutinn er um 74 m langur og sá nyrðri um 20 m. Um 28 m bil skilur hlutana að, en þeir eru þó án efa hluti af sama garðlaginu. Garðlagið er misgreinilegt og sums staðar nær horfið á þessum tveimur köflum. Garðlagið er víða farið að klofna í miðju sem gefur vísbendingu um háan aldur. Garðlagið er hæst nyrst, allt að 1 m, en yfirleitt lægra, um 20-50 cm. Breidd er um 1-1,5 m. Garðlagið er grasi og mósa gróið og hér og þar sést í grjót, sérstaklega nyrst. Hugsanlega er þetta garðlag framhald af garðlagi [3356-345]. Garðurinn virðist á eldri loftmyndum hafa náð frá sjó og upp að fjallsrótum. Garðlög [3356-344 og 345] eru þó skráð hvort á sínu númerinu þar sem vegur (76) sker þau í sundur.



Mynd 364. Horft suður eftir garðlagi [3356-344].



Mynd 365. Uppmælingar af minjum [3356-345-349]. Gul lína við [3356-346] er náttúrulegur bakki sem gæti hafa myndað austurhlið rýmis.

Móskógar-3356-345

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í blönduðu landslagi, bæði blautu og þurru, skammt austur undir landamerkjum Móskóga og Laugaland, um 45 m suðvestur af vegi (76), um 570 m ASA af íbúðarhúsinu á Laugalandi, er garðlag.

Lýsing

Garðlagið liggur norðaustur-suðvestur en réttir sig eilítið til suðurs syðst. Garðlagið er greinilegast nyrst þar sem það

er á þurrara landi en er ógreinilegra í votlendinu sunnar. Á loftmynd frá 1994 sést garðlagið ná lengra til suðurs. Garðlagið er greinanlegt á um 59 m löngum kafla, er algróið og mjög ójafnt að stærð. Hæð er um 20-60 cm og breidd um 0,5-1,3 m. Garðurinn er líklega framhald að garði [3356-344] og virðist á eldri loftmyndum hafa náð frá sjó og upp að fjallsrótum. Garðlög [3356-344 og 345] eru þó skráð hvort á sínu númerinu þar sem vegur (76) sker þau í sundur.



Mynd 366. Horft suður eftir garðlagi [3356-345]. Tóft [3356-349] í baksýn til vinstri.

Móskógar-3356-346

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Fast suðaustan við garðlag [3356-345], um 59 m suðvestur af vegi (76) er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er sambyggt garðlagi [3356-345] og virðist afmarka smá ferhyrnt svæði við þann

garð, ásamt smá bakka í landslaginu til austurs við svæðið (gul lína á mynd 365). Svæðið sem afmarkast er um 5,3x5,1 m að umfangi. Garðlagið er algróið og frekar nett, um 20-30 cm á hæð og 0,4-0,5 m breitt. Garðlagið er um 7 m langt.



Mynd 367. Garðlag [3356-346], horft til norðausturs.

Móskógar-3356-347

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Skammt austan við norðurenda garðlags [3356-345], um 45 m suðvestur af vegi (76) er tóftarbrot.

Lýsing

Um er að ræða veggjarbrot sem gæti verið leifar mannvirkis sem byggt hefur

verið upp við garðlag [3356-345]. Garðlagið hefur rofnað og gróið á þessum stað og hugsanlegt er að sá hluti tóftarinnar sem er ekki greinanlegur í dag hafi orðið fyrir sömu örlögum. Veggjarbrotið er algróið, um 30-40 cm hátt og 0,7-0,8 m breitt.



Mynd 368. Tóft [3356-347], horft til norðvesturs.

Móskógar-3356-348

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Vestur úr garðlagi [3356-345], um 60 m suðvestur af vegi (76), liggur mjótt garðlag, líklega undirhleðsla undir girðingu.

Lýsing

Garðlagið er mælt um 25 m langt en virðist á loftmyndum ná talsvert lengra í beina stefnu áfram til suðvesturs. Hæð er um 10-40 cm og breidd um 0,3-0,5 m. Líklega er um undirhleðslu undir girðingu að ræða, þótt engin girðing sé í þessa stefnu í dag. Aldur er óviss og undirhleðslan gæti vel verið yngri en 100 ára.



Mynd 369. Garðlag [3356-348] liggur skáhalt yfir myndflötinn. Horft til SSV.

Móskógar-3356-349

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á smá hól í votlendi, um 15 m austur af garðlagi [3356-345] og um 75 suðvestur af vegi (76) er tóft. Girðing liggur yfir vesturenda tóftarinnar.

Lýsing

Tóftin er einföld, stór og gróf, og mjög þýfð. Tóftin fjarar út í þúfur norðanvert og þar er erfitt að greina veggjalög. Utanmál tóftarinnar er um 9,2x6,7 m og ekkert op er greinanlegt á henni. Ekkert grjót sést í veggjum, en þeir eru um 40-70 cm háir og um 1-1,5 m breiðir. Hlutverk er óljóst en víðað við stærð og staðsetningu gæti verið um heystæði að ræða.



Mynd 370. Tóft [3356-349], horft til norðvesturs.

Laugaland



Mynd 371. Yfirlitskort yfir skráðar minjar í landi Laugalands. Bláar línur sýna áætlaða afmörkun túns Laugalands út frá túnakorti frá 1918. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Áætluð veglína er í núverandi vegstæði.

Í landi Laugalands voru skráðar 25 minjar, þar af eru átta minjar í túni Laugalands [3356-365-372] og eitt garðlag rétt utan túns [3356-373]. Flestar minjar á bæjarstæðinu eru horfnar vegna sléttunar en hægt var að staðsetja þau hús sem stóðu á bæjarstæðinu árið 1918 út frá túnakorti. Auk minja í túni er töluvert mógrafasvæði austast á jörðinni, þar eru mógrafir [3356-351, 352 og 354-7]. Tóftir [3356-350, 353 og 359] eru með óþekkt hlutverk, en þær tvær fyrrnefndu gætu verið heystæði eða stórar mógeymslur. Vestarlega á jörðinni eru leifar hins forna Flókagarðs [3356-375] sem teygir sig til norðurs út fyrir skráningarsvæðið, þaðan til vesturs og í átt að garðlagi [3356-378] í landi Bakka, sem er framhald af sama garði. Suðurendi Flókagarðsins í landi Laugalands er raskaður og allt svæðið sunnan hans, að þeim sökum er hann horfinn þar.

Laugaland er fyrst geti í heimildum snemma á 15. öld og er fyrst í bændaeigu en síðan í Stólseigu fram í byrjun 19. aldar (BS VIII: 288). Í *Jarðabók* Árna og Páls er jörðin metin á 20 hundruð. Torfskurður og rista eru sögð léleg, en móskurður til eldiviðar bjarglegur (JÁP IX: 286-287). Bæjarstæði Laugalands var fært örlítið þegar núverandi íbúðarhús var reist á 4. áratugnum (BS VIII: 287). Á Laugalandi er enn stundaður búskapur.

Laugaland-3356-350

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austur undir merkjum Laugalands og Mósakóga, á smá mólendissvæði innan um votlendi, um 68 m suðvestur af vegi (76) og rétt tæplega 500 m ASA af íbúðarhúsinu á Laugalandi, er tóft.

Lýsing

Tóftin er einföld, stór, græn og algróin. Tóftin er um 11x10 m að utanmáli og virðist op á henni til norðausturs við austurhorn. Veggir eru þúfuhlaupnir en þó nokkuð greinilegir. Ekkert grjót er greinilegt í veggjum, en þeir eru um 50-80 cm háir og um 1-2 m breiðir.



Mynd 372. Tóft [3356-350], horft til norðvesturs.

Laugaland-3356-351

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í votlendi beggja vegna vegar (76), um 430-580 m austur af íbúðarhúsinu á Laugalandi er mógrafasvæði. Austarlega í því, tæplega 20 m sunnan vegar eru mógrafir.

Lýsing

Mógrafirnar eru farnar að gróa upp, eru einungis um 10-20 cm djúpar og bakkar eru farnir að ganga úr lagi og eru ekki mjög áberandi. Umfang grafanna er um 32x30 m. Hluti grafanna var mældur upp á vettvangi en hluti teiknaður upp af loftmynd.

Laugaland-3356-352

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í votlendi beggja vegna vegar (76), um 430-580 m austur af íbúðarhúsinu á Laugalandi er mógrafasvæði. Vestralega í því, um 20 m norðvestur af gröfum [3356-351] og um 15 m suður af vegi eru mógrafir sem ekki voru greinanlegar á vettvangi en sjást á loftmyndum frá 1994 og 1985. Þær voru því teiknaðar upp í landupplýsingagögn af þeim loftmyndum.

Laugaland-3356-353

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á smá hól á mólendisgeira í votlendi, um 113 m vestur af tóft [3356-350], um 117 m suðvestur af vegi (76), er tóft.

Lýsing

Umhverfi tóftarinnar er svipað og umhverfi tóftar [3356-350].

Tóftin er mjög þúfuhlaupin og

veggjalög eru vart greinanleg. Heldur minni þúfur eru innanvert á veggjum og inni í tóftinni. Tóftin er algróin og græn. Utanmál tóftarinnar er um 10,6x6,3 m og ekkert op er greinanlegt á henni. Veggir eru úr torfi, um 50-60 cm háir og um 1-1,3 m breiðir. Hugsanlega er um heystæði að ræða sé litið til gerðar og staðsetningar.



Mynd 373. Tóft [3356-353], horft til SSV.

Laugaland-3356-354

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í votlendi beggja vegna vegar (76), um 430-580 m austur af íbúðarhúsinu á Laugalandi er mógrafasvæði. Austarlega í því, um 33 m norðaustan vegar, eru mógrafir.

Lýsing

Mógrafirnar eru litlar, einungis um 9x4,9 m að

umfangi. Grafirnar eru grunnar, um 20-30 cm djúpar, en mjög vel afmarkaðar á alla kanta. Bakkar eru heillegir.



Mynd 374. Mógrafir [3356-354], horft til SSV.

Laugaland-3356-355

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í votlendi beggja vegna vegar (76), um 430-580 m austur af íbúðarhúsinu á Laugalandi er mógrafasvæði. Á milli mógrafa [3356-354 og 356], um 22 m norðaustur af vegi, eru mógrafir.

Lýsing



Mynd 375. Mógrafir [3356-355], horft til suðausturs.

Mógrafirnar eru nokkuð ógreinilegar, en þó greinilegri en grafir [3356-354]. Grafirnar eru um 29x22 m að umfangi og eru líklega raskaðar til suðurs af framkvæmdum við veg (76) og skurð við veginn. Grafirnar eru aðeins blautar nyrst, en annars nokkuð þurrar. Dýpt grafanna er um 30 cm.

Laugaland-3356-356

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í votlendi beggja vegna vegar (76), um 430-580 m austur af íbúðarhúsinu á Laugalandi er mógrafasvæði. Vestan við mógrafir [3356-355], um 22 m norðaustur af vegi, og um 107 m suðaustur af mógröfum [3356-357] eru mógrafir.

Lýsing

Útmörk mógrafanna eru víða óglögg en þó er hægt að greina að þarna séu mógrafir. Umfang mógrafanna er um 42x36 m og dýpt þeirra er um 10-20 cm. Grafirnar eru þurrar og hefur svæðið sunnan við þær verið ræst fram með stórum skurði meðfram vegi (76). Líklega hefur skurðurinn og vegaframkvæmdirnar raskað suðurenda grafanna.

Laugaland-3356-357

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í votlendi norðan vegar (76), rúmlega 100 m norðvestur af mógröfum [3356-356], um 380 m austur af íbúðarhúsinu á Laugalandi eru mógrafir.



Mynd 376. Horft suður yfir mógrafir [3356-357].

Lýsing

Mógrafirnar eru nokkuð óreglulegar og skringilega uppgrónar, en beinir bakkar eru víða og því ólíklegt að svæðið geti verið náttúrulegt. Næst veginum er sléttgróið og snöggbitið grænt gras en fjær veginum eykst mýrargróður og litlar tjarnir fara að sjást í gröfunum, sem líklega eru merki um yngstu mótekjuna. Slíkir niðurgreftir eru hér og þar í gröfunum.

Laugaland-3356-358

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á hól, um 100 m norðaustur af mógröfum [3356-357], rétt á mörkum skráningarsvæðisins, er tóft.

Lýsing

Tóftin er stór og tvöföld.

Greinilega eru fleiri tóftir á *Mynd 377. Horft vestur eftir tóft [3356-358].*

hólunum norðar, utan

skráningarsvæðisins. Utanmál tóftarinnar er um 10x6 m, snýr norðvestur-suðaustur og er ekkert op greinanlegt á henni. Veggir eru mjög signir og þýfðir, grónir grasi, mosa og lyngi. Þó sést móta fyrir grjóti í ytra byrði veggja að sunnan. Hæð veggja er um 10-60 cm og breidd um 1-2 m. Hlutverk tóftarinnar er óljóst.



Laugaland-3356-359

Hlutverk: Brú

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 10 m vestan við tóft [3356-358], í dokk neðan við hólninn sem tóftin stendur á, í votlendi, er hleðsla.

Lýsing

Hleðslan er úr grjóti; þétt, einföld röð af steinum yfir litla lækjarsprænu sem rennur úr smá tjörn innan við. Breidd hleðslunnar er um 20-30 cm og hún er tæplega 2,5 m á lengd. Líklega er tilgangur hleðslunnar að geta gengið þurum fótum yfir sprænuna.



Mynd 378. Brú [3356-359], horft til vesturs.

Laugaland-3356-360

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir


Norðan vegar, um 330 m ANA af íbúðarhúsinu á Laugalandi er minjasvæði með minjum [3356-360 – 364]. Nyrst á svæðinu er stór þúst, eða hól.

Lýsing

Þústin er þýfð og sker sig úr umhverfinu, virðist geta innihaldið mannvistarleifar. Grjót er hér og þar í þústinni, m.a. hellugrjót. Engin rými eða veggjabrot eru þó greinanleg. Þústin er um 20x17 m að umfangi og um 60 cm á hæð þar sem mest er. Norðvestast er smá tota sem er í raun slitin frá aðalþústinni.



Mynd 379. Þúst [3356-360], horft til norðurs.



Mynd 380. Uppmælingar af minjum [3356-360-364].

Laugaland-3356-361

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norðan vegar, um 330 m ANA af íbúðarhúsinu á Laugalandi er minjasvæði með minjum [3356-360 – 364]. Austast á svæðinu er tóft, um 10 m SSA af þúst [3356-360].

Lýsing

Tóftin er mjög ógreinileg, illa farin og aflöguð. Grjót sést hér og þar á svæðinu, en ekki þó beint í veggjunum. Grjótið gæti þó verið hrun úr veggjum. Utanmál tóftarinnar er um 11,3x8,3 m og snýr hún NNA-SSV. Op er til NNA. Veggir eru rofnir og þýfðir, hæstir til suðurs, um 60 cm háir, en yfirleitt mun lægri. Breidd veggja er um 1,5-2,5 m.



Mynd 381. Tóft [3356-361], horft til suðurs.

Laugaland-3356-362

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir og lýsing

Norðan vegar, um 330 m ANA af íbúðarhúsinu á Laugalandi er minjasvæði með minjum [3356-360 – 364]. Um 5 m suður af tóft [3356-361] er þúst. Þústin er hringlaga og samanstendur af þúfum sem raða sér í hring. Vegna nálægðar við aðrar minjar er þetta skráð sem mögulegar mannvistarleifar, en gæti mjög vel verið náttúrulegt. Umfang þústarinnar er um 4,6x4 m og þúfurnar eru að 30 cm háar.



Mynd 382. Þúst [3356-362], horft til suðurs.

Laugaland-3356-363

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Norðan vegar, um 330 m ANA af íbúðarhúsinu á Laugalandi er minjasvæði með minjum [3356-360 – 364]. Rúmlega 2 m sunnan við þúst [3356-360] er garðlag.

Lýsing

Garðlagið liggur að mestu norður-suður en nyrst beygir það til norðausturs en hverfur um 4 m austan við þá beygju. Í heildina er garðlagið um 29 m langt og endar til suðurs við háan uppmokstur úr stórum skurði sem liggur meðfram vegi (76), garðlagið er því líklega raskað af þeim framkvæmdum. Garðlagið er þýft og óreglulegt. Ekki sést í grjót í veggjum. Garðlagið er mest um 80 cm hátt, en yfirleitt um 30-50 cm og um 1,3-1,5 m breitt. Meðfram garðlaginu vestanverðu er niðurgröftur [3356-364]. Hugsanlegt er að garðlagið sé ekki garðlag heldur uppmokstur úr niðurgreftinum, en þó er talið líklegra að um garðlag sé að ræða.



Mynd 383. Garðlag [3356-363], horft til suðvesturs.

Laugaland-3356-364

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Norðan vegar, um 330 m ANA af íbúðarhúsinu á Laugalandi er minjasvæði með minjum 3356-360 – 364]. Rúmlega 2 m sunnan við þúst [3356-360] er garðlag [3356-363] og meðfram því vestanverðu niðurgröftur.

Lýsing

Niðurgröfturinn er líklega handgrafinn skurður, mest um 40 cm djúpur. Breidd er um 0,4-1 m, yfirleitt um 0,5 m. Mýrlendi er vestan við niðurgröftinn og snöggur grasflötur austan við, þar sem garðlag [3356-363] stendur. Svæðið er grasi gróið.



Mynd 384. Niðurgröftur [3356-363] og vinstra megin við hann garðlag [3356-364]. Horft til norðurs.



Mynd 385. Tún Laugalands og minjar [3356-365-373]. Blá lína sýnir áætlaða legu túns Laugalands út frá túnakorti (1918). Svört lína sýnir suðurmörk skráningarsvæðisins. Minjar [3356-371] eru utan svæðis.

Laugaland-3356-365

Sérheiti: Laugaland

Hlutverk: Bæjarstæði, híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Búið er að slétta yfir allar minjar gamla bæjarins. Var notast við hnit úr *Byggðasögu Skagafjarðar* og túnakort frá 1918 til að staðsetja síðasta torfbæinn í landupplýsingagögnum. Bærinn stóð á að giska á svæðinu 50-60 m suðvestur af íbúðarhúsinu (sem var reist á árunum 1933-1935 (BS VIII: 287)), NNA við trjáreit sem er sunnan túns.



Mynd 386. Horft af gamla bæjarstæðinu og til norðausturs að núverandi íbúðarhúsi.

Laugaland-3356-366

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Skammt, á að giska um 5 m, austur af bæjarhúsunum var samkvæmt túnakorti frá 1918 útihús í túni Laugaland. Öll ummerki um það hús eru nú horfin í slétttað tún og var staðsetning teiknuð upp af túnakortinu. Einhverrar skekkju gætir því í nákvæmri staðsetningu hússins.

Laugaland-3356-367

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Um 7-8 m norðaustur af bæjarhúsunum á Laugalandi var matjurtagarður skv. túnakorti frá 1918. Engin ummerki sjást um garðinn í dag, enda í sléttuðu túni. Staðsetning garðsins var teiknuð upp af túnakortinu. Einhverrar skekkju gætir því í nákvæmri staðsetningu.



Mynd 387. Horft til SSV yfir svæðið þar sem gamla bæjarstæðið [3356-365] og minjar [3356-366 og 367] stóðu. Eins og sést hefur svæðið alveg verið slétttað og engar minjar eru greinanlegar.

Laugaland-3356-368

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Þar sem nú er suðurendi íbúðarhúss Laugaland og þar fyrir framan, á hlaðinu, var útihús skv. túnakorti frá 1918. Engin ummerki sjást um húsið í dag, enda svæðið mikið raskað. Staðsetning hússins var teiknuð upp af túnakortinu. Einhverrar skekkju gætir því í nákvæmri staðsetningu.

Laugaland-3356-369

Hlutverk: Óþekkt, rétt

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Um 18 m suður af íbúðarhúsinu á Laugalandi, er teiknað mannvirki við utanverðan túngarðinn, líklega rétt miðað við stærð og staðsetningu. Engin ummerki sjást um mannvirkið í dag, enda hefur líklega verið slétttað yfir svæðið þótt það sé ekki innan túns í dag. Staðsetning mannvirkisins var teiknuð upp af túnakortinu. Einhverrar skekkju gætir því í nákvæmri staðsetningu.

Laugaland-3356-370

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Á túnakorti frá 1918 má sjá leið sem lá frá bæjarhúsunum, fast austan þeirra og suður úr túninu í átt að gamla veginum undir fjallinu. Ekkert sést til leiðarinnar í dag, enda í sléttuðu túni innan skráningarsvæðisins. Staðsetning var teiknuð upp af túnakortinu. Einhverrar skekkju gætir því í nákvæmri staðsetningu.

Laugaland-3356-371

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Á túnakorti frá 1918 má sjá útihús í túni Laugalands, sem er utan skráningarsvæðisins fyrir þetta verkefni. Húsið er þó skráð hér þar sem það er hluti af heild mannvirkja innan túns á Laugalandi. Engin tóft stendur á staðnum og er staðsetning teiknuð upp af túnakortinu. Einhverrar skekkju gætir því í nákvæmri staðsetningu.

Laugaland-3356-372

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Vestan við heimatún á Laugalandi, um 125 m vestur af íbúðarhúsinu, er hluti túngarðs bæjarins.

Lýsing

Túngarðurinn er greinanlegur á um 43 m löngum kafla við suðvesturenda túnsins. Garðlagið er stórt og mikið, algróið en sést þó í grjóti. Girðing liggur með garðlaginu

og sums staðar ofan á því. Garðlagið er um 60-80 cm hátt og um 1,7-2,1 m á breidd, en að jafnaði um 2 m. Líklegt er að garðlagið hafi náð lengra, og jafnvel allan hringinn um tún Laugalands, en leifar þess finnast ekki á öðrum stöðum.



Mynd 388. Túngarður [3356-372], horft til NN.

Laugaland-3356-373

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Um 14 m norðvestur af norðurenda túngarðs [3356-372] og um 35 m SSA af útihúsi vestan túns á laugalandi, er garðlagsbútur.

Lýsing

Garðlagið er orðið nokkuð lélegt, ögn þúfuhlaupið og líklega hefur rofnað úr því og það gróíð upp aftur. Garðlagið er algróíð en sér í grjót hér og þar. Garðlagið er greinanlegt á um 14 m löngum kafla. Hæð garðlagsins er um 40-50 cm og breidd um 0,8-1 m. Ekki er ólíklegt að garðlagið hafi tengst túngarðinum.



Mynd 389. Garðlag [3356-373], horft til vesturs.

Laugaland-3356-374

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 280 m norðvestur af íbúðarhúsinu á Laugalandi, um 85 m norður af vegi (76) og rétt rúmlega 50 m vestur af garðlagi [3356-375] er hleðsla.

Lýsing

Hleðslan er einföld steinaröð sem myndar ferhyrning og virkar eins og undirhleðsla undir hús eða annað mannvirki.

Gaflendar eru aðeins

óreglulegri, nær kúptir. Hleðslan er mjög mosa og grasi gróin, en það sést í toppinn á steinunum. Í norðurenda gæti verið eins og steinalögn í botninn sem nær yfir rétt tæplega helming rýmisins innan hleðslunnar. Utanmál hleðslunnar er um 10x4 m. Aldur er óviss og hleðslan gæti verið yngri en 100 ára.



Mynd 390. Hleðsla [3356-374], horft til suðurs.

Laugaland-3356-375

Sérheiti: Flókagarður

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna rofs

Staðhættir

Norðan vegar (76), skammt vestur af túnenda, um 250 m norðvestur af íbúðarhúsinu á Laugalandi er garðlag, hluti Flókagarðs.

Lýsing

Garðurinn er mjög útflattur og illa farinn. Víða eru rof í garðinn og sums staðar ná þau langt inn í hann. Grjót sést víða í garðinum, m.a. í rofum. Garðurinn er klofinn fyrir miðju sem gefur vísbendingu um háan aldur. Garðurinn er um 54 m langur og endar til suðurs við raskað svæði. Til norðurs endar hann við rask, en heldur síðan áfram skammt

þar norðvestur af. Það framhald er merkt inn í landupplýsingagögn sem lína, alveg að landamerkjum Laugalands og Bakka til vesturs, enda er þessi hluti garðsins utan skráningarsvæðisins, en þó sannarlega hluti af þessum sama garði. Hæð garðlagsins er um 10-50 cm og breidd um 2-3 m.

Aðrar upplýsingar

Garðlagið hefur hingað til verið túlkað sem hluti af Flókagarði (t.d. Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, e.d.). norðvestan við rofið þar sem garðurinn endar til norðurs heldur hann áfram og er hann merktur inn í landupplýsingagögn sem lína, en á því svæði er hann utan skráningarsvæðisins. Garðurinn tengist svo á hinum endanum garðlagi [3356-378] í landi Bakka. Hægt hefði verið að skrá þessa garða saman undir einu númeri en ákveðið var að halda þeim aðskildum þar sem þeir eru hvor á sinni jörðinni og rof er á garði [3356-378] við landamerki, sem og rétt norðan við þennan garð, þannig að þeir eru ekki alveg samfelld heild, þótt greinilegt sé að þeir hafi verið það. Einnig hefði verið hægt að láta garðlag [3356-394] fylgja þessum tveimur, en hann var skráður á sérstöku númeri af sömu ástæðu, vegur (76) skilur á milli hans og [3356-378].



Mynd 391. Garðlag [3356-375], horft til suðurs. Húsin á Laugalandi sjást í baksýn.



Mynd 392. Yfirlitsmynd yfir meintar leifar Flókagarðs [3356-375, 378 og 394]. Tvær stakar minjar [3356-374 og 377] eru merktar inn með númerum en minjar á bæjarstæði Minni-Bakka [3356-379-387] ekki. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Appelsínugul lína er áætluð veglína.

Bakki



Mynd 393. Yfirlitskort yfir minjar í austurhluta Bakkalands; bæjarstæði Bakka og Minni-Bakka. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Appelsínugul lína eru áætluð veglína.



Mynd 394. Yfirlitskort yfir minjar í vesturhluta Bakkalands. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Appelsínugul lína er áætluð veglína.

Í landi Bakka voru skráðar 49 minjar auk hluta af vegi [3356-426] sem liggur innan skráningarsvæðisins í gegnum jarðir Bakka og Reykjarhóls. Mestu munar um minjar á bæjarstæði Minni-Bakka [3356-378-387] og bæjarstæði Bakka [3356-388-422, 435]. Engin hús eru uppistandandi á bæjarstæðunum en gríðarmiklar minjar eru á þeim, bæði tóftir og garðlög. Bæjarstæðin hafa að miklu leyti sloppið við sléttun og eru nokkuð ósnert af nútímaframkvæmdum, að undanskildum vegi (76) sem liggur í gegnum bæjarstæði Bakka og mun gera svo áfram skv. áformum um uppbyggingu vegarins á milli Stafár og Ketiláss sem liggur til grundvallar þessu skráningarverkefni. Í heimildum er talað um Meiri- og Minni-Bakka, en hvaða bæjarstæði báru þessi nöfn er ekki þekkt í dag. Sú ályktun er dregin í *Byggðasögu Skagafjarðar* að Meiri-Bakki hafi verið Bakkabærinn eins og hann er þekktur í dag, en að Minni-Bakki [3356-378-387] sé fornt bæjarstæði norðan vegar (76), um 350 m norðaustur af bæjarhól Bakka [3356-388] (BS VIII: 283-284). Verður hér haldið í þá skilgreiningu og bæjarstæðin skráð undir þeim örnefnum. Fornleifarannsókn fór fram á Minni-Bakka sumarið 2015 og voru niðurstöður á þá leið að búseta hafi verið staðfest á bæjarstæðinu allt frá 10. öld og fram á þá 14. (Guðný Zoëga et al., 2016: 24). Vestast í Bakkalandi eru einnig nokkrar minjar innan skráningarsvæðisins: mógrafir [3356-423] og mógeymsla [3356-424] í Sköfumýri, garðlag, líklega landamerkjagarður við Reykjarhól, [3356-425] og hluti vegar [3356-426] eins og áður er getið.

Bakka er fyrst getið í heimildum á 14. öld og virðist hafa verið mestmegnis í bændaeigu alla tíð. Bakki er eyðibýli og hefur verið slíkt síðan árið 1938 (BS VIII: 276-278). Heimildir eru mörg smábýli/hjáleigur í landi Bakka og er Minni-Bakki [3356-378-387] eitt þeirra. Umfjöllun um þau má finna í *Byggðasögu Skagafjarðar* (VIII: 281-285). Í *Jarðabók Árna og Páls* er Bakki metinn á 20 hundruð. Torfrista er sögð slök en stunga bjargleg, og mósukurður til eldiviðar einnig bjarglegur. Rekavon er sæmileg en lending slök. Í *Jarðabókinni* er því einnig velt upp hvort Minni-Bakki hafi verið upphaflegt bæjarstæði Bakka, en munnmæli virðast vera um þá tilfærslu (JÁP IX: 285-286). Ekki verður fullyrt um það hér, en niðurstöður fornleifarannsóknar 2015 benda til þess að byggð á Minni-Bakka sé gömul og gæti það ýtt stoðum undir þessa kenningu (Guðný Zoëga et al., 2016: 24).

Bakki-3356-376

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í fornbréfasafni má finna heimild fyrir merkjagarði á milli Lauglands og Stærri-Bakka (Meiri-Bakka). Slíkur garður er ekki þekktur í dag og ekkert fannst við vettvangsskráningu sem gæti verið garðurinn innan skráningarsvæðisins.

Aðrar upplýsingar

Í fornbréfasafni segir árið 1416: „...og þar með allan halfann rekann fyrir litla backa huals og uidar og flutninga merkigardana á milli laugalandz og stærra backa“ (DI IV: 250).

Bakki-3356-377

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Austan Flókagarðs [3356-378], um 35 m austan við syðsta greinilega hluta garðsins norðan vegar (76), í blásnu mólendi er hleðsla sem líklega er undirhleðsla undir girðingu.

Lýsing


Um er að ræða mjóa línu grjóthleðslu sem teygir sig a.m.k. um 60 m langa leið. Hluti er mjög greinilega grjóthlaðinn en annars staðar er líklega um jarðvegssuppsöfnun undir girðingu að ræða sem hefur gróið upp og myndar eins og lítinn garð. Línar er nokkuð greinileg í landslaginu. Aldur er óljós og gæti verið yngri en 100 ár.



Mynd 395. Hleðsla [3356-377], horft til suðurs.

Minni-Bakki/Litli-Bakki

Stór hluti bæjarstæðis Minni-Bakka er innan skráningarsvæðisins, en þó eru nokkrar tóftir sem og norðurhluti garðlags [3356-378] sem eru utan svæðis, norðan við það. Líklegt er að garður [3356-378] hafi gegnt hlutverki túngarðs Minni-Bakka þótt hann virðist einnig hafa gegnt hlutverki í stærra samhengi, sem hluti Flókagarðs.



Mynd 396. Uppmælingar af minjum á bæjarstæði Minni-Bakka.

Bakki-3356-378

Sérheiti: Flókagarður

Hlutverk: Óþekkt, túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Stór, gamall garður, liggur austan við bæjarstæði Litla-Bakka. Suðurendi garðsins að vestanverðu er um 40 m norður af vegi (76), og um 50 m suðaustur af bæjarhóli Minni-Bakka [3356-383]. Norðurendi garðsins, innan lands Bakka, endar við landamerkjagirðingu Bakka og Laugalands, um 105 m norðaustur af bæjarhóli Minni-Bakka [3356-383].

Lýsing

Garðurinn hefur hingað til verið túlkaður sem hluti af Flókagarði (t.d. Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, e.d.) en gæti einnig hafa þjónað sem túngarður á Minni-Bakka. Garðurinn er greinilega gamall og sokkinn og norðan við aðhald [3356-380] er hann farinn að slitna um miðjuna, sem er merki um háan aldur. Landið er nokkuð hærra utan/austan garðs, sér í lagi nyrst, og er hæð innan/vestan garðs þar um 120 cm, en þó yfirleitt um 80-100 cm. Að utan/austanverðu er hæðin allt að 60 cm, en yfirleitt um 40-50 cm. Breidd garðsins er um 1,5-2,5 m. Sunnan við aðhald [3356-381] er garðurinn aðeins unglegri, allt að 110 cm á hæð og 2 m breiður þar sem mest er. Þar sem þessi garður og garður [3356-379] mætast er vik í garðinn og sunnan þess er garðurinn mun ógreinilegri og hverfur á endanum alveg inn í þýfið á svæðinu. Grjót sést í garðlaginu hér og þar, sér í lagi neðst í því.

Garðurinn heldur áfram austan við landamerkin að Laugalandi og er merktur inn í landupplýsingagögn á því svæði sem lína, en þar er hann utan skráningarsvæðisins. Sá hluti tengist svo á hinum endanum garðlagi [3356-375] í landi Laugalands. Hægt hefði verið að skrá þessa garða saman undir einu númeri en ákveðið var að halda þeim aðskildum þar sem þeir eru hvor á sinni jörðinni og rof er við landamerki og rétt norðan við garð [3356-375], þannig að þeir eru ekki alveg samfelld heild, þótt greinilegt sé að þeir hafi verið það. Einnig hefði verið hægt að láta garðlag [3356-394] fylgja þessum tveimur, en hann var skráður á sérstöku númeri af sömu ástæðu, vegur (76) skilur á milli hans og þessa garðs.

Aðrar upplýsingar

Líklega er þessi garður hluti af Flókagarði: „Garðurinn kann að vera framhald

Flókagarðs sem virðist liggja að túni á Laugalandi og þaðan í sveig framhjá Minni-Bakka og að túni seinasta Bakkabæjarins. Á loftmynd er óljóst hvort garðurinn kann að vera hluti túngarðs fast austan tófta Minni-Bakka“ (Guðný Zoëga et al., 2016: 24).



Mynd 397. Greinilegasti hluti garðlags [3356-378], horft til norðurs.



Mynd 398. Horft frá norðurmörkum skráningarsvæðisins og suður eftir garðlagi [3356-378].

Bakki-3356-379

Hlutverk: Óþekkt, túngarður


Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á Minni-Bakka, skáhalt SSA frá öskuhaugi [3356-384] og að garðlagi [3356-378] er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er ógreinilegt og gæti verið eldra en garðlag [3356-378]. Garðlagið er mjög aflagað, slitið í sundur um miðjuna og sigið. Garðlagið er um 24 m langt og að jafnaði um 2,5 m breitt, en að 3 m. Slétt grasflöt er á milli þessa garðlags og garðlags [3356-378] sem er austar, og er flötin V-laga, opin til norðurs. Ekkert grjót sést í garðlaginu.



Mynd 399. Horft norður eftir garðlagi [3356-379].

Bakki-3356-380

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á Minni-Bakka, rétt rúmlega 50 m vestur af landamerkjum við Laugaland, áföst garðlagi [3356-378], um 40 m norðaustur af bæjarhól [3356-383] er tóft.

Lýsing

Tóftin, sem gæti einnig túlkast sem garðlag, er áföst garðlagi [3356-378]. Norðurhlutinn er greinilegastur

en vesturhlutinn ógreinilegastur og þar er meira um þúst en tóft að ræða. Veggurinn er þar úr lagi genginn og hugsanlegt er að þar hafi verið annað rými, eða að veggurinn er bara svona illa úr lagi genginn, hruninn og rofinn. Tóftin er gróin grasi, mosa, lyngi og ljónslöpp. Það sést í einstaka stein í veggjum. Tóftin er um 9x5 m að stærð, að frátöldum túngarðinum. Innra rými er mjög lítið, enda veggir breiðir, yfirleitt allt að 2 m, en rúmlega 3 m þar sem veggir eru ógreinilegastir. Hæð veggja er um 20-100 cm.



Mynd 400. Tóft [3356-380], upp við garðlag [3356-378].

Bakki-3356-381

Hlutverk: Óþekkt, aðhald

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á Minni-Bakka, við garðlag [3356-378] er garðlag í kverk þar sem garðurinn beygir frá því að hafa stefnu til norðurs og færast yfir til norðausturs, um 27 m austur af bæjarhól [3356-383].



Mynd 401. Aðhald [3356-381], horft til suðurs.

Lýsing

Garðlagið er greinilegt og gróið grasi, mosa, lyngi og ljónslöpp. Grjót sést hér og þar. Op er til suðurs við garðlag [3356-378]. Garðlagið er um 11,5 m á lengd, liggur í L og afmarkar ferhyrnt svæði við garðlag [3356-378] sem er um 6 m í þvermál. Líklega er um aðhald að ræða. Veggir eru um 30-100 cm háir og um 1,2-1,8 m breiðir. Norðaustan við aðhaldið er smá pallur þar sem mannvirki [3356-382] stendur.

Bakki-3356-382

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Á Minni-Bakka, áfast garðlagi [3356-378] austanverðu, fast norðaustan við garðlag [3356-381] eru þústabrot.



Mynd 402. Þúst [3356-382], horft til suðvesturs. Bæjarhóll [3356-383] sést uppi í hægri horninu.

Lýsing

Þústabrotin mynda það sem gæti verið mannvirki. Tvö rými gætu verið upp við garðlag [3356-378] og svo stærra rými afmarkað

suðaustan við þau, með garðlagi eða vegg. Op er úr því rými til norðurs. Grjót sést á stöku stað, en ekki mikið af því. Veggir eru um 0,6-2 m breiðir.

Bakki-3356-383

Sérheiti: Minni-Bakki

Hlutverk: Bæjarstæði, híbýli

Tegund: Bæjarhóll, tóft

Staðhættir

Um 355 m norðaustur af bæjarhól Bakka [3356-388], um 80 m norður af vegi (76) og 570 m norðvestur af íbúðarhúsinu á Laugalandi er bæjarhóll Minni-Bakka á grasi grónu, þýfðu svæði. Skammt norður af hólnum fellur nokkuð bratt niður til norðurs í talsverðri brekku.

Lýsing

Bæjarhóllinn er um 27x24 m að umfangi og snýr norður-suður. Í hólnum eru að stórum



Mynd 403. Austasta rýmið í bæjarhól [3356-383], horft til NNA.

hluta greinanlegar bæjartóftir. Fimm rými eru greinilegust, en auk þeirra eru dokkir og bakkar hér og þar á svæðinu þótt ekki sé hægt að sjá úr þeim eiginleg rými. Hóllinn er mjög þýfður, gróinn grasi, mosa og lyngi, og sker sig vel úr umhverfinu. Svo virðist sem rof hafi komið í hólinn hér og þar í gegnum tíðina og gróið upp, og aflagað þannig bæjartóftirnar. Grjót sést hér og þar í tóftunum. Hóllinn sjálfur er ekki mjög hár, mest um 1 m, og dýpt rýma í hólnum er mest um 1 m, en mannvistaruppsöfnin er nægilega mikil til að hægt sé að áætla að þarna hafi verið búið í nokkurn tíma. Fornleifarannsóknir sýna að búið hefur verið á Minni-Bakka allt frá 10. öld og fram á þá 14. (Guðný Zoëga et al., 2016: 24) og rímar það vel við útlit minjanna.



Mynd 404. Bæjarhóll Minni-Bakka [3356-383], horft til norðurs.

Aðrar upplýsingar

Í skýrslu fornleifarannsóknar sem fram fór á Minni-Bakka árið 2015 segir: „Á landamerkjum jarðanna Bakka og Laugalands eru umfangsmiklar tóftir og garðlag. Bæjartóft lá ofan á dálítilli upphækkun sem bendir til endurbygginga og nokkrar útihúsatóftir voru í nágrenninu. Tóftir þessa býlis voru mun fornlegri en tóftir á og við tún stærri Bakka. Garðurinn kann að vera framhald Flókagarðs sem virðist liggja að túni á Laugalandi og þaðan í sveig framhjá Minni-Bakka og að túni seinasta Bakkabæjarins. Á loftmynd er óljóst hvort garðurinn kann að vera

hluti túngarðs fast austan tófta Minni-Bakka. Þetta þarf að skoða frekar sumarið 2016. [...] Ekki tókst að taka marktæka kjarna í bæjarhúsastóftir og túngarðsvegg þar sem allsstaðar var komið niður á steina. Hinsvegar voru teknir kjarnar milli bæjartóftanna og túngarðsins. Þar var komið niður á fornan ruslahaug. Töluverð merki voru um mannvist á milli 1104 og 1300. Í tveimur kjörnum kom fram þunn svört gjóska undir 1104 gjóskunni, líklega gjóska frá því um 1000. Mannvist var á milli þeirra gjósku og 1104 en einnig voru örlítill merki um mannvist undir 1000 gjóskunni. Búseta á Minni Bakka er því staðfest allt frá 10. öld fram um þá 14. sem gæti stutt hugmyndir um að þar bærinn [sic] Bakki upphaflega staðið“ (Guðný Zoëga et al., 2016: 24).

Bakki-3356-384

Hlutverk: Öskuhaugur

Tegund: Hóll

Staðhættir og lýsing

Á milli bæjarhóls [3356-383] og túngarðs [3356-378] á Minni-Bakka er ógreinilegur hóll. Við fornleifarannsóknir 2015 fundust leifar öskuhaugs í hólnum. Hóllinn er grasi gróinn og smáþýfður.

Aðrar upplýsingar

Í rannsóknarskýrslu segir: „Hinsvegar voru teknir kjarnar milli bæjartóftanna og túngarðsins. Þar var komið niður á fornan ruslahaug. Töluverð merki voru um mannvist á milli 1104 og 1300. Í tveimur kjörnum kom fram þunn svört gjóska undir 1104 gjóskunni, líklega gjóska frá því um 1000. Mannvist var á milli þeirra gjósku og 1104 en einnig voru örlítill merki um mannvist undir 1000 gjóskunni. Búseta á Minni Bakka er því staðfest allt frá 10. öld fram um þá 14. sem gæti stutt hugmyndir um að þar bærinn [sic] Bakki upphaflega staðið.“ (Guðný Zoëga et al., 2016: 24).

Bakki-3356-385

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á Minni-Bakka, um 3 m austur af bæjarhól [3356-383] er tóft.

Lýsing

Tóftin er mjög sigin og gróin. Ekkert grjót sést í veggjum en það gæti vel verið undir jarðvegi. Tóftin er um 6,5x4,2 m að utanmáli og er opin til norðvesturs, að bæjarhólnum. Veggir eru að 100 cm háir, en yfirleitt um 20-60 cm. Breidd veggja er um 1-2 m.



Mynd 405. Tóft [3356-385], horft til NNA.

Bakki-3356-386

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á Minni-Bakka, um 17 m suður af bæjarhól [3356-383], rétt rúmlega 30 m vestur af túngarði [3356-378] er tóft.

Lýsing

Tóftin er tvöföld og snýr norðaustur-suðvestur. Ekkert op er greinanlegt á tóftinni. Nyrðra hólfið er talsvert stærra en það syðra. Veggir eru almennt um 30-50 cm háir, en allt að 1 m suðvestast. Að

norðanverðu eru veggir illa farnir. Tóftin er vel gróin grasi, mosa og ljónslöpp og ekki sést í grjóti í veggjum. Breidd veggja er um 1-1,8 m. Hugsanlega er um að ræða skepnuhús með hlöðu.



Mynd 406. Tóft [3356-386], horft til SSV.

Bakki-3356-387

Hlutverk: Óþekkt, fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á Minni-Bakka, rétt rúmlega 30 m vestur af bæjarhól [3356-383] er tóft.

Lýsing

Tóftin er nokkuð stór og tvöföld, ávöl og sigin. Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er opin til norðvesturs við norðurhorn. Opið virðist á milli rýmanna í tóftinni. Vestara rýmið, það sem opið er út úr, er talsvert stærra en það eystra. Hugsanlega er hér um


að ræða skepnuhús, t.d. fjárhús, með hlöðu. Tóftin er mjög gróin grasi, lyngi, mosa, blóðbergi og ljónslöpp, en hér og þar sést þó í grjóti í veggjum. Hæð veggja er allt að 1 m inni í tóftinni, en víðast 60-80 cm. Í minna hólfinu, meintri hlöðu, er veggjahæðin að 60 cm. Veggir að utan eru um 10-60 cm háir. Breidd veggja er um 1-2 m.




Mynd 407. Tóft [3356-387], horft til ASA.

Bakki/Meiri-Bakki

Bakkabærinn stóð norðan undir Bakkafjalli. Vegur (76) liggur í gegnum tún Bakka og sker það í tvennt. Tún bæjarins er greinilega afmarkað með túngarði og nær garðurin í slitrum hringinn í kringum túnið, að austurhliðinni undantekinni þar sem Stórilækur afmarkar túnið. Bæjarhóllinn [3356-388] stendur fyrir miðju túni austur-vestur, en aðeins sunnan við miðju norður-suður. Mjög víða eru minjar, bæði tóftir og garðlög, innan túnsins en þó er svæðið vestast minjasnautt, enda er þar að mestu mýri.



Mynd 408. Yfirlitskort yfir minjar á bæjarstæði Bakka, án númera.



Mynd 409. Uppmælingar af minjum í suðurhluta tíns Bakka, sunnan vegar (76). Appelsínugul lína er áætluð veglína.

Bakki-3356-388

Sérheiti: Bakki (hinn meiri)

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Bæjarhóll

Staðhættir

Um 40 m suður af vegi (76), um 820 m VNV af íbúðarhúsinu á Laugalandi, er stór bæjarhóll Bakka. Svæðið er grösugt en nokkuð þýft. Hrossum er beitt á svæðið.

Lýsing

Bæjarhóllinn er um 45x30 m að umfangi og snýr norður-suður. Hóllinn er allt að 4 m hár, gróinn og þýfður, nokkuð óreglulegur en flatur ofanvert. Ekki sést fyrir eiginlegum tóftum á hólnum, en ein dæld er greinanleg, um 30-40 cm djúp þar sem mest er. Það er því ljóst að ummerki um bæjarhús Bakka eru nær alveg horfin.



Mynd 410. Drónamynd af bæjarhól [3356-388]. Einnig sjást fleiri minjar í kring, t.d. öskuhaugur [3356-389] og garðlag [3356-390]. VNV er upp á myndinni. Vegur (76) sést hægra megin á myndinni.

Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Árið 1934 var torfbær á Bakka: Baðstofuhús úr torfi þiljað yfir þvert með skilrúmi, hálfstafn úr timbri að sunnan. Árið 1938 hafði síðasti ábúandi breytt þessu húsi. Þá taldist með eldaveðlarhús og hlóðældhús, búr og bæjardyr“ (VIII: 278-279).

Bakki-3356-389

Hlutverk: Öskuhaugur

Tegund: Hóll

Staðhættir

Tæplega 5 m vestan við bæjarhólinn [3356-388], á milli er garðlag [3356-390] og veitufarvegur bæjarlækjarins, er öskuhaugur.

Lýsing

Öskuhaugurinn er stór og brattur, um 14,5x9 m að ummáli og allt að 3 m hár. Öskuhaugurinn er algróinn, grænn og nokkur sléttur. Ljóst er að þarna hefur verið ruslauppsöfnum um aldabil.

Mynd 411. Öskuhaugur [3356-389], jaðar bæjarhóls [3356-388] sést lengst til hægri. Garðlag og farvegur [3356-390] á milli. Horft til norðvesturs.



Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Sunnan við bæjarhólinn er hár öskuhaugur. Læknum var veitt upp að hólnum“ (VIII: 279).

Bakki-3356-390

Hlutverk: Áveita

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á milli bæjarhóls [3356-388] og öskuhaugs [3356-389] er dokk og garðlag vestan við hana. Var garðlagið notað til að veita bæjarlæknum að bæjarhól í dokkinni.

Lýsing

Garðlagið er algróið og nær u.þ.b. út að mörkum bæjarhólsins [3356-388] til norðurs og suðurs, þótt garðlagið sjálft beygi meira til vesturs en að fylgja bæjarhólnum alveg. Op er á garðlaginu þar sem hægt hefur verið að ganga af bæjarhólnum og yfir á öskuhauginn. Þar er hella í botni dokkarinnar, lækjarhellan. Nyrðri hluti garðlagsins er um 25 m og sá syðri um 19 m. Ekki er ólíklegt að garðlagið hafi náð lengra í báðar áttir, eða jafnvel alla leið að bæjarlæknum. Nokkuð grjótt er sýnilegt í garðlaginu. Hæð garðlagsins er um 30-60 cm og breidd um 0,4-1 m.

Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Sunnan við bæjarhólinn er hár öskuhaugur [3356-389]. Læknum var veitt upp að hólnum. Þar má ennþá sjá helluna við lækjarbununa“ (VIII: 279).

Bakki-3356-391

Hlutverk: Óþekkt, áveita

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Um 2,5 m suður af suðurhluta garðlags [3356-390] er annar garðlagsbútur í smá halla niður að bæjarlæknum.

Lýsing

Garðlagsbúturinn er mjög sokkinn og siginn, einungis um 10-30 cm á hæð og um 30-40

cm breiður. Garðlagið er algróið og samlagð umhverfinu, en dálítið loðið á toppnum. Hugsanlegt er að garðlagið tengist veitu bæjarlæksins að bæjarhólnum, líkt og garðlag [3356-390].



Mynd 412. Garðlag [3356-391], horft til VSV.

Bakki-3356-392

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Rétt tæplega 5 m austur af garðlagi [3356-391], um 5 m beint suður af bæjarhól [3356-388] er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er mjög ógreinilegt en virðist vera manngert. Það er algróið og smápýft. Garðlagið er um 30-60 cm hátt og um 0,5-1 m á breidd. Hugsanlegt er að garðlagið tengist veitu bæjarlæksins að bæjarhólnum, líkt og garðlag [3356-390].

Bakki-3356-435

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Á túnakorti frá 1918 virðist vera útihús vestan bæjarhóls [3356-388], skammt suður af vegi (76). Erfitt er þó að staðsetja það nákvæmlega og má því gera ráð fyrir nokkurri skekkju í staðsetningu hússins. Engar minjar eru um húsið á staðnum, en hugsanlegt er að svæðið hafi orðið fyrir raski í seinni tíð, t.d. vegna lagningar vegar (76).

Bakki-3356-393

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna rofs

Staðhættir

Umkringis túnið á Bakka, nær alla leið nema austast, er túngarður. Að austanverðu afmarkar Stórilækur túnið. Túngarðurinn liggur í gegnum gras- og mólendi að miklu leyti en þó einnig mýrlendi, sér í lagi til suðvesturs og vesturs. Garðurinn afmarkar svæði sem er um 360x280 m.

Lýsing

Garðlagið er víðast nokkuð greinilegt, en slitróttast er það á suðurhliðinni (sjá myndir 393 og 408 þar sem greina má garðlagið í bútum nær allan hringinn um túnið). Á vestur- og norðurhliðum er hægt að fylgja því nær óslitið, þótt hér og þar séu op eða rof í garðinn. Lengsti samfelldi búturinn er um 225 m langur, við norðausturhorn túnsins. Samanlögð heildarlengd túngarðsbútanna er um 640 m.

Þótt túngarðurinn sé víðast mjög greinilegur er hann mjög mishár, og er hæð hans allt fá 20-100 cm, eftir því hvort hann er í mýri eða í harðari jarðvegi. Breidd er yfirleitt um 1-2 m. Garðurinn er sums staðar farinn að nálgast það að vera klofinn í miðju, sér í lagi að norðanverðu. Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti og má sjá sums staðar grjót neðst í rofi. Við suðausturhornið virðist garðlagið halda beint út til austurs, eða jafnvel beygja örlítið til suðausturs.

Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Öflugur túngarður hefur verið kringum tún og bæjarstæði. Hann er sérstaklega glöggur yfir hólana vestan við veginn milli Stóralækjar og Bæjarlækjar þar sem hann nær suður á mýrarnar, sunnan við Bæjarlækinn. Einnig sést garður austan við Bæjarhólinn og túnið. Í mýrunum er hann horfinn“ (VIII: 281).



Mynd 413. Túngarður [3356-393] í sunnanverðu túni Bakka. Horft til vesturs.



Mynd 414. Túngarður [3356-393] í norðanverðu túni Bakka. Horft til VNV.

Bakki-3356-394

Sérheiti: Flókagarður

Hlutverk: Óþekkt,
túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Fast sunnan við tóft [3356-395] byrjar garðlag sem síðan gengur til austurs að Stóralæk, þaðan áfram til til norðausturs í átt að vegi (76). Sé horft á legu garðsins á loftmynd eru talsverðar líkur á að hann hafi tengst garðinum á Minni-Bakka [3356-378].



Mynd 415. Garðlag [3356-394], horft til norðausturs.

Lýsing

Skráðir voru þrír garðlagsbútar sem virðast, miðað við stefnu þeirra, tengjast og eru því skráðir hér undir sama númeri. Sá vestasti er vestan Stóralækjar og hefði verið hægt að skrá hann sér, en þar sem legan er alveg í flútti við garðlagið austan Stóralækjar eru þessir hlutar látnir halda saman. Garðlagið er hlaupið í þúfur og mjög sokkið, en það liggur að mestu í votlendi. Það sér í grjót hér og þar en annars er garðlagið algróið. Hæð garðlagsins er um 20-40 cm og breidd um 0,7-1 m. Austasti hlutinn var mældur styttri á vettvangi en var lengdur til norðausturs út frá loftmynd. Sá hluti er um 53 m langur. Miðhlutinn er um 60 m langur og hlutinn vestan Stóralækjar er um 23 m langur. Líklega hefur þetta garðlag tengst garðlagi [3356-378] í landi Minni-Bakka og verið hluti af Flókagarði.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er þessi garður hluti af Flókagarði: „Garðurinn kann að vera framhald Flókagarðs sem virðist liggja að túni á Laugalandi og þaðan í sveig framhjá Minni-Bakka og að túni seinasta Bakkabæjarins. Á loftmynd er óljóst hvort garðurinn kann að vera hluti túngarðs fast austan tófta Minni-Bakka“ (Guðný Zoëga et al., 2016: 24). Hægt hefði verið að skrá þennan garð sem hluta af Flókagarði með garðlögum [3356-378] við Minni-Bakka og [3356-375] í landi Laugalands en ákveðið var, þar sem rof er á milli þeirra allra, að skrá þá hvern á sitt númer en fjalla um þá hér sem mögulega heild.

Bakki-3356-395

Sérheiti: Jósafatstóft, Siggutóft, Bakkakot, Minni-Bakki, Bakkakofi

Hlutverk: Fjárhús, aðhald, híbýli

Tegund: Tóft

Staðhættir

Innan túns Bakka, um 25 m vestur af Stóralæk, um 110 m austur af bæjarhól [3356-388] og 110 m suður af vegi (76) er fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin er nokkuð stór, um 21,2x8,2 m að utanmáli, og er fjárhús í norðurhlutanum en annað sambyggt rými að sunnan, líklega aðhald. Tvær krær eru í fjárhúsinu og liggur garði langsum eftir húsinu. Opið er út úr eystri krónni til norðurs en til vesturs á þeirri vestari, við norðvesturhorn. Í garðanum eru sjáanleg þrjú umföer af grjóti og er hann um 50 cm hár og 0,6 m breiður. Grjót sést einnig neðst í veggjum, sem eru um 40-60 cm hár og 1-1,5 m breiðir í fjárhúsi en 50-90 cm hár og 0,5-1,5m breiðir í aðhaldi. Tóftin er öll algróin.



Mynd 416. Drónamynd af tóft [3356-395] og öskuhaug [3356-396]. Stórilækur uppi í hægra horninu. Norður er upp á myndinni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bakka segir: „Austast í túninu, nálægt Stóralæk, var Jósafatstóft. Þar byggði Jósafat nokkur sér bæ“ (bls. 4). Í *Byggðasögu Skagafjarðar* fær þessi tóft fimm nöfn: Bakkakot, Minni-Bakki, Bakkakofi, Jósafatstóft og Siggutóft. Þar segir einnig: „Bakkakot eða Jósafatstóft er, eins og segir í örnefnaskrá, austast í túninu, 25 metra frá Stóralæk. Þar er nú greinileg fjárhúsatóft frá 20. öld, sem hefur verið byggð ofan í bæjartóftina, og lítill en greinilegur öskuhaugur [3356-396] örskammt út og niður frá tóftunum. Því er svipað varið með Bakkakot og Bakkagerði. Staðurinn hefur gengið undir ýmsum nöfnum“ (VIII: 282).

Bakki-3356-396

Hlutverk: Öskuhaugur

Tegund: Hóll

Staðhættir

Innan túns Bakka, um 4 m norðaustur af norðausturhorni fjárhústóftar [3356-395], um 21 m vestur af Stóralæk er hóll.

Lýsing

Hóllinn virðist ekki vera náttúrulegur, er gróinn og þéttur í sér. Líklega er um öskuhaug að ræða frá því að híbýli stóð á Jósafatstóftum [3356-395]. Hóllinn er um 5,7 m í þvermál og er um 80 cm hár.



Mynd 417. Öskuhaugur [3356-396], horft til norðausturs.

Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Þar er nú greinileg fjárhúsatóft frá 20. öld, sem hefur verið byggð ofan í bæjartóftina [3356-395], og lítill en greinilegur öskuhaugur örskammt út og niður frá tóftunum“ (VIII: 282). Öskuhaugurinn var rannsakaður með kjarnabor árið 2016 og

var þar staðfest að um öskuhaug er að ræða en ekki var hægt að aldursgreina minjarnar. Tekið er fram í skýrslunni að minjarnar virki ekki mjög fornar (Guðný Zoëga et al., 2017:11, einnig 7 í fylgiskjölum).

Bakki-3356-397

Hlutverk: Útihús, híbýli

Tegund: Tóft

Staðhættir

Innan túns Bakka, um 40 m vestur af Stóralæk og um 56 m suður af vegi (76) er tóft á smá hól.

Lýsing

Tóftin er ílöng, þriggja hólfa og snýr nálega austur-vestur.

Tóftin er um 13,6x6 m að utanmáli. Opið er úr austasta rýminu til austurs og úr

vestasta rýminu til suðurs, við suðvesturhorn. Ekkert op er sjáanlegt á miðrýminu og ekki er opið á milli rýma. Grjót sést í veggjum en annars er tóftin gróin. Veggir eru um 30-60 cm háir og um 0,5-0,9 m breiðir. Líklega er hér útihús frá 20. öld, mögulega ofan á eldri minjum.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá 1918 virðist vera útihús á þessum stað. Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir í myndatexta: „Óstaðfest er hvaða tóftir eru á hólum í neðra horni til vinstri. Hugsanlega var þar búseta á árunum 1876-1880“ (VIII: 276).



Mynd 418. Drónamynd af [3356-397]. Suðaustur er upp á myndinni. Vegur (76) sést uppi í vinstra horninu.

Bakki-3356-398

Hlutverk: Óþekkt, öskuhaugur

Tegund: Hóll

Staðhættir

Innan túns Bakka, um 13 m vestur af tóft [3356-397] og um 57 m suður af vegi (76) er tóft á smá hól.

Lýsing

Hóllinn er lítill og grænn, en hár og sker sig úr umhverfinu.

Hóllinn er um 6 m í þvermál

og um 1-1,3 m á hæð. Hugsanlega er hér um að ræða öskuhaug ef búseta hefur á einhverjum tím punkti verið þar sem tóft [3356-397] er.



Mynd 419. Hóll [3356-398], horft til VSV.

Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir í myndatexta: „Óstaðfest er hvaða tóftir [3356-397] eru á hólnum í neðra horni til vinstri. Hugsanlega var þar búseta á árunum 1876-1880“ (VIII: 276).

Bakki-3356-399 og 400

Hlutverk: Heygeymsla, fjárhús

Tegund: Tóft, steinsteypa

Staðhættir

Innan túns á Bakka, um 45 m austur af bæjarhólnum [3356-388], um 85 m suður af vegi (76) á smá hól eru leifar steyptrar fjárhúshlöðu og hlaðins fjárhúss. Steyptu veggirnir eru mjög áberandi í umhverfinu.



Mynd 420. Fjárhúshlaða og leifar fjárhúss [3356-399]. Horft til austurs.

Lýsing

Steyptur veggur er að sunnan- og austanverðu, en grjóthleðsla að norðanverðu. Húsið virðist hafa verið aðeins niðurgrafið, en veggjahæð er hærri að innan en utan. Minnst er steypiti veggurinn um 1,85 m mest um 2,85 m að innanverðu. Steypan er um 22 cm þykk. Grjóthlaðni norðurveggurinn er um 1,2 m hár og sjást um 5-7 umför hleðslu í honum. Líklega er hleðslan tvöföld en gróin utanmeð. Fyrir vesturenda suðurveggjar eru hleðsluleifar, um 60 m háar, og sjást um tvö umför hleðslu þar. Að vestanverðu er smá upphækkuð, gróin rönd, með einstaka steini. Eru grjóthlöðnu veggirnir leifar fjárhúss, en þeir steypu leifar hlöðu skv.

Byggðasögu

Skagafjarðar (VIII: 283). Rétt rúmlega 1 m austan við austurvegginn er smá gróin dæld [3356-400], um 2,9x1,8 m að ummáli og um 30 cm djúp. Hlutverk er óljóst, en tengist líklega mannvirkinu eða einhverjum athöfnum í tengslum við það.



Mynd 421. Drónamynd af fjárhúshlöðu og fjárhúsi [3356-399] neðan við miðja mynd. Hægra megin á myndinni má sjá túngarð [3356-393] og minjar [3356-401-404] þar við. Einnig Jósafatstóft og öskuhaug [3356-395 og 396] ofarlega til vinstri.

Bakki-3356-401

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í suðaustanverðu túni Bakka, rétt innan við túngarðinn, um 26 m suðaustur af fjárhúshlöðu [3356-399] er tóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og snýr nálega norður-suður. Utanmál tóftarinnar er um 11,3x10,3 m. Op er á nyrðra hólfinu til vesturs við norðvesturhorn. Tóftin er algróin og þúfuhlaupin, veggir eru úr torfi um 30-60 cm háir og um 0,8-1 m breiðir. Líklega er hér um útihústóft að ræða, einhvers konar skepnuhús með hlöðu.

Aðrar upplýsingar

Hér virðist vera útihús á túnakorti frá 1918.



Mynd 422. Drónamynd af tóft [3356-401] og túngarði [3356-393] vinstra megin við hana. Ofan við tóftina er tóft [3356-402], en hún sést mjög óglögg. Vestur er upp á myndinni.

Bakki-3356-402

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í suðurhluta túns Bakka, um 3 m suðvestur af tóft [3356-401], áföst túngarðinum, er tóft.

Lýsing

Tóftin er einföld og ferhyrnd. Opð er úr tóftinni til norðurs við norðausturhorn. Grjóthleðslur sjást í veggjum nær allan hringinn, um 1-2 umför, en veggir eru þó vel grónir. Veggir eru um 30-40 cm háir og um 0,4-0,6 m breiðir. Hlutverk er óljóst, en líklega einhvers konar útihús eða landbúnaðarminjar.



Mynd 423. Tóft [3356-402], horfi til SSV.

Bakki-3356-403

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Rétt utan, sunnan, túngarðs, um 14 m suðaustur af tóft [3356-401] er tóft.

Lýsing

Tóftin er lítil, einföld og ferhyrnd. Tóftin er nokkuð ógreinileg, þúfuhlaupin og



Mynd 424. Tóft [3356-403]. Horft til suðausturs.

algróin, en þó er veggjalag greinanlegt innan um þúfurnar. Op gæti verið til norðurs og er tóftin mæld upp þannig. Hæð veggja er um 30-50 cm og breidd um 0,7-1,1 m.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bakka segir: „Fyrir austan og ofan hann [Steinhól, Grjóthól], í mótum rétt ofan túngarðsins, var Kvíaból. Þar voru kvíar og stekkur hér áður“ (bls. 4). Hnitpunktur í *Byggðasögu Skagafjarðar* (VIII: 281) er settur á tóft [3356-404] en ekki er loka fyrir það skotið að þessi tóft hafi einnig getað verið kvíar.

Bakki-3356-404

Hlutverk: Óþekkt, kvíar

Tegund: Tóft

Staðhættir

Sunnan túns Bakka, um 23 m sunnan túngarðsins, um 65 m vestan Stóralækjar og 110 m suðaustan bæjarhóls [3356-388] er tóft.

Lýsing

Tóftin er einföld og ílöng, snýr norður-suður og er um 9,1x4,5 m að utarmáli. Tóftin er algróin en það sér í grjót í veggjum. Op virðist vera til vesturs við norðvesturhorn. Rof virðast hafa komið í vegg tóftarinnar sums staðar og gróið upp aftur. Veggir eru um 40-60 cm háir og um 0,4-1 m breiðir. Líklega er um kvíatóft að ræða sbr. örnefnaskrá (sjá í „Aðrar upplýsingar“).



Mynd 425. Drónamynd af tóft [3356-404]. SSA er upp á myndinni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bakka segir: „Fyrir austan og ofan hann [Steinhól, Grjóthól], í mótum rétt ofan túngarðsins, var Kvíaból. Þar voru kvíar og stekkur hér áður“ (bls. 4). Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Austan og ofan bæjarins, í mótum rétt utan túngarðs, er Kvíabólið. Þar sjást glöggar minjar um kvíarnar“ (VIII: 281). Er hnitpunktur þar settur á þessa tóft.

Bakki-3356-405**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Sunnan túns Bakka, á mörkum skráningarsvæðisins, um 30 m suður af túngarðinum [3356-393] og um 13 m VSV af tóft [3356-404] er tóft.

Lýsing

Tóftin er mjög sigin og ógreinileg. Hún virðist vera U-laga og opin til norðurs.

Utanmál tóftarinnar er um 7x4,5 m. Veggir eru út torfi og grjóti, um 10-40 cm háir og um 0,5-0,7 m breiðir.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bakka segir: „Fyrir austan og ofan hann [Steinhól, Grjóthól], í mónum rétt ofan túngarðsins, var Kvíaból. Þar voru kvíar og stekkur hér áður“ (bls. 4). Hnitpunktur í *Byggðasögu Skagafjarðar* (VIII: 281) er settur á tóft [3356-404] en ekki er loku fyrir það skotið að þessi tóft hafi einnig getað verið kvíar.



Mynd 426. Tóft [3356-405], horft til SSV.

Bakki-3356-406**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Innan túns Bakka, um 18 m norður af túngarðinum [3356-393] og um 32 m suðaustur af bæjarhólnum [3356-388] er tóft.

Lýsing

Tóftin er einföld og ílöng, snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er þúfuhlaupin og gróin. Veggir eru nettir, einungis um 0,3-0,5 m breiðir og um 10-30 cm háir.

Op virðist vera til norðvesturs á miðjum langvegg. Hlutverk er óljóst.



Mynd 427. Tóft [3356-406], horft til suðurs.

Bakki-3356-407**Hlutverk:** Óþekkt, torftökustaður**Tegund:** Niðurgröftur

Staðhættir og lýsing

Innan túns Bakka, á svæði sem afmarkast af bæjarhólnum [3356-388] til vesturs og austur fyrir tóft [3356-401], eru nokkrir sléttir fletir í túninu. Svæðið í heildina er um 80x45 m að umfangi en innan þess eru fjórir meginfletir. Vestast eru tveir fletir sem eru greinilega niðurgrafnari en hinir, 30-40 cm djúpir, og líkjast mest torftökustöðum. Þeir eru rétt austan bæjarhólsins. Hinir þrír fletirnir eru mun minna niðurgrafnir, sá nyrsti um 20-30 cm en hinir í raun bara eins og rist hafi verið ofan af og látið gróa upp. Fletirnir sjást mjög vel á jörðu niðri en ekki síður á drónamyndum. Brúnir svæðanna eru að jafnaði beinar og mjög greinilegar, og þau eru án efa manngerð. Hugsanlega er hér um torftökustaði að ræða, þar sem torf hefur verið tekið rétt af yfirborði. En að öðrum kosti er hlutverk óljóst.



Mynd 428. Hluti af niðurgröftum [3356-407] sést hér rétt vinstra megin við miðja mynd. Svæðið er kantað og mjög greinilegt. Veggur fjárhúshlöðu [3356-399] til hægri og bæjarhóll [3356-388] í baksýn.

Bakki-3356-408

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna rofs

Staðhættir

Innan túns á Bakka, sunnan vegar (76), um 6 m norðan túngarðsins, í mýrlendum vesturhluta túnsins, vestan bæjarlækjarins, um 70 m suðvestur af bæjarhólnum [3356-388] er tóft.



Mynd 429. Tóft [3356-408], horft til NNV.

Lýsing

Tóftin er mjög þýfð og gróin og væri ekki sýnileg nema fyrir það að hrossum er beitt á svæðinu. Tóftin er ílöng, snýr norður-suður og er um 8,1x4,6 m að utanmáli. Tóftin er tveggja hólfa og engin op eru greinanleg á henni. Tóftin er mjög gamall. Ytra byrði er aðeins ógreinilegt vegna þúfnar en innra byrði greinilegra. Hæð veggja er um 40-60 cm og breidd um 0,8-1,3 m. Smá rof er í veggjum vegna beitar.

Bakki-3356-409

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Innan túns á Bakka, fast norðan við túngarðinn, um 13 m vestur af tóft [3356-408], um 85 m suðvestur af bæjarhólnum [3356-388] er tóft.

Lýsing

Tóftin er mög ógreinileg en veggir virðast greinanlegir í

Mynd 430. Tóft [3356-409], horft til NN.

þýfinu og skera sig úr sem hærri þúfur en aðrar í næsta nágrenni. Innra rými er greinanlegt þótt það sé mjög gróið og þúfuhlaupið. Hugsanlega hafa þetta verið tvö rými, en það er ekki hægt að staðhæfa. Tóftin virðist því vera einföld og ílöng, snýr NNA-SSV. Ekkert op er greinanlegt á tóftinni, vísbending um það er á norðurgafli en ekki þannig að hægt sé að slá því föstu. Veggir eru úr torfi, um 40-70 cm háir og 1-1,3 m á breidd.



Bakki-3356-410

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Hóll

Staðhættir og lýsing

Í mýrinni í vesturhluta túns Bakka, um 75 m norðan vegar (76) og um 75 m austan túngarðsins er grunsamlegur hóll. Hóllinn er um 10 m í þvermál, mjög þýfður og meðalstórt grjót sést í honum á stangli. Engir veggir eða rými eru greinanleg, en hóllinn sker sig mjög úr umhverfinu, er tóftalegur og gæti vel innihaldið mannvistarleifar.



Mynd 431. Hóll [3356-410] fyrir miðri mynd. Garðlag liggur vestast yfir hóllinn. Norðvestur er upp á myndinni.



Mynd 432. Uppmælingar af minjum á norðurhluta túns Bakka, norðan vegar (76). Appelsínugul lina er áætluð veglina.

Bakki-3356-411

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir og lýsing

Í mýrinni í vesturhluta túns Bakka, um 48 m norðan vegar (76), og um 23 m norðvestur af tóft [3356-413], er þúst. Þústin er í raun þýft svæði sem sker sig úr umhverfinu. Hún er mjög grunsamleg og gæti vel innihaldið mannvistarleifar þótt ekki sé hægt að greina veggi eða rými. Meginsvæðið er um 10x8 m að umfangi en norðan við það er minni þúst, um 3 m í þvermál.



Mynd 433. Þúst [3356-411], horft til vesturs.

Bakki-3356-412

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Staðhættir og lýsing

Í mýrlendinu í vestanverðu túni Bakka, norðan vegar (76), rétt vestan við hólinn sem tóft [3356-417] stendur á og um 47 m NNV af tóft [3356-413] er hól. Hóllinn er um 7,5x6 m að ummáli, er sléttur að ofan og á honum er gróður eins og á tóftum í næsta nágrenni. Ekki sjást veggjaleifar á hólnum en hann er grunsamlegur og gæti vel innihaldið mannvistarleifar.



Mynd 434. Hóll [3356-412], horft til vesturs.



Mynd 435. Hóll [3356-412] neðarlega fyrir miðri mynd. Ofan við hann er tóft [3356-417] uppi á háum hól. Huldusteinn [3356-416] er hægra megin við miðja mynd og þar fast ofan við, nærri hægra horni uppi er tóft [3356-415].

Bakki-3356-413

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í túni Bakka, um 25 m norðan vegar (76) og um 80 m norðvestur af bæjarhólnum [3356-388] er tóft.

Lýsing

Tóftin er tveggja hólfa, ílöng og snýr norður-suður. Ekkert op er augljóst, en hugsanlega



Mynd 436. Tóft [3356-413], horft til suðurs. Vegur (76) í baksýn.

hefur verið op á norðurgafli. Utanmál tóftarinnar er um 8,2x5,3 m. Tóftin er nokkuð greinileg en þó farin að síga og aflagast. Smávegis af grjóti sést í veggjum, en annars er tóftin algróin. Veggir eru að jafnaði 40-60 cm háir, en mest um 100 cm, breidd er um 1,5 m. Hugsanlega er hér um skepnuhús með hlöðu að ræða. Sunnan við tóftina er flötur með þúfum sem virðist geta innihaldið eldri mannvist, en það er þó ekki hægt að staðhæfa.

Bakki-3356-414

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir og lýsing

Innan túns Bakka, fast norðan við girðingu norðan vegar (76), um 8 m austur af suðausturhorni tóftar [3356-413] er þúst. Þústin er ferhyrnd og um 8x7 m að utanmáli. Um er að ræða upphækkun með þúfum, ekki er hægt að greina neitt innra byrði en afmörkunin er nokkuð greinileg og þústin um 30 cm há. Hugsanlega er þarna um mannvistarleifar að ræða.



Mynd 437. Þúst [3356-414], horft til vesturs. Vegur (76) til vinstri.

Bakki-3356-415

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Innan túns á Bakka, um 30 m norður af vegi (76) og um 45 m vestur af tóft [3356-422], er tóft á litlum hólholli.

Lýsing

Tóftin er í raun eins og skuggi af mannvirki, líklega útihúsi. Veggir eru mjög lágir, yfirleitt um 10-20 cm, mest um 30 cm, mjög aflíðandi og útflattir. Ekkert grjót sést í veggjum, en þeir eru grónir grasi og mosa, um 1,2-1,8 m á breidd. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur, er um 9x6,3 m að utanmáli og op virðist vera til norðausturs.



Mynd 438. Tóft [3356-415]. Horft til vesturs.

Bakki-3356-416

Sérheiti: Huldusteinn

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Heimild, náttúruminjar

Staðhættir og lýsing

Innan túns á Bakka, austast í mýrinni norðan vegar (76), um 50 m norður af veginum og um 17 m norðvestur af tóft [3356-415] er stór, grár steinn. Steinninn heitir skv. örnefnaskrá Huldusteinn en ekki eru gefnar frekari skýringar á nafngiftinni, og ekki heldur í *Byggðasögu Skagafjarðar*. Því verður örnefnið eitt látið standa sem heimild um huldufólksbústað.



Mynd 439. Huldusteinn [3356-416]. Horft til SSV.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Neðst í Fitinni er stór, grár steinn, nefndur Huldusteinn“ (bls. 4).

Bakki-3356-417

Hlutverk: Óþekkt, smiðja

Tegund: Tóft

Staðhættir

Innan túns á Bakka, efst á háum hólkoli, um 77 m norður af vegi (76) og um 12 m suðvestur af tóft [3356-418] er tóft.

Lýsing

Tóftin er einföld og virðist hafa verið opin til norðausturs, eða þar verið timburpil líkt og nefnt er í *Byggðasögu Skagafjarðar* (VIII; 282). Stórt grjót er neðst í veggjum, sem er óvenjulegt fyrir tóftir á þessu svæði. Smá jarðvegur er ofan á steinunum. Vesturveggur er mjög siginn og nær horfinn, en hefur líklega verið þarna. Veggir eru allt að 50 cm háir, en oftast 20-40 cm. Breidd er um 1,5 m, en þó víða mjórri. Austan við tóftina, utan við opna gaflinn, er eins og móti fyrir veggjaleifum, kannski eldri minjum, enda segir í *Byggðasögunni* að þessi tóft sé smiðja sem reist var á eldri tóftum.

Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Uppi á hólkollinum eru minjar af húsi, um 3,5x4,5 m að stærð, og hefur sýnilega verið timburpil að norðaustan. Þarna var smiðja sem Sæmundur Jónsson, síðar í Neðra-Haganesi, byggði sér upp úr gömlum tóftum þegar hann var í húsmennsku á Bakka hjá Árna bróður sínum á árunum 1933-1935“ (VIII: 282).



Mynd 440. Tóft [3356-417], horft til vesturs.

Bakki-3356-418

Sérheiti: Bakkagerði, Jónsgerði

Hlutverk: Fjárhús, rétt

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna rofs

Staðhættir

Innan túns á Bakka, í norðurhluta túnsins, um 20 m sunnan við túngarðinn og um 95 m norður af vegi (76) er greinileg tóft.

Lýsing

Tóftin er stór og greinileg, ílöng og snýr norður-suður. Nyrst er stór rétt og sunnan við hana fjárhús. Sunnan við fjárhúsið eru mæld upp tvö rými



Mynd 441. Tóft [3356-418]. Grjóthleðslur eru yngri en sá hluti tóftarinnar sem er neðst á myndinni. Horft til norðurs.

en þau gætu vel verið eldri, enda ógreinilegri og ekki með grjóti eins og veggir fjárhússins og réttarinnar. Í heildina er tóftin um 20,5x7 m að utanmáli, ef rýmin sem virðast eldri eru tekin frá eru fjárhús og rétt um 15 m löng. Fjárhúsið er einfalt en með litlu rými í norðausturhorni. Tóftin er öll illa farin af rofi og stór, virk rof eru í fjárhúsi og rétt. Víða sést í grjóthleðslur, allt að 4-5 umför. Hæð veggja er um 10-120 cm og breidd um 0,7-2 m. Norðan við þessa tóft eru eldri minjar sem mældar voru upp sérstaklega undir númerinu [3356-419].

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bakka segir: „Þar fyrir neðan [Huldustein [3356-416]], er hólasmstæða, sem heitir Jónsgerði. Þar mun Jón nokkur Dagsson hafa byggt sér bæ. Túngarður var í kringum Jónsgerði. Á Jónsgerði voru síðar byggð fjárhús og sjást tóftirnar mjög vel“ (bls. 4).

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Í upphafi 20. aldar voru a.m.k. tvö húsmannsbýli á Bakka, Bakkagerði og Bakkakot. Gegnt bæjarhólnum á Bakka, um 180-200 metrum neðar, rís stór hóll. Neðan hans er gróið hólaland, um það bil dagsláttu að stærð. Sveigir túngarðurinn á Bakka niður fyrir þetta hólasmstæði. Þarna byggði Jón Davíðsson, sem áður hafði búið á Reykjarhóli, lítinn bæ, líklega 1903, og hafðist þar við í sex ár með ráðskonu, Vilborgu Þorleifsdóttur. Þá skipti hann bústað við Jósafat Benediktsson. Á þessum tíma var bústaður Jóns almennt kallaður Jónsgerði en Bakkagerði mun þó hafa verið opinbera nafnið. Var Jónsgerði eingöngu notað um staðinn eftir að búseta lagðist þar af en fjárhúsin sem þar voru byggð síðar jafnan sögð á Jónsgerðinu. Ekki er nú hægt með vissu að ákveða stöðu bæjarins en seinna voru fjárhús byggð út og niður frá háhólnum og sjást þær tóftir greinilega, ásamt allstórrí rétt norðan við. Þarna er um 25 m langt tóftasvæði og líklega hefur fjárhúsið verið byggt ofan í bæjartóftirnar. Virðist sem hluti bæjartóftanna sjáist sunnan við fjárhúsið“ (VIII: 281-282).



Mynd 442. Drónamynd af tóftum [3356-418], fyrir miðri mynd, [3356-419] neðan við hana og [3356-417] á hólnum ofan við [3356-418].



Mynd 443. Uppmælingar af tóftum [3356-418 og 419].

Bakki-3356-419

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Innan túns á Bakka, fast norðan við tóft [3356-418] eru eldri tóftabrot.

Lýsing

Tóftin er tveggja rýma og veggir eru mjög veigalitlir, um 20-30 cm háir og 20-60 cm breiðir. Líklega er hér um að ræða minjar eldri mannvistar á hólnum, áður en fjárhús [3356-



Mynd 444. Tóft [3356-419], veggir í tóft [3356-418] í baksýn. Horft til suðurs.

418] var reist. Hugsanlega eru þessar minjar samtíða syðsta hlutanum af [3356-418], en þessar voru mældar upp sér þar sem þær eru ekki áfastar hinni tóftinni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bakka segir: „Þar fyrir neðan [Huldustein [3356-416]], er hólasamstæða, sem heitir Jónsgerði. Þar mun Jón nokkur Dagsson hafa byggt sér bæ. Túngarður var í kringum Jónsgerði. Á Jónsgerði voru síðar byggð fjárhús og sjást tóftirnar mjög vel“ (bls. 4).

Bakki-3356-420 og 421

Hlutverk: Óþekkt, torftökustaður

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir og lýsing

Innan túns á Bakka, norðanvert, á tveimur stöðum rétt innan, sunnan við túngarðinn, eru sléttir, niðurgrafnir fletir. Hugsanlega eru þeir leifar mannvirkja eða torftökustaðir. Annar [3356-420] er rétt utan skráningarsvæðisins, fast innan túngarðsins, um 14 m norðvestur af tóft [3356-419]. Hann er um 5x3,8 m að umfangi. Hinn [3356-421] er rétt um 8 m austur af tóft [3356-419] og er um 6,2x3,5 m að umfangi. Sá er um 20-40 cm djúpur og þýft er í kringum hann, en ekki hægt að segja að móti fyrir neinum veggjalögum. Því er dregin sú ályktun að hér sé um torftöku eða aðra efnistöku að ræða.



Mynd 445. Niðurgröftur [3356-421], tóftir [3356-418 og 419] í baksýn. Horft til VNV.

Bakki-3356-422

Sérheiti: Miðgerði, Pétursgerði

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna rofs

Staðhættir

Innan túns á Bakka, um 14 m norður af vegi (76) og um 78 m SSA af tóft [3356-418], er tóft.

Lýsing

Tóftin er ílöng og þriggja hólfa. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er um 16x5,8 m að utanmáli. Veggir eru víða aflagaðir og tóftin er mjög illa farin af rofi. Af þeim sökum er erfitt að greina op og því voru engin slík mæld upp á tóftinni. Grjót sést í veggjum sér í lagi í endarýmum. Tóftin er í smá halla til norðausturs og halla rýmin því meira eftir því sem austar dregur í tóftinni. Tóftin er nokkuð grænni en umhverfið. Veggir eru um 10-20 cm háir og um 0,8-1,8 m að breidd. Um fjárhús er að ræða skv. heimildum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bakka segir: „Fyrir austan og ofan Jónsgerði [3356-418, 419] var stór hóll, nefndur Miðgerði. Á því voru bæði Ærhús og Lambhús. Tóftir þeirra sjást enn“ (bls. 4). Í *Byggðasögu Skagafjarðar* er nefnt að Páll Guðmundsson hafi kallað staðinn Pétursgerði (VIII: 281).



Mynd 446. Drónamynd af tóft [3356-422]. Vegur (76) sést efst. Suðaustur er upp á myndinni.



Mynd 447. Hér sést vel hvernig tóft [3356-422] liggur í smá brekku. Norðvestur er upp á myndinni.

Bakki-3356-423

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Við skurð sem markar norðurenda túna, um 100 m suður af vegi (76), fast austan við landamerki Bakka og Reykjarhóls er mógrafasvæði.

Lýsing

Mógrafirnar eru þurrar og grasi grónar á köflum, enda hefur svæðið verið ræst fram og stór skurður liggur í gegnum mógrafirnar. Grafirnar eru greinanlegastar norðan skurðarins, en óljós útmörk sem ná lengra suður sjást á gömlum loftmyndum, og var afmörkun grafanna teiknuð að hluta upp af þeim loftmyndum (1985, 1994). Brúnir eru víðast ógreinilegar, en grafirnar eru um 40-60 cm djúpar.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bakka segir: „... austan fyrrnefnds merkjagarðs [3356-425], heitir Sköfumýri. Í henni var áður torfrista“ (bls. 3).



Mynd 448. Drónamynd af mógrafasvæði [3356-423] og þúst [3356-424] (ógreinileg). Austur er upp á myndinni.

Bakki-3356-424

Hlutverk: Óþekkt, mógeymsla

Tegund: Þúst

Staðhættir

Innan mógrafa [3356-423], um 115 m suður af vegi (76) og rétt norðan við stóran skurð við tún, er þúst.

Lýsing

Þústin gæti verið gamall móhraukur eða leifar af mótóft, en er mjög illgreinileg. Smá dæld er í þústina og hún er þúfuhlaupin með mýrar- og mólendisgróðri. Gróðurinn á þústinni er þó ólíkur gróðri á skurðuppmokstri sem er þarna rétt hjá. Hæð er um 70 cm og utanmál um 6,8x6,6 m.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bakka segir: „... austan fyrrnefnds merkjagarðs [3356-425], heitir Sköfumýri. Í henni var áður torfrista“ (bls. 3).



Mynd 449. Þúst [3356-424]. Horft til norðvesturs.

Bakki-3356-425

Hlutverk: Óþekkt, landamerki

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna rofs

Staðhættir

Á landamerkjum Reykjarhóls og Bakka, um 32 m norðan vegar (76), í hlið Reykjarhólsins, er garðlag sem sjáanlegt er beggja vegna við gamla veginn [3356-426].

Lýsing

Garðlagið er í tveimur bútum, stærri bútur ofan/norðan gamla vegarins [3356-426] og minni bútur neðan hans. Stærri búturinn er tæplega 13 m langur og rofinn í báða enda. Minni búturinn er um 3,5 m langur og meira rofinn að neðanverðu, þar sést grjót og jarðvegur í sniðinu en engar eiginlega hleðslur. Garðlagið er gróið grasi, mosa og lyngi, um 70 cm á hæð þar sem mest er og um 2 m breitt. Líklega er hér um leifar landamerkjagarðs að ræða, sé litið til staðsetninga, og hefur garðurinn þá legið ofan af Reykjarhólnum, suður brekkuna, yfir þar sem nú er vegur (76) og upp í fjallið hinum megin.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bakka segir um landamerki Bakka og Reykjarhóls: „... merkin úr miðri Helguvík upp í vörðu á Reykjarhólskollinum. Þaðan ræður svo garður, sem hefur stefnu upp í svonefndan Galta, sem er hár klakki ofarlega í fjalli, austan í Engidalsmynni“ (bls. 1-2).



Mynd 450. Stórt rof í landamerkjagarð [3356-425], horft til NNA.

Bakki og Reykjarhóll - vegur

Bakki-3356-426

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Staðhættir og lýsing

Gamall vegur nær inn á skráningarsvæðið innan jarða Bakka og Reykjarhóls. Vegurinn liggur lengra til austurs og vesturs, en er þar utan skráningarsvæðisins. Vegurinn er merktur inn á Atlaskort frá 1923. Vegurinn liggur, úr austri farið, ofan/sunnan við Bakkabæinn og þar út með hliðinni þar til hann kemur um það bil til móts við austurhlíðar Reykjarhóls, þar beygir hann til norðvesturs, gengur undir núverandi veg og upp að landamerkjagardði [3356-425], þar í gegn og til vesturs og norðvesturs í átt að Reykjarhólsbænum, sunnan við gamla bæjarstæðið og síðan norðvesturúr að Stafá. Vegurinn er að hluta enn nýttur sem slóði, og er þar greinilegur. Sums staðar er vegurinn orðinn ógreinilegur, t.d. sunnan við gamla bæjarstæði Reykjarhóls þar sem hann er mjög orðinn yfirvaxinn af lúpínu og öðrum gróðri. Hitaveitulögn var lögð ofan í veginn suðaustan við Gimbur gistiheimili á Reykjarhóli og vestur upp í hólinn. Vegurinn var að hluta mældur upp á vettvangi og að hluta teiknaður upp af loftmynd. Vegurinn er um 3 m breiður þar sem hann er í bestu ástandi.



Mynd 451. Vegur [3356-426] sunnan við gamla bæjarstæði Reykjarhóls. Horft til VNV.



Mynd 452. Vegur [3356-426] suðvestan í Reykjarhólnum. Horft til norðvesturs. Gimbur gistiheimili í baksýn.

Reykjarhóll



Mynd 453. yfirlitskort af skráðum minjum í landi Reykjarhóls. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Áætluð veglína er í núverandi vegstæði. Gamla bæjarstæði Reykjarhóls er merkt inn til viðmiðunar. Á kortið vantar tóft [3356-432] sem er vestast í Reykjarhólslandi, við Stafá.

Í landi Reykjarhóls voru skráðar sex minjar, þar af tvær innan gamla túnsins [3356-429 og 430]. Auk þessara minja liggur hluti vegar [3356-426] í gegnum jörðina. Garðlag [3356-428] með óþekkt hlutverk er við Reykjarhólsá og varða [3356-431] er sunnan vegar vestarlega í landi Reykjarhóls. Vestast í Reykjarhólslandi, sunnan vegar, við Stafá er tóft sem líklega er stekkjartóft [3356-432]. Mikil lúpínubreiða er á holtinu sunnan gamla bæjarstæðisins og var ómögulegt að fara þar um og grandskoða, því er ljóst að einhverjar minjar gætu leynst þar í gróðurþykkninu.

Fyrstu heimildir um Reykjarhól eru frá 14. öld. Jörðin var lengi í Stólseigu en komst í bændaeigu í byrjun 19. aldar (BS VIII: 261-263). Í *Jarðabók Árna og Páls* er Reykjarhóll metinn á 30 hundruð. Skógur hafði verið til kolagerðar en var þá nær eyddur, sömu sögu er að segja um mótöku. Torfstunga er sögð lök, rista léleg og nær þrotin. Rekavon er sögð sæmileg og lending góð (JÁP IX: 284-285). Á Reykjarhóli er í dag rekið gistiheimili (Gimbur).

Reykjarhóll-3356-427

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Rétt sunnan við gamla veginn [3356-426] þar sem hann liggur vestan úr Reykjarhólnum sjálfum, um 250 m ASA af Gimbur gistiheimili, er tóft við litla lækjarsprænu.



Mynd 454. Tóft [3356-427], horft til vesturs. Gimbur gistiheimili í baksýn.

Lýsing

Tóftin er einföld og opin til austurs, í átt að Reykjarhólnum. Utanmál tóftarinnar er um 5,1x4,1 m og snýr tóftin norður-suður. Tóftin er grasi gróin en það sést í grjóthleðslur í veggjum. Veggir eru allt að 1,3 m háir en aðeins lægri að utan, og mest um 1,8 m á breidd. Tóftin virkar ekki mjög gömul.

Reykjarhóll-3356-428

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Um 59 m vestur af heimreiðinni að Reykjarhóli og um 17 m norður af vegi (76), fast við Reykjarhólsána er garðlag.



Mynd 455. Garðlag [3356-428], horft til norðurs.

Lýsing

Garðlagið er óglöggt og gæti verið tengt yngra raski á svæðinu, þótt ekki séu glöggar vísbendingar um það. Garðlagið myndar fering við ána og er mjög blautt innan við það. Garðlagið er mest um 2 m frá botni og upp á brún að innanverðu/austanverðu. Veggir eru að öðru leyti mest um 1,2 m háir en að jafnaði lægri. Breidd er mest um 2 m, en yfirleitt um 1,2-1,5 m. Grjót sést undir sverði en eiginlegar hleðslur eru ekki greinanlegar. Hlutverk er óljóst.

Reykjarhóll-3356-429

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Innan gamla túnsins á Reykjarhóli, fast norðan við gamla veginn [3356-426] sem lá sunnan við túnið á Reykjarhóli, um 20 m ASA af tóft [3356-430], í brekkugróf, er tóft.

Lýsing

Tóftin er lítil og ógreinileg. Hugsanlegt er að hún hafi orðið fyrir raski við gerð gamla vegarins [3356-426] eða lagfæringar á honum. Tveir stórir steinar eru inni í henni sem líklega eru tilkomnir vegna vegagerðarinnar. Tóftin er um 4,5x3,9 m að utanmáli og snýr norður-suður, op er á tóftinni til norðurs. Tóftin virðist annað hvort að hluta grafín inn í brekkuna eða jarðvegur hefur sigið niður að henni úr vegöxlinni. Mikill gróður er á tóftinni og erfitt að greina nákvæmlega hvort er. Norðurendi tóftarinnar er þó mjög greinilegur. Veggjahæð er um 20-50 cm og breidd um 1 m.



Mynd 456. Tóft [3356-429]. Horft til suðurs.

Reykjarhóll-3356-430

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir


Innan gamla túnsins á Reykjarhóli, um 10 m norður af gamla veginum [3356-426] og um 25-30 m suðvestur af gamla bæjarstæðinu (sem er utan skráningarsvæðisins), er tóft.

Lýsing

Tóftin er einföld og frekar ungleg að sjá. Grjóthleðslur sjást vel í veggjum, en steinar eru fléttugrónir. Timburstaur stendur í miðri tóftinni sunnarlega, við innganginn, sem snýr til vesturs, sunnan við miðju. Tóftin er um 9,5x5 m að utanmáli og snýr norður-suður. Tóftin er grasi gróin, græn og loðin. Tóftin stendur í smá halla mót norðri. Veggir eru mest um 1,1 m háir og að jafnaði um 1-1,3 m breiðir. Norðurveggur er aðeins hruninn.



Mynd 457. Tóft [3356-430], horft til norðurs.



Mynd 458. Uppmælingar af tóftum [3356-429 og 430]. Gul lína er vegur [3356-426]. Svört lína sýnir norðurmörk skráningarsvæðisins.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er húsið teiknað inn á túnakort frá 1918, staðsetningin passar ágætlega miðað við bæjarhúsin, en hins vegar er þessi tóft einfaldari en húsið sem sést á teikningunni, en þar virðast vera þrjú sambyggð hús. Líklegt er því að það hús hafi að einhverju leyti verið rífið eða því breytt og þetta sé það sem eftir stendur af því.

Reykjarhóll-3356-431

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Á stórum steini/klöpp, um 120 m suður af vegi (76), um 450 m norðvestur af húsunum á Lynghóli, er vörðubrot.

Lýsing

Vörðubrotið er alhrunið, engin eiginleg hleðsla sést. Grjótið er meðalstórt og fléttuvaxið, blanda af flötu og köntuðu grjóti. Hæð er um 20 cm og grunnflötur um 80 cm.



Mynd 459. Varða [3356-431], horft til vesturs.

Reykjarhóll-3356-432

Hlutverk: Óþekkt, stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 40 m austur af Stafá, á sléttum, grasi grónum árbakka, um 109 m suður af vegi (76), er tóft.

Lýsing

Tóftin er algróin og tveggja hólfa. Tóftin er um 8x5 m að utanmáli, snýr norðaustur-suðvestur og er opin til suðvesturs. Opið er á milli hólfa inn í tóftinni. Veggir er dálítið signir en sjást þó vel. Veggir eru úr torfi, um 20-40 cm háir og um 0,8-1,2 m breiðir. Miðað við gerð og staðsetningu er líklega um stekk að ræða.



Mynd 460. Tóft [3356-432], horft til suðausturs.



Mynd 461. Uppmæling af tóft [3356-432].

Heiði



Mynd 462. Yfirlitskort yfir skráðar minjar í landi Heiðar. Stafá er til hægri á myndinni og vegur (76) sést uppi í vinstra horninu. Svört lína sýnir afmörkun skráningarsvæðisins. Meginhluti minjanna er utan svæðis.

Skráningarsvæðið nær einungis rétt inn í land Heiðar, eða um 120 m vestur fyrir Stafá. Þar í jaðri skráningarsvæðisins er fornbyli, sem engar heimildir eru til um. Staðfest hefur verið með fornleifarannsóknnum að mannabústaður var á staðnum fyrir árið 1104 (BS VIII: 227). Innan skráningarsvæðisins er einungis hluti af garðlagi [3356-434] og rétt bláendinn á tóftahólnum [3356-433]. Þó verður að teljast líklegt að fleiri minjar geti leynst í þýfinu á svæðinu og er skráningarsvæðið þá innan garðs miðað við legu þeirra minja sem sjást á yfirborði.

Heiði-3356-433

Hlutverk: Óþekkt, bæjarstæði

Tegund: Hóll, þúst

Staðhættir

Um 50 m vestur af Stafá og um 66 m suður af vegi (76), á blásnu holti, er hóll. Einungis bláendi hólans er innan skráningarsvæðisins.

Lýsing

Hóllinn er um 47x36 m að ummáli og sýr norður-suður. Hóllinn er mjög þýfður og erfitt að greina veggjalög, en þó eru leifar stekks norðarlega á hólum sem og tveggja annarra rýma suðvestan við stekkinn. Er hólum lýst í *Byggðasögu Skagafjarðar* (sjá hér í „Aðrar upplýsingar“). Einungis bláendi hólans, um 2 m nyrst á honum, er innan skráningarsvæðisins. Er hóllinn því skráður hér sem ein heild með þeim tóftabrotum sem á honum eru. Voru uppmælingar úr

byggðasögurannsókninni frá 2016 endurnýttar hér (Guðný Zoëga et al., 2017: 8).

Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Fornbýlið Stafá? Lítil tóftahóll er út undir Stafánni, skammt ofan við Siglufjarðarveg. Örnefnaskrá getur ekki um þennan stað en tóftin á hólum minnir á stekk. Hún er um 10x3 m en lambakró virðist vera í austurenda, um 3x2 m. Tóftahóllinn er nokkuð virkjamikill til að geyma ekki merkilegri byggingar en stekk. Þegar betur er að gáð er mikið fallinn túngarður [3356-434] kringum hóllinn að sunnan og vestan, þó frekar óglöggur, byggður eða gildaður upp eftir árið 1104. Við fornleifarannsókn á hólum kom í ljós að þar hefur staðið mannbústaður frá því nokkru fyrir árið 1104. Kom þetta nokkuð á óvart enda var þarna ekki þekkt bæjarstæði. Ef finna ætti staðnum nafn mætti sem best kalla þetta býli Stafá, enda stendur bærinn á árbakkanum“ (VIII: 227).



Mynd 463. Garðlag [3356-434] og hóll [3356-433] uppi í vinstra horninu. Horft til suðurs.

Heiði-3356-434

Hlutverk: Óþekkt, túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Um 98 m vestur af Stafá, um 18 m suður af vegi (76), fast suður af skurði við veginn, er garðlag. Garðlagið liggur að hluta á blásnu holti en þegar sunnar dregur breytist landið í mýrlendi og sekkur garðurinn þar.

Lýsing

Garðlagið er mjög sokkið og einungis um 30-40 cm hátt þar sem mest er, yfirleitt um 20-30 cm. Garðlagið er mjög þýft og gróið, allt að 2 m breitt og klofið í miðjunni, sem gefur tilefni til að túlka það sem mjög gamalt. Aldur garðlagsins hefur verið kannaður og er það frá því um eða eftir 1104 (BS VIII: 277). Framhald er á garðinum sunnar, utan skráningarsvæðisins. Var það framhald merkt inn í landupplýsingagögn með línu.

Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Fornbýlið Stafá? Lítill tóftahóll [3356-433] er út undir Stafánni, skammt ofan við Siglufjarðarveg. Örnefnaskrá getur ekki um þennan stað en tóftin á hólum minnir á stekk. Hún er um 10x3 m en lambakró virðist vera í austurenda, um 3x2 m. Tóftahóllinn er nokkuð virkjamikill til að geyma ekki merkilegri byggingar en stekk. Þegar betur er að gáð er mikið fallinn túngarður kringum hólinn að sunnan og vestan, þó frekar óglöggur, byggður eða gildaður upp eftir árið 1104. Við fornleifarannsókn á hólum kom í ljós að þar hefur staðið mannbústaður frá því nokkru fyrir árið 1104. Kom þetta nokkuð á óvart enda var þarna ekki þekkt bæjarstæði. Ef finna ætti staðnum nafn mætti sem best kalla þetta býli Stafá, enda stendur bærinn á árbakkanum“ (VIII: 227).



Mynd 464. Garðlag [3356-434], horft til norðurs.

Heimildaskrá

- Ásta Hermannsdóttir og Ylfa Leifsdóttir. (2024). *Hólsdalur í Siglufirði. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2024/281.
- Birna Lárusdóttir. (2012). *Mannvist. Sýnisbók íslenskra fornleifa*. Bókaútgáfan Opna.
- Birna Lárusdóttir (ritstjóri). (2008). *Fornleifaskráning í Hvanneyrarhreppi II: Minjar í Siglufirði (sunnan Siglufjarðarbæjar og austan fjarðar), Héðinsfirði og Hvanndölum*. Fornleifastofnun Íslands ses. FS391-04042.
- Brenda Prehal. (2021). *Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs í Fljótum*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2021/241.
- Bryndís Zoëga. (2013). *Strandminjar við austanverðan Skagafjörð. 2. áfangi*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2013/142.
- Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga. (e.d.) *Kortlagning garða í Skagafirði. Fljótahreppur*. Greinargerð um niðurstöður 1. áfanga verkefnis. [óútgefin rannsóknarskýrsla].
- DI V.** *Íslenzkt fornbréfasafn*. V. bindi. 1899-1902. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- DI IV.** *Íslenzkt fornbréfasafn*. IV. bindi. 1897. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- DI III.** *Íslenzkt fornbréfasafn*. III. bindi. 1896. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga. (2016). *Fornleifaskráning vegna lagningar hitaveitu í Fljótum í Skagafirði*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2016/161.
- Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson og Bryndís Zoëga. (2019). *Eyðibbyggð og afdalir Skagafjarðar XII – byggðasögurannsókn*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2019/215.
- Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson og Bryndís Zoëga. (2018). *Eyðibbyggð og afdalir Skagafjarðar XI – byggðasögurannsókn*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2018/203.
- Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson og Bryndís Zoëga. (2017). *Eyðibbyggð og afdalir Skagafjarðar X – byggðasögurannsókn*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2017/177.
- Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson og Bryndís Zoëga. (2016). *Eyðibbyggð og afdalir Skagafjarðar IX – byggðasögurannsókn*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2016/162.
- BS X:** Hjalti Pálsson. (2021). *Byggðasaga Skagafjarðar. X. bindi. Hofsó, Grafarós, Drangey og Málmey*. Sögufélag Skagfirðinga.
- BS IX:** Hjalti Pálsson. (2019). *Byggðasaga Skagafjarðar. IX. bindi. Holtshreppur*. Sögufélag Skagfirðinga.
- BS VIII:** Hjalti Pálsson. (2017). *Byggðasaga Skagafjarðar. VIII. bindi. Fellshreppur – Haganeshreppur*. Sögufélag Skagfirðinga.
- Ingólfur Kristjánsson. (1968). *Siglufjörður*. Siglufjarðarkaupstaður og Sögufélag Siglufjarðar.
- JÁP X.** Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1943). *Jarðabók. X. bindi. Eyjafjarðarsýsla*. Hið íslenska fræðafélag.

JÁP IX. Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1930). *Jarðabók. 9. bindi. Skagafjarðarsýsla*. Hið íslenska fræðafjelag.

Orri Vésteinsson. (2001). *Fornleifakönnun. Jarðgöng milli Ólafsjarðar og Siglufjarðar*. Fornleifastofnun Íslands ses. FS141-010661.

Örnefnaskrár

Örnefnaskrá Bakka. (1972). Jónmundur Guðmundsson. Aðgengileg á: <https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/19123/pdf>

Örnefnaskrá Brúnastaða. (1972). Ríkharður Jónsson. Aðgengileg á: <https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/19171/pdf>

Örnefnaskrá Hlíðar. (e.d.). Helgi Guðmundsson ritaði. Aðgengileg á: <https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/38792/pdf>

Örnefnaskrá Hóls. (e.d.). Helgi Guðmundsson ritaði. Aðgengileg á: <https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/38793/pdf>

Örnefnaskrá Illugastaða. (1973). Margeir Jónsson skráði. Aðgengileg á: <https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/19201/pdf>

Örnefnaskrá Lambanes-Reykja. (1973). Margeir Jónsson skráði. Aðgengileg á: <https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/19206/pdf>

Örnefnaskrá Lambaness. (1972). Gunnlaugur Kristjánsson. Aðgengileg á: <https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/19204/pdf>

Örnefnaskrá Minna-Holts. (1972). Jón Sigurðsson. Aðgengileg á: <https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/19212/pdf>

Örnefnaskrá Minni-Grindils. (1972). Sveinn Þorsteinsson. Aðgengileg á: <https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/19142/pdf>

Örnefnaskrá Mósakóga. (1976). Jón Guðmundsson. Aðgengilegt á: <https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/19144/pdf>

Örnefnaskrá Reykjarhóls. (e.d.) Margeir Jónsson skráði. Aðgengileg á: <https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/19150/pdf>

Túnakort

Túnakort Bakka. (1918). Aðgengilegt á: <https://testbirting.manntal.is/default.aspx?leit=QmFra2kgSGFnYW5lc2hyZXBwdXlgU2thZ2FmamFyw7BhcnPDvXNsYQ==>

Túnakort Brúnastaða. (1918). Aðgengilegt á: <https://testbirting.manntal.is/default.aspx?leit=QnLDum5hc3Rhbw7BpciBIb2x0c2hyZXBwdXlgU2thZ2FmamFyw7BhcnPDvXNsYQ==>

Túnakort Dælis. (1918). Aðgengilegt á:

<https://testbirting.manntal.is/default.aspx?leit=RMombGkgSGFnYW5lc2hyZXBwdXIgU2thZ2FmamFyw7BhcnPDvXNsYQ==>

Túnakort Illugastaða. (1918). Aðgengilegt á:

<https://testbirting.manntal.is/default.aspx?leit=SWxsdWdhc3Rhbw7BpciBIb2x0c2hyZXBwdXIgU2thZ2FmamFyw7BhcnPDvXNsYQ==>

Túnakort Laugaland. (1918). Aðgengilegt á:

<https://testbirting.manntal.is/default.aspx?leit=TGF1Z2FsYW5kIEhhZ2FuZXNocmVwcHVyIFNrYWdhZmphcsOwYXJzw71zbGE=>

Túnakort Minni-Grindils. (1918). Aðgengilegt á:

<https://testbirting.manntal.is/default.aspx?leit=R3JpbmRpbGwsIE1pbm5pLSBIYWdhbmVzaHJlcHB1ciBta2FnYWZqYXLDsGFyc8O9c2xh>

Túnakort Reykjarhóls. (1918). Aðgengilegt á:

<https://testbirting.manntal.is/default.aspx?leit=UmV5a2phcmjDs2xsIEhhZ2FuZXNocmVwcHVyIFNrYWdhZmphcsOwYXJzw71zbGE=>

Loftmyndir og kort

Atlaskort Landmælinga Íslands: https://atlas.lmi.is/mapview/?application=saga_kort

Atlaskort 2008-13 – mæliár 1920 útgáfuár 1923 - <https://atlas.lmi.is/kortasafn-lmi/?map=1585>

Atlaskort 2008-14 – mæliár 1920 útgáfuár 1933 - <https://atlas.lmi.is/kortasafn-lmi/?map=2406>

Loftmyndasja Náttúrufræðistofnunar. (e.d.). Loftmyndir 1994, 1985 og 1977, og fluglín myndir 1946. Aðgengilegt á:

<https://loftmyndasja.lmi.is/mapview/?application=loftmyndasja>

Heimildamenn

Anna Guðný Hermannsdóttir, Lambanesi, 25. ágúst 2025.

Arnþrúður Heimisdóttir, Langhúsum, 25. ágúst 2025.

Atli Ómarsson, Laugalandi, 2. september 2025.

Guðný Zoëga, fornleifafræðingur, 4. desember 2025

Jóhannes H. Ríkhartsson, Brúnastöðum, 26. maí 2025, 15. desember 2025.

Jón Sigurmundsson, Reykjarhóli, 4. september 2025.

Margrét Alfreðsdóttir, Lambanes-Reykjum, 27. maí 2025.

Sjöfn Guðmundsdóttir, Reykjarhóli, 4. september 2025.

Þorsteinn H. Jónsson, Minna-Holti (frá Helgustöðum), 25. ágúst 2025

Viðauki 1

Hættumat vegna framkvæmda

Hættumat er gert út frá forhönnunargögnum Vegagerðarinnar frá byrjun janúar 2026. Forhönnunargögnin afmarka að lágmarki 20 m breitt framkvæmdasvæði meðfram áætluðum veglínunum, og allt upp í um 70 m svæði þar sem mest er. Ekki er gert ráð fyrir viðbótarsvæði utan skilgreindra framkvæmdasvæða í þessu hættumati. Metnar voru tvær veglínur í Hólsdal (A) og (B), auk breytingar á veglínu A vegna nálægðar við vatnsból, og tvær í Fljótum norðan Ketiláss (A) og (B).


Frá Ketilási að Stafá er einungis um eina veglínu að ræða. Hér á eftir fer umfjöllun um hverja veglínu fyrir sig og hættumat út frá áðurgreindum forhönnunargögnum. Að endingu eru niðurstöður hættumatsins teknar saman.

Hólsdalur – Veglína A

Innan framkvæmdasvæðis forhönnunar á veglínu A í Hólsdal eru **sjö** minjar. Af þeim eru tóft [3356-21] og mógrafir [3356-44] í mestri hættu, en veglínan fer í gegnum þær minjar. Aðrar minjar eru innan framkvæmdasvæðis en ekki beint í veglínunni.

Tafla 2. Yfirlit yfir minjar í hættu á framkvæmdasvæði veglínu A í Hólsdal.

Númer	Jörð	Hlutverk	Tegund	Ástand	Athugasemd
3356-15	Hóll	Rétt	Garðlag	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-20	Hóll	Óþekkt, mógeymsla	Tóft	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-21	Hóll	Óþekkt	Tóft	Greinanlegar	Í veglínu
3356-42	Leyningur	Óþekkt, fjárhús	Tóft	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-43	Leyningur	Óþekkt, rétt	Tóft	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-44	Leyningur	Mógrafir	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í veglínu
3356-45	Leyningur	Óþekkt	Tóft	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði




Mynd 465. Yfirlitskort af minjum í hættu á framkvæmdasvæði veglínu A í Hólsdal. Rauðir punktar eru skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins.

Hólsdalur – Veglína A- breyting vegna vatnsbóls

Breytingartillaga hefur verið gerð vegna færslu á veginum innst í Hólsdal, í landi Leynings, vegna nálægðar við vatnsból. Þar er veglínu A hnikað til vesturs innarlega. Innan framkvæmdasvæðis forhönnunar á þeirri veglínu, sem að mestu fylgir veglínu A, eru sex minjar. Á þeirri veglínu eru því einni færri minjar í hættu en á veglínu A.

Eins og fyrr á veglínu A er tóft [3356-21] í mestri hættu, en veglínan fer í gegnum hana. Aðrar minjar eru

innan framkvæmdasvæðis en ekki beint í veglínunni. Þessi breyting er því jákvæð í minjalegu tilliti, sér í lagi þar sem tóftir [3356-42 og 43] eru hér utan framkvæmdasvæðisins.



Mynd 466. Yfirlitskort af minjum í hættu á framkvæmdasvæði breytingartillögu á veglínu A í Hólsdal. Rauðir punktar eru skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins.


Tafla 3. Yfirlit yfir minjar í hættu á framkvæmdasvæði breytingartillögu á veglínu A í Hólsdal.

Númer	Jörð	Hlutverk	Tegund	Ástand	Athugasemd
3356-15	Hóll	Rétt	Garðlag	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-20	Hóll	Óþekkt, mógeymsla	Tóft	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-21	Hóll	Óþekkt	Tóft	Greinanlegar	Í veglínu
3356-44	Leyningur	Mógrafir	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-45	Leyningur	Óþekkt	Tóft	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-46	Leyningur	Óþekkt	Garðlag, þúst	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði

Hólsdalur – Veglína B

Innan framkvæmdasvæðis forhönnunar á veglínu B í Hólsdal eru **fjórar** minjar. Af þeim eru rétt [3356-15] og mógrafir [3356-48] í mestri hættu, en veglínan fer í gegnum þær minjar. Aðrar minjar eru innan framkvæmdasvæðis en ekki beint í veglínunni.

Vað [3356-16] og bæjarstæði Neskots [3356-56] eru með staðsetningu í landupplýsingagögnum sem lendir utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Staðsetningarnar eru þó ekki hárnákvæmar og því er möguleiki á að minjarnar séu nær framkvæmdasvæðinu en landupplýsingagögnin gefa til kynna, eða jafnvel innan þess. Hér verða þessar minjar ekki settar í hættu, en bent á hugsanlega nálægð þeirra við fyrirhugað framkvæmdasvæði.




Mynd 467. Yfirlitskort af minjum í hættu á framkvæmdasvæði veglínu B í Hólsdal. Rauðir punktar eru skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins.

Tafla 4. Yfirlit yfir minjar í hættu á framkvæmdasvæði veglínu B í Hólsdal.

Númer	Jörð	Hlutverk	Tegund	Ástand	Athugasemd
3356-14	Hóll	Rétt	Garðlag	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-15	Hóll	Rétt	Garðlag	Greinanlegar	Í veglínu
3356-42	Leyningur	Óþekkt, fjárhús	Tóft	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-48	Leyningur	Mógrafir	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í veglínu



Mynd 468. Yfirlitskort yfir minjar [3356-14-16] á Hólsdal. Veglína A er blá og liggur rétt austan við rétt [3356-15], en veglína B er fjólublá og fer í gegnum hana.



Mynd 469. Gangamunni B í Hólsdal og skráðar minjar í nágrenni hans.

Fljót – Veglína A

Innan framkvæmdasvæðis forhönnunar á veglínu A í Fljótum eru **11** minjar. Af þeim eru eftirfarandi minjar í sjálfri veglínunni: tóft [3356-67], túngarður Illugastaða [3356-131] og gata [3356-212]. Aðrar minjar eru innan áætlaðs framkvæmdasvæðis. Landamerki [3356-213] eru með áætlaða staðsetningu í landupplýsingagögnum, sem lendir innan veglína A og B, en þar sem garðlagið fannst ekki á vettvangi, og er líklega horfið, er það ekki metið í hættu vegna fyrirhugaðra framvæmda og ekki merkt inn á yfirlitskort yfir minjar í hættu.

Minjar [3356-212, 230 og 231] eru allt leiðir og einungis að litlum hluta í hættu vegna áætlaðs framkvæmdasvæðis. Leiðir [3356-230 og 231] eru staðsettar út frá lýsingum heimildamanns og sáust ekki glögg á vettvangi. Leið [3356-212] er hins vegar löng og mjög greinileg á köflum og framkvæmdasvæðið nær inn á hana á fleiri en einum stað. Helst mætti segja að leiðin sé í hættu austan við svokölluð Gerði í landi Brúnastaða, en þar gengur leiðin niður brekku í fалlegum sneiðingi og er þar mjög glögg (sjá mynd 217), en veglína A liggur nær alveg á sama stað.


Veglína A liggur skammt ofan við gömlu túnstæði Illugastaða og Brúnastaða og hefur talsverð áhrif á minjar á svæðinu, og ekki síst neikvæð áhrif á ásynd búsetulandslagsins á svæðinu. Túngarður Illugastaða [3356-131] verður fyrir raski af þessari framkvæmd auk þess sem tóftir rétt utan túns Brúnastaða [3356-216-218] eru í hættu.

Tafla 5. Yfirlit yfir minjar í hættu á framkvæmdasvæði veglínu A í Fljótum.

Númer	Jörð	Hlutverk	Tegund	Ástand	Athugasemd
3356-65	Lambanes-Reykir	Óþekkt, bæjarstæði	Tóft	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-66	Lambanes-Reykir	Óþekkt	Tóft	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-67	Lambanes-Reykir	Óþekkt	Tóft	Illgreinanlegar	Í veglínu
3356-83	Lambanes-Reykir	Óþekkt, heygeymsla	Tóft	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-131	Illugastaðir	Túngarður	Garðlag	Greinanlegar	Í veglínu
3356-212	Illugastaðir, Brúnastaðir	Leið	Gata	Greinanlegar	Í veglínu
3356-216	Brúnastaðir	Óþekkt	Tóft	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-217	Brúnastaðir	Óþekkt	Tóft	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-218	Brúnastaðir	Óþekkt	Tóft	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-230	Brúnastaðir	Leið	Heimild	Sést ekki	Í framkvæmdasvæði
3356-231	Brúnastaðir	Leið	Heimild	Sést ekki	Í framkvæmdasvæði



Mynd 470. Yfirlit yfir minjar í hættu á norðurhluta veglínu A í Fljótum. Rauðir punktar eru skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Kolagrafir eru ekki merktar inn.



Mynd 471. Yfirlit yfir minjar í hættu á suðurhluta veglínu A í Fljótum. Rauðir punktar eru skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Kolagrafir eru ekki merktar inn.


Innan framkvæmdasvæðisins eru einnig **19** kolagrafir/kolagrafasvæði, allt í landi Illugastaða, sjá töflu 6. Engin kolagrafanna er í veglínunni.

Tafla 6. Yfirlit yfir kolagrafir í hættu á framkvæmdasvæði veglínu A í Fljótum.

Númer	Jörð	Hlutverk	Tegund	Ástand	Athugasemd
3356-1107	Illugastaðir	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-1131	Illugastaðir	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-1143	Illugastaðir	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-1144	Illugastaðir	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-1145	Illugastaðir	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-1192	Illugastaðir	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-1208	Illugastaðir	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-1210	Illugastaðir	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-1218	Illugastaðir	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-1232	Illugastaðir	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-1272	Illugastaðir	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-1273	Illugastaðir	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-1294	Illugastaðir	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-1323	Illugastaðir	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-1324	Illugastaðir	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-1329	Illugastaðir	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-1372	Illugastaðir	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-1373	Illugastaðir	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-1405	Illugastaðir	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði



Mynd 473. Minjar [3356-131] í hættu vegna veglínu A í Fljótum.



Mynd 472. Minjar [3356-65-67] í hættu vegna veglínu A í Fljótum.



Mynd 474. Minjar [3356-212, 216-218] í hættu vegna veglínu A í Fljótum.

Fljót – Veglína B

Innan framkvæmdasvæðis forhönnunar á veglínu B í Fljótum eru **fjórar** minjar. Þar af er ekki nema ein tóft: meint heystæði [3356-193]. Auk hennar eru þrjár leiðir, þar af ein sem ekki sást á vettvangi [3356-231]. Eðli málsins samkvæmt raskar veglínan leiðunum einungis að hluta. Landamerki [3356-213] eru með áætlaða staðsetningu í landupplýsingagögnum, sem lendir innan veglína A og B, en þar sem garðlagið fannst ekki á vettvangi, og er líklega horfið, er það ekki metið í hættu vegna fyrirhugaðra framvæmda og ekki merkt inn á yfirlitskort yfir minjar í hættu.

Rétt er að geta þess að rétt vestan við áætlaða framkvæmdasvæðið er tóftaþyrping [3356-200-204] og eru þær minjar því mjög nærri því að vera í hættu.

Tafla 7. Yfirlit yfir minjar í hættu á framkvæmdasvæði veglínu B í Fljótum.

Númer	Jörð	Hlutverk	Tegund	Ástand	Athugasemd
3356-121	Lambanes	Leið	Gata	Greinanlegar	Í veglínu
3356-184	Illugastaðir	Leið	Gata	Greinanlegar	Í veglínu
3356-193	Illugastaðir	Óþekkt, heygeymsla	Tóft	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-231	Brúnastaðir	Leið	Heimild	Sést ekki	Í veglínu

Innan framkvæmdasvæðisins eru einnig **sjö** kolagrafir/kolagrafasvæði, allar nema ein í landi Lambaness, en sú staka er í landi Illugastaða, sjá töflu 8. Kolagrafirnar í landi Lambaness eru allar nærri gangamunnum og eru þrjár í veglínunni (sjá mynd 477).

Tafla 8. Yfirlit yfir kolagrafir í hættu á framkvæmdasvæði veglínu B í Fljótum.


Númer	Jörð	Hlutverk	Tegund	Ástand	Athugasemd
3356-1050	Lambanes	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-1051	Lambanes	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í veglínu
3356-1052	Lambanes	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í veglínu
3356-1070	Lambanes	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í veglínu
3356-1075	Lambanes	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-1076	Lambanes	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-1419	Illugastaðir	Kolagröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði



Mynd 475. Yfirlit yfir minjar í hættu á norðurhluta veglínu B í Fljótum. Rauðir punktar eru skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Kolagrafir eru ekki merktar inn.



Mynd 476. Yfirlit yfir minjar í hættu á suðurhluta veglínu B í Fljótum. Rauðir punktar eru skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Kolagrafir eru ekki merktar inn.



Mynd 477. Minjar við gangamunna B í Fljótum. Kolagrafír eru sýndar með appelsínugulum punktum og kolagrafír [3356-1050-1052, 1070, 1075-1076] eru hér merktar inn. Sólheimagerði er niðri í vinstra horninu. Svört lína sýnir afmörkun skráningarsvæðisins til vesturs.

Ketilás - Stafá

Á veglínunni á milli Ketiláss og Stafár eru **19** minjar innan framkvæmdasvæðis skv. forhönnunargögnum. Að auki eru minjar [3356-285] innan svæðis í landupplýsingagögnum, en þar sem minjarnar eru nú þegar farnar undir veg og hægt að gera ráð fyrir að þær hafi eyðilagst við þá framkvæmd verða þær ekki settar í hættu hér. Minjar [3356-435] sáust ekki á vettvangi og líklega er svæðið raskað, en þar sem umfang rasksins er ekki þekkt og hugsanlega geta verið leifar minjanna í jörðu eru þær hafðar hér með í hættumatinu.

Austast, rétt vestan við Ketilás, eru minjar [3356-234 og 236], og fer veglína í gegnum þær báðar. Í landi Stóra-Grindils nær framkvæmdasvæðið rétt inn á suðurenda tveggja garðlaga [3356-251 og 261]. Garðlögin hafa líklega bæði náð lengra suður, og tengst garðbútum sem eru sunnan vegar, en núverandi vegur hefur raskað þeim hluta garðanna. Veglínan fer í gegnum stæðilegt garðlag [3356-270] í landi Minni-Grindils, og rétt vestan þess eru tvær tóftir [3356-272 og 273] sem eru á mörkum þess að vera í veglínu og í framkvæmdasvæði. Þær verða því að teljast í talsverðri hættu. Í landi Langhúsa nær framkvæmdasvæðið rétt að teygja sig inn á mógrafasvæði [3356-288], en mógrafirnar teljast ekki í mikilli hættu af þeim sökum.

Í landi Ysta-Mós fer veglínan í gegnum veg [3356-306] og garðlag [3356-315], en raskar, eðli málsins samkvæmt, einungis hluta þeirra þar sem báðar minjarnar teygja sig nokkuð langt til beggja átta frá veglínunni. Einna mesti þéttleiki minja í hættu er á þessu svæði, og stingur veglínan sér í gegnum mógrafir [3356-327] á meðan framkvæmdasvæðið rétt nær að narta í [3356-323 og 331], sem og mógeymslu [3356-333].

Mesta minjabyrping skráningarsvæðisins er bæjarstæði Bakka. Þar fer núverandi vegur í gegnum gamla túnið og slítur það þannig í tvennt. Áætlað er að færa vegstæðið aðeins til suðurs innan túnsins og gerir það það að verkum að framkvæmdasvæði vegarins nær aðeins inn á tóft [3356-397] og bæjarhól [3356-388] auk þess sem veglínan fer í vegnum túngarð [3356-393] vestast í túninu. Eins og áður sagði eru minjar [3356-435] ekki sjáanlegar á yfirborði og eru mögulega horfnar vegna rasks, en eru hafðar með í hættumatstöflunni þar sem það er ekki alveg vitað.

Vestast í landi Bakka fer veglínan í gegnum veg [3356-426], en þar sem vegurinn er nú þegar raskaður af núverandi vegi og áætluð veglína liggur nokkurn veginn á sama stað er vegurinn einungis talinn í hættu innan framkvæmdasvæðis, en ekki í veglínunni sjálfri.

Tafla 9. Minjar í hættu við veglínu frá Ketilási að Stafá.

Númer	Jörð	Hlutverk	Tegund	Ástand	Athugasemd
3356-234	Nýrækt	Óþekkt	Tóft	Greinanlegar	Í veglínu
3356-236	Nýrækt	Óþekkt	Tóft	Greinanlegar	Í veglínu
3356-251	Stóri-Grindill, Hamar	Landamerki	Garðlag	Illgreinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-261	Stóri-Grindill	Óþekkt	Garðlag	Vel greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-270	Minni-Grindill	Vörslugarður	Garðlag	Vel greinanlegar	Í veglínu
3356-272	Minni-Grindill	Óþekkt, stekkur	Þúst	Illgreinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-273	Minni-Grindill	Fjárborg, stekkur	Tóft	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-288	Langhús	Mógrafir	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-306	Ysti-Mór	Leið	Vegur	Greinanlegar	Í veglínu
3356-315	Ysti-Mór	Óþekkt, landamerki	Garðlag	Vel greinanlegar	Í veglínu
3356-323	Móskógar	Mógrafir	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-327	Móskógar	Mógrafir	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í veglínu
3356-331	Móskógar	Mógrafir	Niðurgröftur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-333	Móskógar	Mógeymsla	Tóft	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-388	Bakki	Bæjarstæði	Bæjarhóll	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-393	Bakki	Túngarður	Garðlag	Greinanlegar	Í veglínu
3356-397	Bakki	Útihús, híbýli	Tóft	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði
3356-426	Bakki, Reykjarhóll	Leið	Vegur	Greinanlegar	Í framkvæmdasvæði (nú þegar raskað í núverandi vegstæði)
3356-435	Bakki	Útihús	Heimild	Sést ekki, vegna rasks	Í framkvæmdasvæði



Mynd 478. Minjar í hættu austast á veglínunni Ketilás-Stafá. Rauðir punktar eru skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins.




Mynd 479. Minjar í hættu fyrir miðbik veglínunnar Ketilás-Stafá. Rauðir punktar eru skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins.



Mynd 480. Minjar í hættu vestast á veglinunni Ketilás-Stafá. Rauðir punktar eru skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins.




Mynd 481. Minjar [3356-315, 323, 327, 331 og 333] í hættu vegna veglinunnar.



Mynd 482. Minjar [3356-388, 397, 393 og 425] í hættu í túni Bakka.

Umræða

Af veglínunum í Hólsdal er engin sem sleppur alveg við að fara í gegnum minjar. Veglína B fer beint í gegnum rétt [3356-15], og eins fer veglína A beint í gegnum tóft [3356-21]. Þó er gangamunni á breytingartillögu á veglínu A, þar sem munninn er hafður vestar en upphaflega var áætlað, betri kostur minjalega séð en upphafleg staðsetning munnans. Að öðru leyti eru áhrif línanna á minjar áþekkt, en þó eru fæstar minjar í hættu á veglínu B, en ekki munar miklu á henni og veglínu A.



Mynd 483. Gangamunnar í Hólsdal. Gangamunnar A og B eru á sama stað innarlega í dalnum, en breytingartillaga á leið A er vestar og utar.


Þegar litið er á veglínur A og B í Fljótum er ljóst að veglína B hefur mun minni áhrif á minjar en veglína A. Innan framkvæmdasvæðis veglínu A skv. forhönnun eru 11 minjar, en einungis fjórar innan framkvæmdasvæðis veglínu B. Veglína B fer einnig mun fjær gömlu túnstæðum Illugstaða og Brúnastaða, og Brennistaða í landi Lambaness [3356-94-103], og hefur því mun minni áhrif á ásýnd, og vernd, búsetulandslags á svæðinu. Hins vegar kemur veglína B nær bæjarstæði Sólheimagerðis [3356-124-129], en þó eru um 120 m á milli miðlínu vegarins og meginminjasvæðis Sólheimagerðis (75 m í þá tóft sem næst er vegstæðinu).

Veglínan á milli Ketiláss og Stafár fer að mestu eftir núverandi vegstæði, þó með smávægilegum breytingum. Breytingar á veglínunni hafa áhrif víða á leiðinni, en þó einna mest á minjar annars vegar í landi Ysta-Mós og Móskóga þar sem ný veglína fer í gegnum garðlag og mógrafasvæði þar sem bæði má finna mógrafir og mógeymslur. Hins vegar í landi Bakka þar sem færa á vegstæðið til suðurs innan túns Bakka. Þar er ekki mikið rými fyrir tilfærslu, enda gríðarmikið magn minja á bæjarstæðinu, og veglínan sem lögð er til teygir framkvæmdasvæði sitt m.a. inn á bæjarhól Bakka [3356-388] og í gegnum túngarðinn [3356-393]. Túngarðurinn nær þó næstum allan hringinn í kringum túnið og því er það einungis lítill hluti hans sem raskast.


Viðauki 2

Yfirlitskort


Til að sjá kort með númerum er vísað í umfjallanir um hverja jörð í fornleifaskrá og hættumat í viðauka 1. Loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf. skv. samningi við Vegagerðina.




Mynd 484. Yfirlitskort yfir veglínu A og breytingartillögu á veglínu A (skærgræn lína vestar) í Hólsdal í Siglufirði. Rauðir punktar eru skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins.




Mynd 485. Yfirlitskort yfir veglínu B í Hólsdal í Siglufirði. Rauðir punktar eru skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins.



Mynd 486. Yfirlitskort yfir norðurhluta veglínu A í Fljótum. Rauðir punktar eru skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Kolagrafir eru ekki merktar inn.



Mynd 487. Yfirlitskort yfir suðurhluta veglínú A í Fljótum. Rauðir punktar eru skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Kolagrafir eru ekki merktar inn.



Mynd 488. Yfirlitskort yfir norðurhluta veglínu B í Fljótum. Rauðir punktar eru skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Kolagrafir eru ekki merktar inn.



Mynd 489. Yfirlitskort yfir suðurhluta veglínu B í Fljótum. Rauðir punktar eru skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins. Kolagrafir eru ekki merktar inn.



Mynd 490. Yfirlitskort yfir austasta hluta vegarins frá Ketilási að Stafá. Rauðir punktar eru skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins.



Mynd 491. Yfirlitskort yfir miðbik vegarins frá Ketilási að Stafá. Rauðir punktar eru skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins.



Mynd 492. Yfirlitskort yfir vestasta hluta vegarins frá Ketilási að Stafá. Rauðir punktar eru skráðar minjar. Svartar línur sýna afmörkun skráningarsvæðisins.